## Með Biblíuna í farteskinu

GARÐAR THÓR CORTES FLÝGUR UM HEIMINN FIMM SINNUM Í VIKU

36



## Ekkert jólafrí í rokkinu

STRÁKARNIR Í SIGN ERU NÝBÚNIR AÐ GEFA ÚT FJÓRÐU PLÖTU SÍNA OG HALDA TÓNLEIKA Á NASA Í KVÖLD



56


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. desember 2007 — 327. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR



### Ekkert prinsessulíf

Jóhanna Vala Jónsdóttir keppir í Miss World í dag.

FÓLK 76

### Heima um jólin



Stórsöngvarinn Kristján Jóhannsson vill vera á Íslandi yfir hátíðirnar.

FÓLK 90

### Stórsigur hjá stelpunum

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta sigraði Grikki með 13 marka mun í gær.



ÍÞRÓTTIR 82

### Hús&heimili

Innlit í risíbúð í miðbænum, jólaborðskreyting með ævintýrablæ og leikföng frá Unicef eru meðal efnis í Hús&heimili.



FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

### VEÐRIÐ Í DAG




**ROFAR TIL SYÐRA** - Í dag verða norðaustan 5-13 m/s en sumstaðar hvassara, einkum suðaustan til. Éljagangur á víð og dreif nyrðra en léttir smám saman til syðra. Vægt frost fyrir norðan en nálægt frostmarki syðra.

VEÐUR 4

# Ósammála um varnarmál

**Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins virðist klofinn í afstöðu til framtíðar varnarmála hér á landi. Samfylkingin fylgir formanni Sjálfstæðisflokksins og þeim sem vilja orrustuþotur og varnarmálastofnun. Hópur þingmanna vill að dregið verði úr loftvörnum og fé lagt í borgaraleg verkefni hér á landi og á vegum NATO.**

**STJÓRNMÁL** Ágreiningur er innan Sjálfstæðisflokksins um framtíð varnarmála. Hluti þingflokksins er fylgjandi stofnun varnarmálastofnunar og reglubundnum heimsóknum orrustuþota, en annar hluti vill frekar sinna borgaralegum verkefnum innan Atlantshafsbandalagsins.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir efasemdir innan beggja stjórnarflokka um þá stefnu sem virðist vera í mótun í varnarmálum.

Hann leggur til að upplýsingar frá loftvarnakerfinu verði sendar til þeirra bandalagsþjóða sem telji þær nauðsynlegar, og að lágmarksvöktun hérlendis fari fram í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð.

Þá sé engin þörf fyrir reglubundnar heimsóknir orrustuþota hingað til lands. Ljóst sé að heimsóknirnar muni kosta hundruð milljóna á ári, en markmiðin séu í besta falli óljós.

Með því að draga úr loftvörnum mætti spara talsvert fé. Það vilja Jón og fleiri nota til þess að byggja upp varnir gegn náttúruvá, hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Þá ættu Íslendingar að taka forystu í borgaralegum verkefnum NATO, til dæmis í Afganistan.

Jón ræddi þessi sjónarmið við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra á opnum fundi um varnarmál í vikunni. Þar sagði hún að ef ekki ætti að stunda heræfingar, ekki starfrækja loftvarnakerfi og ekki taka þátt í starfi NATO í Afganistan snerist spurningin um það hvort Ísland ætti að vera áfram í NATO.

Þingflokkur Samfylkingarinnar virðist vera á svipaðri bylgjulengd og sá hluti þingflokks Sjálfstæðisflokksins sem er hlynntur þeirri stefnu sem Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur markað, að hingað komi orrustuþotur til æfinga að meðaltali fjórum sinnum á ári.

Árni Páll Árnason, varaformaður utanríkismálanefndar og þingmaður Samfylkingarinnar, segir það ótvírætt mikilvægt að flugsveitir komi hingað til lands nokkrum sinnum á ári. Það sé liður í því að viðhalda loftvarnakerfinu að stunda æfingar hér við land.

Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist enn eiga eftir að heyra rökin fyrir stofnun varnarmálastofnunar, en hafi ekki forsendur til að mynda sér skoðun.

„En ég held að við eigum að gæta okkar á því að ganga ekki of langt í því að efna til heræfinga á Íslandi með tilheyrandi kostnaði," segir Bjarni. - bj / sjá síðu 38



**VIÐ EFTIRLIT** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði tugi bíla á Sæbrautinni í gær en þá hófst átak gegn ölvunarakstri. Þó nokkrir ökumenn reyndust vera ölvaðir. Átakið stendur til áramóta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kosningaskrifstofa Clinton:

## Sprengjumaður tók fjóra gísla

**BANDARÍKIN, AP** Geðsjúkur maður sem sagðist vera með sprengju innanklæða tók sjálfboðaliða á kosningaskrifstofu Hillary Clinton í New Hampshire í gíslingu í gær. Clinton var stödd á kosningafundi í Virginíu.

Maðurinn ruddist inn á skrifstofuna og sýndi eitthvað sem líktist sprengju undir frakka sínum. Hann sleppti strax tveimur gíslum, konu með ungt barn, og skömmu síðar einum til viðbótar. Í gærkvöldi lá ekki fyrir hvort sprengjan var raunveruleg en talið var að ein kona væri enn í haldi mannsins.

Lögreglan hafði gríðarmikinn viðbúnað og rýmdi nálægar byggingar, þeirra á meðal kosningaskrifstofur helstu keppinauta Hillary Clinton um útnefningu demókrata til forsetaframboðs, Baracks Obama og Johns Edward.

Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu. Hann er haldinn geðsjúkdómum og benti syni sínum fyrr um daginn á að hann skyldi fylgjast með fréttunum. - sdg / - sh






Lögregla leitaði í gærkvöldi ökumanns sem flúði af vettvangi alvarlegs slyss:

## Ók á fimm ára dreng og stakk af

**LÖGREGLUMÁL** Fimm ára drengur liggur þungt haldinn í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans eftir að ekið var á hann í Reykjanesbæ síðdegis í gær. Sá sem ók á drenginn flúði af vettvangi. Lögregla leitaði hans enn í gærkvöldi.

Lögregla fékk tilkynningu um það um klukkan fimm í gær að ekið hefði verið á barn við gatnamót Vesturgötu og Birkiteigs í Reykjanesbæ. Þegar sjúkralið kom á vettvang var drengurinn meðvitundarlaus. Lögreglan í Reykjavík greiddi fyrir för sjúkrabílsins að Landspítalanum í Fossvogi með því að stöðva umferð á gatnamótum á leiðinni.

Lögreglan á Suðurnesjum reri að því öllum árum í gærkvöldi að finna bláan skutbíl sem sást yfirgefa vettvang slyssins. Fjölmargar ábendingar höfðu borist og unnu þrír rannsóknarlögreglumenn að því að kanna þær.

Þær upplýsingar fengust hjá lækni á gjörgæsludeild að drengurinn væri alvarlega slasaður og væri haldið sofandi í öndunarvél. - sh








Vinna innanbúss rokkar.
Ef þú veist ekki símann hjá Nova þá ert þú annað hvort lélegur starfsmaður eða eigandi.
Ef þú veist ekkert hvað þú ert að gera hérna, reyndu að líta vel út.
Nova | Lágmúla 9 | Þjónustuver 5191919
DAGUR & STEINI


NOVA
www.nova.is
Stærsti skemmtistaður í heimi!
Bókhald er ekki fyrir lúsera. Að vinna við bókhald er fyrir lúsera.
Mættu alltaf á strigaskóm í vinnuna. Maður veit aldrei hvenær tölvupóstar gætu hætt að virka.
Langar þig að reyna við konuna á næsta borði. Littu í spegil og hugsaðu þig um tvisvar.

**SPURNING DAGSINS**



*Ólafur, hefurðu engar agaleg- ar áhyggjur?*

„Nei, strákarnir haga sér reglulega vel.“

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari í fótbolta lætur sögusagnir um agaleysi í íslenska landsliðinu ekki trufla sig.

Orsök brotlendingar flugvélar í Tyrklandi sem varð 57 að bana er enn óljós:

# Enginn lifði af brotlendingu

**TYRKLAND, AP** Allir 57 farþegar og áhafnarmeðlimir flugvélar tyrkneska flugfélagsins Atlasjet létust eftir að hún brotlenti í grýttri fjallshlíð í suðvesturhluta Tyrklands aðfaranótt föstudags, skömmu fyrir lendingu.

Brak úr flugvélinni og eigur farþega dreifðust um stórt svæði í fjallshlíðinni. „Sætin höfðu losnað og voru úti um allt svæðið. Í nokkrum tilvikum voru sætisbeltin ennþá utan um líkin,“ sagði Mustafa Dagci, læknir sem var einn þeirra fyrstu á vettvang. „Sum líkin voru ósködduð meðan önnur voru í mörgum hlutum.“

Flugvélin fór á loft klukkan eitt aðfaranótt föstudags frá Istanbúl á leið til Isparta.

Flugvélin hvarf af ratsjám rétt áður en hún átti að lenda eftir klukkutíma flug. Björgunarþyrla komst að brakinu klukkan sjö. Veður og flugskilyrði voru góð. - sdg



**BRAK Á VÍÐ OG DREIF** Flugvélin tættist í sundur þegar hún brotlenti í fjallshlíð og fórust allir um borð. NORDICPHOTOS/AFP

Fernt handtekið í Kópavogi:

## Með fíkniefni, hnífa og lyf

**LÖGREGLUMÁL Þrír karlar og ein kona voru handtekin af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í Kópavogi síðdegis í fyrradag eftir að ætluð fíkniefni fundust við íbúðarhús í bænum.**

**Þar innandyra fannst einnig talsvert af ætluðum fíkniefnum, lyfjum sem og hnífum. Í húsinu fundust jafnframt munir sem talið er að séu þýfi. Fólkið er allt á þrítugsaldri.**

**Þá fundust sömuleiðis ætluð fíkniefni við húsleit, sem lögregla gerði að fengnum úrskurði, í íbúð í Breiðholti í fyrrakvöld.** - jss



**ELDSVOÐI Á BLÖNDUÓSI** Stórtjón varð í bruna í lok september 2004.

Austur-Húnavatnssýsla:

## Óvirkt eftirlit með eldvörnum

**ÖRYGGISMÁL Ekki hefur verið virkt eldvarnareftirlit í Austur Húnavatnssýslu frá árinu 2004. Það ár varð stórbruni á Blönduósi.**

**Á aðalfundi Brunavarna A-Húnavatnssýslu í síðustu viku kom hins vegar fram að Andrés I. Leifsson slökkviliðsstjóri hefur nú fengið réttindi til að sinna eldvarnareftirliti eftir að hafa sótt námskeið.**

**Einnig kom fram á aðalfundinum að rætt hefði verið við Skagstrendinga um sameiningu slökkviliðanna en að þeir hafi ekki haft áhuga á því.** - gar

Byggðaráð Bláskógabyggðar:

## Hafna göngum um Dyrafjöll

**SAMGÖNGUR** Byggðaráð Bláskógabyggðar segist enn vilja nýjan veg um Lyngdalsheiði sem liggi norður fyrir Þingvallavatn og þaðan til Reykjavíkur. Landvernd vill að fremur verði hugað að vegi suður fyrir Þingvallavatn.

Byggðaráðið vísar til úrskurðar Skipulagsstofnunar um suðurleiðina þar sem fram komi að þá þurfi jarðgöng í gegnum Dyrafjöll en að jarðfræði Hengilssvæðisins sé lítt fýsileg til jarðgangagerðar. Einnig verði heildarvegalengd nýs vegar þannig minnst helmingi lengri og leiðin leysi ekki þörf fyrir nýjan veg milli Þingvalla og Laugarvatns. - gar

# Gáfu útilegufólkinu flatkökur og áfengi

**Tjaldbúarnir í Laugardal fengu í gær og fyrradag mikið af áfengi og mat. Formaður velferðarráðs segir þau geta verið saman í Gistiskýlinu. Borgin mun fljótlega setja á fót færanleg einbýli sem hentað gætu þeim hjónum.**

**FÓLK** Sævar Arnfjörð og Ólína Ragnheiður Gunnarsdóttir sem búa í tjaldi í Laugardal hafa fengið fjölda gjafa frá því Fréttablaðið greindi frá hag þeirra.

„Fólk hefur komið með haug af mat,“ sagði Sævar þegar blaðamann bar að garði. Þá hafði hjónunum einnig borist nokkuð af áfengi.

„Einhver skildi eftir poka með flatkökum, pylsum og svo lét hann heila flösku af rússneskum vodka fylgja með. Það er ekki nóg með það heldur kom annar færandi hendi með koníakspela og í öðrum matarpoka voru þrír litlir sprittbrúsar,“ sagði Sævar og hló við. Þá hafa hjónin einnig fengið klæðnað, fat og nokkurn pening.

Fyrrinótt var erfið hjá þeim í tjaldinu sem þó stóð af sér allan vind í hvassviðrinu. Ekkert gas var til á prímusnum til að halda á þeim hita. „Það var því ansi kalt svo brjóstbirtan kom sér vel,“ sagði Sævar kankvís.

Sævar og Ólína Ragnheiður eru afar þakklát sínu velgjörðarfólki. Sævar orti meira að segja vísu sem hann vildi tileinka því.

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir að þau hjón geti bæði fengið að búa í Gistiskýlinu. Í Fréttablaðinu í fyrradag sögðust þau ekki vilja þiggja aðstoð borgarinnar þar sem þau yrðu þá skilin að. Aðspurð hvort þau myndu ekki leita á náðir borgaryfirvalda sögðust þau hjón vera orðin þreytt á að standa í öllu slíku. Björk segir borgaryfirvöld ekki geta haft afskipti af þeim hjónum sé þess ekki óskað. „Það er kannski skrýtið að tala um val í þessu samhengi en þau hafa þetta val og ekki fer borgin að rífa upp tjöldin þeirra þó þau vilji ekki vera í Gistiskýlinu. En svo erum við að fara að opna færanleg einbýli sem eru sérstaklega hugsuð fyrir heimilislausa, hugsanlega munu þau henta þeim.“

Sex slík einbýli verða tekin í notkun innan skamms og mun mánaðarleiga vera á bilinu 25 til 35 þúsund. Sævar og Ólína Ragnheiður fá hvort um sig hundrað þúsund krónur í örorkubætur á mánuði. jse@frettabladid.is



**ÓLÍNA RAGNHEIÐUR OG SÆVAR** Fyrrinótt var erfið hjá þeim hjónum því ekkert gas var til upphitunar en tjaldið stóð af sér veður og vind. Þau voru því þakklát fyrir brjóstbirtuna sem fólk hefur fært þeim.

**ÞAKKARSTAKA SÆVARS**

Maður, ég vil þér vel
um alla framtíð bjarta.
Þú átt eitt sem allir þrá,
gott og göfugt hjarta.



**KOFI FAUK** Mikið hvassviðri var í Vestmannaeyjum í gær og endaði þessi kofi á hliðinni eftir eina hviðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Hvassviðri olli vandræðum:

## Hellisheiði lokað í hálku og roki

**VEÐUR** Hellisheiði var lokað í gærmorgun vegna hálku og hvassviðris. Nokkrir bílar fóru út af veginum en enginn ökumaður slasaðist. Vegurinn var opnaður aftur upp úr hádegi í gær, en þá hafði veðrið mikið til gengið niður.

Hvassviðrið olli vandræðum víða um landið í gær. Björgunarsveitarmenn í Hornafirði þurftu að binda báta sem farnir voru að losna, og fuku hlöðudyr upp á tveimur bæjum við Höfn. Flutningabíll fauk á hliðina í Öræfum, en ökumaður hans slasaðist ekki alvarlega. - sþs

Könnun á faðmlögum Svía:

## Faðma alla nema yfirmenn

**SVÍÞJÓÐ, AP Svíar virðast tilbúnir til að faðma hvern sem er nema yfirmanninn samkvæmt könnun sem Rauði krossinn í Svíþjóð kynnti í gær.**

**Níu af hverjum tíu Svíum faðma einhvern að minnsta kosti einu sinni í viku. 70 prósent sögðust hafa faðmað maka sinn undanfarna viku og 59 prósent höfðu faðmað vin eða kunningja. Aðeins fjögur prósent höfðu faðmað yfirmann sinn. 55 prósent sögðust myndu faðma ókunnugan sem hefði fundið veskið þeirra.** - sdg




Nova, fjórða fjarskiptafyrirtækið á íslenskum markaði, hefur þjónustu sína í dag:

# MSN í farsímann og vinatónar

**TÆKNI** MSN-netspjall í gegnum farsíma og tónlist sem kemur í stað biðsóns þegar hringt er var meðal þeirra nýjunga sem fjarskiptafyrirtækið Nova kynnti á blaðamannafundi í gær. Verslun fyrirtækisins að Lágmúla 9 verður opnuð klukkan 11 í dag, og vefurinn nova.is var opnaður á miðnætti í gær.

Fyrirtækið er hið fjórða á farsímamarkaðnum á Íslandi, en þar eru fyrir Síminn, Vodafone og Sko. Vodafone og Sko eru þó í eigu sama fyrirtækis. Nova hyggst einbeita sér að þriðju kynslóðar farsímaþjónustu (3G) á borð við internet í farsímann, auk venjulegrar farsímaþjónustu. Síminn opnaði fyrir sína 3G-þjónustu í byrjun september, og 3G-þjónusta Vodafone hefst eftir helgi.

Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir ætlunina að gera þriðju kynslóðar farsímatækni notendahæfa fyrir fólk. „Við viljum setja fókusinn á farsímann, gera þriðju kynslóðina einfalda svo hún virki. Að því leyti mun fólk finna muninn þegar við komum á markaðinn.“

Nova býður farsímasamband um allt land, en 3G háhraðanet fyrirtækisins nær yfir höfuðborgarsvæðið og á Reykjanesi. Ætlunin er að á næsta ári muni fyrirtækið ná til áttatíu prósenta landsmanna á 3G-kerfi sínu. - sþs



**TÆKNIN KYNNT** Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, kynnti þriðju kynslóðar tækni fyrirtækisins á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# JÓLIN ERU KOMIN Í SMÁRALIND

Ljósin á jólatrénu í Vetrargarði Smáralindar verða tendruð í dag kl. 14.
Þar verður að vanda mikið um dýrðir, litríkt mannhaf og skemmtiatriði að hætti hússins. Jóladagskráin er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Komdu í Smáralind og upplifðu einstaka jólastemmningu!

## *Jóladagskrá í Vetrargarðinum*

**Laugardagur 1. desember**

**14.00**
Jólatréð tendrað
í Vetrargarðinum

Jólaævintýri Smáralindar
**frumsýning**

Hara-systur syngja

**Sunnudagur 2. desember**

**14.00**
Jólaævintýri Smáralindar

Hara-systur syngja




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21,** fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM31119

## GENGIÐ 30.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,80 | 61,10 |
| Sterlingspund | 125,78 | 126,40 |
| Evra | 89,76 | 90,26 |
| Dönsk króna | 12,034 | 12,104 |
| Norsk króna | 11,056 | 11,122 |
| Sænsk króna | 9,576 | 9,632 |
| Japanskt jen | 0,5492 | 0,5524 |
| SDR | 96,65 | 97,23 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,6192

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglan í Vestmannaeyjum fékk heldur óvenjulegan gest í óveðri :

# Köttur vingast við varðstjóra

**ÓVEÐUR** Kaldur og hrakinn köttur komst í skjól á lögreglustöð Vestmannaeyja í fárviðri í gær, þegar kona nokkur kom honum þangað. Á stöðinni fékk kötturinn góðar viðtökur.

„Hann situr bara hérna á vaktborðinu og hefur það gott,“ sagði Pétur Steingrímsson varðstjóri þegar Fréttablaðið sló á þráðinn í gærmorgun. „Hann verður hérna hjá okkur í dag enda er ekki ketti út sigandi eins og er,“ sagði varðstjórinn þegar vindurinn þaut úti fyrir um 20 metra á sekúndu. En þó vel færi á með þeim sagðist varðstjórinn ekki gráta það þegar kötturinn færi loks í hendur eiganda þegar hann fyndist. „Hann fer fram á mikla athygli. Hann vælir bara ef maður hættir að kjassa hann svo þetta verður orðið ágætt þegar veðrið lægir.“

Nafn kattarins er ekki enn vitað og lögreglumenn hafa ekki nefnt hann. „Það tekur því ekki að finna nafn á köttinn því hann er bara í dags starfskynningu,“ sagði varðstjórinn glettinn. - jse



**Í VÖRSLU VARÐSTJÓRA** Vel fór á með þeim Pétri varðstjóra og kettinum sem skotið var skjólshúsi yfir. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Sakfelling í líkamsárásarmáli:

# Braut fjórar tennur í manni

**DÓMSMÁL Karlmaður var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir líkamsárás, sem átti sér stað við Austurstræti í Reykjavík í október.**

**Maðurinn sló þá mann hnefahöggi í andlitið þannig að hann féll í götuna, með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð í andliti og glóðarauga og fjórar tennur í honum brotnuðu.**

**Hinum ákærða var gert að greiða brotaþola rúmar sjö hundruð þúsund krónur í miskabætur auk sakarkostnaðar upp á tæpar tvö hundruð þúsund krónur.** - æþe

Slökkvliðið dældi út sjó:

# Axel í slipp

**SKIP Olíumenguðum sjó var dælt úr flutningaskipinu Axel á Akureyri í gær. Slökkviliðið sá um að dæla sjónum úr skipinu. Að því loknu var farið með skipið í slipp.**

**Axel steytti á skeri við Hornafjarðarós á mánudagsmorgun, en skipið var á leið til Póllands með fisk. Því var siglt til Fáskrúðsfjarðar til skoðunar, og síðar til Akureyrar. Á leiðinni til Akureyrar þótti ástandið um borð vera orðið ótryggt, og tók Landhelgisgæslan því yfir stjórn skipsins á leiðinni.** - sþs

Bernarsamningurinn:

# Íslendingur forseti í fyrsta sinn

**UMHVERFISMÁL** Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, var í gær kosinn forseti Bernarsamningsins á aðildarríkjafundi samningsins í Strasborg í Frakklandi. Bernarsamningurinn fjallar um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða í Evrópu og er einn af grundvallarsamningum Evrópu á sviði umhverfisverndar. Tæplega fimmtíu ríki Evrópu og Norður-Afríku eru aðilar að samningnum.

Jón Gunnar var varaforseti samningsins í þrjú ár en er nú fyrsti Íslendingurinn sem kosinn er forseti hans. - shá

## ÁRÉTTING

Í Fréttablaðinu á fimmtudag var villandi þýðing á ummælum Jóns Ólafssonar, athafnamanns og vatnsútflytjanda, sem hann lét falla í viðtali við vefútgáfu Financial Times. Af því tilefni vill Jón taka fram að það sé draumur sinn að Iceland Glacial vatnið verði einn daginn þekktara á heimsvísu en Icelandair og hann sé fyllilega meðvitaður um að margt þurfi að ganga upp svo sá draumur verði að veruleika.

# Malakauskas ekki krafinn um skilríki

**Litháíski líkfundarmaðurinn Malakauskas var ekki beðinn um að sýna skilríki við komuna til landsins þótt hann væri í tíu ára endurkomubanni. Hann lék lausum hala í nokkrar vikur áður en hann var handtekinn og settur í gæslu.**

**DÓMSMÁL** Tomas Malakauskas, einn þriggja manna í líkfundarmálinu svonefnda í Neskaupstað, var ekki beðinn um skilríki við tollskoðun þegar hann kom til Keflavíkur. Hann ferðaðist ekki á fölskum skilríkjum, en fór í gegnum Leifsstöð eins og hver annar komufarþegi, þrátt fyrir að hann væri í tíu ára endurkomubanni til landsins. Bannið fékk Malakauskas fyrir þátt sinn í að flytja lík landa síns, úttroðið af fíkniefnum, til Neskaupstaðar og sökkva því í höfnina þar.

Þetta kom fram í aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn Malakauskas í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Í Litháen hafði hann tekið upp eftirnafn konu sinnar, Aralkauskas, og fengið útgefin skilríki með því nafni hjá yfirvöldum í Litháen. Hann kom hingað til lands í byrjun september og lék lausum hala í nokkrar vikur. Hann var ekki handtekinn fyrr en 20. nóvember, þá með 26 grömm af amfetamíni á sér.

Ástæðuna fyrir breytingunni á eftirnafni sínu sagði Malakauskas fyrir dómi hafa verið þá að fjölmiðlar hefðu gert honum lífið leitt í tengslum við líkfundarmálið. Hann og eiginkona hans ættu von á barni og hann vildi ekki að barnið bæri nafnið Malakauskas.

Í dómsal kom meðal annars fram að kona Malakauskas hefur verið búsett hér frá árinu 2003. Hún starfar hér og á von á barninu í febrúar. Hér búa einnig móðir hennar, fósturfaðir og tvær systur. Malakauskas sagði að þau hjónin hefðu haft í hyggju að yfirgefa landið innan tíðar.

Stærstur hluti aðalmeðferðarinnar snerist um birtingu brottvísunar og endurkomubanns þegar Malakauskas afplánaði dóm vegna líkfundarmálsins á Litla-Hrauni.

Malakauskas bar að sér hefði ekki verið kunnugt um endurkomubannið. Þrír lögreglumenn hefðu komið til sín með skjal á íslensku, sem hann skildi ekki. Hann hefði beðið um lögmann og túlk en ekki fengið. Hann hefði því neitað að kvitta fyrir móttöku skjalsins. Síðan hefði hann verið fluttur í fylgd þriggja lögreglumanna í handjárnum úr landi. „Það var farið með mig eins og dýr,“ sagði hann.

Tveir lögreglumenn sem önnuðust birtinguna sögðu fyrir dómi að hún hefði verið með hefðbundnum hætti og Malakauskas hefði verið meðvitaður um endurkomubannið. Hann hefði viljað fá samfanga sinn, Atla Helgason, sér til aðstoðar, en afþakkað túlk.



**VILDI EKKI FARA** Malakauskas á leið í dómsal í gær. Lögregla bar fyrir dómi að Malakauskas hefði verið margbúinn að lýsa því yfir að hann ætlaði ekki úr landi, hvorki með góðu né illu.

## Einbeittur brotavilji

„Þarna var ásetningsbrot og einbeittur brotavilji á ferðinni,“ sagði Daði Kristjánsson saksóknari um brot Tomasar Malakauskas á endurkomubanni til landsins.

Saksóknari sagði ljóst að Malakauskas hefði verið fullkunnugt um bannið. Hann minnti á líkfundarmálið sem hefði vakið óhug í samfélaginu. Malakauskas hefði fengið reynslulausn þegar 419 dagar voru eftir af fangelsisvist hans. Saksóknari taldi réttmætt að dæma Malakaukas fyrir fíkniefnabrotið og brot hans á endurkomubanni og dæma hann í óskilorðsbundið fangelsi. Jafnframt ætti hann að sitja af sér eftirstöðvar dómsins sem hann hlaut árið 2004.

Björgvin Jónsson, verjandi Malakauskas, krafðist sýknu. Hann sagði alls ekki víst að sakborningur hefði gert sér grein fyrir því að brottvísun frá landinu fæli í sér endurkomubann. Björgvin minnti á að Malakauskas hefði í engu reynt að villa á sér heimildir við komuna til landsins. Það væri ekki hans sök að yfirvöld ... „passi ekki landamærin betur en svo að þeim sé snúið við sem óheimilt er að koma inn í landið,“ sagði verjandinn. Ekki náðist í Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóra á Suðurnesjum, við vinnslu fréttarinnar.

Verð á þorski:

# Hefur hækkað um 33 prósent

**SJÁVARÚTVEGUR** Á fundi Úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna 30. nóvember var ákveðið að hækka verð á þorski sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seldur er til skyldra aðila um tíu prósent og ýsu um fimm prósent frá og með 1. desember næstkomandi. Þessi hækkun skýrist af hækkun á afurðum á erlendum mörkuðum. Verð á þorski hefur hækkað fjórum sinnum á árinu um alls 33 prósent. - shá



**SÁ GULI** Verð á erlendum mörkuðum hefur hækkað í fjórgang á árinu.

Stjórnarmyndun í Belgíu:

# Enn í strandi eftir 173 daga

**BELGÍA, AP Yves Leterme, leiðtogi kristilegra demókrata í flæmskumælandi hluta Belgíu, varð að draga í land einu sinni enn í stjórnarmyndunarumleitunum sínum á miðvikudag, er flokkur þjóðernissinnaðra Flæmingja, sem er í bandalagi við hans eigin flokk, neitaði að sættast á nýjustu málamiðlunartillögu hans.**



**YVES LETERME**

**Nærri hálft ár er nú liðið frá þingkosningum í Belgíu en stjórnarmyndunarviðræður borgaralegra flokka Flæmingja og frönskumælandi Vallóna hafa hingað til strandað á því að flæmsku flokkarnir vilja færa meiri völd til landshlutastjórnanna en Vallónar ekki.** - aa


SAGAN VINSÆLA Á BÓK!




Bráðskemmtileg saga sem byggir á hinum ástsæla söngleik Abbababb!

SPRELL-FJÖRUG BÓK!

Veröld




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**SKAPLEGRA Í DAG**
Eftir óveðrið síðasta sólarhring hægist heldur um í dag. Ég á þó von á allhvössum vindi austan Vatnajökuls í dag og sumstaðar á hálendinu. Um hádegi á morgun verður kominn norðaustan stormur vestast á Vestfjörðum sem siglir síðan inn á landið norðvestanvert. Annað kvöld er svo að sjá hvassviðri eða storm með norðanverðu landinu og á Snæfellsnesi.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Norðaustan 5-10 m/s. Skýjað með köflum en léttir heldur til þegar líður á daginn. Hiti nálægt frostmarki.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hvassviðri eða stormur á Vestfjörðum, annars hægari. Hvessir um allt síðdegis.




13-18 m/s um austanvert landið, annars 5-10 m/s.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C skúrir | London | 11°C skúrir | Friedrichshafen | 8°C hálfskýjað |
| Billund | 8°C rigning | París | 11°C skúrir | Lúxemborg | 8°C rigning |
| Osló | 4°C rigning | Amsterdam | 10°C skýjað | Alicante | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skúrir | Frankfurt | 10°C skúrir | Róm | 16°C léttskýjað |
| Gautaborg | 7°C rigning | Berlín | 8°C rigning | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


vodafone
Tónlist beint í símann
Milljón íslensk og erlend lög til eignar í Vodafone tónlistarsímann þinn
Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu ótakmarkaðan aðgang að íslenskri tónlist.
Tónlistarklúbburinn
• Hátt í 1.000.000 íslensk og erlend lög!
• Íslensk tónlist innifalin (almennt verð 149 kr.)
• Kauptu erlenda tónlist á einfaldan og löglegan hátt í fyrsta sinn á Íslandi – 99 kr. lagið (almennt verð 149 kr.)
• 3ja mánaða áskrift að tónlistarklúbbnum fylgir útvöldum tónlistarsímum (mánaðaráskrift kostar 990 kr.)
Sony Ericsson V640
Lipur og nettur Walkman tónlistarspilari. 3G, EDGE, 256 Mb minniskort. Fer á netið með Vodafone live! Fæst í "Havana Gold" og svörtu. Fæst eingöngu hjá Vodafone.
19.900 kr.
3G
Vodafone
Gríptu augnablikið og lifðu núna

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú fylgjandi trúarlegu starfi presta í leikskólum?*

| | |
|---|---|
| Já | 61,8% |
| Nei | 38,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú áhyggjur af bágri stöðu heimilislausra?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Persónuvernd ítrekar upplýsingaskyldu lögreglu um mynd- og hljóðupptökur:

# Sagt verði frá upptökum í bílum

**PERSÓNUVERND** Lögreglumenn eiga að láta það fólk sem kemur í lögreglubíla vita af myndbands- og hljóðupptökum í bílunum. Þetta segir Persónuvernd.

Fyrirspurnir um heimildir lögreglu til þess að beina myndavélum að fólki úr lögreglubifreiðum bárust til Persónuverndar sem óskaði upplýsinga frá ríkislögreglustjóra. Spurt var hvort lögreglan beindi eftirlitsmyndavélum að almenningi úr lögreglubifreiðum. Ef svo væri, hvernig lögbundinni viðvörunarskyldu væri fullnægt og hvernig farið væri með myndefni sem þannig safnaðist.

Ríkislögreglustjóri segir að þeim sem lögreglan hafi afskipti af sé gerð grein fyrir því að samtöl verði tekin upp á hljóðband og að atburðarás hafi verið fest á mynddisk. Þeim sé sagt að þessar upptökur séu hafnar og þeim verði haldið áfram í lögreglubílum.

Í svörum ríkislögreglustjóra til Persónuverndar segir að í hluta lögreglubíla séu ratsjártæki með myndavélum sem notuð séu við löggæslustörf. Tólf slíkum tækjum hafi verið komið fyrir í lögreglubílum í fyrra og hittiðfyrra. Á þessu ári og því næsta eigi að bæta við átján tækjum. „Tilgangur þessa búnaðar, sem tekur upp hljóð og mynd, er að varðveita sönnunargögn um umferðarlagabrot og önnur afbrot sem sæta afskiptum lögreglunnar hverju sinni,“ segir ríkislögreglustjóri. **- gar**



**LÖGREGLAN** Ratsjártæki með myndavélum eru í hluta lögreglubíla og bifhjóla og fleiri tæki verða keypt.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ný stjórn í Ástralíu:

# Rokkstjarna í umhverfismálin

**ÁSTRALÍA, AP Kevin Rudd, verðandi forsætisráðherra Ástralíu, kynnti ráðherralista sinn á fimmtudag. Meðal þeirra er fyrsti kvenvaraforsætisráðherrann og í stól umhverfisráðherra sest fyrrverandi rokksöngvari.**

**Utanríkisráðherra verður Stephen Smith, lögfræðingur frá Vestur-Ástralíu sem eins og flestir hinna nýju ráðherranna er svo til með öllu óþekktur utan landsteina Ástralíu. Hin nýja ríkisstjórn ástralska Verkamannaflokksins sver embættiseið á mánudag. Þar með lýkur formlega ellefu ára valdatíma hægristjórnar, sem John Howard fór fyrir. - aa**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Hraðakstur á Sæbrautinni

Hraðakstursbrot 427 ökumanna voru mynduð á Sæbraut í vikunni, en eftirlitið stóð yfir í um tuttugu klukkustundir. Á tímabilinu óku rúmlega sex þúsund ökutæki fram hjá hraðamyndavélum lögreglu og reyndust um sjö prósent þeirra aka yfir afskiptahraða. Sá sem hraðast ók mældist á 99 kílómetra hraða á klukkustund, en hámarkshraði á brautinni er sextíu kílómetrar.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Borgarleikhúsið lak

Slökkvilið var kallað út í fyrrinótt vegna vatnsleka í Borgarleikhúsinu og í heimahúsi í Hafnarfirði. Einhverjar skemmdir urðu á hvorum staðnum fyrir sig en ekki er ljóst hversu umfangsmiklar þær eru. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu gekk vel að dæla á báðum stöðunum, en vatnsveður um nóttina orsakaði lekana.

# Umboðsmaður vill að RÚV hlíti lögum

**Tvö bréf bárust frá umboðsmanni Alþingis áður en stjórnendur RÚV ohf. upplýstu um laun útvarpsstjóra. Umboðsmaður bendir RÚV á að fara að lögum.**

**STJÓRNSÝSLA** Tvö bréf frá umboðsmanni Alþingis þurfti til áður en stjórnendur Ríkisútvarpsins ohf. breyttu um stefnu og upplýstu um laun útvarpsstjóra.

Umboðsmaður Alþingis rekur samskipti sín við RÚV í bréfi til fyrirtækisins og til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Segir umboðsmaður ummæli Páls Magnússonar útvarpsstjóra og Ómars Benediktssonar, stjórnarformanns RÚV, á visir.is hinn 23. ágúst, hafa orðið til þess að hann tók til athugunar hvernig fyrirtækið fylgdi upplýsingalögum.

Fyrsta verk umboðsmanns í málinu var að senda RÚV bréf 18. september. Hann spurði meðal annars hvort það væri rétt haft eftir stjórnarformanni RÚV á visir.is að um laun útvarpsstjóra yrði ekki upplýst fyrr en á næsta aðalfundi RÚV. Sá fundur verður í maí á næsta ári. Einnig vildi umboðsmaður að stjórn RÚV svaraði því fyrir 2. október hvernig það samrýmdist upplýsingalögum að neita að gefa upp laun útvarpsstjórans.

Í bréfi til umboðsmanns 1. október sagði lögmaður RÚV nauðsynlegt að ræða málið á stjórnarfundi sem yrði 15. október. Af þeim ástæðum vildi hann frest til 18. október til að svara. Umboðsmaður sagðist þá ekki sjá að RÚV þyrfti viðbótartíma. Málið lyti að framkvæmd upplýsingalaga og samkvæmt þeim ætti alltaf að afgreiða erindi um aðgang að gögnum hjá stjórnvöldum án tafar. Hann vildi því fá svör strax frá RÚV.

Þrátt fyrir tilmæli umboðsmanns tók lögmaður RÚV sér áðurnefndan frest til 18. október. Sagði hann þá í bréfi til umboðsmanns að stjórnarformaður RÚV hefði upplýst í fjölmiðlum tveimur dögum áður að laun útvarpssjórans væru 1.500 þúsund krónur. Bendir umboðsmaður á að menntamálaráðherra hafi nokkru síðar, eða 7. nóvember, upplýst á Alþingi að mánaðarlaun útvarpsstjórans væru hærri, eða 1.530 þúsund krónur.

Umboðsmaður tiltekur að bæði í athugasemdum með frumvarpi til upplýsingalaga á sínum tíma og í úrskurðum Úrskurðarnefndar um upplýsingamál komi fram að föst laun opinberra starfsmanna séu ekki undanþegin aðgangi almennings. Hann bendir stjórn RÚV á að fara að lögum ef óskað er aðgangs að upplýsingum um laun útvarpsstjóra og annarra starfsmanna fyrirtækisins.

„Á, að því er útvarpsstjóra og aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. varðar, að veita aðgang að gögnum um það hver séu umsamin föst laun þeirra og síðan hver séu önnur starfskjör sem samið hefur verið um, svo sem bifreiðahlunnindi, og þá hver, og föst aukavinna og þóknanir, til dæmis fyrir fréttalestur,“ segir umboðsmaður Alþingis í bréfi með lokaábendingum sínum fimmudaginn 22. nóvember.

Ómar Benediktsson, formaður stjórnar RÚV, og Páll Magnússon útvarpsstjóri segjast hvorugur hafa kynnt sér efni bréfs umboðsmanns. **gar@frettabladid.is**



**ÞORGERÐUR KATRÍN** Menntamálaráðherra.
**PÁLL MAGNÚSSON** Útvarpsstjóri.
**ÓMAR BENEDIKTSSON** Formaður stjórnar RÚV.



**TEKIST Á UM UPPLÝSINGAR** Umboðsmaður Alþingis segir að upplýsa eigi um launakjör starfsfólks Útvarpsins sé eftir því leitað.

Útvarpsstjóri synjar enn um launagögn gegn áliti umboðsmanns Alþingis:

# Neitar áfram að upplýsa laun

**STJÓRNSÝSLA** Páll Magnússon útvarpsstjóri hefur synjað beiðni Óskars Hrafns Þorvaldssonar, ritstjóra visir.is, um upplýsingar um laun Þórhalls Gunnarssonar, dagskrárstjóra sjónvarps og ritstjóra Kastljóss, og laun Sigrúnar Stefánssdóttur, dagskrárstjóra útvarps.

Þessi synjun Páls kemur eftir ítrekaðar ábendingar umboðsmanns Alþingis til stjórnenda RÚV ohf. um að upplýsingaskylda nái til fastra launa allra starfsmanna fyrirtækisins.

Útvarpsstjóri segir synjunina byggða á því ákvæði upplýsingalaga sem undanþiggur gögn upplýsingarétti ef almannahagsmunir skaðist ella af samkeppnisástæðum.

Páll telur ritstjóra visir.is lúta öflum utan ritstjórnarinnar:

„Þetta verður nú seint talin verðlaunaframmistaða í íslenskri blaðamennsku – og þú þá varla sómi hennar, sverð og skjöldur. En þú ert ábyggilega hlýðinn og góður starfsmaður og ég vona að þér vegni sem best á þessari sérkennilegu blaðamannsbraut sem þú hefur valið þér,“ segir útvarpsstjóri í svari til ritstjóra Vísis.

Óskar Hrafn kveðst þegar hafa kært synjun útvarpsstjóra til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Að gefnu tilefni hafi umboðsmaður Alþingis einnig fengið afrit af samskiptum þeirra Páls.

„Ég undrast einbeittan brotavilja útvarpsstjóra gagnvart upplýsingalögum. Það er hreint með ólíkindum að það þurfi að toga upplýsingar út úr yfirmanni ríkisstofnunar með töngum, upplýsingar sem umboðsmaður Alþingis hefur ályktað að eigi að vera opinberar,“ segir ritstjóri Vísis. **- gar**



**ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON** Ritstjóri visir.is.








Af lífshlaupi frumkvöðuls

Um ævistarf þessa fjölhæfa frumkvöðuls má segja að hug hans og höndum hafi verið fátt ofviða sem hann fékk áhuga á. Ekki var þó mulið undir hann í bernsku og ungur maður fékk hann berklaveiki og glímdi lengi við hana. Í bók sinni, *Sótt á brattann,* segir Ævar frá lífshlaupi sínu og viðfangsefnum svo að unun er að lesa. Ævar er löngu þjóðkunnur maður en lúpínuseyði hans hefur hjálpað fjölda manns til heilsu.

Skjaldborg

www.skjaldborg.is

OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA




# ALLT FYRIR AÐVENTUNA

## ÖLL KERTI 20% AFSLÁTTUR um helgina










blóm helgarinnar




GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is




SJÁLFSLÖKKVANDI KERTI Í ÚRVALI





Iðnaðarráðherra gaf stöðvarstjóra í Fljótsdalsstöð „skýrar ordrur“ um að ræsa:

# Kárahnjúkavirkjun sett í gang

**VIRKJUNARMÁL** Kárahnjúkavirkjun var ræst í gær í Fljótsdalsstöð og á Nordica hóteli í Reykjavík. Fimm vélar af sex framleiða nú orku. Sú sjötta, varavélin, verður rekstrarhæf fljótlega, eftir því sem segir í fréttatilkynningu frá Landsvirkjun.

Ætlunin var að halda gangsetningarathöfnina eingöngu í Fljótsdalsstöð, en vegna óveðurs og óvissu um færð í innanlandsflugi var ákveðið að halda hluta hennar á Nordica hótelinu. Þangað komu Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, auk fjölda gesta. Hægt var að fylgjast með hinni athöfninni á sjónvarpsskjá á hvorum staðnum fyrir sig.

Vélarnar sjálfar voru gangsettar eftir „skýrar ordrur“ frá Össuri til stöðvarstjórans, sem var í Fljótsdalsstöð, um að ræsa. Árni spurði síðan hvort ekki væri kominn tími til að tengja, og þá var rafmagnið „fasað“ við kerfið.

Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hófust vorið 2003, og átti fullri afkastagetu upphaflega að vera náð í byrjun október á þessu ári. Það gerðist þó ekki fyrr en í gær vegna tafa við borun aðrennslisganga og tímafrekrar frágangsvinnu vegna þeirra. - sþs



**GANGSETNINGU FAGNAÐ** Össur sagði að með gangsetningu virkjunarinnar væri settur lokapunktur í hörðustu deilum á Íslandi um langt árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SKAGAFJÖRÐUR**

### Úrgangurinn endurnýttur

Ný jarðgerðarstöð hefur verið tekin í notkun í Skagafirði. Mikið fellur til af úrgangi frá fyrirtækjum á svæðinu, einkum sláturhúsum, fiskvinnslu og steinullarframleiðslu en stór hluti þessa úrgangs verður endurnýttur í nýju stöðinni, samkvæmt fréttum Íslenskum iðnaði, Fréttablaði Samtaka iðnaðarins.



**TAKA HÖNDUM SAMAN** Björn Bjarnason og Storberget handsala samkomulagið í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

Norðmenn og Íslendingar undirrita samkomulag:

# Sameinast um kaup á björgunarþyrlum

**BJÖRGUNARMÁL** Dómsmálaráðherrar Íslands og Noregs, Björn Bjarnason og Knut Storberget, undirrituðu í gær samkomulag um samstarf um kaup og rekstur nýrra langfleygra björgunarþyrla. Miðað er við að Ísland kaupi þrjár þyrlur en Noregur tíu til tólf. Stefnt er að því að þær verði afhentar á árunum 2011 til 2014.

Vonast er til að með samstarfinu muni nást ýmiss ávinningur og hagræði, bæði við innkaup og rekstur þyrlanna. Skipti þar einna mestu viðhaldsþjónusta og þjálfun flugmanna og flugvirkja.

Samkomulagið er í samræmi við áður samþykktar tillögur Björns um eflingu þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar, sem gera ráð fyrir að í sveitinni verði alls fjórar björgunarþyrlur, nýju stóru þyrlurnar þrjár auk einnar minni.

Þar með verði að lágmarki unnt að sinna leit og björgun með þyrlu á landi og innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar við erfiðar veðuraðstæður og bjarga mönnum um borð í þyrlu á þeim ystu mörkum. Enn fremur verði þyrla ávallt til taks þegar önnur fer í lengri ferðir.

Kaupverð skýrist þegar niðurstaða útboðs liggur fyrir eftir ár, en gert er ráð fyrir að það verði um tveir milljarðar fyrir hverja þyrlu. Þá er búist við hækkun rekstrarkostnaðar Gæslunnar vegna aukins mannafla.

Þar til nýju þyrlurnar verða afhentar notast Landhelgisgæslan við leiguþyrlur. - aa





ABSTRAKT - MÁLVERK

Fyrir fjársterka aðila leitum við að góðum abstrakt myndum eftir Karl Kvaran, Kristján Davíðsson, Nínu Tryggvadóttur, Svavar Guðnason og Þorvald Skúlason.

Sýningu Péturs Þórs lýkur í dag. Opið frá kl. 14 til 18.

Lárus H. List opnar sýningu fimmtudaginn 6. desember kl. 20.




Gallerí BORG
Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur
Skipholti 35, 105 Reykjavík, Sími 511 70 10, fax 511 70 40, www.galleriborg.is




SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF

Allt fyrir listina!




eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

Börn
Dömur
Jólin 2007
Herrar





# Jólin í einni ferð

Debenhams býður upp á úrval sem aldrei fyrr af fallegri gjafa- og merkjavöru. Fyrir dömur, herra, börnin og heimilið á verði sem kemur öllum í ekta jólaskap. Nú getur þú klárað jólainnkaupin á einum stað og eytt tímanum í það sem skiptir mestu máli.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA/SIA.IS/DEB 39727 11/07




Átta mánaða fangelsisdómur fyrir líkamsárás:

# Kýldi mann í andlit við Pósthússtræti

**DÓMSMÁL** Maður á fertugsaldri hefur verið dæmdur til átta mánaða fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir grófa líkamsárás. Hann sló 44 ára gamlan Portúgala nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði, fékk glóðarauga og hlaut varanlega sjónskerðingu.

Árásin átti sér stað á mótum Pósthússtrætis og Austurstrætis hinn 18. febrúar í fyrra. Maðurinn sem ákærður var fyrir árásina varð tvísaga um ástæðu hennar; við lögreglumenn sagði hann að hann hefði orðið reiður eftir að fórnarlambið lamdi hann í andlitið og lamið hann á móti, en fyrir dómi sagðist hann hafa orðið hræddur þegar fórnarlambið lamdi hann í andlitið, „panikerað“ og kýlt hann.

Dómurinn tók ekki mark á útskýringum mannsins og mat svo að hann ætti sér engar málsbætur. Hann var dæmdur til átta mánaða fangelsisvistar auk þess sem hann var látinn greiða rúmar tvö hundruð þúsund krónur í sakarkostnað. - sþs




# Pútín öruggur um sigur

**Allt bendir til að Sameinað Rússland, flokkur Vladimírs Pútín Rússlandsforseta, vinni yfirgnæfandi sigur í þingkosningum sem fram fara í Rússlandi á morgun.**

**RÚSSLAND, AP** Þingkosningar til Dúmunnar, neðri deildar þingsins í Rússlandi, fara fram á morgun. Útlit er fyrir að aðeins tveir flokkar, Sameinað Rússland og Kommúnistaflokkurinn, nái inn á þing eftir breytingar á kosningalögunum um að flokkar þurfi að fá að minnsta kosti sjö prósent atkvæða.

Vladimír Pútín leiðir lista Sameinaðs Rússlands og benda spár til að flokkurinn muni vinna stórsigur í kosningunum.

Pútín hefur sagt að úrslit kosninganna muni merkja dóm kjósenda yfir stefnu sinni. Hefur hann gefið í skyn að hagstæð úrslit gefi honum umboð til að halda áfram í völd eftir forsetakosningarnar sem fram fara 2. mars næstkomandi. Pútín má ekki bjóða sig fram í þeim samkvæmt lögum um að forsetar megi ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil. Stjórnarandstöðuleiðtoginn og skákmeistarinn fyrverandi Garrí Kasparov segir úrslit kosninganna þegar ljós og að þær muni hafa í för með sér „alger yfirráð Sameinaðs Rússlands, með umfangsmiklu kosningasvindli“.

Meðal annarra breytinga sem gerðar voru á kosningalögum er afnám 225 einmenningskjördæma. Í síðustu kosningum unnu óháðir eða smáflokkar í hundrað þessara kjördæma. sdg@frettabladid.is




Lóðaúthlutun í Hafnarfirði:

# Dýrari lóðir eru samt ódýrastar

**SKIPULAGSMÁL** Bæjarfulltrúar meirihluta Samfylkingarinnar segja verð fyrir lóðir sem úthluta á í Vallahverfi ákveðið með það í huga að jafna mun á lóðargjöldum í Hafnarfirði og öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Segja þeir gjöldin í Hafnarfirði hafa verið áberandi lægst og að lóðarverð þar verði áfram lægst. „Þar munar að jafnaði um 18 prósent frá fastsettu lóðarverði í Reykjavík. Áfram verður því tryggt að hófs sé gætt í lóðargjöldum en eðlilegar tekjur innheimtar af sameiginlegum verðmætum bæjarbúa sem felast í nýjum og eftirsóttum byggingasvæðum,“ segir meirihlutinn. - gar



**LÚÐVÍK GEIRSSON** Bæjarstjóri í Hafnarfirði.



# MERKISDAGAR

## VEGLEGUR AFSLÁTTUR AF BETRI NOTUÐUM BÍLUM Í ÞRJÁ DAGA

Tilboð 1.830.000



Suzuki Grand Vitara 11.05. Úrvalsbíll. Ek. 28 þús.
Verð 2.150 þús. Tilboð 1.830 þús.

KOMDU OG GERÐU MERKILEGUSTU BÍLAKAUP ÁRSINS
200 BÍLAR



MMC Pajero Sport 12.01. Gæðabíll. Ek. 120 þús.
Verð 1.380 þús.Tilboð 1.190 þús.

Tilboð 1.150.000



Ford Focus H/B Trend 12.04. Gæðabíll. Ek. 67 þús.
Verð 1.370 þús. Tilboð 1.150 þús.



Ford Explorer 04.05. Gæðabíll. Ek. 57 þús.
Verð 2.490 þús. Tilboð 1.990 þús.



Ford Ranger 05.01. Gæðabíll. Ek. 103 þús.
Verð 1.150 þús. Tilboð 830 þús.



Peugeot 307 09.05. Úrvalsbíll.
Verð 1.470 þús. Tilboð 1.290 þús.



MMC L-200 D/C 01.04. Gæðabíll. Ek. 67 þús.
Verð 2.390 þús. Tilboð 2.090 þús.

**BNB** - sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

KOMDU OG GERÐU MERKILEGUSTU BÍLAKAUP ÁRSINS
MERKILEGRI BÍLAR



Ford Explorer Limited 04.05. Gæðabíll. Ek. 39 þús.
Verð 2.990 þús.Tilboð 2.690 þús.



Suzuki Jimny 03.07. Úrvalsbíll. Ek. 41 þús.
Verð 1.520 þús. Tilboð 1.250 þús.



Daewoo Kalos 11.05. Gæðabíll. Ek. 95 þús.
Verð 650 þús. Tilboð 450 þús.

Tilboð 2.090.000



Ford Escape 07.05. Gæðabíll. Ek. 26 þús.
Verð 2.530 Tilboð 2.090 þús.



Peugeot Boxer 320 LH 12.05. Úrvalsbíll. Ek. 33 þús.
Verð 2.450 þús. Tilboð 2.270 þús.

**Sumir notaðir bílar eru einfaldlega merkilegri en aðrir.**
**Í dag er síðasti Merkisdagurinn hjá Toyota - Betri notuðum bílum á Nýbýlavegi. Nú geturðu fengið veglegan afslátt og einstök fjármögnunarkjör á yfir 200 betri notuðum bílum.**

KOMDU OG GERÐU MERKILEGUSTU BÍLAKAUP ÁRSINS
SÍÐASTI DAGUR

## YFIR 200 BÍLAR Í BOÐI Á FRÁBÆRUM KJÖRUM. KOMDU OG GERÐU MERKILEGUSTU BÍLAKAUP ÁRSINS.

**OPIÐ:**
**Laugardag kl. 12:00 – 16:00**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 40104 11/07

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL




GOTT FÓLK / Myndskreyting: Halldór Baldursson


1783-1785
1550
1662
1874
1904
1918
1944
2007
Landsbankinn

# Ástand en ekki lífsstíll

**Meðferðar- og búsetuúrræðum fyrir heimilislausa hefur verið lokað á undanförnum árum og fólki á götunni fjölgaði um leið. Lögreglan og neyðarskýli hýsa fólk sem á í engin hús að venda. Í sumar opnaði heimili fyrir karla við Njálsgötu og ráðgert er að opna annað slíkt á næsta ári. Þá verða enn um tvö hundruð manns á götunni.** *Eva Bjarnadóttir* **fjallar um heimili fyrir heimilislausa.**



**HÚSTAKA** Víða um borgina má sjá yfirgefin hús þar sem lokað hefur verið fyrir alla innganga svo að hústökufólk komist ekki inn.



**NEYÐARSKÝLI** Gistiskýlið er hugsað sem neyðarskýli. Þar er aðeins brýnustu líkamlegu þörfum sinnt og fólk fær mat, húsaskjól og kemst í bað.

### Hundruð heimilislausra

Félagsmálaráðuneyti komst að þeirri niðurstöðu að 47 einstaklingar væru heimilislausir á Íslandi árið 2005 og þar af fjórar konur. Enginn viðmælenda Fréttablaðsins var þessari niðurstöðu sammála og nefndu margir skýrsluna sem dæmi um léleg vinnubrögð stjórnvalda. Þá gagnrýndu margir hversu margar nefndir hafi verið stofnaðar í gegnum tíðina um málefni heimilislausra og hversu margar athuganir og talningar hafi farið fram án þess að það hafi skilað miklum árangri.

Árið 2005 komu 85 manns í meðferð hjá SÁÁ beint af götunni, þá eru þeir ekki taldir með sem hafa haft stutta viðkomu hjá ættingjum áður en þeir skráðu sig í meðferð og heldur ekki þeir sem komu af sjúkrastofnunum. Árið 2006 komu 144 af götunni.

Tölur Gistiskýlisins og Konukots segja sömu sögu og verður að teljast ósennilegt að Rauði krossinn hefði opnaði neyðarskýli fyrir fjórar heimilislausar konur. Raunar hafa áttatíu konur gist í Konukoti, allt frá einni nótt til 450 nótta.

Á málþingi um heimilislausa árið 2006 kom fram að um 300 manns ættu ekki heimili á Íslandi.

En skiptir þetta máli? Helga Björnsdóttir mannfræðingur sem rannsakað hefur heimilislausa á Íslandi, bendir á að ef aðeins 47 manns eru á götunni þá er það 47 manneskjum of mikið.

### Ástand en ekki lífsstíll

Það er ekki nóg að fjalla um einstaka heimilislausa manneskju. Það skiptir raunar engu máli hverjir eru heimilislausir því það er breytilegt á hverjum tíma. Áherslan á því að vera á heimilisleysi sem ástand sem kemur til vegna félagslegra örðugleika.

Eva Lind Björnsdóttir var heimilislaus í fimmtán ár og leggur hún mikla áherslu á að enginn velji sér það hlutskipti að eiga hvergi heima. Eins og fram kom í umfjöllun Fréttablaðsins í gær einkennir lífið á götunni mikið ofbeldi, sérstaklega gagnvart konum. Þá þjást flestir heimilislausir af alvarlegum sjúkdómum sem fylgja slæmu líferni og ofneyslu áfengis og vímuefna.

Kastljósið ætti því að beinast að þeirri staðreynd að sumir þurfi að lifa við aðstæður sem geta ekki talist mönnum bjóðandi. Lausnin felst í að útbúa aðra valmöguleika fyrir fólk sem glímir við geðsjúkdóma, fíkn og félagslega fötlun.

### Dvalarstöðum lokað

Þegar Akurhóli í Gunnarsholti og Byrginu var lokað tók fátt við þeim einstaklingum sem þar bjuggu. Akurhóli virðist hafa verið lokað vegna sparnaðaraðgerða og saga Byrgisins er flestum kunn. Síðan þá hefur fátt gerst fyrir utan opnun heimilis fyrir heimilislausa karla við Njálsgötu. Ekkert svonefnt langtímaúrræði fyrir konur hefur komið í staðinn. Nú stendur til að úthluta sex litlum einbýlum til heimilislausra og á næsta ári verður sett á fót heimili með svipuðu móti og er á Njálsgötuheimilinu fyrir tuttugu karla.

### Margt er vel gert

Þótt augljóslega vanti meiri aðstoð við heimilislaust fólk má ekki líta fram hjá hinu góða sem gert er.

Kristileg samtök leika stórt hlutverk í umsjón með heimilislausum. Með fulltingi Reykjavíkurborgar rekur Samhjálp kaffistofu þar sem boðið er upp á máltíð í hádeginu og kaffi í eftirmiðdaginn, Gistiskýlið við Þingholtsstræti og meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot eru á þeirra vegum.

Þá kemur Samhjálp að rekstri Miklubrautar 18 og 20, sem voru fyrstu heimilin í anda hinnar umdeildu Njálsgötu 74.

Konukot er rekið af Rauða krossinum og var sett á stofn árið 2004. Heimilisleysi kvenna er falið vandamál og er talið að þær eigi auðveldara með að fá gistingu hjá körlum. Einnig eru dæmi um að konur selji líkama sinn fyrir gistingu.

Heimilið við Njálsgötu 74 sem Reykjavíkurborg opnaði í sumar naut takmarkaðra vinsælda meðal íbúa götunnar en þykir gott framtak meðal þeirra sem starfa með heimilislausum dags daglega.

Þá segir Halldór Lárusson, umsjónarmaður Gistiskýlisins að Njálsgötuheimilið létti örlítið á annars yfirfullu skýlinu. Hugmyndin sem liggur að baki er sú að fólk nái frekar framförum þegar það eigi fastan samastað. Það hefur sýnt sig á Miklubraut 20 þar sem tveir íbúar af átta hafa tekið miklum framförum.

### Vistuð í fangaklefum

Lögreglan í Reykjavík hýsir fjölda fólks í fangaklefum sínum ár hvert. Hún tekur við þeim sem leita til bráðamóttökunnar, fá ekki athvarf í Konukot eða Gistiskýlinu og þeim sem banka upp á og biðja um næturpláss.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins segir lögreglumenn standa frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort vísa eigi fólki út í kuldann eða hýsa það. Hann segist hræddur um að vandi heimilislausra liggi í því að lögreglumenn séu of brjóstgóðir og þrýstingurinn sé því ekki nægilega mikill á sveitarfélögin. Stefán segir að það fyrirkomulag að nota fangaklefa til að hýsa vegalaust fólk þekkist ekki víða.

### Verustaður yfir daginn

Fólki á götunni hefur vantað samstað yfir daginn, en neyðarskýlin eru venjulega lokuð frá hádegi fram á kvöld. Hjálpræðisherinn opnaði nýlega dagsetur þar sem heimilislausir geta baðað sig og hvílt.

Þar er einnig bókasafn, fönduraðstaða og hugmyndir eru uppi um að þróa starfsendurhæfingu í samstarfi við nytjamarkað Hersins í sama húsi.

Að sögn Vilborgar Oddsdóttur starfsmanns Hjálparstarfs kirkjunnar þarf fólk að vera í neyslu til þess að lifa af á götunni, því sé nauðsynlegt að búa til verustað yfir daginn með verndaðri vinnu. Það gæti orðið til þess að fólk rati réttu leiðina af götunni.

### Karlar og konur

Heimilislaus pör geta ekki búið saman. Tilhneiging er til að líta á heimilislausa sem börn sem þurfi að hafa vit fyrir að mati Helgu Björnsdóttur og því sé ekki gert ráð fyrir að þeir dragi sig saman eins og aðrir.

Því eru þó ekki allir sammála. Eva Lind Björnsdóttir segir stöðu kvenna á götunni vera mjög slæma og að ástarsambönd sem þar verði til séu ekki raunveruleg sambönd heldur byggist þau á ofbeldi og kúgun.

Sú staðreynd að pör geti hvergi búið saman gerir það að verkum að þau gerast heldur hústökufólk og forðast það að leita sér hjálpar.

### Hvers má vænta

Starfshópur um utangarðsfólk hefur undanfarna mánuði starfað hjá Reykjavíkurborg og nefnd um heimilisleysi hjá félagsmálaráðuneytinu, auk fleiri nefnda um mál sem tengjast heimilislausum á einn eða annan hátt.

Það sem þegar hefur verið ákveðið er að opna annað heimili fyrir heimilislausa karla á vegum Reykjavíkurborgar og að útdeila sex litlum húsum til þeirra sem vilja búa einir.

Fátt var um svör frá stjórnvöldum önnur en að enginn eigi skilið að vera heimilislaus og ábyrgðin sé samfélagsins.

## EINBÝLI VIÐ SJÓINN

Reykjavíkurborg og Félagsbústaðir munu byggja sex lítil færanleg einbýli sem úthlutað verður til fólks sem er á götunni. Enn er verið að leita að lóð undir húsin við Granda en gert er ráð fyrir að þau verði hægt að færa eftir þörfum og þeim verði jafnvel komið fyrir á lóðum sem á að byggja síðar.

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs, segir lítið annað eftir en að finna hentuga staðsetningu og setja saman fimm hús í viðbót við það sem nú þegar er tilbúið og var til sýnis í gær.

Húsin er sérstaklega vel einangruð og eru innréttuð þannig að þau þoli mikinn ágang. Slitsterkur dúkur er á gólfum og klósettskál úr stáli eins og tíðkast í fangelsum.

Björg segir húsin geta komið til móts við þá einstaklinga sem ekki geta búið í fjölbýli. Í einbýli geti þeir verið frjálsir og hagað sér að eigin vild.

„Það eru margir sem vilja ekki okkar hjálp og hafa til dæmis neitað plássi á Njálsgötu 74, því þeir eiga erfitt með að breyta eigin lífi og lúta reglum annarra," segir Björk.

Leiguverðið verður um 25.000 til 35.000 krónur á mánuði og gert er ráð fyrir að húsin verði tilbúin á næstu mánuðum.



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR**

## VANTAR PÓLITÍSKAN VILJA

„Samvinnu og pólitískan vilja vantar til þess að leysa vanda heimilislausra," segir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, sem sat um nokkurra mánaða skeið í nefnd borgarinnar um utangarðsfólk. Þegar innt var eftir svörum frá velferðarráði um stöðu heimilislausra var vísað á Þorleif. Hann segir nefndina ekki hafa hist síðan nýr meirihluti tók við völdum.



**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON**

„Staða heimilislausra versnaði verulega í kringum síðustu aldamót þegar ríkið lagði niður Gunnarsholt og viðlíka úrræði, þar sem alkóhólistar og vímuefnasjúklingar fengu mjög faglega og góða meðhöndlun. Þessu var hætt af sparnaðarástæðum og við tóku úrræði eins og til dæmis Byrgið. Ráðherra og hans undirmenn afhentu gríðarlegt fjármagn í gríðarlega ófaglega starfsemi þar sem alls kyns ógeð fór fram." Þorleifur segir að svona hafi staðan verið þar til fyrir tveimur árum, en þá var hætt að sinna heimilislausum, eins og áður hafði verið gert. Byrginu var lokað og fólkið fór aftur á götuna. „Staðan er raunar aftur eins og hún var áður en Gunnarsholt og þeir staðir voru opnaðir. Ríkið lætur einhvers konar trúboða um þetta fólk og að mínu mati er það ekki gott, sérstaklega fyrir fólk með geðræn vandamál.

Það er verið að vísa fólki í fangageymslur. Það er óásættanlegt og í rauninni lögbrot. Yfirleitt er fólk mjög veikt líkamlega og með alls konar sjúkdóma því það er komið á síðasta stig alkóhólisma og fíknsjúkdóma. Það ætti því að vera læknir á gistiskýlinu."

Þorleifur segir úrræðin þurfa að vera fjölbreytt. Þörf sé á heimilum líkt og við Miklubraut og Njálsgötu þar sem ekki er gerð krafa um að menn séu allsgáðir. Við taki sambýli með stuðningi fyrir fólk sem er edrú en getur ekki fótað sig í daglega lífinu og síðast félagslegar lausnir og íbúðir fyrir þá sem eru tilbúnir til að axla meiri ábyrgð. Þá þurfi að huga sérstaklega að úrræðum fyrir konur.




# 4MATIC STJÖRNUSÝNING

4MATIC fjórhjóladrifið frá Mercedes-Benz veitir einstakt veggrip við allar aðstæður, hvort sem ekið er á malbiki eða möl, í bleytu, hálku, lausamöl eða snjó. 4MATIC byggir á þeirri tækni að afl hvers hjóls er lagað að aðstæðum á veginum. Tæknin tryggir áreynslulausan og öruggan akstur þar sem ánægjan er í fyrirrúmi.

Líttu við og kynntu þér 4MATIC. Við sýnum flestar gerðir Mercedes-Benz: GL-Class, ML-Class, E-Class, og C-Class ásamt A-Class og B-Class á sérstöku jólaverði. Sannkölluð jólastemmning ríkir á Laugaveginum þar sem kaffiþjónar frá Te og Kaffi bera fram rjúkandi heitt kaffi, kakó og smákökur.

Komdu, sjáðu og sannreyndu – opið í dag frá kl. 10 til 16.

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 07-2167

# KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.984 **+1,28%**

**Fjöldi viðskipta:** 516
**Velta:** 8.212 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **SPRON** | +5,16% | **EIK BANKI** | -1,83% |
| **EXISTA** | +3,40% | **MAREL** | -0,10% |
| **FÖROYA BANKI** | +3,00% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,26 +0,00% ... Bakkavör 59,90 +2,04% ... Eimskipafélagið 37,10 +0,82% ... Exista 25,85 +3,40% ... FL Group 20,90 +0,97% ... Glitnir 24,85 +0,61% ... Icelandair 28,40 +2,16% ... Kaupþing 935,00 +1,08% ... Landsbankinn 37,60 +1,08% ... Straumur-Burðarás 16,55 +2,16% ... Össur 100,00 +0,50% ... Teymi 6,45 +1,26%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn ...*

## NIBStone

Stefán Jón Friðriksson hefur sagt upp starfi sínu hjá fjármálaráðuneytinu og hyggst fara í starf hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Þeir sem hafa farið í starf Stefáns hjá NIB snúa aftur í góðar stöður á Íslandi. Þannig var Guðmundur Ólason starfsmaður einkavæðingarnefndar eins og Stefán. Hann fór til NIB og endaði sem forstjóri Milestone, eins sterkasta fjárfestingarfélags á Íslandi. Þór Sigfússon var aðstoðarmaður fjármálaráðherra. Hann fór til NIB og er nú forstjóri Sjóvár, sem Milestone á, en var áður hjá Viðskiptaráði. Benedikt Árnason var í fjármálaráðuneytinu, fór til NIB og er nú aðstoðarforstjóri Aska þar sem Milestone er stór hluthafi. Það er bara spurning hvaða starf bíður Stefáns hjá Milestone-félögum þegar hann snýr aftur.



## Marel rannsóknartröll

Það vakti athygli í gær að Íslendingar eiga með beinum hætti í hergagnaframleiðanda undir nafninu Stork Aerospace. Framleiðir þessi eining Stork meðal annars hluti í F-16 orrustuþotur Lockheed Martin, kemur að smíði stéls og fleiri hluta í NH90 herþyrlunni fyrir Eurocopter og smíðar vélarhluta í Tiger-bardagaþyrluna. Marel var einn hluthafa í þessu félagi sem nú fer væntanlega yfir til Eyris og fleiri, sem fyrir eru stórir hluthafar í Marel. Svíar eru nú líka stórtækir í vopnaframleiðslu og Íslendingar mega ekki vera eftirbátar nágranna sinna. Hins vegar vekur athygli að Marel áætlar að setja á næsta ári fjóra milljarða króna í rannsóknir og þróun. Nemur það nærri öllu rekstrarfé Háskóla Íslands, sem á þó að vera rannsóknarháskóli landsins.

# Eitt mál hjá ríkissaksóknara

Fjórum af fimm málum sem Fjármálaeftirlitið benti Ríkislögreglustjóranum á á árinu 2005 er lokið. Málin snerust öll um brot á flöggunarskyldu og lauk með sektargerð hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans.

Eitt seinasta málið er nú til meðferðar hjá ríkissaksóknara. Bogi Nilson, ríkissaksóknari, staðfestir að málið verði brot á hegningarlögum, en vill ekki veita frekari upplýsingar um málið.

Á síðasta starfsári Fjármálaeftirlitsins var einum aðila synjað um að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Hafði hann brotið lög sem varða eftirlit FME. Þurfti hann að selja hlut sinn. **- ikh**

# Kaupa ICEPAK

Samskip hafa keypt frystivöru- og flutningsmiðlunina ICEPAK. Fyrirtækið er með alþjóðlega starfsemi og skrifstofur á Bretlandseyjum, í Bandaríkjunum og Ástralíu.

Peder Winther, framkvæmdastjóri frystivöruflutningasviðs Samskipa, segir í tilkynningu að flutningastarfsemi ICEPAK, og sú víðtæka þekking og reynsla sem starfsfólk og stjórnendur fyrirtækisins búi yfir, sé mikilvæg viðbót við vaxandi þjónustu Samskipa í kæli- og frystivöruflutningum.

ICEPAK var sett á laggirnar fyrir fimmtán árum . **- óká**


www.oryggi.is

**Þú vilt ekki fá hvaða jólasvein sem er inn um gluggann hjá þér!**



**Jólatilboð á Heimaöryggi. Prófaðu endurgjaldslaust í 3 mánuði.**

**Hringdu núna í 570 2400 og fáðu frekari upplýsingar.**

Tilboðið gildir til 24. desember nk.

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 9071455



HRINGURINN BARNASPÍTALI

# Jólakaffi Hringsins

Árlegt jólakaffi og happdrætti Hringsins verður haldið á Broadway sunnudaginn 2.desember kl: 13.30.
Miðasala hefst kl: 13

Að vanda verður boðið uppá girnilegt kaffihlaðborð með heimabökuðu brauði að hætti Hringskvenna, happdrætti með glæsilegum vinningum og síðast en ekki síst frábærum skemmtiatriðum úr ýmsum áttum.

*Allur ágóði rennur í Barnaspítalasjóð Hringsins sem styrkir veik börn á Íslandi.*




# Fimmtán milljarða tap

**Stjórnendur FL Group seldu í gær nær allan hlut sinn í flugrekstrarsamstæðunni AMR, móðurfélagi American Airlines. Þá hafði verðmæti hlutarins lækkað um fimmtán milljarða króna frá því fyrst var fjárfest í félaginu. Stjórnendur FL Group segja ekki um þvingaða sölu að ræða í ljósi fjárhagsstöðu félagsins.**



**FORSTJÓRI Í VARNARBARÁTTU** Hannes Smárason hefur haft í nógu að snúast undanfarna daga. Óróleiki á hlutabréfamörkuðum hefur rekið stjórnendur FL Group til að taka stefnumótandi ákvarðanir um hvert skuli stefna í fjárfestingum félagsins. Í gær seldu þeir stóran hlut í AMR.

FL Group seldi rúm átta prósent í AMR og á eftir viðskiptin um 1,1 prósent í félaginu. Tapið nemur um fimmtán milljörðum króna og er þá ekki tekið tillit til kostnaðar við að fjármagna þessi kaup. Búið er að færa tap fyrir þrettán milljarða í bækur FL Group en ljóst er að tveir milljarðar til viðbótar bætast við á fjórða ársfjórðungi. Við söluna fékk félagið tíu milljarða króna í peningum, sem eftir stendur af fjárfestingunni að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og gengistaps.

„Við höfum séð jákvæðan viðsnúning í rekstri félagsins á árinu. Hann hefur almennt verið góður og stjórnendur gefið til kynna áform um sölu eininga og aukna upplýsingagjöf. Hins vegar hefur ekki verið nægjanleg festa í þeirra skilaboðum og við teljum ákveðna óvissu felast í því hvenær þeir munu hrinda fyrirhuguðum breytingum í framkvæmd. Þeirra ákvarðanataka hefur tekið of langan tíma og of lítil skref tekin í einu. Það hefur samt verið hlustað á okkar rök og margir stigið fram og stutt okkar sjónarmið, bæði hluthafar og greiningaraðilar í Bandaríkjunum. Hins vegar eru ytri aðstæður ekki góðar um þessar mundir. Olíuverð hefur hækkað um sextíu prósent á árinu og spáð er minni hagvexti en áður. Þetta eru því ákveðnir áhættuþættir í rekstri AMR um þessar mundir og í því ljósi fannst okkur rétt að selja stóran hlut í félaginu nú og skoða í framhaldinu aðra fjárfestingarkosti,“ segir Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs FL.

Aðspurður neitar hann að þrýst hafi verið á FL að selja til að bæta fjárhagsstöðu félagsins. „Nei, það var ekki ástæðan fyrir því að við seldum. Við höfum verið að skoða þetta í talsverðan tíma og höfum viljað auka fjölbreytnina í eignasafninu. Það höfum við verið að gera og munu skoða áfram. Óhagstæðar ytri aðstæður og áhætta sem fylgir því að vera með stóra stöðu í flugrekstri í dag réði þessari ákvörðun fyrst og fremst.“

Halldór segir engan bilbug að finna á félaginu þrátt fyrir erfitt árferði. „Samhliða talsverðum óróa á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum höfum við séð eignir okkar lækka talsvert á stuttum tíma og það er ekkert launungarmál að það tekur í hjá okkur eins og öðrum. En þessar lækkanir hafa ekki neytt okkur til að selja eignir og það sem við teljum mikilvægast í þessu samhengi er að undirliggjandi eignir félagsins eru góðar og tækifærin í þeim óbreytt þrátt fyrir þessar skammtímasveiflur á verði þeirra. Við svona aðstæður skapast oft áhugaverð kauptækifæri á markaði og við munum skoða þau mál vel.

Við sitjum ekkert með hendur í skauti og bíðum heldur höldum áfram.“ **bjorgvin@frettabladid.is**

**FJÁRFESTINGAR FL GROUP Í FLUGREKSTRI***

| | |
|---|---|
| EasyJet | 12 milljarðar |
| Icelandair | 25 milljarðar |
| Finnair | -5,5 milljarðar |
| Sterlin | 0 milljarðar |
| AMR | - 15 milljarðar |
| **Samtals:** | **16,5 milljarðar** |

*hagnaður/tap í milljörðum króna

# Vísitölur á uppleið í vikulokin

Talsverður uppgangur var á hlutabréfamörkuðum víða um heim í gær eftir viðvarandi óróleika á fjármálamörkuðum síðustu vikurnar sem keyrt hefur niður gengi hlutabréfa af miklum þunga.

Svo mikil var hækkanahrinan í vikunni að slíkt hefur ekki sést í tvo mánuði í Bandaríkjunum, að sögn fréttaveitunnar Bloomberg.

Taktur uppsveiflunnar var sleginn á bandarískum fjármálamarkaði síðdegis á þriðjudag en tók sprettinn daginn eftir í kjölfar þess að Donald Kohn, aðstoðarseðlabankastjóri Bandaríkjanna, sagði fjármálakreppuna hafa snert mjög buddu bæði neytenda og fjárfesta auk þess sem skrúfa yrði fyrir vanskilaaukningu á fasteignalánamarkaði. Seðlabankinn yrði því að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir áframhaldandi verðlækkun á fasteignaverði og samdráttarskeið vestra, að hans sögn.

Fjárfestar túlkuðu orð hans sem svo að stýrivaxtalækkun vestanhafs væri á næsta leiti að loknum næsta vaxtaákvörðunarfundi bankastjórnarinnar 11. desember næstkomandi. Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, tók í sama streng og samstarfsbróðir hans í ræðu sinni í fyrrakvöld.

Hækkunin smitaði út frá sér til Japans og Evrópu, þar á meðal til Kauphallar Íslands.

Fjármálasérfræðingar eru sammála um að hlutabréfamarkaðir séu þrátt fyrir allt viðkvæmir og lítið þurfi til að hreyfa við þeim.

Það sýndi sig svo um munaði í gær þegar heimsmarkaðsverð á hráolíu lækkaði verulega auk þess sem Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, boðaði til aðgerða til að draga úr vanskilum á undirmálslánum vestanhafs. Við það ruku helstu vísitölur upp í byrjun dags en sigu nokkuð eftir því sem á leið. **- jab**




**SEÐLABANKASTJÓRINN TALAR** Margir fjármálasérfræðingar reikna með lækkun stýrivaxta í Bandaríkjunum 11. desember næstkomandi eftir ræðu Bens Bernanke, seðlabankastjóra landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HELSTU VÍSITÖLUR**

| Vísitala | Breyting í gær |
|---|---|
| Dow Jones (Bandaríkin)* | +0,37% |
| Nasdaq (Bandaríkin)* | -0,21% |
| FTSE (Bretland) | +1,31% |
| Dax (Þýskaland) | +1,36% |
| Nikkei (Japan) | +1,08% |
| C20 (Danmörk) | +0,47% |
| ICEXI15 (Ísland) | +1,28% |

* Um miðjan dag í gær

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni



**Infac byssuskápur.**
Öruggur og viðurkenndur skápur fyrir 7 byssur.
Læsanlegt innra hólf fyrir skotfæri og verðmæti.
**Verð aðeins 35.900.**



**Atlas snjóþrúgur.**
Sterkbyggðar þrúgur fyrir íslenskar aðstæður.
2 göngustafir og taska fylgir.
**Verð aðeins 19.980.**



**ProLogic skotveiðijakki.**
Vatnsheldur, hlýr jakki með góðri útöndun.
Löng reynsla við íslenskar aðstæður.
**Verð aðeins 23.900**



**ProLogic smekkbuxur.**
Vatnsheldar og hlýjar buxur með góðri útöndun.
**Verð aðeins 17.900.**



**ProLogic gönguskór.**
Hlýir og vatnsheldir skór með útöndun.
MAX4 felumynstur.
**Verð aðeins frá 9.995**



**ProLogic skotveiðihanskar.**
Hlýir og vatnsheldir hanskar með góðri útöndun.
Max4 felumynstur.
**Verð aðeins 2.995.**



**Ameristep felubirgi.**
Eitt mest keypta felubirgið undanfarin ár.
**Frábært verð. Aðeins 16.880.**



**Gerviandasett.**
12 gerviendur í góðum netpoka.
Blýteinar og bond fylgja.
**Verð aðeins 10.980 fyrir allt þetta.**



**Scierra tvíhendusett.**
12,6 eða 14 feta tvíhenda í 4 hlutum frá Scierra.
Gott tvíhenduhjól ásamt skotlínu og kastkennslu á DVD fylgir. Vinsæll og góður tvíhendupakki.
**Jólatilboð aðeins 37.900.**



**Sage fluguveiðipakki.**
FLi eða Launch. 4ra hluta stöng í hólk.
Gott LA hjól og Rio flugulína.
Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á hólk.
**Verð aðeins frá 34.900.**



**Nýtt! NRS flotveiðivesti.**
Sérhönnuð flot vesti fyrir veiðimenn.
Örugg vesti í alla veiði.
**Verð aðeins 12.980**



**Danvise.**
Vinsælasti fluguhnýtingavæsinn á markaðnum.
**Verð aðeins 7,980.** (plata á mynd er aukabúnaður). Einnig fluguhnýtingasett og fluguhnýtingakennsla á DVD.



**Veiðiflugur Íslands.**
Biblía fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um flugveiði verða að eiga.
**Verð aðeins 3.995**



**Ron Thompson nestisbakpoki**
Tilvalinn í tjaldvagninn, fellihýsið, útileguna og veiðitúrinn.
**Verð aðeins 4.995.**



**Zpey tvíhendan.**
Byltingarkennda tvíhendan sem allir eru að tala um. Kastkennsla fylgir hverri stöng.
**Verð aðeins 89.900.**



**Wish. Íslenska fluguveiðihjólið.**
Falleg hönnun, vönduð smíð.
**Verð aðeins frá 39.900**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940 — Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 - Veidimadurinn.is -

SPORTBÚÐIN — Krókhálsi 5 - Sími 517 8050 - Sportbudin.is -

VEIÐIHORNIÐ — Síðumúla 8 - Sími 568 8410 - Veidihornid.is -

# STÓRSÝNING KIA

## OPIÐ Í DAG KL. 10–16




## Komdu og prófaðu KIA

**KIA** býður fjölbreytt úrval föngulegra gæðabíla á virkilega sanngjörnu verði; fólksbíla, smábíla, fjölskyldubíla og gæðajeppa.

**Reynsluakstursleikur KIA**
Veldu þér KIA-bíl til að prófa og þú átt möguleika á glæsilegum vinningum.

*Aðalvinningur:*
**Ævintýrahelgi á Hótel Búðum** fyrir tvo með afnotum af **KIA Sorento**.

*Aukavinningar, dregnir út vikulega:*
**Brunch á Vox** fyrir tvo.

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU.

# UM ALLT LAND




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 2043




KIA cee'd




KIA cee'd_sw




KIA Carens

*Reynsluakstursleikurinn stendur til 19. desember*

Upplýsingar um vinninga á **www.kia.is**

UEFA EURO2008 Austria-Switzerland

KIA MOTORS Official Partner

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gömul og ný fullveldisverkefni:

## Á menntatorgi

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Stjórnarskrárbundnar reglur um fullveldi þjóðarinnar eru dýrmætar. Í þeim er hins vegar lítið hald án lifandi innihalds. Þetta skildu þeir mæta vel sem forystu höfðu í fullveldisbaráttunni á öndverðri fyrri öld.

Menntun var hluti af innihaldinu. Stofnun Háskóla Íslands var í hugum allra einn af hornsteinum fullveldisins. Með sama hætti leit þjóðin á stofnun Eimskipafélagsins. Eyþjóð án menntunar og siglinga hafði lítið að gera inn í samfélag fullvalda þjóða.

Nú er önnur öld með nýrri hugsun og nýjum verkefnum. Einmitt í því ljósi er vert að gefa því gaum á þessum fullveldisdegi hvernig þræðir Eimskipafélagsins og Háskólans fléttast saman. Framlag Háskólasjóðs Eimskipafélagsins réði miklu um að Háskólatorgið sem opnað er í dag varð annað og meira en draumsýn. Það er eitt af þessum mikilvægu skrefum í viðvarandi fullveldisbaráttu.

Að sönnu er það vitnisburður um merkilega víðsýni að Vestur-Íslendingar skyldu tengja eignarhald á þeim hlut, sem þeir lögðu til stofnunar Eimskipafélagsins á sinni tíð, við æðstu menntastofnun landsins. Jafn ánægjulegt er að sjá hvernig stjórnendur félagsins láta það pund ávaxtast í dag í þágu Háskólans bæði að því er varðar framkvæmdir og rannsóknir.

Langsamlega stærsta og mikilvægasta verkefni samtímans er að efla menntun og rannsóknir í landinu. Á Háskólatorgið má líta sem vísi að nýrri sókn á því sviði. Eigi hún að skila árangri þarf miklu markvissari og víðtækari tengsl atvinnulífs og skóla en nú eru fyrir hendi. Þetta þarf að gerast á öllum stigum skólastarfsins.

Verkefnin sem við blasa í menntamálum og rannsóknum eru stærri en svo að skattborgararnir ráði við þau. Fyrir þá sök er aðkoma atvinnulífsins mikilvæg. En hún mun einnig glæða fjölbreytni bæði í skólastarfi og rannsóknum. Það er keppikefli í heimi fjölbreytilegra tækifæra.

Menntamálaráðherra hefur nú lagt fram fjögur lagafrumvörp um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þau fela í sér margvíslegar og að sumu leyti róttækar breytingar og horfa til framfara. Sveigjanlegra skipulag, minni miðstýring, aukið vægi verkmenntunar og skýrari ákvæði um skyldur og ábyrgð foreldra eru til marks um það.

Ótvíræður kostur er að geta á sama tíma lagt niður lagaumgjörð um öll þessi þrjú stig skólastarfsins. Menntamálaráðherra hefur einnig fylgt þessum frumvörpum eftir með skýrum loforðum um verulega hækkun á launum kennara á öllum skólastigunum. Það var óvænt og óvenjulegt en um leið ánægjulegt frumkvæði. Því má segja að þjóðin öll standi á nýju menntatorgi í dag.

Á sama tíma birtast svokallaðar PISA-niðurstöður frá OECD um árangur skólastarfs í náttúruvísindum. Þó að grunnskólakerfið sé dýrara hér en hjá öðrum þjóðum sem samanburðurinn nær til er árangurinn enn fyrir neðan meðaltal. Þetta er ekki aðeins óviðunandi heldur óverjandi. Hér hefur augljóslega eitthvað brugðist.

Menntamálaráðherra sem eftir eðli máls situr uppi með ábyrgðina á rétt á skýrum svörum frá skólastjórnendum og kennurum hverju þetta sætir. Til lengri tíma verða lífskjör og menntun ekki í sundur skilin. Þetta er þar af leiðandi fullveldismál. Ekkert viðfangsefni er brýnna eða stærra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Erfitt dæmi

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er skiljanlega ekki ánægð með niðurstöður PISA-rannsóknarinnar en samkvæmt þeim eru íslenskir unglingar í 27. sæti þegar könnuð var þekking í raunvísindum í 57 löndum. Segist hún ekki ánægð með þessa stöðu sérstaklega í ljósi þess að grunnskólakerfið er það dýrasta sem rekið er innan OECD. Eins og Fréttablaðið hefur einnig greint frá er í nokkrum skólum mikill skortur á kennurum. Hvernig er þetta hægt? Þarf kannski að athuga aðeins raunvísindaþekkingu þeirra sem að grunnskólakerfinu standa?



### Traustast

Ríkisútvarpið birti í gær dagblaðaauglýsingu um niðurstöður könnunar Capacent Gallup, þar sem spurt var um trúverðugleika frétta í helstu miðlum landsins. RÚV getur vel við unað. Sjónvarpið er í efsta sæti með 91,7 prósent, Rás eitt og Rás tvö fylgja fast á hæla þess og RUV.is er ekki langt undan í fimmta sæti. Skoðanakannanir eru oft æði forvitnilegar. Þessi könnun leiðir til dæmis í ljós að fréttir á Rás tvö njóta örlítið minna trausts en fréttir á Rás eitt. Þó er það sama fréttastofan sem flytur sömu fréttirnar á samtengdum rásum Rásar eitt og tvö.



### Gengisfall

Fimm prósentustigum neðar en Rás tvö í könnuninni má finna RUV.is - vefsvæði RÚV sem hýsir allar fréttir Sjónvarpsins og útvarps. Enn neðar er Textavarpið, sem nýtur ekki trausts nema 63,2 prósenta – tuttugu prósentustigum minna en RUV.is. Það er sérstakt í ljósi þess að á Textavarpinu birtast fréttir frá öllum hinum miðlum RÚV sem fólk virðist treysta svo vel. Það virðist því vera sem svo að fréttir RÚV gengisfalli í hugum þeirra sem svöruðu könnuninni í hvert sinn sem þær birtast í nýjum miðli í Efstaleitinu.

**jse@frettabladid.is**
**bergsteinn@frettabladid.is**

## Er komið nóg?



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG** | Jafnréttismál

Enn fer fjarri því að staða kynjanna sé jöfn á Íslandi. Konur eru þriðjungur ráðherra og alþingismanna og hefur það hlutfall lítið breyst undanfarin ár. Hlutfall kvenna í opinberum nefndum og ráðum er svipað. Innan viðskiptalífsins er þó staða kvenna ennþá verri og versnar eftir því sem fyrirtækin verða stærri. Hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum er tæplega 20 prósent, en í stjórnum stærstu fyrirtækja landsins er hlutfallið mun lægra eða rúmlega tíu prósent. Innan við fimm prósent stjórnarformanna í stórfyrirtækjum eru konur og hægt er að telja konur í forstjórastöðum stórfyrirtækja á fingrum annarrar handar. Á undanförnum áratug hefur þar að auki orðið umtalsverð tilfærsla á völdum frá kjörnum fulltrúum til peningavaldsins og eykur það mismunun karla og kvenna í íslensku samfélagi. Peningar eru vald og á Íslandi er það vald hjá körlum. Heildaratvinnutekjur kvenna eru rúmlega 60 prósent af tekjum karla. Þannig er Ísland í dag.

Þessi staða kemur ekki til vegna þess að konur nenni ekki að vinna. Þátttaka þeirra á vinnumarkaði er nánast jafn mikil og þátttaka karlanna. Meðalvinnutími karla er lengri en sá munur fer þó ört minnkandi. Þar að auki eru konur að jafnaði betur menntaðar en karlar; þær eru nú rúmlega 60 prósent háskólanema. Í sumum geirum atvinnulífsins hefur hlutfall kvenna meðal starfsmanna lengi verið hátt. Má þar sérstaklega nefna bankana. En þótt margar konur séu duglegir bankamenn er þeim ekki hleypt í æðstu stjórnunarstöður í bönkunum nema í undantekningartilvikum.

Fjölmiðlar endurspegla þennan veruleika en þeir móta hann líka. Fjölmiðlar hafa nefnilega vald til að breyta og hafa áhrif. Þess vegna er það ekki ásættanlegt að hlutfall kvenna í umræðuþáttum Ríkisútvarpsins sé lægra heldur en á Alþingi eða í ríkisstjórn. Það ætti auðvitað að vera jafnt því að ef konur fá að tjá sig jafn mikið og karlar hljóta líkurnar að aukast á því að þeim verði treyst fyrir sömu völdum og körlum.

### Misréttið lagast ekki af sjálfu sér

Engum getur dulist að staða kvenna gagnvart körlum hefur farið batnandi undanfarna áratugi. Sú þróun gengur þó furðu skrykkjótt. Aukin þátttaka kvenna á vinnumarkaði og sífellt fleiri vinnustundir leiða þannig ekki sjálfkrafa til þess að konur komist í stjórnunarstöður eða fái sömu laun og karlar. Vinnuframlag kvenna er ennþá vanmetið og mest á þeim sviðum þar sem uppgangurinn er mestur, hjá stórfyrirtækjunum sem standa í „útrásinni“. Innan ríkis og sveitarfélaga má sjá viðleitni til að jafna aðstöðumuninn en innan viðskiptalífsins eru tregðulögmálin öflugri.

Á meðan þetta ástand er viðvarandi er ekki að undra þótt margir vilji knýja á um breytingar. Það er heldur ekki skrítið að konur taki sig saman og berjist fyrir breyttu samfélagi. Um þetta snýst jafnréttispólitík. Um þetta snýst femínisminn. Það er heldur ekki skrítið að sókn kvenna eftir jafnri stöðu skelfi suma karlmenn sem sjá fram á að komast ekki jafn auðveldlega í stjórnunarstöður í krafti þess innbyggða karlakvóta sem núna er í kerfinu. En andstaða við femínisma snýst ekki um neitt annað en þetta – íhaldssemi og ótta við samfélagsbreytingar.

### Um öfgar femínista

Um þessar mundir virðast allar tillögur femínista sem miða í átt að breyttu samfélagi vera nánast sjálfkrafa stimplaðar sem öfgar af vissum hluta landsmanna. En í hverju felast öfgarnar? Ekki er það út af baráttuaðferðum femínista því að varla er hægt að finna pólitíska hreyfingu sem er prúðari í aðferðum sínum en femínismann. Femínistar berjast fyrst og fremst með rökum og stílvopnum, ekki með yfirgangi eða baktjaldamakki.

Baráttuaðferðir femínista geta ekki með neinu móti talist öfgafullar en í hverju felast þá öfgarnar? Er það kannski sjálfur boðskapurinn um jafnrétti kynjanna sem þykir öfgafullur? Er hægt að aðhyllast of mikið jafnrétti? Ég segi nei við því. Jafnrétti getur aldrei orðið of mikið nema í þeim skilningi að fleiri græða á misréttinu. Það mætti alveg eins halda því fram að mannréttindi geti orðið of mikil. Jafnrétti hlýtur að teljast réttlátt markmið og þar af leiðandi er rétt að fara allar þær leiðir sem geta leitt til þess markmiðs. Femínisminn er ekki á villigötum heldur þeir sem eru á móti honum.

## Jafnrétti og fjölbreytni

**UMRÆÐAN**

Háskólanám



**AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR**



**FINNUR DELLSÉN**

Á hátíðisdögum keppast ráðamenn þjóðarinnar við að dásama menntun. Í fjölda ára hafa stúdentar notað daginn í dag, fullveldisdaginn, til að minna á réttindabaráttu sína. Því miður geta stúdentar ekki bara fagnað því sem vel er gert í háskólum hérlendis, því þótt meira fjármagn hafi runnið til háskólanna á undanförnum árum fer það því miður ekki þangað sem þörfin er mest.

Hér á landi er jafnrétti til náms eins og hver önnur goðsögn. Sumir geta nefnilega borgað fyrir dýrara nám með skólagjöldum, aðrir gera það með ríkisstyrktum lánum en stærsti hópurinn getur ekki eða treystir sér ekki til að borga hundruð þúsunda fyrir það að fá að mæta í tíma. En jafnvel í opinberum háskólum eru skólagjöldin – sem eru reyndar kölluð „skráningargjöld“ – tugir þúsunda króna. Og fyrir þeim skólagjöldum fá stúdentar engin lán.

Við þetta bætist að lánsupphæðirnar frá Lánasjóðnum eru ekki í neinu sambandi við veruleikann sem stúdentar lifa í. Framfærslugrunnur sjóðsins gerir ráð fyrir að námsmaður eyði 42 þúsund krónum á mánuði í húsnæði, hita og rafmagn. Ef stjórnvöldum finnst það raunhæft ættu þau kannski líka að benda námsmönnum á þá leigusala sem bjóða upp á slík kostakjör, því algeng leiga fyrir einstæðan námsmann er meira en tvöfalt hærri.

Það er gömul klisja að einkareknir skólar auki fjölbreytnina í skólakerfinu. Hér á landi hefur fjölgun einkaskóla fyrst og fremst þýtt að það er hægt að læra viðskiptafræði og lögfræði á fleiri en einum stað. Það er í sjálfu sér gott og blessað, en mikilvægara er að hlúa að þeim fögum sem eru nánast í útrýmingarhættu vegna fjársveltis. Það eru einmitt fögin sem ekki eru kennd í einkareknum skólum – fög eins og táknmálsfræði, matvælafræði og kynjafræði. Háskólamenntun er nefnilega eitthvað annað og meira en bara starfsnám.

*Auður Lilja er formaður og Finnur situr í stjórn Ungra vinstri grænna.*

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

# HÖFUM OPNAÐ STÆRRI OG GLÆSILEGRI VERSLUN AÐ SÍÐUMÚLA 30, 2. HÆÐ



KAKAN TUNGUSÓFI model: 625
Leður: Svart, hvítt: **249.800**
Leður: brúnt, rautt: **279.800**
Kollur: **39.900**
315x220 sm.



KAKAN TUNGUSÓFI model: 839
Leður: Svart og hvítt.
Verð **239.800**
305x138x89 sm. / Kollur 92x66x40 sm.



EICHHOLTZ BORÐLAMPI
Silfur og gler,
hæð m. skermi 73 sm.
Verð **34.800**



EICHHOLTZ KRÚS
Silfur og gler,
hæð 31 sm. br. 27 sm.
Verð **22.500**



KAKAN TUNGUSÓFI model: 598
Leður: Svart og hvítt.
Verð **229.800**
270x220x95 sm.



EICHHOLTZ KARÖFLUR
Silfur og gler.
Verð **6.900 stk.**



EICHHOLTZ LUKT
Silfur, h:52 sm. b: 18.5 sm.
Verð **15.900**

EICHHOLTZ LUKT
Silfur, h:100 sm. b: 22.5 sm.
Verð **26.800**



Kakan tungusófi / model: 670
Leður: Svart og hvítt.
Verð **249.800**
300x195 sm.

**OPIÐ ALLA SUNNUDAGA TIL JÓLA KL. 13-16.**

HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR HÚSGAGNAVERSLUN

Heimahúsið1207

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 • www.heimahusgogn.is • heima@heimahusgogn.is
**OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16 SUNNUDAGA (til jóla) 13-16**

# Eru skólarnir síðasta vígi kirkjunnar?

**UMRÆÐAN**
Trúmál

Það er vel að menntamálayfirvöld setja trú og skólastarf loksins á dagskrá. Eins og bent hefur verið á undanfarna daga er íslenskt samfélag að taka breytingum og því tímabært að bregðast við.

Biskup fór mikinn í fréttum RÚV á fimmtudaginn og sparaði ekki stóru orðin, ekki frekar en þegar kirkjunnar menn verja rétt sinn til þess að stýra trúaruppeldi barna þessa lands. Biskup talaði um að kirkjan væri undir harðri atlögu, gaf í skyn að reynt væri að þurrka kristnina út og að fámennur þrýstihópur væri einfaldlega að reyna að gera trúna brottræka með öllu úr skólum landsins. Gekk hann svo langt að hvetja kristna foreldra til að bíta í skjaldarrendur og láta í sér heyra.


GUÐMUNDUR INGI MARKÚSSON

Undirrituðum finnst þessi málflutningur meira en lítið skrítinn. Æðsti maður kirkjunnar talar eins og kirkja og kristni séu ekki til utan skólakerfisins – ef kristin fræði, heimsóknir presta í skóla og kirkjuferðir skólabarna yrðu aflögð leggist kristni einfaldlega af.

Biskup og aðrir sem tala máli kirkjunnar virðast gleyma að öflugt æskulýðsstarf fer fram í kirkjum landsins. Ekki þarf að leggja á sig miklar svaðilfarir innan bæjarmarka kauptúna landsins áður en maður rekst á kirkjubyggingu þar sem er starfræktur sunnudagaskóli, haldnar barnamessur, poppmessur, biblíumaraþon, og svo mætti lengi telja. Einnig mætti nefna Ríkisútvarpið þar sem kristileg dagskrárgerð er þó nokkur.

Staðreyndin er sú að kirkjan þarf ekki á skólunum að halda til þess að hafa áhrif á trúaruppeldi í landsmanna. Kristin fræði ættu að vera á framfæri kirkjunnar sjálfrar í tengslum við sunnudagaskóla og annað æskulýðsstarf. Það á ekki að vera hlutverk opinberra fræðslustofnana að annast trúaruppeldi að foreldrum forspurðum. Og gildir einu að meirihluti barna sé í þjóðkirkjunni og að flestir foreldrar séu málinu hlynntir. Skólinn tilheyrir öllum börnum, líka þeim sem eiga foreldra sem aðhyllast aðrar lífsskoðanir en kristni. Það er okkur ekki samboðið að bjóða aðstandendum sem tilheyra minnihlutahópum að taka börn sín út úr hópnum. Ekki er börnunum gerður greiði með því. Ef vilji meirihlutans er svona skýr er einsýnt að aðsókn í sunnudagaskóla myndi stóraukast væru kristin fræði færð í umsjá kirkjunnar sjálfrar.

Ég hvet kirkjunnar fólk til að horfast í augu við styrk eigin stofnunar og þá góðu aðstöðu sem kristin trú og kirkja býr við hér á landi, svo ekki sé talað um forréttindi. Grunnurinn að öflugri kristninni fræðslu utan skólans hefur þegar verið lagður, af ykkur sjálfum. Hvernig væri að horfa í eigin barm, rétta út sáttarhönd, hætta að tala niður til þeirra sem hafa aðrar lífsskoðanir og leysa „kristinfræðivandann" í eitt skipti fyrir öll. Horfið í kringum ykkur! Lausnin liggur ljós fyrir í kirkjum landsins.

*Höfundur er trúarbragðafræðingur.*


Gönguferðir 2008



**GRAND CANYON** *Afar spennandi ferð.*
15.-25. mars: Uppselt / 19.-30. apríl: Laust pláss

**KRÓATÍA** *Ca. 3.-10. júní*
Unnið í samstarfi við Zoran göngufararstjóra. Topp ferð.

**SVARTFJALLALAND** *13.-20. júní og 20.-27. júní*
„Paradís" sem lítt hefur verið könnuð af íslenskum göngugörpum.

**HJARTA DÓLÓMÍTANNA** *22.-29. júní og 7.-14. sept.*
Falleg gönguleið og fín ferð.

***Einnig skipuleggjum við sérferðir fyrir gönguhópa, á tíma sem þeim hentar til annarra staða. Dæmi:***
**BÚLGARÍA – SLÓVENÍA – PYRENEAFJÖLLIN - KILIMANJARO**

***Bókið sem fyrst til að tryggja gæða gönguferð á góðu verði!***

it ferðir
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Sími 588 9900 • ganga@itferdir.is
www.itferdir.is


# Kerlingavæl

**UMRÆÐAN**
Jafnréttismál og dagskrárgerð

Það var skelfilega raunalegt að horfa á Kastljós Sjónvarpsins í vikunni. Þar sakfelldi Drífa Snædal þáttastjórnandann Egil Helgason fyrir að gefa konum ekki nægileg tækifæri í þætti sínum Silfri Egils.

Þetta er þreyttur málflutningur. Þetta er grátkór. Boðskapurinn byggir á misskilningi, tommustokksaðferðinni svokölluðu, sem fundin var upp í Háskóla Íslands fyrir margt löngu. Hún felst í því að mæla hlutfall karla og kvenna í þáttum og fréttum og reikna út frá því óréttlæti heimsins.


ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSSON

Þetta vita þeir sem vinna við frétta- og dagskrárgerð, á blöðum, útvarpi og sjónvarpi, að er ekki raunin. Efnið ræður. Efnistökin ráðast af fagmennsku, virðingu fyrir að aðilar málsins fái að tjá sig, konur og karlar. Á þeim stasjónum sem ég hef unnið á hefur þess verið vandlega gætt að jafnræði ríki í vali á viðmælendum, enda sjálfsagt mál. Ég hef hins vegar fundið fyrir því að vera karlmaður í þessu fagi. Hér er eitt dæmi: Svandís Svavarsdóttir notaði lokaorð sín í kappræðum um borgarmálin í síðustu kosningum á Hótel Borg, til að gagnrýna fréttastjórann Sigmund Erni fyrir að velja bara karlmenn til að stjórna umræðunum. Hann svaraði því til að hann hefði valið sitt besta fólk til verksins, mig og Egil Helgason. Það var ekki tekið gilt, og inni á stasjóninni braust út megn óánægja með að engin kona skyldi hafa verið í hópnum. Það gilti einu sem sagt einu hvort efnið var gott og vel unnið, það vantaði bara konu.

Nú veit ég ekki af hverju í ósköpunum Egill Helgason er tekinn fyrir sérstaklega í þessari umræðu rétt eina ferðina. Ég gat ekki heyrt að Drífa hlustaði á nein rök í umræðunni í Kastljósinu; að það væri fullt af konum reglulega á mælendaskrá í Silfrinu, að fleiri karlmenn væru í stjórnkerfinu og stór hluti jólabókahöfunda væru karlmenn. Mér sýnist að þessi kvennahópur hafi horfið aftur til fortíðar, sé fastur í hugmyndum og kreddum sem ég man eftir á áttunda áratug síðustu aldar. Kjarnann í kvennabaráttunni og hugmyndir um jafnan rétt karla og kvenna á öllum sviðum, kann þjóðin betur en trúarjátninguna. Sem betur fer. Í þessu einsog öðru í heiminum gengur einfaldlega misvel að láta allt heila klabbið ganga upp. Ég þekki þetta vel sjálfur, er sonur einstæðrar móður og sem fékk ekki sömu laun fyrir sömu vinnu og karlmennirnir sem hún vann með. Það var óréttlæti. Það segir hins vegar ekkert um réttlæti eða jafnrétti, þótt barómetið sýni að færri konur en karlar hafi komið fram í spjallþætti. Á að fá Kvennakórinn einu sinni í mánuði til að jafna hlutföllin?

Þetta er undarleg krossferð, boðskapurinn gamaldags, svolítið einsog útvarpstöð sem hefur villst af FM-tíðninni og lent á gömlu langbylgjunni, eða jafnvel tilbrigði við bændaferðina sem var farinn til að mótmæla símanum. Mér finnst Drífa og fleiri gera lítið úr því fagfólki sem vinnur við fjölmiðla, konum og körlum, með því að gefa sér, út frá talnaleik, að karlleg viðhorf eða viðmið ráði ferðinni.

Þetta á ekkert skylt við jafnréttisbaráttu. Þetta er bara klár vitleysa. Kerlingavæl.

*Höfundur er dagskrárgerðarmaður.*


GLÆNÝ OG ÆSIPENNANDI BÓK
UM KURT WALLANDER
EFTIR HENNING MANKELL

„Wallander er ein áhrifamesta og trúverðugasta persónan í glæpasögum samtímans."
*The Times*

„Eldveggur er áttunda málsrannsóknin og sú skemmtilegasta hingað til."
*The Guardian*




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


# Yfirlýsing frá Eðalvörum

**UMRÆÐAN**
Neytendamál

Vegna kæru Neytendasamtakanna á vörusvikum varðandi sölu á rauðu ginsengi vilja Eðalvörur taka eftirfarandi fram: Eðalvörur hafa í yfir 20 ár haft með höndum innflutning og sölu á rauðu eðal-ginsengi frá Kóreu og verða því að teljast meðal brautryðjenda á þessu sviði. Allan þennan tíma hefur varan notið einstakrar velvildar tryggra neytenda og vilja Eðalvörur nota þetta tækifæri til að þakka það. En ósvikið rautt ginseng í hæsta gæðaflokki er dýrt og því má, því miður, alltaf búast við því að óprúttnir aðilar reyni að næla sér í skjótfenginn gróða með svikinni vöru. Upphaf þessa máls má rekja til þess að gamalgróin heildsala lét hanna umbúðir með rautt eðal-ginseng sem fyrirmynd og afritaði nánast innihaldslýsingu vörunnar þótt vara sú sem hún hugðist selja væri annars eðlis, þ.e. hvítt ginseng í hylkjum.

Þetta endaði 27. mars sl. með því að fyrirtækinu var bannað af Neytendastofu að líkja eftir umbúðum rauðs eðal-ginsengs, sjá: http://www.neytendastofa.is.

Þar sem úrskurðinum var ekki áfrýjað breytti heildsalan umbúðunum en hélt áfram með innihaldslýsingu sem að mestu var fengin að láni af umbúðum rauðs eðal-ginsengs. Ekkert eftirlit er með innihaldi fæðubótarefna á Íslandi að öðru leyti en því að lesa á umbúðir og treysta á heiðarleik framleiðenda og innflytjenda enda yrði annað óviðráðanlegt fjárhagslega. Eðalvörur fagna lofsverðu frumkvæði Neytendasamtakanna, http://www.ns.is/ .Ljóst er að frjáls félagasamtök hafa ekki bolmagn til að halda uppi virku eftirliti en í svona aðgerð felst fælingarmáttur sem ekki var til staðar. Eðalvörur vilja að lokum hvetja fyrirtæki og neytendur til að efla Neytendasamtökin til að þau geti staðið vörð um heilbrigða viðskiptahætti.

*Fyrir hönd Eðalvara ehf.*
*Sigurður Þórðarson*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



## ÚRVAL AF ÚTIFÍGÚRUM

Vnr. 88904205
**Jólasveinn**
Útifígúra, jólasveinn á hjólabretti, 67x71 cm.

**3.490**



Vnr. 88901108-9
**Gluggaskraut 690**
Snjókarl, 35 ljósa með glærum eða marglitum perum.



Vnr. 88901110-1
**Gluggaskraut 690**
Stjarna, 35 ljósa með glærum eða marglitum perum.

# JÓLIN ERU Í BYKO



## BYKO Breidd er opin um helgina

Laugardaga frá kl. 10-19
Sunnudaga frá kl. 11-19





**5.990**
Verð áður: 8.990

Vnr. 41100146
**Matar- & kaffistell**
Matar- og kaffistell með gylltu og bláu skrautmynstri, 6 manna, 39 stk.



## ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF SERÍUM Á FRÁBÆRU VERÐI



Vnr. 88949621-96
**Innisería** Verð frá **290**
Innisería, 20/35/50 eða 100 ljósa, glærar, rauðar, hvítar eða marglitar perur.

Vnr. 88900722-67
**Útisería**
Útisería, 40/60/80 eða 120 ljósa, marglitar, blá, græn eða rauð.

Verð frá **790**



Vnr. 88949245-58
**Net útisería** Verð frá **2.490**
Net útisería, 100/150/200 eða 360 ljósa, glærar eða marglitar.



Vnr. 51880208-11
**Aðventuljós**
Aðventuljós, þrír mismunandi litir. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri, Selfossi og Hringbraut.
**3.990**

**150.000** inneign í Nóatúni
NÓATÚN

## Taktu þátt í jólaleik BYKO

**Allir sem versla í BYKO geta tekið þátt í jólaleik BYKO með því að fylla út þátttökuseðil.**

**Dregið verður 19. desember.**

**1-3 vinningur:**
150.000 kr. matarinneign hjá Nóatúni
**4-10 vinningur:**
Gjafabréf frá BYKO að verðmæti 10.000 kr.

## Jólastemming um helgina

**Uppákomur í dag:**
Vöfflur frá kl. 13-15 í BYKO Breidd.
Álafosskórinn syngur kl.14:30 í Kauptúni.
Skólahljómsveit Kópavogs spilar kl. 14:30 í BYKO Breidd.
**Uppákomur á sunnudaginn:**
Vöfflur frá kl. 13:15 í BYKO Breidd.



**17.990**
BOSCH
Vnr. 65744655
**Hrærivél**
BOSCH hræri- og matvinnsluvél með 3 blöðum, hakkavél, blandara og fylgihlutum. Mjög hljóðlát, 500W.

TILVALIN JÓLAGJÖF



**7.990**
BOSCH
Vnr. 65742820
**Ryksuga**
BOSCH ryksuga, rauð, 1800W.

BYKO

# Heila-leikfimi 800 krónur







**Lífið er púsluspil**
Það er líkami okkar einnig, samansettur úr ótal forvitnilegum einingum. Nú geturðu komist að því hvernig eyrað, augað, heilinn og hjartað eru sett saman. Ef þú tekur þessi 12 cm háu þrívíddarpúsluspil og raðar þeim rétt saman veistu næstum því eins mikið um líkama þinn og læknirinn ... 800 krónur fyrir hvern líkamshluta.

**TIGER**
Villidýr í verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is


TINNA LAUFEY ÁSGEIRSDÓTTIR

# Fékk náðargen í vöggugjöf

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, doktor í heilsuhagfræði, hefur verið atorkusöm frá unga aldri og engin verkefni vaxið henni í augum að sögn aðstandenda. Það mátti sjá í vikunni þegar hún hélt fyrirlestur í Norræna húsinu og kynnti fyrir fullu húsi bókina Holdafar – hagfræðileg greining. Í kjölfarið þeystist hún á milli fjölmiðla og sagði frá niðurstöðum rannsókna sinna. Lýðheilsustöð gaf verkið út og fjallar bókin um alvarlegt og stigvaxandi vandamál ofþyngdar hjá þorra Vesturlandabúa.

Vinkonur Tinnu segja hana sjálfa hugsa vel um heilsuna þrátt fyrir að vera í krefjandi starfi og á þönum allan daginn. Hún er mikil áhugamanneskja um hreyfingu. Á sínum yngri árum spriklaði hún eitthvað í fótbolta og stundaði líkamsrækt. Þegar hún fór svo til Bandaríkjanna í frekara nám æfði hún þríþraut; hljóp, hjólaði og synti. Meðfram hagfræðináminu nam hún íþróttafræði og leiðbeindi fólki við æfingar. Hún hefur hæfileika til að vasast í mörgu og missir ekki sjónar á markmiðum þrátt fyrir að halda mörgum boltum á lofti í einu.

Tinna Laufey hefur farið fyrir MS-námi í heilsuhagfræði við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands undanfarin misseri auk þess að starfa við Hagfræðistofnun HÍ. Samstarfsmenn segja hana frumkvöðul á þessu fræðasviði hér á Íslandi. Það hafi verið mikill fengur að fá hana heim frá Bandaríkjunum þar sem hún lærði og starfaði. Hún sé að byggja upp eina af undirgreinum hagfræðinnar, heilsuhagfræði. Fagið sé vaxandi alls staðar í heiminum.

Það er afskaplega gaman að vinna með henni að sögn kunnugra. Tinna Laufey er sögð hugmyndarík, samviskusöm og drífandi. Hún lærði sögu til BA-prófs í HÍ og lauk doktorsprófi í heilsuhagfræði frá University of Miami í Bandaríkjunum í byrjun árs 2006. Grunnur hennar er því ólíkur margra annarra hagfræðinga sem er kostur. Greiningarhæfni hennar er sögð afburðagóð sem birtist í störfum hennar á sviði hagfræðinnar.

„Þrátt fyrir annríki er hún mikil fjölskyldumanneskja,“ segir viðmælandi Fréttablaðsins. Sex ára missti hún móður sína og var alin upp af móðurömmu sinni og afa á Einimelnum í Vesturbæ Reykjavíkur. Skyldmenni Tinnu Laufeyjar segja hana með afbrigðum geðgóða. Hún hafi tekist á við erfiða tíma í æsku af æðruleysi. „Hún fékk eitthvert náðargen í vöggugjöf,“ sagði einn viðmælandi blaðsins. Þessi góða lund gerði það að verkum að hún var afar jákvæð og bjartsýn í öllum verkefnum sem hún stóð frammi fyrir. Það átti við í persónulegum verkefnum sem og í námi. Hún hafði ekki mikið fyrir skólanum, var góður nemandi enda sögð eldklár.

Þetta hefur mótað Tinnu Laufeyju og er hún mikil fjölskyldumanneskja þrátt fyrir annríki. Fimm ára sonur hennar, Pétur Bjarni, á hug hennar og hjarta. Saman eiga þau það til að stökkva af stað og ganga á Úlfarsfell á góðviðrisdögum, hjóla á göngustígnum við Ægisíðu eða fara í sund. Það er alltaf eitthvað í gangi.

Tinna Laufey reynist líka fjölskyldu sinni og vinum vel. Hún er í góðum tengslum við vini sína, sögð hafa þægilega nærveru og fyrst á vettvang ef eitthvað bjátar á. Þótt hún hafi gaman af því að fara út þá drekkur hún sama og ekki neitt enda vill hún nýta tímann vel. Hún er kannski helst lélegur félagsskapur á kvöldin þegar vinirnir ætla að horfa á góða mynd saman. Þá á hún það til að sofna enda orkan oft fullnýtt yfir daginn.

Þegar alltaf er verið að greina aðalatriðin þá á Tinna Laufey það til að vera utan við sig þegar kemur að daglegum hlutum. Hún á til dæmis erfitt með að muna hvar hún setti lyklakippuna frá sér, sem týnist oft. Aðferðir til að koma í veg fyrir þetta duga stundum skammt. Þá hefur hún líka týnt símum og stígvélum. En henni fyrirgefst þetta allt enda hefur hún góðan húmor fyrir sjálfri sér.

Þá á Tinna Laufey það til að vera ómannglögg enda hittir hún fjölda fólks á hverjum degi í störfum sínum. Það hafa því komið upp vandræðalegar stundir þegar hún áttar sig ekki á hverjir viðmælendur hennar eru þótt þeir séu jafnvel þekktustu hagfræðingar landsins.

Að þessu geta allir í kringum Tinnu Laufeyju hlegið enda lítill galli miðað við þá kosti sem hún hefur að bera. Það er fátt sem er henni ofviða og það er samdóma álit allra sem Fréttablaðið ræddi við.



TINNA LAUFEY ÁSGEIRSDÓTTIR

### ÆVIÁGRIP

Tinna Laufey er fædd í Vesturbæ Reykjavíkur árið 1975. Hún ólst upp á Einimelnum hjá afa sínum og ömmu, þeim Bjarna Kr. Bjarnasyni hæstaréttardómara og Ólöfu Pálsdóttur læknaritara, eftir að móðir hennar, Birna Bjarnadóttir, lést þegar Tinna var 6 ára. Tinna er dóttir Ásgeirs Haraldssonar, yfirlæknis á Barnaspítala Hringsins, og á hún tvö hálfsystkini. Sjálf á hún fimm ára gamlan son, Pétur Bjarna, sem er á Hagaborg. Hún er mikill Vesturbæingur og var á Hagaborg eins og sonurinn, gekk í Melaskóla og Hagaskóla. Árið 1998 útskrifaðist hún í sagnfræði frá Háskóla Íslands, mastersgráðuna fékk hún 2002 og varð doktor í heilsuhagfræði í byrjun árs 2006 frá University of Miami. Hún hefur einnig próf í líkamsrækt sem hún stundaði úti í Bandaríkjunum og náði sjálf góðum árangri í þríþraut – hlaupi, sundi og hjólreiðum.

### HELSTU KOSTIR

Tinna Laufey er einstaklega dugleg og á auðvelt með að hafa mörg járn í eldinum. Hún hefur gott skap og lítur lífið björtum augum. Fá verkefni eru henni ofviða og það er þægilegt að vinna með henni.

### HELSTU ÓKOSTIR

Þrátt fyrir góðan hæfileika til að greina aðalatriðin vilja hversdagslegir hlutir týnast í förum hennar. Hún á erfitt með að muna hvar hún lagði lyklana frá sér og hefur reynt að þróa aðferðir til að tapa þeim ekki. Stundum er hún ómannglögg sem getur komið henni í óheppilegar aðstæður.


**Auglýsingasími**
512 50 50




– Mest lesið

# ego dekor

## Sófar frá HOMEFEELING



**Pink Dream tungusófi**
Stærð: 360X150XTungubr.:152
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 198.000,-



**Austria tungusófi**
Stærð: 333X200XTungubr.:112
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 188.000,-



**Move tungusófi og skemill**
Stærð: 315X172XTungubr: Skemill: 115X70
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 218.000,-

## Ný sending af eikarhúsgögnum



**Zen leðurstóll**
Einnig fáanlegur í brúnu og hvítu leðri
Verð: 16.500,-

**Stækkanlegt borðstofuborð**
160(248)x100
Verð: 89.000,-



**Sófaborð**
Fáanlegt í þremur stærðum
65x65
120x65
90x90
Verð frá: 25.000,-



**Romeo leðurtungusófi**
Einnig fáanlegur í dökkbrúnu leðri
Stærð: 320x165
Verð: 235.000,-



**Madrid leðurtungusófi**
Stærð: 305x220
Verð: 249.000,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is



KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

# Þroskaheft tröll

Í **Dagbók Þráins Bertelssonar** er sagt frá skelfilegu símtali og farsælum endi. Einnig er fjallað um þroskaheft tröll, ferð til Ísafjarðar, flugveður, myrkar gangbrautir, menntaveginn, hættulegan bókmenntaáhuga, sviðakjamma og hálan veg milli Egilsstaða og Skriðuklausturs.



## Skelfing og lukka

**FÖSTUDAGUR, 23. NÓVEMBER.**

Í morgun fengum við símtalið sem allir óttast. Andri litli varð fyrir bíl á leið í skólann í morgun og var kominn á slysavarðstofuna.

Til allrar hamingju var hann lítið meiddur. Bíllinn hlýtur að hafa verið á lítilli ferð. Drengurinn var að fara yfir götu á vandlega merktri gangbraut. Í rigningarsudda og skammdegismyrkri eiga ökumenn erfitt með að koma auga á gangandi vegfarendur, ekki síst þá sem eru fremur lágir í loftinu.

## Bókamælingar í vatnavöxtum

**LAUGARDAGUR, 24. NÓVEMBER.**

Ég er staddur á Hótel Ísafirði. Mér var boðið að koma hingað til að lesa upp úr bókinni minni í gömlu og fallegu húsi sem heitir Edinborg og Ísfirðingar hafa haft skynsemi og menningu til að gera upp í staðinn fyrir að slíta það upp með rótum, drepa það og endurbyggja síðan á öðrum stað eins og tíðkaðist í Reykjavík meðan óvitar fengu að ráða.

Þarna lásu líka Jón Kalman Stefánsson, Ólína Þorvarðardóttir, Einar Kárason og Vigdís Grímsdóttir og svo flutti bókmenntavölva þjóðarinnar, Kolbrún Bergþórsdóttir, inngangserindi um jólabókaflóðið. Ef einhver kann inn á þær vatnamælingar er það hún.



## Flugveður

**SUNNUDAGUR, 25. NÓVEMBER.**

Það var soldið snautlegt að verða ekki veðurtepptur á Ísafirði þannig að ég gat lítið skoðað mig um í þessum bæ þar sem Ólína amma mín og Sigurgeir afi minn bjuggu með barnahópinn sinn um þarsíðustu aldamót.

Það var sem sagt skínandi flugveður og notalegt að koma heim. Andri er stálsleginn og ætlar að halda áfram að ganga menntaveginn sem er vonandi betur upplýstur en gangbrautir í Reykjavík. Á þeim vegi eru altént engir bílar.

## Heimska eða dónaskapur

**MÁNUDAGUR, 26. NÓVEMBER.**

Alveg er Melabúðin sérstakt rarítet. Ekki veit ég hver á hana en það er algjört kraftaverk hvernig tekist hefur að koma fyrir svona fjölbreyttri og góðri matvöru í verslun sem er á stærð við þokkalega íbúð. Það er gaman að versla þarna því að fólkið í búðinni kann sitt fag og getur leiðbeint manni. Öll stærri innkaup geri ég í Bónus eða Krónunni til að reyna að spara peninga. Í Melabúðinni versla ég hins vegar mér til skemmtunar.

Í gærkvöldi varð ég þess áskynja að erlent tölvufyrirtæki sem ég keypti eitt sinn vírusvarnaforrit af á netinu hafði í heimildarleysi farið inn á kreditkortið mitt og framlengt einhverja áskrift – sem ég hef ekki nokkurn áhuga á að framlengja.

Ég skrifaði þessu erlenda fyrirtæki nokkur mergjuð bréf en fékk þau jafnharðan endursend því að rétt netfang var ekki gefið upp. Þess vegna sneri ég mér til Europay sem er kortafyrirtæki sem ég hef verið í viðskiptum við frá upphafi kreditkortanotkunar og bað um aðstoð.

Seint og um síðir kom þetta svar:

----- Original Message -----
From: N.N.
To: nyttlif@simnet.is
Sent: Monday, November 26, 2007 5:29 PM
Subject: Vegna fyrirspurnar á borgun@borgun.is

Sæll Þráinn
Það er lang best ef þú getur komið til okkar og skrifað undir fyrirspurn. Þegar er um erlenda færslu ræða verðum við að fá undirskriftina þína.

Bestu kveðjur, / Kind regards,

N.N.
Þjónustufulltrúi, Þjónustusvið / Service Assistant, Customer Service
nn@borgun.is
dir tel.: (+354) 560 15xx

Hvers konar heimska eða dónaskapur er það að svara auðskiljanlegri aðstoðarbeiðni með því að segja mér að mæta og fylla út eyðublöð og gefa eiginhandaráritun?

Eftir fimmtán eða tuttugu ára viðskipti við þetta fyrirtæki ætti að vera til nægilegt magn af eiginhandaráritunum mínum hjá Borgun eða Europay eða hvað svo sem fyrirtækið kallar sig í augnablikinu. Ég hef alltaf stundað mín viðskipti við þetta fyrirtæki undir sama nafni og er sannfærður um að þjónustan hjá flestum fyrirtækjum versnar eftir því sem þau stækka og fer versnandi dag frá degi.

Að standa í samskiptum við stórfyrirtæki er eins og að reyna að ræða við þroskaheft tröll.

## Að bera út fullorðna

**ÞRIÐJUDAGUR, 27. NÓVEMBER.**

Nú eru femínistar komnir í heilagt stríð við Egil Helgason og segjast ætla að sniðganga þáttinn hans af því að þeir (femínistarnir) hafi verið sniðgengnir í þættinum. Enn fremur hefur það komið til umræðu á Alþingi hvort forsvaranlegt sé að sveinbörn og meybörn á fæðingardeildum séu merkt með armböndum í mismunandi litum. Næst verður trúlega stungið upp á því að til að bæta konum upp misrétti sem þær hafa verið beittar frá landnámstíð verði hægt að sækja um leyfi frá félagsmála-







„... ein skemmtilegasta endurminningabók sem ég hef lesið um árabil.“
Þröstur Helgason / Lesbók Morgunblaðsins




„... [Sigurður Pálsson] hefur einmitt náð rétta tóninum ...“
Gauti Kristmannsson / Víðsjá, RÚV

„... þetta er unaðsleg bók. Ég naut hvers einasta kafla og skældi þegar ég lauk við hana.“
Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is





ráðuneytinu til að bera út sveinbörn.

Í dag var líka sagt frá því að Ísland er í efsta sæti ásamt Noregi í nýrri lífskjaravísitölu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna en stofnunin birtir árlega lista þar sem lagt er mat á lífsgæði í 177 ríkjum, svo sem ævilíkur, menntunarstig og verga landsframleiðslu á mann. Afríkuríkin Síerra Leóne og Búrkína Fasó eru í neðstu sætunum.

Í Síerra Leóne og Búrkína Fasó og fjölmörgum öðrum löndum tíðkast það enn að bera út börn svo að þar er ekki tímabært að setja lög um litanotkun á fæðingardeildum.

Því miður virðist heimsmetið í lífskjaravísitölunni alveg hafa farið fram hjá bæði dómurum og hinum dæmda (karlmanni) sem Héraðsdómur Suðurlands dæmdi „í 30 daga fangelsi fyrir að stela vodkapela í vínbúð ÁTVR í Hveragerði í gær. Hann var einnig dæmdur til að greiða ÁTVR bætur sem nema andvirði pelans, eða 2.370 krónur.“

Hvers konar villimennska er það eiginlega að dæma ógæfumenn og sjúklinga í fangelsi í staðinn fyrir að reyna að koma þeim til hjálpar? Hvernig í dauðanum stendur á því að fársjúkir alkóhólistar þurfa að stela áfengi meðan eiturlyfjafíklar geta fengið methadon sér til hjálpar? Af hverju fá ráðherrar sem eru á góðum launum og stálheilbrigðir niðurgreitt vín meðan fátækir og fársjúkir rónar þurfa að stela því? Ég þarf reyndar ekki að spyrja. Meðan svona viðgengst hlýtur þjóðinni að finnast enn þann dag í dag að alkóhólismi sé aumingjadómur og sjálfskaparvíti.

Það fylgdi sögunni af Salómonsdómi Héraðsdóms Suðurlands að „maðurinn hefur oft áður verið dæmdur fyrir ýmis brot, svo sem þjófnað, nytjastuld, ölvunarakstur og akstur sviptur ökurétti“.

Ekki bendir þessi ferill beinlínis til þess að þessi einstaklingur neyti áfengis sér til mikillar skemmtunar.



Við erum hætt að bera út börn og berum út fullorðið fólk í staðinn. Það eru merkilegar framfarir.

## Hættulegur bókmenntaáhugi

**FIMMUDAGUR, 29. NÓVEMBER.**

Í dag kom ég til Vopnafjarðar í fyrsta skipti á ævinni. Tími til kominn. Hér er verulega fallegt.

Kristín Svava Tómasdóttir, Jón Kalman Stefánsson, Vigdís Grímsdóttir, Pétur Blöndal og undirritaður eru í bókmenntalegri vísitasíu um Norðausturland. Í kvöld lásum við upp í fallegu gömlu húsi sem nú er búið að gera að einni helstu prýði bæjarins. Við hliðina á því stóð áður merkilegt hús þar sem hið langdrukkna og fársjúka Fjallaskáld, Kristján Jónsson, endaði líf sitt. Það hús var rifið á vitleysingatímabilinu og endurbyggt á Árbæjarsafni í Reykjavík. Mér finnst að Vopnfirðingar ættu að krefjast þess að fá húsið afhent aftur eins og íslenska þjóðin fékk handritin sín þegar okkur tókst loks að sannfæra Dani um að við myndum ekki hafa þau til matar.

Í gær lásum við upp á Skriðuklaustri og gistum í góðu yfirlæti á Egilsstöðum. Það var fljúgandi hálka á veginum svo að ég var á



nálum um að einhver bókmenntaáhugamaður keyrði út af og dræpi sig. Það gerðist þó ekki enda má



bókafólkið engan missa. Hins vegar lenti bókmenntasinnaður áheyrandi frá Egilsstöðum í því að gleyma sviðakjamma í potti meðan hann brá sér af bæ til að hlýða á upplestur.

Þegar hann kom heim aftur var slökkviliðið að ljúka við að reykræsta íbúðina hans og sviðakjamminn var óætur.



**WOODY ALLEN KVIKMYNDALEIKSTJÓRI ER 72 ÁRA Í DAG**

*„Mín eina eftirsjá í lífinu er að vera ekki annar en ég er. Ég hræðist ekki að deyja... ég vil bara ekki vera á staðnum þegar það gerist.“*

***Woody Allen gerir oftast kvikmyndir um taugaveiklaða New York-búa og leikur sjálfur aðalhlutverkið.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. DESEMBER 1918

## *Ísland verður fullvalda ríki*

Þennan desemberdag fyrir 89 árum varð Ísland fullvalda ríki. Virðuleg athöfn var haldin við Stjórnarráðshúsið en hún var bæði stutt og einföld vegna spænsku veikinnar sem hafði geisað aðeins tveimur mánuðum fyrr og var enn ekki að fullu gengin yfir.

Dimmt var yfir Reykjavík þennan fyrsta desemberdag ársins 1918, snjólaust og hrímkalt. Talsverður hópur manna mætti til athafnarinnar þar sem lúðraflokkur lék Eldgamla Ísafold og allir tóku ofan.

Jón Magnússon forsætisráðherra var staddur í Danmörku svo Sigurður Eggerz fjármálaráðherra flutti ræðu þar sem hann bar sambandslögin upp til staðfestingar við konung og sagði að nú byrjaði ný saga; saga hins fullvalda íslenska ríkis. Eftir ræðu Sigurðar var ríkisfáni Íslands dreginn að hún í fyrsta sinn sem fullgildur þjóðfáni og um leið skutu nokkrir hermenn út byssum sínum



upp í loftið á sama tíma og heyra mátti fallbyssudrunur frá varðskipinu Islands Falk.

Eftir fleiri ræður var leikinn þjóðsöngur Dana, Det er et yndigt land, og hrópað húrra fyrir Danmörku, en í lok athafnar var íslenski þjóðsöngurinn leikinn og hrópað húrra fyrir Íslandi. Til var orðið íslenskt ríki.

Fullveldisdagurinn 1. desember var almennur hátíðisdagur á Íslandi fram til ársins 1944.

**MERKISATBURÐIR**

**1804** Napóleon Bonaparte kvænist Jósefínu af Martinique.
**1835** H.C. Andersen gefur út fyrstu ævintýrabókina.
**1878** Reykjanesviti, fyrsti vitinn á Íslandi, tekinn í notkun.
**1887** Sherlock Holmes birtist fyrst á prenti.
**1901** Ísfélag Vestmannaeyja stofnað.
**1929** Edwin S. Lowe finnur upp bingó.
**1930** Togarinn Apríl frá Reykjavík ferst úti af Suðausturlandi með átján mönnum.
**1932** Sjálfvirkar símstöðvar teknar í notkun í Reykjavík og Hafnarfirði.
**1982** Michael Jackson gefur út Thriller.

## *Aðstoð til fátækra landa*

Alþjóðlegi alnæmisdagurinn er í dag en kjörorð hans er forysta í ár. Það vísar til starfsins sem ríkisstjórnir, heilbrigðisyfirvöld og félagasamtök eiga fyrir höndum í baráttunni gegn alnæmi og er jafnframt hugsað sem hvatningarorð til almennings þar sem vandinn er mestur.

Áætlað er að milli 30 og 40 milljónir manna séu smitaðar af veirunni og fleiri munu þjást vegna hennar. Meðal annars 4,6 milljónir munaðarleysingja í sunnanverðri Afríku, sem misst hafa foreldra sína í faraldrinum.

Stjórn Rauða kross Íslands samþykkti ályktun 16. nóvember síðastliðinn. Þar segist félagið ætla að styðja starf sjálfboðaliða og starfsfólk sitt í Malaví, Mósambík og Suður-Afríku, sem aðstoðar alnæmissjúklinga og vinnur að því að fyrirbyggja frekari útbreiðslu sjúkdómsins.

Rauði kross Íslands hvetur íslensk stjórnvöld einnig til vinna að framgangi þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um að bæta heilsufar fólks í fátækustu ríkjum heims. Meðal annars með því að snúa við útbreiðslu alnæmis fyrir 2015 og veita fátækum þjóðum aðgang að mikilvægum lyfjum.

Ungmennafélag Íslands mun því í dag selja rauð alnæmismerki í Smáralind milli klukkan 14 og 16. Merkin eru búin til af fólki sem tekur þátt í sjálfshjálparhópi smitaðra á vegum Rauða krossins í Malaví og rennur ágóðinn til hópsins. **- rve**



**AFRÍKA** Áætlað er að 4,6 börn hafi misst foreldra sína í alnæmisfaraldrinum í sunnanverði Afríku.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**JÚDÓGLÍMA** Hér takast þeir á feðgarnir Jón Gunnar Björgvinsson og sonur hans Sindri Freyr, fjögurra ára, en mikið er um að tveir ættliðir æfi júdó hjá Júdódeild Ármanns.

JÚDÓDEILD ÁRMANNS: BÝÐUR TIL VEISLU Í DAG Í TILEFNI 50 ÁRA AFMÆLISINS

# Kraftarnir þurftu að fá útrás

Um þessar mundir er hálf öld síðan Júdódeild Ármanns var stofnuð í Reykjavík, en tilefnið spratt út frá lagasetningu á Alþingi sem bannaði hnefaleika á íslenskri grund.

„Menn þurftu eftir sem áður útrás og þegar mönnum var bannað að boxa var júdódeildinni komið á laggirnar,“ segir Jón Gunnar Björgvinsson, flugmaður og talsmaður júdódeildar Ármanns.

„Frumkvöðull júdós á Íslandi var Sigurður Jóhannsson sem fór utan til að afla sér þekkingar, en Ragnar Jónsson var fyrstur Íslendinga til að fá svarta beltið í júdói.

Á þessum tíma var júdó í mikilli uppsveiflu í heiminum. Fyrsti júdóskólinn, Kodokan, var stofnaður af prófessor Jigaro Kano í Japan 1882, en júdó þróaðist upp úr jujitsú. Heimamenn höfðu litla trú á þessari nýju bardagaíþrótt þar sem grófustu fantabrögðin höfðu verið tekin út, en sex árum síðar þögnuðu efasemdaraddirnar þegar júdó- og jujitsúmenn tókust á og júdómenn gjörsigruðu í keppninni. Þá sá fólk hversu öflug þessi íþrótt var og í kjölfarið fór hún sigurför um heiminn,“ segir Jón Gunnar, en þess má geta að júdó var lengst af eina bardagaíþróttin sem leyfð var á Ólympíuleikunum.

„Það sem gerir júdó frábrugðið flestum öðrum bardagaíþróttum er að menn geta tekið á af fullum krafti og beitt öllu sínu afli í að kljást við andstæðinginn án þess að eiga á hættu að slasast eða slasa aðra. Sama hver brögðin eru ganga þau ekki út á að slá og skaða, heldur kasta mönnum eða halda föstum þannig að fullnaðarsigur náist,“ segir Jón Gunnar um júdó sem er með stærstu íþróttasamböndum veraldar.

„Júdó hefur alltaf verið vinsælt á Íslandi og er í miklum vexti einmitt núna. Við erum nýbúnir að flytja í stórglæsilegan, sérhæfðan bardagasal í Laugardalnum, sem er sá stærsti og fullkomnasti á Norðurlöndunum. Bæði kynin sækja í júdó, þótt karlmenn séu þar í miklum meirihluta, en júdó hentar kvenþjóðinni ekki síður og við eigum mjög góða keppendur í kvennaflokki, og viljum fá fleiri,“ segir Jón Gunnar ákveðinn, en íslenskir júdómenn hafa verið með eindæmum sigursælir á alþjóðavettvangi.

„Við höfum ekki átt keppnismann á síðustu tveimur Ólympíuleikum, en ein af þremur Ólympíumedalíum Íslendinga er bronsmedalía sem Ármenningurinn Bjarni Friðriksson vann árið 1984,“ segir Jón Gunnar sem hlakkar til að taka júdóglímu ásamt fleiri Ármenningum í afmælisveislunni í dag.

„Hátíðahöldin byrja í Laugabóli í íþróttahúsi Ármanns og Þróttar í Laugardal klukkan 13 með veglegri sýningu, keppnisglímum, úrslitaglímum, viðurkenningum til frumkvöðla júdós á Íslandi og fleiri skemmtilegum uppákomum með júdóiðkendum á öllum aldri.“

**thordis@frettabladid.is**



†

*Elskulegur faðir minn,*

**Garðar Sigurðsson**
Krummahólum 8, Reykjavík,

**er látinn. Útförin fer fram 11. desember frá Fossvogskapellu kl. 13.00.**

**Leifur L. Garðarsson**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Brynjólfur Magnússon**
Hjúkrunarheimilinu Víðinesi, áður til heimilis að Bergþórugötu 45, Reykjavík,

lést á Sjúkrahúsinu á Akranesi þriðjudaginn 27. nóvember. Hann verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 7. desember kl. 13.00.

**Ólína M. Brynjólfsdóttir** **Bjarni Gunnarsson**
**Sigríður Brynjólfsdóttir** **Ólafur H. Ólafsson**
**Lilja Brynjólfsdóttir** **Fannberg E. Stefánsson**
**Ástrós Brynjólfsdóttir** **Kristinn Björnsson**
**Jóel Brynjólfsson** **Sonja E. Ágústsdóttir**
**Guðrún Brynjólfsdóttir** **Hendrik S. Hreggviðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Sigurbergs Sigurðssonar**
Hamragerði 17, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir góða umönnun.

**Hrafnhildur Frímannsdóttir**
**Jónína Sigurbergsdóttir** **Þröstur Agnarsson**
**Sigurður Sigurbergsson** **Kristbjörg Eiðsdóttir**
**Halldór Sigurbergsson** **Hildur Andrésdóttir**
**og afabörn.**



†

*Innilegt þakklæti til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts*

**Karls Ragnarssonar**
Garðabraut 16, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akraness.

**Erna Benediktsdóttir**
**Magnús B. Karlsson** **Guðfinna Óskarsdóttir**
**Ragnheiður Karlsdóttir** **Guðm. Pálmi Kristinsson**
**Sigrún Karlsdóttir** **Eugeniusz Michon**
**Karl Örn Karlsson** **Guðrún Garðarsdóttir**
**Lúðvík Karlsson**
**Heiðrún Hámundardóttir** **Kristleifur S. Brandsson**
**og afabörn.**

# Aðventutilboð
## laugardag og sunnudag



Hýasintur
10 kr/stk

HÚSASMIÐJAN

Takmarkað magn aðeins 2 stk. á mann

blómaval



Frábært verð
1499

**Jólaljósatré**
2700059

# Jólaleg saman

Afslátturinn gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.



## Sýpris - veisla
verð frá
**299**

## Jólastjarna
**799**
kr/stk

## Kristþyrnir
(Ilex) í potti
**399**
kr/stk

HÚSASMIÐJAN



# Starlight
útiseríur

**100%**
vatnsheld

Hágæða seríur sem þola vel íslenska veðráttu. Þú færð Starlight eingöngu í Húsasmiðjunni þar sem þær eru til í miklu úrvali og nokkrum litum.



| | |
|---|---|
| 20 ljósa | 4.999 |
| 40 ljósa | 8.999 |
| 60 ljósa | 12.999 |

Húsasmiðjublaðið
**er komið í hús**




Afslátturinn gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.


Ferskir grenikransar mikið úrval
Hýasintu skreyting 599 kr/stk
Aðventu-krans m/fjórum kertaglösum 1999 kr/stk
Allt fyrir aðventuna á einum stað
verð frá 299
Blick
inni- og útiseríur
Grenilengja
9 ft x 8″
2718500
599
Grenilengja
9 ft x 12″
2718506
999
blómaval

# Með Biblíuna í farteskinu

Síðustu ár hefur **Garðar Thór Cortes** tekið allt að fimm flug á viku, gist á jafnmörgum stöðum, verið á þönum, glaður og þakklátur að eigin sögn fyrir að hafa svo mikið að gera. Verandi nýkvæntur, sagði hann *Júlíu Margréti Alexandersdóttur* hvað hann væri heppinn að eiginkonan hefði getað ferðast með honum á tónleikaferðalaginu og frá nýrri plötu sem hann hyggst gefa út næsta vor.

Álagið hefur verið mikið undanfarnar vikur. Garðar Thór er staddur í Bretlandi – þar sem hann hefur aðallega dvalið síðustu mánuði og ferðast á milli staða – og í dag er frídagur. Einn af fáum. Til marks um álagið þá gengur erfiðlega að ná í Garðar Thór til byrja með, enda loksins dagur til að sofa út. Þegar hann hringir til baka eftir hádegi, segir hann að á svona degi hvíli hann röddina og reyni að tala sem minnst. Eftir blaðaviðtal muni hann því varla mæla stakt orð og reyni að gera sem minnst. Líklega bara fara í bíó og horfa svo á fótboltaleik í sjónvarpinu um kvöldið.

**Fjölskyldan hafði áhrif**

Óperusöngvarinn á sér nefnilega nokkrar hliðar, ekki bara þessa einu klassísku. Íþróttir voru áhugamál, þar sem hann fór úr einni íþróttagrein í aðra, sem og hestamennska en fjölskylda hans var alltaf mikið viðloðin hana. Snemma kom þó til áhuginn á söng, og þótt hann hefði formlega byrjað að læra söng í skóla föður síns, Söngskóla Reykjavíkur, átján ára gamall, var áhuginn fyrir löngu til staðar. „Mér finnst eins og ég hafi hreinlega alltaf haft áhuga á tónlist og söng. Mamma og pabbi voru skiljanlega með heilmikið af tónlist heima og ég hlustaði á hana meðfram poppi og rokki. Óperu sá ég svo auðvitað fyrst á sviði Íslensku óperunnar, þar sem pabbi stóð.“

**Alveg eins og á McDonalds**

Garðar Thór vann sig upp í Íslensku óperunni eins og heiðarlegur McDonalds-starfsmaður. „Jú, það má kannski segja það. Sem unglingur vann ég þarna sem dyravörður, sætavísa skúraði og vann við eiginlega allt milli himins og jarðar er snerti Óperuna. Það var líka í því húsi sem ég varð fyrir miklum áhrifum. Til að mynda sá ég mína eftirlætisóperu þar og er það fyrsta óperusýningin sem er virkilega brennd í minni mitt – Óþelló. Ég hef verið um sautján ára gamall en tónlistin í henni er svo djúp og tilfinningamikil að ekki sé minnst á leikrit Shakespeares sem hún er byggð á, sem er auðvitað frábært. Hún hafði mikil áhrif á mig.“

**Fær enn Nonna-bréf**

Hver Íslendingur, og þá sérstaklega sú kynslóð sem er fædd á 8. áratugnum, man eftir Garðari Thór sem Nonna í Nonna og Manna en á þeim tíma voru þess dæmi að heilu grunnskólabekkirnir sendu Garðari aðdáendabréf og fengu þeir „Nonni“ og „Manni“ mörg þúsund bréf sem bárust á tveimur til þremur árum. Sú frægð er ekki týnd né tröllum gefin því enn þann dag í dag berst eitt og eitt bréf frá fólki sem man eftir honum úr þáttunum og er nú farið að sjá honum bregða fyrir í söngnum. En hvernig fór barnastjörnufrægðin með æskuna? „Foreldrar okkar Einars segja að þetta hafi farið alveg ágætlega með æskuna og að hvorugur okkar hafi misst jarðtenginguna. Fyrir mér var þetta auðvitað algjört ævintýri og upp úr þessu fór Einar í leiklistina og ég ákvað að sameina áhugamálin mín tvö, leiklist og söng, og fara út á þessa braut. Hvaðan koma bréfin? Jú, þau koma mestmegnis enn frá Þýskalandi eins og þau gerðu þá og kvenkynið er kannski í meirihluta, en ég held þetta skiptist nokkuð jafnt.“

**Nýja platan verður ferskari**

Þýskaland er aftur á kortinu en á dögunum gerði Garðar stóran samning við þýskt dreifingarfyrirtæki um dreifingu á síðustu plötu Garðars sem og þeirri sem koma mun út í vor. Garðari líst vel að fara að herja á þann markað en hlær að því að þýskir Nonna- og Manna-aðdáendur muni troða hver annan niður í ásókn í geisladiskinn. „Nei, nei, ég leyfi mér nú stórlega að efast um það en hver veit, kannski á maður eitthvað Nonna- og Manna-bakland þar.“ Vinnan við nýju plötuna hefst strax eftir áramótin þótt undirbúningsvinnan sé löngu hafin – að velja lögin og slíkt. „Platan verður ferskari en sú sem kom síðast út en annars erum við ennþá á fullu í þeirri vinnu að móta hana.“

**Við Einar þurfum ekki að tala**

En er Garðar ekkert hræddur um að ofgera sér? „Ég er að reyna að minnka öll ferðalögin, það hefur einfaldlega verið svo ótrúlega mikið að gera undanfarið að það hefur ekki verið hægt. Ég veit að ég má ekki þræla mér út en ég passa vel upp á mig og auðvitað Einar líka.“ Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands, hefur haft yfirumsjón með Garðari í tvö ár og þótt það liggi kannski ekki beinast við að setja Einar Bárðarson og Garðar Thór í sama mengi, segir Garðar að þeir séu hinir mestu mátar. „Einar er eins og ég, ákaflega tilfinningaríkur. Og það besta við samstarfið okkar er, að oftast þurfum við ekki að segja hlutina, heldur bara skiljum hvor annan og hvað við viljum. Einar hringdi einfaldlega í mig einn góðan veðurdag, en pabbi og hann þekktust í gegnum Íslensku óperuna og tónlistarverðlaunin. Hann kíkti í heimsókn, spurði hvort ég vildi gera plötu með honum og þótt mér hafi litist vel á það hafði ég ekki mikla trú á mér. Ég spurði hann því hvort það væri eitthvað sniðugt, hvort þetta myndi nokkuð ganga. Hann hélt það en ekki ég. Og hann hafði rétt fyrir sér. Sem betur fer.“

**Vatnsdrykkja á ferðalögum**

Einar og Garðar eru ekki saman á öllum ferðalögunum en Einar kemur þó oft og hittir hann og þá aðallega til þess að eyða tíma saman. Þess á milli er Einar að vinna að málum Garðars á skrifstofunni í London. „Á tónleikaferðalögum eins og þeim sem ég hef verið í undanfarið ár, er annar sem kallast „tour manager“ sem sér um að skipuleggja ferðalögin, keyrir, bókar hótel, fer með fötin í hreinsun og sér um allt sem þarf á ferðalögunum. Svo er það mitt hlutverk að reyna að sofa vel og drekka vatn, og vera eins áhyggjulaus og hægt er. Annars finnst mér ég hreinlega svo heppinn að hafa nóg að gera að ég er bara ofsalega þakklátur.“

Þegar stund er milli stríða fer tíminn líka í að læra næstu aríur og texta. Garðar er líka alltaf með eina bók með sér á ferðalaginu – Biblíuna. „Mér finnst gott að hafa hana nálægt og geta gripið í hana öðru hvoru. Mín reynsla er sú að trúin hjálpar mér, ég gæti ekki gert það sem ég geri í dag ef ekki væri fyrir Guð. Og auðvitað hjálpar trúin manni bara með lífið allt. Hún hjálpar manni að skilja aðstæður, komast í gegnum þær sem eru erfiðar og gleðjast yfir hinum. Þannig er það allavega fyrir mér.“ Garðar er sjöunda dags aðventisti en í sumar sem leið giftist hann heitkonu sinni til margra ára, leikkonunni Tinnu Lind Gunnarsdóttur. „Hún kláraði leiklistarskólann í vor og síðan þá höfum verið verið svo heppin að geta ferðast saman um heiminn. Hún er til dæmis nýfarin heim en hefur verið að undanförnu með mér í Bretlandi, en hún er að fara að æfa og sýna Fló á skinni hjá Leikfélagi Akureyrar. Það reynist okkur vel að við erum bæði í listinni og okkar á milli ríkir gagnkvæmur skilningur. Börn? Jú heldur betur er það á stefnuskránni, ég er mikill fjölskyldumaður. Það er bara eitthvað sem kemur með tíð og tíma.“

**Bubbi elskulegur**

Áður en Garðari er sleppt út í bíó og fótbolta er hann spurður út í dagskrá næstu vikna. „Hún er nokkuð þétt. Á sunnudag mun ég syngja fyrir Lexus-eigendur, mánudagur er reyndar frídagur en svo eru stífar æfingar út þá vikuna. Á föstudaginn eru síðan tónleikar, á laugardag er æfing á Akureyri, á sunnudag er æfing og svo syng ég fyrir Camillu hans Karls Bretaprins, við vígslu nýs skips hjá Cunards-skipaverksmiðjunni. Þar verða líka Gordon Brown og ríkisstjórnin.“ Svo er það sjálfur Bubbi Morthens, sem Garðar mun syngja með á nýárstónleikum. „Við Bubbi höfum þekkst í mörg ár, fyrst kynntist ég honum í Carmen Negra fyrir tíu árum, og síðan þá höfum við hist reglulega og syngjum stundum saman. Hann er voðalega elskulegur.“ Að lokum er Garðar spurður hvaða þumalputtareglu hann hefur á þessari leið sinni. „Ég má ekki gleyma því að vera ég sjálfur og gera mitt. Ég á margt eftir ólært, ég get bætt mig heilmikið og mér líður bara eins og nemanda. Ég æfi mig á hverjum degi og mér finnst ég alltaf vera að bæta mig en um leið eiga líka langt í land.“



**PASSAR VEL UPP Á SIG** Garðar Thór er með aðstoðarmann með sér á öllum ferðalögum sem hafa verið ótrúlega mikil síðasta árið. Engu síður segist hann þurfa að passa vel upp á rödd og heilsu og ætlar að reyna að fækka ferðalögum eitthvað á næstunni. Slíkt sé hins vegar erfitt þegar nóg er að gera.

> „Einar er eins og ég, ákaflega tilfinningaríkur. Og það besta við samstarfið okkar er, að oftast þurfum við ekki að segja hlutina, heldur bara skiljum hvor annan og hvað við viljum.

**VISSIR ÞÚ AÐ...**

...þeir popptónlistarmenn sem Garðar hlustaði á sem krakki og hlustar á enn þann dag í dag eru George Michael, Prince og Bon Jovi.

...listinn er langur af þeim söngvurum sem Garðar lítur upp til og efst þar á lista er faðir hans, Garðar Cortes.

... Garðari finnst óraunhæft að hann sé borinn saman við Pavarotti og honum líkt við hann en viðurkennir að auðvitað sé hann um leið upp með sér. Það verði hins vegar enginn næsti Pavarotti.

... að Garðar fríkar að eigin sögn mjög sjaldan út af stressi. Það sé kannski helst þegar álagið er mikið að hann verði pirraður og er það þá út af einhverju lítilvægu eins og að samlokan sem hann langaði í sé ekki til.

...að blaðamaður sá er viðtalið tók hringdi í Garðar Thór árið 1987 úr símaklefa á Fáskrúðsfirði og bað hann um að vera pennavinur sinn eins og margar stúlkur gerðu á þeim tíma þegar Nonni og Manni voru og hétu. Garðar Thór sagðist hins vegar því miður eiga allt of mikið af pennavinum.





# Jólahátíð í Kópavogi

## Á Hálsatorgi

## Laugardaginn 1. desember



PIPAR • SÍA • 72268



**Hálsatorg**
***Tendrað á vinarbæjarjólatré***

16.00 **Skólahljómsveitin** spilar jólalög.
16.10 Sendiherra Svíþjóðar afhendir vinabæjarjólatréð frá Norrköping.
16.15 Forseti bæjarstjórnar tekur á móti jólatrénu fyrir hönd Kópavogsbæjar.
16.20 **Samkór Kópavogs** syngur jólalög.
16.30 **Harasystur og jólasveinar** koma í heimsókn.
17.00 Dagskrá lokið.
*Skólakór Kársness býður gestum og gangandi upp á kakó og piparkökur.*



**Gjábakki** – ***Laufabrauðsdagur***

13.00 **Handverksmarkaður** opnar.
13.30 **Laufabrauðsbakstur** – Hægt að kaupa kökur á kostnaðarverði en koma þarf með áhöld og bretti. Tilvalið tækifæri til að læra handtökin við laufabrauðsskurð af þeim sem eldri og fróðari eru.
14.00 **Samkór Kópavogs.**
15.00 **Kvennakór Kópavogs.**
16.15 **Skólahljómsveit Kópavogs.**
*Heitt súkkulaði og heimabakkelsi til sölu á vægu verði.*



**Salurinn**
***TÍBRÁ: Söngtónleikar – Sönglög Jóns Ásgeirssonar***

17.00 Söngvararnir **Auður Gunnarsdóttir** og **Bergþór Pálsson** ásamt píanóleikaranum **Jónasi Ingimundarsyni** svipast um í sönglagasafni tónskáldsins. Þau flytja lög sem löngu eru orðin þjóðareign auk annarra sem sjaldnar heyrast.
*Miðaverð 2000 kr. – 67 ára og eldri, námsmenn og öryrkjar 1600 kr.*

**Safnahús**
**Bókasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa**
***Jólaævintýri og fróðleikur***

15.00 **Jólakötturinn í Safnahúsinu**. Ævintýri í máli og myndum fyrir 4–6 ára krakka. Fræðst um náttúru Jólakattarins, slóð hans rakin um Safnahúsið, heilsað upp á Jólaköttinn og lesin skemmtileg jólasaga.
15.00 **Náttúrufræðistofa** – Rauðviður og risafurur. Forstöðumaður veitir leiðsögn um safnið og segir frá þjóðargjöf Bandaríkjamanna. Dýrin á Náttúrufræðistofunni jafnt stór sem smá klæðast í jólabúning.
*Jólabækur og annar fróðleikur um jólin á bókasafninu.*



**Gerðarsafn**
***Sýning úr fjölbreyttri safnaeign***

11.00–17.00
Aðgangur frír – Opið í kaffiteríunni.

# Varnir Íslands á krossgötum

Ósætti virðist innan stjórnarflokkanna um varnarmál. Sátt virðist ríkja um að ratsjárkerfið verði rekið áfram, en ekki hvert fyrirkomulag rekstursins verði. Að auki eru öfl innan þingflokks Sjálfstæðisflokks þeirrar skoðunar að óþarfi sé að stefna flugsveitum hingað til lands oft á ári. Brjánn Jónasson kynnti sér varnir landsins og þörfina fyrir orrustuþotur erlendra ríkja á Íslandi.



**FLUGSVEITIR** Til stendur að erlendar flugsveitir komi hingað til lands að meðaltali fjórum sinnum á ári á komandi árum, en deilt er um nauðsyn þess.
NORDICPHOTOS/AFP

Ríkisstjórnarflokkarnir virðast ekki samstiga þegar kemur að áherslum í varnarmálum. Sátt virtist ríkja um starfrækslu ratsjárkerfis og heimsóknir erlendra flugsveita á næstu árum, en nú heyrast raddir úr Sjálfstæðisflokknum sem vilja nota útgjöld til varnarmála með öðrum hætti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra talaði fyrir því í vikunni að stofnuð yrði Varnarmálastofnun sem heyri undir utanríkisráðuneytið. Stofnunin myndi taka að sér samskipti við Atlantshafsbandalagið, hafa umsjón með æfingum hér á landi og tæki við allri starfsemi Ratsjárstofnunar.

Á sama tíma tala bæði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fyrir því að verkefni Ratsjárstofnunar færist til Björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð. Jón vill raunar ganga lengra, og telur það óþarfa að stefna orrustuþotum reglulega hingað til land til loftrýmisgæslu.

Nú er í gangi vinna við mat á ógnum sem kunna að steðja að landinu, en slíkt mat hefur ekki verið unnið af íslenskum stjórnvöldum áður. Það er því fróðlegt að kanna hver þörfin fyrir flugsveitir er, og hvaða hlutverki slíkar sveitir gætu gegnt, komi upp neyðarástand meðan þær hafa hér viðveru.

### Góðar aðstæður fyrir æfingar

Ingibjörg tilkynnti í skýrslu til Alþingis í nóvember að Frakkar stefndu á að vera með flugsveitir hér á landi á komandi vori, og að aðrar þjóðir væru í startholunum.

Þannig hafi Bandaríkin boðist til að senda flugsveitir næsta sumar, og aftur sumarið 2009. Norðmenn hafi áhuga á að koma á næsta ári, og Danmörk og Spánn skoði þátttöku árið 2009. Í síðustu viku upplýsti hún svo að að Pólverjar hyggjust senda sveit hingað til lands árið 2010.

Íslensk stjórnvöld munu sjá flugsveitunum fyrir aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, auk gistingar og fæðis fyrir það fólk sem kemur hingað til lands. Flugsveitirnar munu auk þess fá upplýsingar og þjónustu frá íslenska loftvarnarkerfinu. Ísland mun ekki taka þátt í öðrum kostnaði, svo sem launakostnaði eða kostnaði við kaup á þotueldsneyti, segir Þórir Ibsen, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Erlend ríki sem áhuga hafa á því að taka þátt í loftrýmiseftirliti hér á landi gera það ekki eingöngu vegna þess að þeir vilji sýna í verki velvilja gagnvart Íslendingum. Einhverjir munu einnig líta til þess að hér er hægt að æfa við aðstæður sem ekki bjóðast í heimalandinu. Til dæmis er heimilt að æfa lágflug yfir hálendinu yfir vetrartímann, auk þess sem áhugi er fyrir æfingum í frosti og í erfiðum veðuraðstæðum.

Þannig hafa Frakkar og Ítalir fengið að stunda lágflugsæfingar í erfiðum veðuraðstæðum í Kanada, og færa mætti rök fyrir því að það geti verið hagkvæmara að koma hingað til lands, enda styttra að fara.

### Beggja hagur af komu flugsveita

„Þetta á að vera beggja hagur, það eiga báðir aðilar að hafa út úr þessu ávinning,“ sagði Ingibjörg Sólrún á fundi um varnarmál í vikunni. „Okkar ávinningur felst í því að það er lofthelgiseftirlit með okkar svæði og með Norður-Atlantshafinu. Ávinningur þeirra sem leggja sitt af mörkum er að þeir fá tækifæri til æfinga.“

Á meðan bandarískar flugsveitir voru staðsettar hér á landi fylgdu þeim jafnan björgunarþyrlur. Þórir segir að nú verði frekar samið við dómsmálaráðuneytið um að Landhelgisgæslan verði í viðbragðsstöðu, slíkt ætti að nægja þeim þjóðum sem stunda muni æfingar hér við land.

Hermálanefnd og sérfræðingar NATO mátu stöðuna þannig við brotthvarf bandarísks varnarliðs fyrir rúmu ári að nauðsynlegt væri að halda áfram úti eftirliti með umferð í lofti hér á landi. Þar með lagðist NATO gegn því að íslenska ratsjárkerfið yrði lagt niður. Þessir sérfræðingar mátu stöðuna einnig þannig að það væri fullnægjandi að fá flugsveitir með orrustuþotum hingað til lands fjórum sinnum á ári í nokkrar vikur í senn til loftrýmiseftirlits.

Sérfræðingar innan NATO sem rætt var við segja þó að einstakar bandalagsþjóðir verði sjálfar að meta eigin þörf fyrir varnir, og óska formlega eftir aðstoð frá NATO sé talin þörf á aðkomu bandalagsins.

Það gerði Geir H. Haarde forsætisráðherra á leiðtogafundi NATO í Riga í Lettlandi í október í fyrra. Þar sagði hann íslensk stjórnvöld ánægð með samkomulag sem gert var milli Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál, en eftir stæði nauðsyn á eftirliti og viðbúnaði á friðartímum.

Hernaðarsérfræðingar innan NATO, og aðrir sem standa nærri bandalaginu og hafa góða þekkingu á starfsemi þess, segja þó þegar á þá er gengið að það mat hermálanefndar NATO að þörf sé á orrustuþotum hér á landi hluta úr ári virðist tekin út frá pólitískum þörfum frekar en hernaðarlegum þörfum, eða þörfum sem tengjast baráttu gegn alþjóðlegum hryðjuverkum.

### Sýnum að við eigum vini

Spurð um þetta sagðist Ingibjörg Sólrún ekki útiloka að pólitískar forsendur liggi til grundvallar hjá NATO, en sér vitanlega sé þetta ekki spurning um pólitískar forsendur hér á landi.

Spurningin um pólitískar forsendur endurspeglast ef til vill ágætlega í orðum Þóris Ibsen: „Við erum fyrst og fremst að sýna fram á það að við eigum bandamenn og vini,“ segir Þórir.

„Með því að það komi herþotur hér tímabundið og stundi æfingar fer það ekki milli mála að við erum bandalagsríki, og getum treyst á NATO í heild, skyldi eitthvað koma upp. Með þessu erum við að sýna að við erum hluti af þessu bandalagi, og á þessu sjónarmiði hefur NATO fullan skilning.“

Evrópskur hernaðarsérfræðingur sem Fréttablaðið ræddi við segir þá sem þekkingu hafa á málinu sammála um að engin hernaðarleg ógn steðji að Íslandi. Hann vildi ekki láta nafns síns getið vegna náinna tengsla við NATO.

Bent hefur verið á flug langdrægra rússneskra sprengjuflugvéla í kringum landið, en eins og Ingibjörg Sólrún sagði í ræðu á þriðjudag líta hvorki Ísland né önnur NATO-ríki svo á að af þessari endurkomu sprengjuflugvéla stafi ógn.

Ef ekki stafar hernaðarleg ógn að landinu stendur eftir það hlutverk flugsveita að verjast alþjóðlegum hryðjuverkum. Evrópski hernaðarsérfræðingurinn fullyrðir að þar verði hlutverk orrustuþota afar takmarkað. Slíkar þotur nýtist helst ef svo færi að hryðjuverkamenn næðu farþegaþotum á sitt vald til að gera svipaða árás hér á landi og gerð var 11. september 2001 í Bandaríkjunum.

Vaknaði grunur um að slíkt hryðjuverk væri í undirbúningi, og svo vildi til að flugsveit væri stödd hér á landi á þeim tíma, myndu orrustuþotur án efa verða sendar til móts við farþegaflugvélina til að bera kennsl á hana, staðfesta að henni hafi verið rænt, og fylgja henni eftir. Lengra gætu hins vegar orrustuþotur erlends ríkis vart gengið, að mati sérfræðingsins, jafnvel þó ljóst væri að hryðjuverkamenn hygðust valda manntjóni með því að fljúga á byggingu, íþróttaleikvang eða annað mannvirki.

### Íslensk stjórnvöld ákveði aðgerðir

Um allan heim er það álitin spurning til hvaða aðgerða, ef einhverra, ætti að grípa komi slíkar aðstæður upp. Spurningin snýst um hvort stjórnvöld hafi rétt til þess láta skjóta niður farþegaþotu fulla af fólki, í þeim tilgangi að bjarga lífi fólks á jörðu niðri. Málið hefur ekki verið rætt mikið hér á landi, en til dæmis í Þýskalandi eru línurnar skýrar, þarlend stjórnvöld mega ekki láta skjóta niður farþegaþotur, sama hvernig aðstæður eru. Umræða um slíkar aðgerðir hefur að því er best er vitað ekki farið fram hér á landi.

Í öllu falli er ljóst að stjórnvöld í bandalagsríki Íslands myndu aldrei taka ábyrgð á því að ráðast á farþegaþotu í íslenskri lofthelgi, segir sérfræðingurinn. Slíka ákvörðun myndi NATO ekki heldur taka. Því er ljóst að þeir einu sem gætu mögulega tekið ákvörðun um að granda farþegaþotu væru íslensk stjórnvöld.

„Menn myndu aldrei fara í neinar hernaðaraðgerðir við Ísland eða innan íslenskrar lögsögu án samráðs við íslensk stjórnvöld,“ segir Ingibjörg Sólrún. „Endanlegt samþykki hlýtur að vera okkar, og þá væntanlega forsætisráðherra og utanríkisráðherra.“

### Þotur hafa fleiri hlutverk

Aðrir sérfræðingar benda á að það geti skipt verulegu máli að geta sent orrustuþotur til móts við borgaralegar flugvélar, sé möguleiki á að þær séu á valdi hryðjuverkamanna, jafnvel þótt aldrei standi til að beita vopnum gegn farþegaþotunni. Með því að fljúga til móts við farþegaþotuna megi bera kennsl á vélina, og staðfesta að ekki sé um bilun í fjarskiptabúnaði eða annað að ræða; með öðrum orðum staðfesta að ógn sé fyrir hendi.

Með því að fá þetta staðfest sem fyrst aukast möguleikar stjórnvalda á því að bregðast við með aðgerðum á jörðu niðri, til dæmis með því að tæma íþróttaleikvang eða önnur líkleg skotmörk hryðjuverkamanna, og reyna þannig að takmarka það tjón sem þeir gætu valdið.

Af ofansögðu ætti að vera ljóst að ekki er einfalt mál að meta þörfina fyrir viðveru orrustuþota hér á landi. Á endanum snýst spurningin væntanlega um peninga. Er þeim best varið í það að taka á móti orrustuþotum, eða ætti frekar að verja þeim til annarra verkefna?




**STÓR VANDI** Afganistan er afar stórt, eins og sjá má þegar útlínur þess eru lagðar yfir Evrópu. Að auki er landið afar erfitt yfirferðar og hitabreytingar miklar.

### ➜ HERNAÐARBANDALAG Í TILVISTARKREPPU

Hlutverk Atlantshafsbandalagsins hefur tekið gríðarlegum breytingum frá því það stóð andspænis Varsjárbandalaginu á tímum kalda stríðsins. Í dag er talað um öryggisbandalag þar sem áður var talað um varnarbandalag. Bandalagið einbeitir sér ekki lengur að hefðbundnum vörnum bandalagsríkja, heldur lítur svo á að til að tryggja öryggi heima þurfi að tryggja frið í heiminum.

Fyrsta skrefið á þessari nýju vegferð var verkefni NATO í Kosovo. Nú er bandalagið komið í annað og mun stærra verkefni í Afganistan, og meta sérfræðingar bandalagsins stöðuna svo að það verkefni muni taka ár eða áratugi. Varla verður hjá því litið að bandalagið virðist eiga í innri kreppu. Illa hefur gengið að fá nægan liðsafla og tækjabúnað til að sinna verkefnum í Afganistan.

Ýmsir hafa orðið til að gagnrýna verkefni NATO í Afganistan, til dæmis þingmenn Vinstri grænna. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir að þrátt fyrir erfiðleika við að tryggja öryggi í Afganistan verði að hafa í huga að hinn valkosturinn í stöðunni sé sýnu verri.

„Brottför alþjóðaherliðs NATO og þeirra fjölmörgu frjálsu félagasamtaka sem starfa að uppbyggingar-, mannúðar- og hjálparstarfi í landinu í skjóli friðargæslu bandalagsins gæti hrundið af stað atburðarás sem yrði margfalt verri en það sem nú er uppi í landinu,“ segir Ingibjörg.



Börn
Dömur
Jólin 2007
Herrar
MAC
VIVA GLAM VI
HVER KRÓNA AF HVERJUM SELDUM VIVA GLAM VARALIT OG VARAGLOSSI RENNUR Í ALNÆMISSJÓÐ MAC SEM STYRKIR BARÁTTUNA GEGN ALNÆMI Á ÍSLANDI
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!



Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

**PIONEER hátalarasett, DVD spilari og magnari**

*Verð : 148.500,-*

**AFMÆLISVERÐ:**
Kr. 109 900,-

*Einnig fáanlegt í svörtu*

# ORMSSO

Í DAG 1. DESEMBER ERU
EIRÍKUR OG JÓN ORMSSYN
BRÆÐURNIR

FRAMSÝNI OG METNAÐUR
FYRSTA DEGI OG HEFUR ST
GERT ÞAÐ AÐ EINKU

AF ÞESSU TILEFNI ERU GL
Í VERSLUNUM

FJÖLDI TILBOÐA

SAMSUNG ÞÝÐIR SNILLD!



EISA AWARD Best Product 2007-2008 HD-READY LCD-TV

*Frábær upplifun*

37" LCD sjónvarpstæki
Samsung LE37R87B DX

- Digital sjónvarpsmóttakari
- Upplausn: 1366 x 768
- 10 bita litvinnsla
- Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
- Svartími: 8 millisekúndur
- Contrast: 8000:1
- Sjónsvið: 178°/178°
- Mynd í mynd (1 tuner)
- 3 HDMI, Component, SCARTx2

**AFMÆLISVERÐ:**
Kr. 169.90C



OLYMPUS

OLYMPUS DPC-I
8X21 Sjónauki
**AFMÆLISVERÐ:**
Kr. 4.900,-



OLYMPUS

OLYMPUS MJU 740
Stafræn myndavél
**AFMÆLISVERÐ:**
Kr. 22.900,-

Framsýni og metnaður síðan 1922

85 ÁRA ORMSSON 1922-2007



QOINIX PRA-2000
Útvarp - frábær hljómgæði
**AFMÆLISVERÐ:**
Kr. 5.990,-



CELESTRON

Astromaster 70AZ
Stjörnusjónauki
**AFMÆLISVERÐ:**
Kr. 9.900,-

**20% AFSLÁTTUR**
af ýmsum vörum
home art
Í ORMSSON SMÁRALIND

| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÁGMÚLA 8 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | PRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 |

# N 85 ÁRA

LIÐIN 85 ÁR FRÁ ÞVÍ AÐ
IIR STOFNUÐU FYRIRTÆKIÐ
ORMSSON.

BRÆÐRANNA RÉÐI FÖR FRÁ
TARFSFÓLK FYRIRTÆKISINS
UNARORÐUM SÍNUM.

ÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ
M ORMSSON.






Emile Henry
Flame

FRÁBÆR FRÖNSK
LEIRVARA

## 20% AFMÆLISAFSLÁTTUR AF ÖLLUM EMILE HENRY TEFAL OG BRABANTIA VÖRUM

Í DAG, LAUGARDAG - Á MORGUN, SUNNUDAG - OG Á MÁNUDAG

*Gerið frábær kaup á gæðavöru!*

TEFAL
JAMIE OLIVER
KANN AÐ META
GÆÐI







TEFAL
TEFAL STRAUJÁRN

KYNNIÐ
YKKUR
ÚRVALIÐ!



TEFAL
privilege
POTTAR OG PÖNNUR
Í MIKLU ÚRVALI



TEFAL
KLASSÍSKAR
OG ÖFLUGUR HITAKÖNNUR





brabantia
solid company
HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA



brabantia
solid company
BRABANTIA STRAUBORÐ
*í skemmtilegu úrvali*




AEG UPPÞVOTTAVÉLAR
**AFMÆLISVERÐ:**
Kr. 89.900,- Stál · Kr. 79.900,- Hvít

# ORMSSON

GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA Í MIKLU ÚRVALI

# Bananalýðveldið Ísland

Sagan um að Ísland sé sjálfbært um bananaframleiðslu lifir enn góðu lífi eins og sjá má víða á netinu. Þrjóskan og úrræðasemin sem þarf til að rækta hitabeltisplöntu við norðurheimskautsbaug þykir sæta eindæmum. *Svanhvít Lilja Ingólfsdóttir* leit yfir sögu bananaræktunar á Íslandi og kynnti sér hvaða hugmyndir útlendingar hafa um íslenska banana.

Árið 2005 var lítil bananaplanta flutt frá garðyrkjuskólanum á Reykjum til Grænlands í tilraunaskyni. Þar var hlúð að henni í tilraunagróðurhúsi í Narsaq eftir leiðbeiningum frá Holger Hansen, garðyrkjustjóra á Reykjum. Notast var við sólarorku og olíukyndingu við upphitun og nú í nóvember kom fyrsta uppskeran af grænlenskum bönunum. Voru ávextirnir dýrmætu boðnir til kaups og var hæsta boð fyrir einn banana 600 krónur danskar, jafnvirði rúmra 7.000 íslenskra króna, að sögn Bents Oleson, sem er garðyrkjustjóri í tilraunagarðyrkjustöðinni í Narsaq í suðurhluta Grænlands.

Frá þessu skýrir meðal annars kanadíski vefmiðillinn Nunatsiaq News og segir þar að fram til þessa hafi Ísland verið eina landið við norðurheimskautsbaug sem rækti banana. Þar segir meðal annars um Ísland: „Þökk sé auðveldu aðgengi að jarðhitaorku eru allir bananar sem þjóðin neytir ræktaðir þar í risastórum gróðurhúsum.“ Íslendingar kunna að hvá við þessu því þeir vita sem er að flestir bananar á Íslandi eru vandlega merktir bláa miðanum frá Chiquita. Margir vita þó að á Íslandi er hægt að rækta banana, einmitt vegna jarðvarmans, og að það hefur verið gert óslitið í Garðyrkjuskólanum á Reykjum allt frá því fyrir miðja síðustu öld.

**Bananaræktunarþjóðin Ísland**

Misskilningurinn um að hér séu ræktaðir nægir bananar til að fullnægja þörf landsmanna er þó útbreiddari en margir Íslendingar gera sér grein fyrir. Á netinu má finna fjölmargar síður á ýmsum tungumálum um bananaræktun Íslendinga og tengjast þær jafnt ferðalögum, jarðvarmavísindum og banönum. Stutt er síðan fullyrðing af þessu tagi var tekin út af alfræðiorðabókinni Wikipediu, en enn er hana að finna á Conservapediu, alfræði bandarískra íhaldsmanna. Í breskum vísindaþætti á dagskrá BBC-útvarpsstöðvarinnar var því haldið fram fyrir nokkru að Ísland væri einn helsti bananaframleiðandi heims og á ófáum heimasíðum er það nefnt sem forvitnileg og fyndin staðreynd að Íslendingar séu eina evrópska þjóðin sem rækti banana. Í vefsamfélaginu Facebook er meira að segja að finna umræðuhóp fólks sem vill knýja á um að Bretar flytji inn íslenska banana.

Raunar eru fá lönd í Evrópu þar sem bananar eru ræktaðir svo ef til vill er sannleikskorn í staðhæfingunum. Flestir bananar eru ræktaðir innan við tíu gráður frá miðbaug jarðar og óvíða er til nóg af orku til að hita upp gróðurhús þar sem ríkja þarf hitabeltisloftslag. Eyjan Krít er að öllum líkindum eina svæðið sem landfræðilega tilheyrir Evrópu þar sem bananar eru ræktaðir í atvinnuskyni, þó að á ýmsum nýlendum og eyjum sem heyra undir Evrópuþjóðirnar Spán, Portúgal og Frakkland séu þeir einnig ræktaðir. Öll þessi ræktun er þó í talsvert meiri mæli en sú á Íslandi, þar sem einungis eitt gróðurhús er lagt undir bananana.

> Í breskum vísindaþætti á dagskrá BBC-útvarpsstöðvarinnar var því haldið fram fyrir nokkru að Ísland væri einn helsti bananaframleiðandi heims

En hvað skyldi valda því að þessi hugmynd um yfirbyggðar íslenskar bananaplantekrur sé svo útbreidd? Víst er að útlendingum þykir mikið til þess koma að yfir höfuð sé hægt að rækta hér banana og heimsóknir í hið risavaxna gróðurhús Eden í Hveragerði, þar sem má finna eina bananaplöntu, voru löngum fastur liður í gullna hringnum sem flestir ferðamenn og erlendir gestir voru sendir í. Þeim sem hingað koma þykir það flestum tíðindum sæta að jarðhiti sé svo mikill á Íslandi að hann sé hægt að nota til að rækta hitabeltisplöntur sem alla jafna vaxa mun nær miðbaug. Ef til vill hefur ein bananaplanta orðið að heilu húsi og húsið svo að mörgum, eins og í sögunni um fjöðrina og hænurnar fimm. Þó er einnig hægt að ímynda sér að ferðahandbókahöfundur eða aðrir á leið um landið hafi fengið ávæning af áformum sem uppi voru hér á landi á árunum eftir seinna stríð um að hefja bananarækt í atvinnuskyni og sú staðreynd slæðst inn í frásagnir af landinu í bókum og blöðum erlendis og öðlast sjálfstætt líf.



**BANANARÆKTUN Á ÍSLANDI** Aðalsteinn Símonarson grípur á ungri bananaplöntu í gróðurhúsi sínu í Laufskálum í Borgarfirði.

**Melónur og vínber fín – og bananar**

Jarðhitinn er Íslendingum ómetanlegur við garðyrkju því með því að beisla hann er hægt að rækta hér margar skraut- og matjurtir sem annars þyrfti að flytja inn. Í bók Haraldar Sigurðssonar, Hallir gróðurs háar rísa, þar sem saga ylræktar á Íslandi er rakin, er sagt frá því að fyrsta gróðurhúsið sem var hitað með jarðvatni hafi verið reist árið 1924. Upp frá því voru gerðar tilraunir með alls kyns jurtir í íslenskum gróðurhúsum enda engar fyrirmyndir að fá að utan um hvað væri hægt að rækta með hjálp jarðhitans. Ferskjur, bananar, melónur, vínber, grasker, apríkósur og tóbak eru meðal þess sem þá var prófað með misjöfnum árangri.

Árið 1931 gefa stjórnvöld út reglugerð til að „takmarka sölu á gjaldeyri til kaupa á ónauðsynlegum varningi eftir því sem við verður komið“ þar sem heimskreppan hafði valdið verðhruni á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum. Á listanum yfir vörur sem ekki mátti flytja inn er að finna ýmsan almennan neysluvarning (sápu og ilmvatn, sáraumbúðir, jólaskraut, skó, vinnufatnað, skip o.m.fl.) og þar á meðal allar helstu garðyrkjuafurðir. Þessi lög eru enn hert árið 1934.

Þarna fengu íslenskir garðyrkjumenn svigrúm til að prófa sig áfram með ræktun á ýmsum matjurtum og blómum án þess að hafa áhyggjur af því að innflutt vara væri seld á lægra verði. Auk hefðbundinna matjurta eins og tómata og gúrkna voru hér meðal annars ræktaðar melónur og vínber fín sem voru svo send í Aðalstræti til kaupmannanna Silla og Valda, sem aftur máttu þekkja af þessum ávöxtum. Vínberjaræktun var raunar talsvert umfangsmikil hér á landi um tíma, þar til um 1950 þegar innflutningur á ávöxtum jókst. Sérstaklega voru vínberin vinsæl hjá setuliðinu sem þekkti slíkt góðgæti úr heimalandinu.

**Hitabeltisræktun á Íslandi**

Bananar eru mun vandræktaðri en vínberin en þó reyndu nokkrir garðyrkjubændur fyrir sér með ræktun þeirra. Heimildir eru fyrir því að fyrsta bananaplanta sem borið hafi ávexti hér á landi hafi verið sýnd á garðyrkjusýningu 1941, en það var Eiríkur Hjartarson, rafvirki í Laugardal, sem átti plöntuna. Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Hveragerði hóf að rækta banana á þeim árum. Á garðyrkjustöðvunum Víðigerði og Laufskálum í Borgarfirði var um hríð einnig stunduð bananarækt.

Bananarnir fóru illa með timburgróðurhúsin út af hitanum sem þar þurfti að vera og um miðja öldina jókst innflutningur á ávöxtum verulega. Er þess getið í bók Haraldar að Silli og Valdi hafi keypt inn íslenska banana frá Víðigerði á 60 kr. kílóið en erlendu bananana hafi þeir keypt á 16 kr. kílóið svo erfitt var að standast erlenda samkeppni í verði.

Þó að ekki sé lengur hægt að kíkja til Silla & Valda og ná sér í íslenskan banana á landsframleiðslan sé ekki meiri en svo að af og til séu bananar í boði á kaffistofu Garðyrkjuskólans má enn láta erlenda gesti gapa af undrun með því að sýna þeim Bananahúsið að Reykjum. Hveragerði er jú að öllum líkindum nyrsti bananaræktunarstaður heims – því að fyrrnefnt gróðurhús í Narsaq á Grænlandi liggur sunnar en Ísland.





## HVAÐ SEGIR Á NETINU UM ÍSLENSKA BANANA?

„Hvaða þjóð er stærsti bananaframleiðandi í Evrópu?
Ísland, 64 gráður norður, aðeins tveimur gráðum neðan við norðurheimskautsbaug.“

http://www.sln.org.uk/geography/SLNgeography@Iceland1.htm

## EINSTAKAR BANANAPLÖNTUR Á HEIMSVÍSU

Í Garðyrkjuskólanum í Hveragerði, sem nú heyrir undir Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, hafa íslenskir garðyrkjumenn gert tilraunir með ýmsa ræktun í gegnum árin en fastur punktur er bananaræktunin, og vekur hún hvarvetna athygli og undran. Bananaplönturnar eru allar af sömu upprunalegu plöntunni og bera enn ávöxt, yfir 65 árum seinna. Að sögn Magnúsar Ágústssonar, garðyrkjuráðunautar hjá Bændasamtökum Íslands, er uppskeran best í desember því þá hafa ávextirnir þroskast við bestu mögulegu birtuskilyrði yfir sumarið. Plönturnar eru höggnar niður eftir að þær gefa ávöxt og þess vegna geta þær orðið svona gamlar, því þær vaxa nýjar upp við hverja uppskeru.

Þar sem íslensku bananaplönturnar hafa fengið að dafna hér einangraðar frá því í seinna stríði hafa þær að sögn Magnúsar vakið áhuga erlendra vísindamanna, sem vilja kanna ónæmi þeirra fyrir sjúkdómum sem upp koma á bananaplantekrum og hafa jafnvel valdið því að uppi eru dómsdagsspár um að viss afbrigði banana geti orðið útdauð á fáum árum. Talið er að þar sem íslensku plönturnar eru svo gamlar geti þær búið yfir erfðavísum sem búið er að rækta út úr nýjustu afbrigðum. Bananaplöntur fjölga sér með rótarskotum og þau er vel hægt að flytja á milli landa eins og grænlenskir hafa gert, svo nú er mikilvægt að hlúa vel að íslensku plöntunum til að hægt verði að nýta þær til að bjarga heiminum frá bananalausri framtíð.

## BORGFIRSKIR BANANAR



Aðalsteinn Símonarson og Sigurbjörg Pálsdóttir stofnuðu garðyrkjustöðina Laufskála í Borgarfirði árið 1945 þegar þau byggðu stórt og mjög hátt gróðurhús sem sérstaklega var ætlað undir bananarækt. Húsið var tæpir 300 fermetrar og mjög hátt til lofts og þar ræktuðu þau banana í nokkur ár. Bananarnir voru settir á markað í Reykjavík í samstarfi við heildsalann Eggert Kristjánsson og seldust vel. „Hann keyrði þetta niður í Borgarnes og þaðan fór það með skipi til Reykjavíkur,“ segir sonur hjónanna, Kári Aðalsteinsson, um föður sinn.

En þurfti ekki mikið þor til að hefja svo framandi ræktun á Íslandi á þessum tíma? „Pabbi var náttúrlega alltaf þekktur fyrir tilraunastarfsemi svo ég held að það hafi ýtt honum út í þetta,“ segir Kári, en faðir hans ræktaði einnig meðal annars kaktusa og aðra þykkblöðunga.

Bananar voru þó aðeins ræktaðir í Laufskálum í um þrjú ár. Á þessum tíma voru öll gróðurhús úr timbri og húsið fór illa í hitabeltishitunum. „Það sem gerði út að þetta gekk ekki upp var að til að rækta banana þarf að vera mjög heitt og mikill raki og þannig skemmdust húsin fljótt,“ segir Kári.

Viðurinn fúnaði og gróðurhúsið skemmdist á fáum árum, auk þess sem farið var að flytja inn banana í meiri mæli að utan, en eftir stendur minningin um verk framtakssams fólks sem vildi kanna ítrustu mörk þess mögulega í garðyrkju á Íslandi.


JUST 4 KIDS
...ekki bara leikföng!
4.900 kr.
Svefnpokar
Svefnpokar með innbyggðri vindsæng.
Venjulegt lágvöruverð: 6.100 kr.
990 kr.
Little People
Þyrla, gæludýr og fleira.
Venjulegt lágvöruverð: 1.490 kr.
Jólasveinar koma í heimsókn um helgina!
4.990 kr.
Barbie rafmagnsgítar
Spilaðu uppáhaldslögin þín á Barbie gítarinn.
Venjulegt lágvöruverð: 5.990 kr.
9.990 kr.
RoboRaptor
Fjarstýrð risaeðla með hljóðum.
Venjulegt lágvöruverð: 11.990 kr.
ROBORAPTOR
4.900 kr.
Steffi hesthús
Dúkka og hestur auk 30 fylgihluta.
Venjulegt lágvöruverð: 5.600 kr.
Frumskógar Café
Pylsur, spagettí, salat, ís og kaffi.
6.990 kr.
RoboPet
Fjarstýrt gæludýr með ótrúlega mörgum skipunum.
Venjulegt lágvöruverð: 9.990 kr.
ROBOPET
HAFNARFJÖRÐUR
IKEA
JUST 4 KIDS
DÝRARÍKIÐ
REYKJAVÍK
50% afsláttur!
Stjórinn
Knattspyrnuspilið frábæra loks fáanlegt í Just4Kids.
Venjulegt lágvöruverð: 3.990 kr.
STJÓRINN
Just4Kids er ævintýraveröld með leikföng, barnahúsgögn, barnaföt og ungbarnavörur.
www.just4kids.is



**EFTIR MIKLA BARÁTTU** Ingimar, Guðmundur og Sævar eru misjafnlega langt leiddir eftir áralanga misnotkun áfengis og annarra vímuefna. Allir glíma þeir þó við sama sjúkdóm og alla dreymir þá um að ná bata. Þeir líta vel út enda láta þeir vel af vistinni. Þær hremmingar sem þeir hafa gengið í gegnum skyldi þó ekki vanmeta.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekki halda að veran hér sé auðveld

Meðferðarheimilið í Krýsuvík tekur við fólki sem er mjög langt leitt í fíkn og á flest fjölda meðferða að baki. Flest er þetta fólk sem hefur upplifað mikinn sársauka og þarf aðstoð við að fóta sig í samfélaginu. Þriðjungur hópsins dvelur í Krýsuvík í hálft ár og þykir það góður árangur. Karen Kjartansdóttir heimsótti Krýsuvík og kynnti sér mannlífið á staðnum og öfluga starfsemi.

Sagan segir frá systrunum Krýsu og Herdísi, dætrum Þóris nokkurs haustmyrkurs, fjandskapur ríkti á milli systranna og fór svo að þær lögðu ill álög á jarðir hvor annarrar. Þegar ekið er um Krýsuvík á Suðurnesjum, sem á að hafa tilheyrt þjóðsagnapersónunni Krýsu, er ekki laust við að mann gruni að álög hvíli enn á staðnum. Fáir staðir eru jafn hrjóstrugir, óvíða blása vindar jafn kröftuglega og á fáum stöðum er landið jafn örfoka. Það er eins og ekkert geti almennilega þrifist á þessum stað.

Meðferðarheimili Krýsuvíkursamtakanna var byggt sem skóli en var aldrei notað eins og upphaflega var ætlast til og stóð því autt í hálfan annan áratug. Við blasa ryðgaðar grindur gróðurhúsa, ummerki eru um hitaveituna í Seltúni og hrímaðir pollar á planinu gera aðkomuna enn kuldalegri. Lengst af hefur staðurinn hýst fólk sem ekki hefur þrifist í samfélaginu. Fólk sem jafnan er sagt að hafi ekki náð að blómstra.

### Staður fyrir fólk sem á litla von

Önnur upplifun tekur þó við þegar inn er komið. Í eldhúsinu er notaleg stemning, vistmenn ganga frá diskum sínum eftir hádegisverðinn, fá sér kaffibolla og halda svo flestir inn á setustofu eða í reykherbergið. Það kemur blaðamanni á óvart að yfir fólkinu á þessari stofnun hvílir ekki sá drungi, sem oft má finna fyrir á svipuðum stöðum. Flestir taka heimsókninni vel, bjóða blaðamann og ljósmyndara velkomna að sitja byrjun á svokölluðum grúppufundi og eftir smá spjall er litla feimni að finna meðal mannskapsins þó að ekki treysti sér allir til að sjást á mynd og koma fram.

Ungur hraustlegur maður í íþróttatreyju hvetur aðra til að koma fram. Telur að meðferðarstofnanir snúist um fólk og ekki gangi alltaf að í umfjallanir um þær séu aðeins prýddar myndum af húsnæði og andliti forstöðumanna. Það verði einungis til þess að fólk haldi að þeir sem þar leita þjónustu eigi að skammast sín. Hann kynnir sig því næst sem Guðmund Pál Andrésson og sest niður meðal annarra vistmanna í reykherberginu en opnar glugga um leið þar sem hann segist ekki reykja sjálfur. Hann er 26 ára, segist hafa stundað íþróttir alla tíð og ekki byrjað að drekka fyrr en hann var átján ára gamall. „Það virkaði samt illa á mig og fljótlega missti ég tök á öllu," segir Guðmundur. Hann er einn af fáum sem koma í Krýsuvík í sína fyrstu meðferð. „Ég vil gera þetta almennilega fyrst ég er að þessu."

### Löngu hættur að telja meðferðirnar

Tölfræði samtakanna sem reka staðinn sýnir að þorri þess fólks sem þar dvelur hefur farið í fleiri en fimm meðferðir áður en það kemur í Krýsuvík enda er staðurinn hugsaður fyrir það fólk sem er allra lengst leitt af fíkn og talið er eiga litla von á bata.

Sævar Már Indriðason 31 árs, sem situr næst blaðamanni, er einn þeirra. Hann tekur sér tíma til að ákveða hvort hann eigi að tala við blaðamann, segist hafa lent á síðum blaðanna í gegnum tíðina fyrir misjafna hluti. Eftir smá stund ákveður hann að láta á það reyna að koma sjálfviljugur í fjölmiðla enda segist hann vongóður um að ná bata í Krýsuvík.

Þegar blaðamaður spyr Sævar hve oft hann hefur farið í meðferð skellir hann upp úr: „Ég er löngu hættur að telja," segir hann og útskýrir að hann hafi tólf ára byrjað í neyslu. SÁÁ vilji ekki lengur taka við honum nema hann noti lyfið methadon sem ætlað er sprautufíklum sem neytt hafa heróíns eða morfínlyfja í langan tíma. Hann segist ekki vilja nota lyf til að sigrast á lyfjafíkn. Segir því næst hafa sprautað sig daglega í 11 til 12 ár, eða þar til nú.

Þessar upplýsingar koma blaðamanni á óvart því Sævar lítur hreint og beint vel út, annar vistmaður hvíslar því þó glettnislega að hann hafi litið töluvert verr út fyrir fimm mánuðum þegar hann mætti fyrst.

Sævar er nokkuð feimnislegur í fasi en það er alltaf stutt í glens í frásögn hans. Hann er augljóslega mjög vanur orðræðu AA-samtakanna, sem starfið í Krýsuvík byggir, á og skellir nokkrum sinnum upp úr þegar þekktar klisjur ber á góma í



**STEFNAN TEKIN Á BETRA LÍF** Una Jóhannesdóttir og Ásta Huld Iðunnardóttir láta vel af Krýsuvík. Ásta segir að sér þyki þó afar erfitt að kveðja dóttur sína. Hún hlakki þó til að sjá hana eftir meðferð og vill veita henni örugga framtíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég átti tvítugsafmæli á Skólavörðustíg og varð þrítugur á Hrauninu.
>
> SÆVAR MÁR INDRIÐASON

samræðunum. Enda kemur á daginn að hann hefur langa reynslu af vist á stofnunum. „Ég átti tvítugsafmæli á Skólavörðustíg og varð þrítugur á Hrauninu," segir hann og brosir þótt hann núi saman höndunum við frásögnina. „Það er ekki fyrr en hér sem mér finnst ég eiga von á að geta hætt," segir hann og kyngir. „Þetta er ekki geymsla eins og ég upplifði hinar stofnanirnar sem ég hef verið á."

Við þau ummæli hafa allir við einhverju að bæta. Mikið er talað um að styrkur, jákvæðni og samheldni einkenni starfið í Krýsuvík. Að öðrum meðferðarstöðum ólöstuðum sé þessi staður sá líklegasti til að skila því árangri. Tíminn, sem fólki í Krýsuvík er ætlaður til að vinna á fíkninni segir fólkið skipta sköpum, en lágmarksmeðferðartími þar er hálft ár. Einn þriðji vistmanna nær þó að halda sér á staðnum þann tíma

MAX

# Velkomin í Holtagarða og Kauptún

Tilboðin verða bara betri og betri

**1.989 kr.**

Fullt verð ~~6.989~~



Já við erum að meina þetta!

**Þráðlaus DECT sími**

Halló! Þetta er gargandi gott verð!

**Doro 720**
- Þráðlaus sími með R-takka
- Dregur 50m inni 300m utanhúss
- Rafhlaða - 10 klst. í tali - 100 í bið
- 50 nöfn og númer í skrá
- Birting á 50 síðustu hringinga
- Stillanlegur hljóðstyrkur í hlust
- Ýmsar stillingar á hringitónum
- Vekjaraklukka og takkalás
- Klukka og dagsetning
- Sjálfvirk svörun er tæki fer úr móðurstöð
- Setja má nafn á skjá handtækis
- Allt að 5 handtæki við móðurstöð
- Innanhússamtal með 2 handtækjum eða fl.
- Endurval síðustu 10 valinna númera
- Loka má fyrir hljóðnema í samtali
- Festa má móðurstöð á vegg

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI



## Örbylgjuofn

**Dantax M17L**
- 700W örbylgjuofn
- 17 lítra

**4.989 kr.**

Fullt verð ~~8.989~~

# Canon EOS 400D

## 10.1 Megapixel

**Canon EOS 400D**
- 10.1 Megapixel upplausn
- EOS innbyggð rykvörn
- 2.5" LCD skjár
- 9 sjálfvirkar fókusstillingar
- Tekur 3 ramma á sekúndu
- Allt að 27 rammar í raðtöku
- DPP RAW hugbúnaður



**74.989 kr.**

Fullt verð ~~89.989~~



**OBHNordica 4995**
- Skrefateljari
- Telur skref og kaloríur
- Hægt að slá inn þyngd
- Innbyggð Klukka
- Tekur 1 stk. LR43 rafhlöðu

**1.989 kr.**

Fullt verð ~~2.489~~



## Tannbursti

**Philips HX1622**
- Sensiflex tannbursti
- Með hleðslu
- Gum Protection System
- Double Cleaning Action
- Hleðslustöð fylgir

**2.489 kr.**

Fullt verð ~~3.589~~




**1.689 kr.**

Fullt verð ~~1.999~~



## Matvinnsluvél

**Philips HR7735**
- 700w matvinnsluvél
- Með blandara
- Margir aukahlutir

**9.989 kr.**

Fullt verð ~~11.989~~



## Sjálfvirk ROOMBA ryksuga

**iRobot 560 ROOMBA**
- Sjálfvirk ROOMBA ryksuga
- Tveir burstar fyrir gólf og teppi
- Hreinsar undir og í kringum húsgögn
- Fer yfir svæði a.m.k. fjórum sinnum
- Tvö „Virtual Wall Lighthouses" girða svæði
- Snýr sjálfvirkt aftur til hleðslustöðvar
- Nemur óhrein svæði og er lengur þar
- Fylgir veggbrúnum og nær vel inn í horn
- Stillir sjálfvirkt fyrir gólfi eða teppi
- Hleðslustöð og auka sía fylggja

**29.989 kr.**

Fullt verð ~~39.989~~

MAX RAFTÆKI

**OPIÐ TIL KL. 22:00 á fimmtudögum**

*Tilboðin gilda til 05. 12. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

**SUMARNÁM Í SÓLINNI**
Jóhanna Gunnarsdóttir ítölskukennari er að safna saman fólki sem vill læra ítölsku á Ítalíu næsta sumar.
FERÐIR 2



**LOK, LOK OG LÆS**
Óðinn Sigurðsson lásasmiður tekur á næstu dögum í notkun galdratæki sem lásasmiðir um allan heim hafa beðið eftir.
BÍLAR 4












Anna við Cherokee-jeppann á leið á æfingu hjá Lúðrasveitinni Svaninum sem heldur tónleika í Neskirkju klukkan 17 í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mosi ekta sveitabíll

***Anna Runólfsdóttir, verkfræðingur og bóndi, ekur um á vígalegum Cherokee-jeppa og notar hann bæði til fjár- og fólksflutninga. Hefur meira að segja selflutt heila lúðrasveit á honum yfir á.***

„Við fengum Cherokee-jeppann á Akureyri fyrir tæpum þremur árum. Hann er af árgerð 1997 og okkur leist vel á hann, enda var hann ekki ekinn nema 70 þúsund kílómetra þá. Hann er með 2,5 lítra vél, varahlutir í hann eru ódýrir og hann eyðir engum ósköpum af bensíni. Svo er hann fallega mosagrænn þannig að hann fellur vel að landinu,“ segir Anna og bætir við að bíllinn gangi stundum undir nafninu Mosi. „Sá sem við áttum á undan hét Gráni,“ segir hún til skýringar.

Cherokee-jeppinn hefur reynst afskaplega vel að sögn Önnu og er nú kominn í 140 þúsund kílómetra enda fer hann í hverri viku austur í Fljótshlíð þar sem Anna og hennar maður eru með sauðfjárbú á bænum Fljótsdal. „Jeppinn er oft notaður sem landbúnaðartæki til dæmis í smölunum og oft flytjum við lömb í skottinu. Við þurftum að smala milli ála í Markarfljótinu um daginn og jeppinn stóð sig vel. Enginn kvartaði nema kindurnar,“ segir Anna glaðlega.

Anna er ekki bara verkfræðingur og bóndi heldur líka gjaldkeri í Lúðrasveitinni Svaninum og í einni af útilegum sveitarinnar tók hún að sér að selflytja liðsmenn hennar yfir á. „Útilegan var í Þórólfsfelli og til að komast þangað þarf að fara yfir Þórólfsá. Ég hafði lofað að ferja mannskapinn á heyvagninum en það gekk ekki upp svo þá bjargaði jeppinn málum,“ segir Anna og bætir við að hann komi líka í góðar þarfir þegar flytja þurfi trommusett og aðra umfangsmikla fylgihluti lúðrasveitarinnar. Einnig sjái hann samviskusamlega um að koma henni á æfingar lúðrasveitarinnar sem hafi verið strangar að undanförnu enda séu tónleikar í Neskirkju klukkan 17 í dag.

*gun@frettabladid.is*



**Fótboltaferðir** eru hin mesta skemmtun fyrir fótbolta-áhugamanninn og því ekki úr vegi fyrir þá sem hafa áhuga á íþróttinni að skella sér í eina slíka.



Gerðu klárt fyrir veturinn með North Ice winter pakkanum.



North Ice winter pakkinn
Úlpa, snjóbuxur, flísmillilag, micróflís nærföt, húfa, lúffur og trefill.
Kr 19,500.

Icefin
Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • s. 5343177
www.icefin.is



Jóhanna Guðrún hefur víða dvalist við ítölskunám á Ítalíu og ber Scuola Di Italiano Dante Alighieri góða sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Endur, kýr og ólífuakrar

***Skammdegið er góður tími til að skipuleggja Ítalíuferð í sumar sem sameinar skólavist og skoðunarferðir, yl og afslöppun.***

Í litlum bæ í héraðinu Marche á Ítalíu er skóli sem tekur nemendur í mánaðarkúrsa í ítölsku. Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir, ítölskukennari í Háskóla Íslands og Menntaskólanum við Hamrahlíð, er að safna saman hópi sem hefði áhuga á vist þar í júní næsta sumar. Skólinn heitir Scuola Di Italiano Dante Alighieri og er í um 5.000 manna bæ sem heitir Castelraimondo.

„Marche er það hérað Ítalíu sem túristar setja hvað minnst mark sitt á því lítil áhersla hefur verið lögð á að kynna það sem ferðamannastað,“ segir Jóhanna Guðrún. „En þarna er góður skóli og þar eru mánaðarnámskeið í ítölsku sem kosta um 980 evrur. Inni í því er kennsla frá 9-13 á daginn, gisting í fínum íbúðum í grennd við skólann eða á bóndabæ og skoðunarferðir, þar á meðal til helstu menningarborga landsins eins og Rómar, Feneyja og Flórens. Einn af kostunum við skólann er að hann er í litlu þorpi og í guðs grænni náttúrunni, innan um endur og kýr, ólífuakra og sólblóm. Þó er það nálægt Adríahafinu, það eru aðeins 50 kílómetrar út að næstu strönd.“

Jóhanna kveðst hafa verið við þennan skóla í fyrra við nám og víða verið annars staðar á Ítalíu þannig að hún hafi samanburð. Um venjulegar kennslustundir sé að ræða og lögð áhersla á talæfingar og málfræði hjá góðum kennurum. „Ég hef verið í Róm, Flórens og víðar, bæði að læra og líka verið með hópa. Þetta er ólíkt því öllu. Kannski vegna þess að Castelraimondo er ekki túristastaður. Í menningarborgunum er svo margt sem fangar athyglina þannig að námið verður kannski í tíunda sæti en þarna er fólk í rólegu umhverfi og kemst ekki hjá því að einbeita sér að náminu. Síðan er skemmtilegt félagslíf innan skólans, sameiginlegir kvöldverðir, söngvakeppnir og fyrirlestrar sem tengjast sögu og menningu Ítalíu. Skólinn tekur um 250 manns í einu og er yfirleitt fullsetinn.“

Sjálf kveðst Jóhanna ekkert koma að kennslunni í Castelraimondo eða skipta sér af því hvernig fólk skipuleggi ferðir sínar þangað heldur verði til staðar. Hún segir yfirleitt mjög fínt veður á Ítalíu í júní en síðan geti farið að volgna verulega.

Jóhanna er með tölvupóstfangið johannag@hi.is. Þar getur fólk haft samband við hana og fengið frekari upplýsingar. Þeim sem vilja skoða heimasíðu skólans er bent á síðuna www.scuoladantealighieri.org.

*gun@frettabladid.is*




Nýi bæklingurinn um Kanarí.

# Fróðleikur um Kanarí

***Handargagn Íslendinga á Kanarí er fyrsta tölublað nýs rits.***

Ritinu er ætlað að fjalla um þau mál sem Íslendingum eru efst í huga, bæði ferðamönnum og þeim sem búa hér og kynna þá þjónustu sem býðst á Kanarí,“ segir Eva Hreinsdóttir, ritstjóri Handargagns Íslendinga á Kanarí. Hún segir þetta fyrsta tölublað hálfgerða tilraunaútgáfu en segir það þó gefa til kynna um framhaldið að einhverju leyti. „Margir halda að hér sé ekkert nema túrismi en við munum fræða fólk um menningu eyjanna, hátíðisdaga og sýningar,“ segir hún. *- gun*

Frábær sértilboð á góðri gistingu!

Kanaríveisla
23. og 30. janúar
frá kr. 34.990



*Mjög takmarkaður fjöldi íbúða í boði!*
Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Kanarí 23. eða 30. janúar.
Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað í 1 viku eða lengur. Bjóðum nú takmarkaðan fjölda íbúða á mörgum af okkar vinsælustu gististöðum á frábæru sértilboði, m.a. Los Tilos, Roque Nublo, Jardin Atlantico, Dorotea og Liberty. Einnig okkar vinsælu smáhýsi Parque Sol og Dunas Esplendido. Góðar gisting og frábær staðsetning.
Ath. takmarkaður fjöldi íbúða á þessu frábæra tilboðsverði.

Verð kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð á Roque Nublo, Los Tilos, Dorotea, Jardin Atlantico , Liberty, Parque Sol eða Dunas Esplendido í viku Aukavika kr. 12.000.

Verð kr. 34.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og tvö börn í íbúð á Dorotea, Roque Nublo, Los Tilos, Jardin Atlantico , Liberty, Parque Sol eða Dunas Esplendido í viku. Aukavika kr. 12.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Nýr bæklingur kominn út!




ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR
www.baendaferdir.is
s: 570 2790
ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

**Loðstígvélin** er tímabært að taka fram nú þegar kular að. Tími þeirra er svo sannarlega kominn og gott er að stinga köldum tánum ofan í loðfóðrað og mjúkt skótau.



# Út í hvaða veðri sem er

***Þegar kólna fer í veðri þarf að draga vetrarfötin fram. Hvort sem leggja á í gönguferð til fjalla eða bregða sér milli húsa innanbæjar er nauðsynlegt að klæða sig vel.***

„Það er ekkert til sem heitir vont veður, bara vondur útbúnaður," segir Emilía Magnúsdóttir, göngugarpur í ferðafélaginu Útivist, en hún hefur fengist við fararstjórn hjá félaginu. „Ég er búin að vera í Útivist í um það bil fjórtán ár og hef farið í margar gönguferðir, skíðaferðir, hjólaferðir og líka jöklaferðir."

Emilía, sem er kennari að atvinnu, fór meðal annars í hjólaferð til Hollands í sumar. Hún ferðast þó mest innanlands og hefur mikla reynslu í að búa sig út. „Maður hugsar þetta yfirleitt í þremur lögum innsta lagið eru þunn nærföt, síðerma og síðar buxur og mér þykir best að vera í ullinni. Það er mikið úrval núna af mjúkri ull og hún er alltaf hlýjust." En fyrir þá sem ekki þola ullina segir Emilía ýmis nærföt úr gerviefnum líka vera til. „Aðalreglan er að vera ekki í neinu sem heitir bómull og hún er eiginlega alveg bönnuð. Hvort sem maður svitnar eða blotnar eitthvað smávegis í hálsmáli eða framan á ermum þá er hún orðin köld og þornar ekki. Það er alveg óþarfi að eyða plássinu í farangrinum undir hana," segir Emilía og bætir við að flíspeysur séu þægilegar utan yfir ullarnærfötin og svo liprar göngubuxur sem eru fljótar að þorna.

„Maður þarf að passa að vera hlýtt í hálsinn og hlýtt á höfðinu því þar missir maður mesta hitann út og svo er áríðandi að vera með góða vettlinga og sokka og lykilatriði að vera í góðum gönguskóm. Oft er maður í þunnum sokkum innst til að fá ekki hælsæri þegar maður er að ganga," segir Emilía og mælir með mannbroddum í hálkunni úti núna og göngustöfum, sérstaklega þegar komið er út fyrir bæinn. „Svo þarf maður að vera í ysta laginu bæði vindheldu og vatnsheldu en að það andi og sjálf fer ég aldrei í regngalla." Emilía bætir því við að þegar það er mikil birta og sól sé gott að hafa góð sólgleraugu.

Hún segist ekki endilega hafa orðið vör við mikla tískustrauma í útivistarfatnaði annað en að úrvalið sé alltaf að aukast og almennt finnst henni fólk klæða sig skynsamlega í dag. „Það er kannski helst fyrst á haustin sem einhverjir eru lengi að taka við sér en mér finnst fólk mjög skynsamlega búið," segir Emilía sem ætlar að drífa sig í aðventuferð inn í Bása um helgina.

*heida@frettabladid.is*



Emilía Magnúsdóttir, fararstjóri hjá Útivist, kann að klæða sig eftir veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Fókus

SAND
WOMAN

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141



Tískuföt fyrir fasmiklar konur

StreetOne Uldahl

Stærðir 36-44



20% afsláttur af öllum vörum til 10. des.

YSJA

Grensásvegi 22 - 108 Reykjavík - Sími 553 4000 - Gsm 869 4131



Ás accessories heildverslun

RISA LAGERSALA

opið Fimmtudaga 12-19 og laugardaga 11-16

FATNAÐUR • SKART • TÖSKUR • GJAFAVARA • HÚFUR • VETTLINGAR OFL.

ERUM BEINT FYRIR AFTAN KFC HAFNARFIRÐI

DALSHRAUNI 17 • 220 HAFNARF. • SÍMI 865-6774



V E R S L U N

Guðsteins Eyjólfssonar sf



JÓLAGJÖF HERRANS

GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

VERSLUN GUÐSTEINS, LAUGAVEGI.



Ný kvennfataverslun

að Laugavegi 69 með flottum fötum hönnuðum af danska fatahönniðinum Anettu Nyrup Rask.



FRØKEN PIL

Laugavegi 69 • sími 551-0821

Frokenpilimnet.is



**Bílsæti** þurfa að vera þægileg hjá þeim sem keyra langar leiðir. Þar má nefna vörubílstjóra, rútubílstjóra og aðra sem vinna við akstur og eyða löngum stundum í bílsætinu.

# Óheppnin eltir í þrígang

***Óðinn Sigurðsson lásasmiður hittir oft önuga viðskiptavini í blábítið eða um hánætur. Lundin léttist þegar viðskiptin hafa gengið yfir.***



Óðinn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Neyðarþjónustunnar við Laugaveg, bíður spenntur eftir nýjum búnaði sem lækka mun mikið kostnað bíleigenda þegar lyklar nýrra bifreiða með flókinn öryggisbúnað týnast.

„Fólk er mikið að læsa lykla sína inni í bílum og týna þeim líka, en það er líka alltaf að versna að opna bíla án rétta lykilsins,“ segir Óðinn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Neyðarþjónustunnar við Laugaveg, en þar starfa fimm lásasmiðir á vöktum við að aðstoða gleymna bíleigendur.

„Á eldri bílum og hluta nýrri bíla er enn tiltölulega auðvelt að opna með okkar verkfærum, en oftast eru öryggiskerfi í nýjum bílum svo öflug að upplýsingar þarf frá umboði eða framleiðanda erlendis til að smíða nýjan lykil og opna,“ segir Óðinn sem finnur til með bíleigendum þegar öryggisþáttur bílsins er orðinn til trafala.

„Oftast fylgja tveir lyklar með nýjum bílum og þegar báðir týnast getur reikningur fyrir nýjan lykil hljóðað upp á nokkur hundruð þúsund þegar verst lætur. Í þeim tilfellum þarf að skipta um tölvu og allar læsingar í bílnum, en algengt verð fyrir nýjan lykil án svo mikilla vandræða er á bilinu 50 til 100 þúsund krónur frá framleiðendum,“ segir Óðinn sem á næstu dögum tekur í notkun galdratæki sem lásasmiðir um allan heim hafa beðið eftir og greiða mun úr vanda bíleigenda með flókinn öryggisbúnað.

„Með þessu nýja tæki eigum við að geta forritað og smíðað lykla í flestar tegundir bíla, meira að segja þótt umboðið geti ekki orðið að liði og allir lyklar séu týndir til að smíða eftir. Þetta verður mikil búbót fyrir bíleigendur því svona gleymska og óheppni verður sífellt dýrari,“ segir Óðinn, en útkall lásasmiðs til bíleigenda sem standa úti við læstan bíl sinn kostar 5.000 krónur á daginn og 8.000 á nóttunni.

„Þetta er virkilega algengt og gerist allan daginn, en tindarnir eru síðdegis frá fjögur til sex og á milli sjö og níu á morgnana þegar mestu frostin eru. Þá opnast læsingin ekki alveg vegna kuldategðu en fólk kemst inn í bíla til að ræsa þá og ná í sköfuna. Síðan hrekkur hurðin til baka og læsist,“ segir Óðinn og viðurkennir að skapið sé ekki alltaf upp á það besta hjá bíleigendum þegar starfsmenn Neyðarþjónustunnar mæta til hjálpar.

„Fólk er gramt út í sjálft sig og tekur reiðina út á okkur. Maður tekur því bara rólega. Oftast léttist brúnin þegar búið er að opna, en maður hittir mikið af pirruðu fólki í þessari vinnu. Það er mikið sama fólkið sem læsir sig úti og týnir lyklum, en líka fullt af fólki sem hefur aldrei áður læst sig úti en gerir það svo kannski í þrígang áður en óheppnin hættir að elta það.“

*thordis@frettabladid.is*

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerrusmíða
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
GT RADIAL
MAXXIS
Heilsársdekk
31" kr. 12.900
(31x10.50R15)
33" kr. 15.900
(33x12.50R15)
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði
JEPPADEKK.is
Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

100% VEFÞJÓNUSTA us.is
EIGENDASKIPTI ÖKUTÆKJA Á VEFNUM
Umferðarstofa, í samstarfi við Glitni og Kaupþing, býður nú þann möguleika að tilkynna eigendaskipti og ganga frá skráningu meðeigenda og umráðamanna bifreiða með rafrænum hætti á vef Umferðarstofu.
Kynntu þér þessa einföldu og þægilegu nýjung á www.us.is.
www.us.is
UMFERÐARSTOFA
GLITNIR

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17**

## BÍLAR & FARARTÆKI


Mótor & Sport



**AutoCleaner**

Robot ryksugur fyrir öll gólf með fjarstýringu, aðeins 27.800 kr.

**Mótor og sport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**www.motorogsport.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



HONDA CIVIC 1.8I LS Ssk Nýja lagið, árg. 2/06, ek 22 þ. km, flottur bíll. Verð 1.990 þ. TILBOÐ 1.850 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 110781 S. 567 2700.



TILBOÐ M.BENZ ML430 árg.'99, ek aðeins 70 þ km, Ssk 4.3L V8, Leður, Topplúga, Verð 2.590 þ TILBOÐ 2.100 þ STGR. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 110805 S. 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

100bilar.is



LO695) Dodge Durnago LTD, árg. 2006, ek.34þús.km, Verð 3490þús.kr. Gullfallegur bíll!!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**


### Bílar til sölu



Sjálfskiptur Toyota Tacoma árg 2000 ekinn 140þ Verð 30þ út og yfirtaka 620þ afb 13þ f.uppl 857-7245



Toyota Corolla 1,6 árg 2000 ek 133þ 5g Verð 120þ út og yfirtaka 530þ afb 16þ f.uppls 857-7245



Touareg V8 '04 ek. 60 þ. km. Mjög fallegur bíll með öllu. Þjónustuskoðaður. Lán 3,6 m. kr + 350 þús. Uppl. í s. 858 6709.



Vel með farinn Galloper '99 Ek. 146 þ., CD og ssk. V. 490 þ. S. 856 4213 & 692 2004



Mazda6 MPS 2.3 Turbo, 260 hö, 4x4. Árg. '07. Ekinn 17 þús. Verð 3.400 þús. Uppl. í s. 899 5028.



Til sölu VW, ek. 68 þús. Ssk, dvd, dráttarbeisli, 2 gangar sumardekk, 1 gangur vetrardekk, bekkur aftur í og hiti, topplúga, mjög gott eintak. Uppl. í s. 868 9666.



Audi TT árg. '99 Nýleg tímareim. Ek. 114 þús. Þarfnast lagfæringar. Yfirtaka á láni, áhv. 1.250 þús. Eingöngu áhugasamir hafi samband. S. 699 0967.



BMW 735i '99 ek. 94 þ. einn m/öllu í toppstandi. Vetrardekk. V. 1450 þ. S. 856 7481.



Renault Megane Berline Yfirtaka á láni ÁRG 2005 EK 33Þ 5 GÍRA, NÝBÚINN Í 30Þ KM SKOÐUNN, BÍLL Í FRÁBÆRU ÁSTANDI, AÐEINS YFIRTAKA Á LÁNI CA.20Þ Á MÁN UPPL Í SÍMA 822 5310.



M.Benz E200 K árg. 04/2004 ek. 58 þús. Ssk, topplúga ofl. Verð 3.690 þús. Tilboð 3.240 þús stgr. Áhvílandi 2.800 þús. Afb. Ca 50 þús. Mjög sparneytinn og skemmtilegur bíll. S. 820 1125.



**Fallegur Bíll**

Bmw320i exclusive árg.2006 ek.16 þús. bensín, sjálsk/beinsk., leður, rafmagn ofl, sumar/vetradekk, 17"felgur, Áhvílandi kr. 3.490.000 fæst fyrir yfirtöku+400 þús. upplýsingar um bílinn í síma 691 5307.



Til sölu Renault Megan árg. 11/01. Ekinn 94 þús skoðaður í toppstandi. Áhvíl 370 þús. AFBORGUN 10 þús. á mán. Uppl. 849 1111.



Subaru Impreza WRX, árg. '02, ek. 75 þús. Sjsk. Ný vetrardekk. V. 1.450 þús. Uppl. í s. 849 3751.



2006 BMW-X5 bensín, 4X4 3.0L 6 cil. sjálfskiptur, ekinn 23.000 km. með leðri og öllum aukahlutum, Verð staðgr. 6.4 millj. Glæsilegur bíll, uppl. í s. 892 5597.



Mazda3 12/05 ek. 22 þ. km sjsk. Verð 1720 þ. Vetrard., sumard., álf. Áhv. 1040 þ. Uppl. 858 8172.



Audi A4 Quattro árg. 2007 ek.13 þús 200.hö. Leður, lúga. Engin skipti! V. 3990 þús. stgr. Uppl. í s. 821 4068.



M.Benz E320 4matic árg. '98, ekinn 152 þ. km er skoðaður '08, verð 1.500 þ. kr. S. 847 1709.



Toyota Avensis 1,8.2001, ek. 83 þ. Ssk. Góður bíll. Lán fylgir í s. 896 1765.



Audi S4 Quattro 2005. 350 hö., 6 gíra, aldrif, sóllúga, Recaro innrétting, OZ felgur, rafm. í öllu, sem nýr, ek. 39 þ. Verð 5,9 mil. Ath. skipti á pickup. Uppl. í s. 894 9002.



Mercedes Benz E320 dísil '04 til sölu. Eyðslugrannur en kraftmikill. Ekinn 68 þ. km. leðursæti m./rafm. og hita, DVD, navi, bakkskynjarar, ssk., ný vetrardekk, topplúga, og margt fleira. Uppl. í síma 557 7798, Sigurður.



MMC Pajero DID Dakar 10/'04 ný nagladekk á felgum, vel búinn glæsilegur bíll. Ek. 93 þ. V. 4250 þ. S. 861 7414 & 867 3563.



Mitsubishi Galant V6 '97, sk. '08, sjsk, cd, cruise c, o.fl. Verðh. 290 þús. Uppl. í s. 868 5090 e. kl. 16.



**Verð 990 þ.**

Toyota Corolla árg. '05 Zedan Bsk. 1400 Ek. 70 þ. V. 1290 þ. Fæst á 990 þ. S. 868 8377.



Audi A4 1800, árg. '00, ek. 100 þús. km, bsk, verð 1.090.000 kr. S. 861 9095, Hannes.



Maxda MPV 7 manna, hlaðinn aukahlutum. Uppl. í síma 844 4111, Guðrún Lilja.



Grand Cherokee Laredo, árg. 1998, ek. 159 þús. km. Verð 800 þ. Skipti mögul., gott stgr. S. 896 7656.



Toyota Rav4 árg. 12/01, ek. 102 þús. sjsk., sk. '08. V. 1490 þús. Áhv. lán getur fylgt. Uppl. í s. 862 3308.



Mercedes Bens E220 diesel árg. '96 V. 540 þ. Sk. '08 S. 825 3065.



Landrover Freelander árg. '98 í góðu standi. Ný tímareim, topplúga, rafmagn í rúðum. Ek. 112 þ. Verðtilboð. S. 862 3541.



Opel Astra 1600, árg. '00, sjsk, ek. 123 þús. V. 390 þús. Uppl. í s. 868 0401.



Subaru Impresa Gt turbo, árg 06/99 ek. 98 þús., 3" blitz púststerfi, 17" sumar- og vetrardekk. 2004 vél af VRX turbo mótor. Mjög gott eintak. Verð 1600 þús., ath. skipti á dýrari.



Toyota LandCruiser GX120, skr. 11/05, ek. 32 þús. Sjsk, dísel, krókur, bakkskynjarar. V. 4.460 þús. Uppl. í s. 864 3759.



Nissan Micra 2001, ekinn 107 þús. Vetrardekk. Nýskoðaður. S. 899 8512.

### BÍLAR TIL SÖLU

**BMW X5 árg. 2006. Ekinn aðeins 19.500 km.**



Fallegur bíll! Hvítur / ljóst leður að innan. Sem nýr!
Verð aðeins 5.900.000.- FOSSHAMAR ehf. Sími 893 0200.

**Mercedes Benz GL-450 árg. 2007. Ekinn 12.600 km**



Stórglæsilegur! Silfursanseraður. Leður/öskugrátt. 7 manna. DVD / 2 skjáir. Loftpúðafjöðrun. Hiti í framsætum. Fjarlægðaskynjarar. 2 sóllúgur ofl. ofl.
Bíll með frábærum aukabúnaði og kostar nýr rúmar 12 milj.
Er í ábyrgð! Verð aðeins : 8.900.000.-
Fosshamar ehf. Sími 893 0200.

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 1. DESEMBER 2007



**HÖNNUN**

## Húllahringir og rólufjör

**JÓLABORÐIÐ**

## Ævintýrablær á matarborðinu

**INNLIT**

## Eldhússtúss á toppnum

FRÉTTABLAÐIÐ


Nýkomið mikið úrval af sófasettum í leðri og áklæði

Sígild húsgögn



Sófsett 3+1+1 - Þykkt nautaleður
Litir: Ljóst og brúnt - Verð kr. 289.000.-
**Tilboðverð kr. 239.000.-**



Kommóða
m/5 skúffum
úr hnotu
Breidd:78 cm
Dýpt:38 cm
Hæð:90 cm
**Verð kr. 24.900.-**



Kommóða/náttborð
m/3 skúffum úr hnotu
Breidd:52cm/Dýpt:32cm/Hæð:79cm
**Verð kr. 11.900.-**

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
Opið virka daga kl. 10-18 / Laugardaga 11-16
Sunnudaga kl. 13-16



Afar vandaðir stólar
með dralon plussi
**Verð kr. 19.900.-**



HEIMILISHALD

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR

# Glæpastarfsemi í heimahúsi

Kaupglöðu vinkonum mínum finnst alltaf jafn óþolandi þegar mennirnir þeirra eru að hnýta í ferðir í Epal og IKEA. Á sumum heimilum er þetta svo mikið þrætuepli að það liggur við hjónaskilnuðum.

Þegar þær voru að kvarta yfir þessu um daginn kom ég með það ráð að þær yrðu að fara sér hægar og pródúsera kaupin betur. Þær þyrftu ekkert að hætta að sjoppa, þær yrðu bara að vanda sig. Mitt fyrsta ráð var að koma ekki með pokana alla inn í einu því þá bæri minna á kaupunum. Annað ráð var að lauma hlutunum inn að næturlagi og þriðja ráðið var að þykjast vera með varninginn í heimaláni. Það klikkar aldrei og má heimfæra upp á flestöll kaup.

Svo benti ég þeim á að kaupglaðar konur þyrftu helst að eiga eiginmenn með athyglisbrest eða menn sem vinna mjög mikið og eru aldrei heima. Þá eru minni líkur á að þeir taki eftir þegar bætist við góss heimilisins.

Og svo má benda á að með tímanum lærir maður inn á sinn mann og sér hvað virkar. Heima hjá mér fel ég mig alltaf á bak við það að hluturinn sé ekki nýr – hann hafi bara verið á minna áberandi stað á heimilinu, niðri í kjallara eða í geymslunni.



Í fyrra versnaði þó í því. Þegar fjölskyldan flutti bráðvantaði okkur fleiri borðstofustóla. Þegar ég ræddi það við yfirvaldið varð stemningin eitthvað dræm og hann brást þannig við að nú þyrftum við að spara og þetta væri ekki alveg á „budgetinu“. Ég sá þó fram á að þetta gengi ekki upp því ef einhver kæmi í heimsókn þyrfti viðkomandi að sitja á gólfinu. Ég tók því á mig rögg, keypti fleiri stóla í viðbót og kom þeim fyrir við borðstofuborðið meðan yfirvaldið var að vinna fyrir reikningunum. Þegar hann kom heim jókst hjartslátturinn því ég var svo hrædd um að hann fattaði þetta með stólana og var búin að setja upp alls kyns leikrit í kollinum til að bjarga mér út úr þessum aðstæðum. Svo leið tíminn, mánuður eftir mánuð og aldrei minntist hann á stólana. Þegar líða fór að jólum gat ég ekki setið lengur á mér. Ég sá það fyrir mér að ég myndi ekki eiga gleðileg jól ef ég myndi ekki játa glæpinn. Þegar ég loksins létti á hjarta mínu fékk ég mjög óvænt viðbrögð, hann hafði bara ekki tekið eftir neinu. Auk þess mundi hann ekkert eftir umræddu samtali. Nú líður að jólum og aldrei þessu vant er ég með hreinan skjöld og þarf ekki að játa neina glæpastarfsemi. Ætli samviskan hverfi þegar glæpunum fjölgar?

> Með tímanum lærir maður inn á sinn mann og sér hvað virkar. Heima hjá mér fel ég mig alltaf á bak við það að hluturinn sé ekki nýr – hann hafi bara verið á minna áberandi stað á heimilinu, niðrí kjallara eða í geymslunni.




● **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók þessa mynd af Brynhildi Pálsdóttur vöruhönnuði á heimili sínu í miðbæ Reykjavíkur. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.


# Húllahringir og rólufjör

● Marý er vöruhönnuður og útskrifaðist úr Listaháskólanum í júní á þessu ári. Hún hannaði skemmtilegan stól í skólanum.

„Við vorum að vinna út frá tónlist eða lögum og hugmyndin frá mér kom úr æsku. Ég endaði á laginu „Komdu niður“ sem er lag sem minnir mig á æsku mína. Það fyrsta sem kom upp í hugann voru húllahringir en ég húllaði mikið sem barn og átti rólu úti í garði. Þetta var eitt af því skemmtilegasta sem ég gerði á þessum tíma. Út frá því kemur formið og þá þessi hreyfing í forminu sem er flæðandi og endar hvergi, þetta er alveg heilt form,“ segir vöruhönnuðurinn Marý sem hannaði skemmtilegan stól í Listaháskólanum. Hún bætir við að rólutilfinningin komi út frá því að stóllinn dúar og gefi þannig róandi og þægilega tilfinningu.

Stóllinn er úr málmi með bólstruðum sessum og er að sögn Marýar mjög þægilegur. Hann var gerður árið 2006 og er þetta prótótýpa og því sá eini sinnar tegundar. „Ég fékk mjög elskulegan mann til að hjálpa mér að smíða stólinn en ég var við hliðina á honum allan tímann og sagði honum til,“ segir Marý kímin og heldur áfram: „Síðan fékk ég bólstrara til að bólstra sessurnar og var þá yfir honum líka til að segja hvað ætti að gera.“ En er ekki flókið að hanna óhefðbundinn stól eins og þennan hvað viðkemur burðarþoli og þess háttar? „Ég er nú enginn verkfræðingur en miðað við þykkt rörsins, sem er týpískt húsgagnarör sem er í flestum stólum, reiknuðum við gróflega út að þetta myndi ganga. Það var hins vegar ekkert öruggt fyrr en stóllinn var tilbúinn og prófaður og þá virkaði hann í raun eins og ég hafði vonast til,“ útskýrir Marý.

„Stóllinn er mjög þægilegur. Ég sit oft í þægilegri stellingu með fæturna uppi í stólnum en hann er hugsaður þannig og þá dúar hann frekar,“ segir Marý. Stóllinn heitir „Be merry“ sem vísar í kátínu, léttleika, ró og vellíðan æskuáranna en hefur þó einnig tilvísun í nafn hönnuðarins. Marý er sjálfstætt starfandi með vinnustofu í miðbænum og er um þessar mundir að fylgja eftir Dyggðateppinu sem hún hannaði og hefur vakið mikla athygli. „Sem stendur er ég að vinna í mínum eigin verkefnum en svo tek ég líka að mér önnur verkefni. Nú er dyggðateppið nýlega komið í sölu en það er vélprjónað ullarteppi unnið úr íslenskri ull og framleitt á Íslandi,“ segir Marý en hún hefur hugsað sér að allar þær hugmyndir sem finna má á heimasíðu hennar, www.mary.is, hafi möguleika á að fara í framleiðslu.



**Stóllinn minnir á gleði, fjör og notalegheit æskuáranna en Marý segir að húllahringir og róluferðir hafi verið sér ofarlega í huga þegar hún minntist æskuáranna.**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*hrefna@frettabladid.is*

## hönnun

● **MINT INC** hannaði þessa fallegu salatskál og er til þess gerð að vekja athygli í hvaða matarboði sem er. Skálin er úr háglansandi, hálfgagnsæju gleri og með henni eru salatáhöld úr burstuðu stáli sem eru skemmtilega hönnuð þannig að þau liggja saman og líta út fyrir að vera stór skeið. Skálin er úr tveimur lögum af gleri og er innra lagið hvítt og gefur það henni glæsilegt yfirbragð. Skálin er tilvalin fyrir salat, súpur og pasta og er sérlega fallegur gripur á borðstofuborðið.






Vörn gegn brunaslysum frá Danfoss
Termix One tengigrind til hitunar á neysluvatni

- Stillanlegt hitastig neysluvatns
- Stórminnkar slysahættu af völdum heita neysluvatnsins
- Jafn þrýstingur á heitu og köldu neysluvatni, lengir líftíma blöndunartækja
- Léttari þrif, enginn kísill á flísum og hreinlætistækjum
- Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu
- Snyrtileg hlíf fylgir

Danfoss

www.danfoss.is

STILLUM HITANN HÓFLEGA

www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

# Sofðu vel um jólin

## Vaxtalaust jólatilboð, 6. mán.

JÓLATILBOÐ

### Hágæða hlífðardýnur, lök og konfektkassi fylgja öllum stillanlegum rúmum.

### Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráð hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm kr. **219.900** stgr.

**PROFLEX**








Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm kr. **369.900** stgr.

### Sá nýjasti og besti frá Leggett

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðamót úr næloni.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Eirberg

Swopper vinnustóllinn
• Bylting fyrir bakið
• Styrkir magavöðvana
• Frelsi í hreyfingum
• Ánægja við leik og störf
• Fæst í ýmsum litum
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



GEORGE FOREMAN
Nýtískuleg hönnun og mismunandi stærðir

GR-19 Með brauðhitara, alm. verð kr. 6.990.-
GR-26 Með burstuðu stáli, tímastilli og hitarofa, alm. verð kr. 9.990.-
GR-35 Stærra en GR-26, Með burstuðu stáli, tímastilli og hitarofa, alm. verð kr. 13.500.-
Nánar á: www.marco.is
Útsölust.: Byko, Elko, Max, Byggt og búið, Hagkaup, Heimilistæki, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Geisli 900, Árvirkinn 800, Öryggi 640, Kaupf. Skag. 580, Samkaup 545, Krákur 540, Þristur 400,


# Þau eru systkin þín

● Jólagjafir með fegurð, manngæsku og tilgang verða góðhjörtuðum falar í hillum jólabúðar UNICEF á Laugavegi 42 frá og með mánudeginum 3. desember. Þá hefst sala á jólakortum og gjafavörum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Jólakort Barnahjálparinnar hafa verið seld í sjálfboðavinnu á Íslandi í næstum hálfa öld og er enn traustur grunnur að starfi hennar um allan heim, enda rennur allur ágóði af sölu jólakorta og gjafavara til verkefna Barnahjálparinnar.

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna stendur stolt vörð um handverk og menningu þjóða, um leið og hún gætir þess að vörurnar séu í hæsta gæðaflokki og á góðu verði. Sumar vörurnar eru unnar af ábyrgum fyrirtækjum í Afríku og Asíu og þannig geta kaupendur verið vissir um að börn séu ekki notuð við framleiðslu vörunnar, að engin náttúruspjöll séu unnin af viðkomandi fyrirtæki og að fyrirtækið sé ekki tengt misferli eða spillingu. Í sumum tilvikum veita fyrirtækin bágstöddum konum atvinnutækifæri og fjölskyldum þeirra betri lífsgæði um leið.

UNICEF trúir því að öll börn þurfi vernd, öryggi og umhyggju og eru staðráðin í að veita hverju barni þá barnæsku sem það á skilið; tækifæri til að leika sér, læra og láta sig dreyma. Á hverjum degi snertir Barnahjálpin líf bágstaddra barna í yfir 150 löndum; veitir þeim menntun, heilsugæslu og vernd gegn ofbeldi, misnotkun og sjúkdómum. Hún er einnig stærsti kaupandi bóluefna og malaríuneta í heiminum og þegar neyð skellur á af völdum náttúruhamfara eða stríðs er hún ein af þeim fyrstu til að veita hjálp og bjarga lífi þúsunda barna.

Með því að kaupa jólakort og gjafavörur UNICEF tekur fólk virkan þátt í mikilvægum verkefnum og færir börnum um allan heim gleði og von.

Jólabúðin verður opin alla virka daga fram að jólum frá kl. 12.00 til 18.00.

*-þlg*




**1. Stilltur logi** af rauðu kúlukerti með gylltri skreytingu sendir friðarvon um allan heim.

**2. Fögrum friðarfuglum** til jólaskreytinga fylgir von um heilög jól fyrir öll mannanna börn.

**3. Litrík og dúnmjúk** fiðrildislirfa með tölustöfum til að læra á.

**4. Land Rover-jeppa** af þessari gerð þekkja flest börn úr fréttunum og ekki dónalegt að eiga einn. fórum sínum.

**5. Undurfalleg jólakúla** á jólatréð, með myndum af hamingjusömum börnum af öllum kynþáttum.


weber

reddot design award
Söluaðilar.: Garðheimar - Húsasmiðjan - EGG - Búsáhöld, Kringlunni - Pottar og Prik, Akureyri
www.weber.is


## í eldhúsið

### ● SKORIÐ MEÐ STÍL



Ekki eru allir ostaskerar eins og eru sumir jafnvel ansi ábúðarmiklir. Hinn klassíski netti ostaskeri sem notaður er á Íslandi og víðar á Norðurlöndum er norsk uppfinning og þó að flestum okkar þyki þetta einn sjálfsagðasti hlutur í heimi þá er það ekki svo. Víða um heim þekkist okkar litli og praktíski skeri ekki og væri jafnvel hægt að fara í útrás með þann litla þar sem flestir sem komast á bragðið falla fyrir honum. Hann er fyrirferðarlítill og gerir sitt gagn og felast töfrar hans í einfaldleikanum. Ostaskerinn sem við sjáum hér er þó ekki síður glæsilegur þótt hann sé heldur fyrirferðarmeiri. Hann er frá þýska fyrirtækinu Froma og er úr burstuðu stáli og með grönnum vír sem sker ostinn. Undir skeranum eru gúmmífætur svo hann renni ekki til. Smekkleg og falleg hönnun sem sómir sér vel á hverju borði.



*- hs*

# GLÆSILEIKI VIÐ SJÁVARSÍÐUNA

ÍAV



## NÝTÍSKULEG FJÖLBÝLISHÚS

Norðurbakki 15–21 eru fjögur stórglæsileg fjölbýlishús, hönnuð af arkitektastofunni Batteríinu. Húsin eru við sjávarsíðuna á móti suðri og í göngufæri við alla þjónustu í Hafnarfirði. Frágangur er mjög vandaður. Íbúðum er skilað fullbúnum með parketi á gólfum en baðherbergi og þvottahúsgólf eru flísalögð. Húsin eru einangruð að utan, klædd með álklæðningu og að hluta með harðvið. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Húsin þarfnast því lágmarksviðhalds.

Húsin eru á fjórum og fimm hæðum með sameiginlegri bílageymslu. Alls eru átta stigahús með tveimur eða þremur íbúðum á hverri hæð um hverja lyftu.

- **Viðhaldslítið**
- **Stór og björt rými**
- **Sérstaklega er hugað að hljóðeinangrun**
- **Gólfhiti**
- **Gluggar ná niður í gólf**
- **Góð lofthæð**
- **Tvennar svalir með flestum íbúðum**
- **Einungis tvær eða þrjár íbúðir á hæð um hverja lyftu**
- **Mynddyrasími**
- **Snjóbræðslukerfi í göngustígum**
- **Loftskiptakerfi**
- **Brunaviðvörunarkerfi**
- **Færanlegir vindskermar á svölum**
- **Nútímalegar innréttingar með eldunareyju**
- **Íbúðir eru afhentar fullbúnar með gólfefnum**

**Dæmi um 3ja herbergja íbúð**




**Þessir hlutir fylgja ekki með íbúð**

## FRAMSÝNT FYRIRTÆKI Á TRAUSTUM GRUNNI

ÍAV byggja á rúmlega hálfrar aldar reynslu og leggja metnað sinn í að gera vönduð hús og íbúðir sem standast ítrustu kröfur. ÍAV er traust fyrirtæki sem hefur byggt um 2.000 íbúðir hérlendis. ÍAV eru eitt elsta og reynslumesta fyrirtæki á landinu á öllum sviðum mannvirkjagerðar, bæði hvað varðar framkvæmdir og þróun nýrra leiða á fasteignamarkaði. Íbúðir og hús ÍAV eru ekki bara traust heldur einatt nútímaleg og vel hönnuð.

ÍAV hafa í gegnum árin fengið fjölmargar viðurkenningar fyrir hönnun og frágang.



## LÓÐIN

Sameign og lóð eru fullfrágengin með snjóbræðslukerfi í bílageymslurampa og hellulögðum göngustígum og bílastæðum. Brunaviðvörunarkerfi er í sameign og íbúðum og lyklalaust aðgengi að stigahúsum.

Í bílageymsluhúsi er aðstaða til bílaþvotta og á þaki bílakjallarans er sameiginlegur garður með leiksvæði, garðbekkjum og púttvelli.

# Eldhússtúss á toppnum

Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður leigir litla risíbúð á Grundarstíg. Þar nýtur hún þess að gera tilraunir í eldhúsinu þegar hún á lausa stund frá erilsömu starfi sem hönnuður og kennari.

„Skemmtilegast við íbúðina er að vera á toppnum efst uppi þegar það er brjálað veður og þá hristist allt. Útsýnið er mega flott og svo hvað hún er lítil og hvað það er gott að dunda sér hérna inni," segir Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður sem leigir litla risíbúð á Grundarstígnum af Þóru vinkonu sinni.

„Ég get bara búið á tveimur stöðum held ég, annaðhvort í miðbæ Hafnarfjarðar eða í miðbæ Reykjavíkur. Þar er lífið og mér líður vel hérna í miðbænum. Í úthverfunum sér maður aldrei fólk á ferli og það er mikill kostur að geta labbað í bankann og allt sem maður þarf en í úthverfunum kemst maður ekkert nema á bíl, það er eitthvað vitlaust við það," segir Brynhildur sem hefur nóg að gera sem hönnuður.

„Núna er ég að kenna í Myndlistaskóla Reykjavíkur í nýju námi sem heitir Mótun. Það er keramiknám þar sem er lögð áhersla á hönnun en ég kenni hugmyndavinnu í tengslum við það," segir Brynhildur en lokasýning nemenda verður föstudaginn 7. desember.

Brynhildur hefur einnig unnið ötullega að verkefni sem nefnist Vík Prjónsdóttir en það er samvinnuverkefni hönnuða við prjónastofuna Vík í Mýrdal.

„Svo er maður bara með alls konar verkefni í gangi, t.d. Borðið sem er hönnunarfyrirtæki sem ég rek með Guðfinnu Mjöll Magnúsdóttur þannig að það er nóg að gera við að vera hönnuður í dag."

En hefur Brynhildur þá einhvern tíma til að vera heima við? „Ég nenni ekkert að liggja uppi í sófa, jú stundum nenni ég því. Það er svo sjaldan sem maður hefur heilan dag heima hjá sér en þegar það gerist er gaman til dæmis að tilraunast í eldhúsinu," segir Brynhildur og tekur dæmi af notalegum sunnudegi þar sem hún eyddi átta tímum í að baka brauð í leirpotti. „Og núna er ég að undirbúa marmelaðigerð," segir Brynhildur. Hún bætir því við að hún sé ekki enn þá búin að festa ræturnar þannig að hún eigi ekki stóra búslóð.

„Húsgögnin skipta ekki mestu máli, frekar bækurnar og að hafa smádótið sitt með sér. Maður er þó byrjaður að safna að sér hlutum sem maður getur ekki verið án, litl-



Bókahillan svignar undan áhugaverðum bókum. „Þegar ég fór til Amsterdam reyndi ég að taka með mér allar bækurnar mínar því ég nota þær svo mikið," segir Brynhildur.



Brynhildur með regnbogasilung sem keyptur var í dótabúðinni þar sem Tom Hanks fékk starf í myndinni Big. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Svefnherbergið er notalegt undir súð og litríkar slæður hafa verið lagðar yfir stólbak.



„Mikið af húsgögnunum tilheyrir Þóru vinkonu en svo kemur eitthvað frá ömmu minni t.d. borðstofustólarnir. Viðgerðin á borðstofustólnum er frekar nýleg en amma verður örugglega bara ánægð með hana," segir Brynhildur.



„Fyrir síðustu jól gerðum við Þóra í sameiningu sirkussúluna í eldhúsinu, Þóra valdi gula litinn og ég er bara mjög ánægð með hann," segir Brynhildur sem dundar sér mikið í eldhúsinu.


FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Queen size 153x203)
kr. 98.500
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Twin XL 97x203)
kr. 74.900
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(King size 193x203)
kr. 135.900
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Cal King size 183x213)
kr. 129.500
Til í mörgum litum
JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
CLOW (200x120)
kr. 64.000
Til í mörgum litum
JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
SOPHIA (190x120)
kr. 55.000
Til í mörgum litum
JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
T160
kr. 129.500
JÓLATILBOÐ
FRANCISCO
Fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (90x200)
kr. 195.000
JÓLATILBOÐ
PABLO
Fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (80x200)
kr. 117.500
JÓLATILBOÐ
S CAPE WALLHUGGER
með heilsudýnum
frá King Coil (97X203)
kr. 285.000
Bjóðum upp á vaxtalausar greiðslur í 6 mánuði á Wallhugger.
MYNDIRNAR Í AUGLÝSINGUNNI ERU EKKI ALLTAF
NÁKVÆMLEGA ÞÆR SEM EIGA VIÐ TILBOÐSVERÐIÐ
COMFORT solutions
By King Koil
AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.
King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).
LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
Good Housekeeping
Promises
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

um hlutum sem kveikja í manni og veita innblástur.“

Vasarnir eftir Hellu Jongherious sem gerðir voru fyrir IKEA skipa stóran sess í stofukróknum en hönnuðurinn er í miklu uppáhaldi hjá Brynhildi. Eins legóbeinagrinda-amman sem situr innan um skemmtilegt smádót í bókahillunni. „Hana fann ég í legóbúð í Hamborg og svo held ég líka mikið upp á Wilhelminu piparminturnar sem voru gefnar út þegar krónprinsessan fæddist í Hollandi,“ segir Brynhildur en hún bjó í Amsterdam um tíma og stundaði hönnunarnám. „Það eru svona litlir hlutir sem skipta máli og hafa einhverja þýðingu fyrir mann,“ segir Brynhildur og klappar mjúkum regnbogasilungi sem hún keypti í dótabúð í New York. *- rt*



**Brynhildur í sófanum með góða bók.**



**Vasarnir eru eftir hollenska vöruhönnuðinn Hellu Jongerius og voru sérhannaðir fyrir IKEA en Brynhildur heldur mikið upp á hönnuðinn.**



**Skemmtilegir smáhlutir setja svip á stofuhilluna.**



**Hressandi grænn stóll í eldhúsinu undir súðinni.**



# Allir sjá þá eitthvað fallegt

Jólastemmningin í Epal er engu lík.
Þar fást allar fallegu jólagjafirnar og jólatrén kóróna upplifunina.

Ólöf Erla leirlistakona skreytti tré með sínum einstöku jólakúlum úr postulíni. Páll Garðarsson skreytti tré með fínlegu fígúrunum frá Himneskum herskörum. Svo skreyttum við sjálf tré með aðtoð frá Georg Jensen, Rosendahl, Verso Design og Marimekko.

epal

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

Mundu að panta!
fyrir jólin






Þú sérð innihaldið

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas | AGA

Samstarfsaðilar ÍSAGA – endursala á AGA Gasol:

BYKO
ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

ÍSAGA ehf.
Breiðhöfða 11, 110 Reykjavík.
Sími 577 3000, Fax 577 3001.



Þetta skemmtilega hús, ef hús skyldi kalla, er hannað af Theo Jenson sem hefur á ferli sínum hannað svipuð fyrirbrigði, knúin af vindinum einum saman.

# Hús á hreyfingu

● Hugmyndaflugi mannsins virðast oft engin takmörk sett í mannvirkjahönnun.

Frá því að maðurinn hélt úr hellinum og út á sléttuna hefur hann leitað ýmissa leiða við að skýla sér og sínum nánustu fyrir óblíðum náttúruöflunum. Með hamar og meitil á lofti hefur hann reist sér húsakynni af ýmsum stærðum og gerðum sem þjóna margvíslegum hlutverkum. Sum hefðbundin, en önnur svo frumleg að sköpunarflugi hans virðast engin takmörk sett. Húsin hér á myndunum eru kannski ólík en þau eiga það öll sammerkt að vera vitnisburður um frjótt ímyndunarafl, hugmyndaflug á hjólum.



**Annað óhefðbundið hús** á hjólum, í þessu tilviki hjólhýsi eftir arkitektinn Christopher Deam.



Úr smiðju danska fyrirtækisins N55 kemur þetta hús á hjólum sem kallast Walking house.

EKKI TRÚA OKKUR!
Trúðu þeim.
PENTAX K10D var valin besta myndavélin í sínum flokki af öllum helstu fagmönnum 2007

TIPA 2007
EISA AWARD Best Product 2007-2008 CAMERA Pentax K10D
FOTO VIDEO PLATZ 1
fotoDIGITAL SEHR GUT



K10D
DSLR
10.2M dílar
Hristivörn
Vatnsvarin
Frábært notendaviðmót
Frábær myndgæði
Aukahlutir á sanngjörnu verði

Aðeins kr. 89.900,-

Pentax K10D – ómótstæðilegur pakki fyrir þá sem vilja taka betri myndir

PENTAX
LJÓSMYNDAVÖRUR
Skipholti 31, sími 568-0450 ljosmyndavorur.is
BETRI MYNDIR!

# Ævintýrablær á matarborðinu

Þrír nemar á útstillingarbraut í Iðnskólanum í Hafnarfirði skreyttu matarborð á nýstárlegan hátt.

Í Iðnskólanum í Hafnarfirði hefur á tíunda ár verið starfrækt útstillingarbraut. Þar læra nemendur allt sem þarf til að stílisera og stilla út, hvort sem er í búðargluggum, inni í verslunum eða annars staðar þar sem fagurfræðilegrar kunnáttu er þörf. Elísabet Sigurðardóttir er nemandi í útstillingum og tók sig til ásamt tveimur vinkonum sínum, þeim Jóhönnu Jennýju Bess og Þorbjörgu Svönu Gunnarsdóttur, og stillti upp ævintýralegu jólaborðhaldi í Grafarvogi.

„Við vorum að leitast eftir því að hafa þetta frumlegt og öðruvísi, með sambland af ævintýrablæ, hlýlegheitum og glæsileika,“ segir Elísabet en þær stöllur höfðu til dæmis lífleg jólahús á borðinu sem er ekki alvanalegt í jólaborðskreytingu. „Ég held að það sé eitthvað sem geti glatt fullorðna og ekki síður börnin að hafa slíkan ævintýrablæ á matarborðinu. Það er eitthvað heillandi við svona jólahús,“ segir Elísabet sem telur að rauði, græni og gyllti liturinn sé aftur að verða vinsæll í jólaskreytingum enda séu þeir gamaldags og hlýlegir.

Til að undirbúa jólaborðskreytinguna fóru þær vinkonur í nokkrar verslanir og fengu lánaða vel valda hluti.

Matardiskar, rauðvínsglös og karafla eru frá Húsasmiðjunni.Löberar og rauð blóm á diskum eru frá Sóldís. Servéttur, jólatréskerti og jólahúsin með ljósum og spiladós eru frá Blómavali. Gylltar jólakúlur og gyllt snjókorn eru frá Ikea.

„Hnífapörin eru í einkaeigu og ein af okkur fékk þessa hugmynd með hnífapörin ofan á glösunum frá fínu veitingahúsi á Spáni,“ útskýrir Elísabet sem segir ýmsa möguleika opna fyrir þá sem ljúka námi sem útstillingahönnuðir. „Það er víða hægt að koma við. Bæði er hægt að vinna frílans fyrir fyrirtæki eða gerast fastir starfsmenn hjá fyrirtækjum á borð við Ikea og Hagkaup þar sem mikið er lagt upp úr uppstillingum bæði í gluggum og inni í verslununum,“ segir Elísabet og tekur fram að íslensk fyrirtæki séu í auknum mæli að verða opnari fyrir því að notast við útstillingahönnuði og gera sér grein fyrir mikilvægi þeirra. - sgi



Jólahúsin gleðja bæði börn og fullorðna og gefa jólaborðhaldinu sérstakan blæ.



Gylltur, rauður og grænn eru klassískir jólalitir, bæði hlýlegir og glæsilegir.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Hugmyndin að uppstillingu hnífaparanna kemur frá erlendu veitingahúsi.



Skreytingar, glös, diskar og annað það sem sjá má á borðinu var fengið að láni í ýmsum verslunum.



Útstillingarnemarnir leituðust eftir því að hafa jólaborðið frumlegt og öðruvísi.


RISA JÓLAUPPBOÐ

Næsta listmunauppboð Gallerís Foldar verður haldið á Hótel Sögu, Súlnasal, sunnudagskvöldið 2. desember og mánudagskvöldið 3. desember.

Á uppboðinu verður að venju gott úrval verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna.

Öll verkin eru sýnd í Gallerí Fold við Rauðarárstíg föstudag 10–18, laugardag 11–17 og sunnudag 12–17, en það sem boðið verður upp á mánudagskvöld verður einnig sýnt á mánudag 10–18.
Hægt er að skoða uppboðsskrána með myndum á vefslóðinni myndlist.is.

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is



Nína Tryggvadóttir



# 3 fyrir 2

**Tilboð á jólapappír gildir til sunnudags**



## Glæsileg sófasett



Handmálaðar jólakúlur Li-bien
Merktar með ártali
Tilvalin árleg jólagjöf



Fallegur borðbúnaður



Jólapappír í miklu úrvali

the PIER **komdu - sjáðu - upplifðu**







# Frábær tilboð á jólavörum

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860
mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00

# Lín fyrir íslenskan lífsstíl

**Barnarúmföt, gluggatjöld, púðar og teppi með íslensku dýrunum, ásamt nýrri blóðbergslínu eru það nýjasta í tauvörunum hjá LínDesign sem nú hefur opnað verslun á Laugavegi 176 og nýja heimasíðu, www.lindesign.is.**

„Þetta byrjaði með þjóðarblóminu holtasóley, svo kom fífa, síðan gleymmérei og blóðbergið var að bætast í flóruna.“ segir Helga María Bragadóttir. Hún er eigandi LínDesign sem sérhæfir sig í framleiðslu á umhverfisvænu taui með teikningum eftir Freydísi Kristjánsdóttur. Þar má nefna þéttofið bómullardamask og gardínufleka. Vörurnar henta á allt heimilið. „Við leggjum áherslu á að bjóða allt í stíl, gardínur, teppi, rúmföt, púða, handklæði og fleira og höfum hannað taupoka sem umbúðir utan um rúmfötin,“ segir Helga María. Hún sýnir það nýjasta sem er barnalína unnin útfrá vísunni, hani, krummi, hundur, svín. „Þetta er íslenska sveitin,“ segir hún brosandi.



Blóðbergsmynstrið sómir sér vel á sængurfötunum.

Á þremur árum hefur LínDesign stækkað og vörurnar eru farnar að breiðast út um land. Þær eru líka komnar til Færeyja og Danmerkur og á næsta ári er stefnt á Rússlandsmarkað. Helga María segir útrásina hafa lækkað verðið á vörunum. „Framleiðslan hefur vaxið og við fáum afslátt hjá vefnaðarfyrirtækinu,“ segir hún. „Íslendingar njóta þess.“

*- gun*



Blóðberg.



Íslensku sveitinni er gert hátt undir höfði.


# Hér versla gæðingarnir!

## Opnum hestadeildina í dag, laugardaginn 1. des.

Reiðtygi, hnakkar, skór, fatnaður, fóðurbætir, járningaráhöld, skeifur ofl. ofl.

**Kynning á hnakknum Barra sem Jón Sigurðsson söðlasmiður framleiðir.**

Við höfum allt sem þarf til gæludýrahalds, hvort sem er fyrir hunda, ketti, fiska, nagdýr, fugla eða hesta.
Við leggjum áherslu á gæðafóður frá Eukanuba og Iams ásamt ýmsar sérvörur fyrir hunda og ketti eins og Puppyangel hundaföt.

**Í tilefni af opnun hestadeildarinnar bjóðum við 50% afslátt af sérfóðri frá EUKANUBA og 20% afslátt af öðru fóðri. Tilboðið gildir laugardaginn 1. desember.**



Eukanuba
IAMS COMPANY
puppy angel
Techni-Cal INTERNATIONAL

Gæludýr & hestar

Fiskislóð 18 · 101 Reykjavík · Sími 552 7400
Afgreiðslutími er virka daga frá 10.00 - 18.00 og á laugardögum frá 10.00 - 16.00

Hennar hátign - www.hatign.is

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði




Gerum hús að heimili

TEKK
COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-18 OG SUNNUDAGA 13-18

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

# Jólabollar undir ilmandi kakóið á aðventunni

● Þegar kólna fer í veðri er notalegt að setjast niður í lopasokkunum með góðan kakóbolla eða hita sér ljúffenga súpu og gæða sér á henni úr fallegri skál. Margir eiga sér sína sérstöku jólabolla og diska sem þeir draga eingöngu fram á aðventunni til að gera biðina eftir jólunum enn ánægjulegri.

**1. Hreindýrabolli** sem heldur kakóinu heitu langt fram á kvöld. Fæst í Tiger á 200 krónur.

**2. Rjómalagaða sælkerasúpu** er gaman að bera fram í munstraðri skál. Þetta svartrósótta stell fæst í Duka í Kringlunni. Diskurinn kostar 990 krónur en skálin 790 krónur. Fleiri hlutir fást svo til viðbótar í stellinu.

**3. Jólaölið** líkt og molasopinn smakkast vel þegar það er borið fram í fallegri könnu. Í Tekk kristal má fá þessa könnu fyrir 4.700 krónur. Bollar og diskar fást með sama munstri.

**4. Kaffiborðið** verður glæsilegt þegar búið er að leggja á borð með gullinskreyttum bollum og undirskálum en þessa bolla má fá í Búsáhöldum í Kringlunni og kostar mokkabollinn 1180 krónur en kaffibollinn 1220 krónur.




Jólin...hlý og notaleg



◂ SILK SHAGGY

SURUBAYA ▾



OPIÐ ALLA DAGA
TIL JÓLA

OPIÐ : MÁN – FÖS KL. 10 – 18
LAUGARDAGA KL. 11 – 16
SUNNUDAGA KL. 13 – 17



Persía
TEPPAGALLERÍ
Bæjarlind 16, Sími: 568 6999

# SKÖRP SJÓNVÖRP

## Erum komin í jólaskap




## Palladine á íslensku

### Palladine 37” Full HD EPT3750MD

- Íslenskt valmyndakerfi
- Full HD upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 800 : 1
- Birta: 500 cd/m2
- Mynd í mynd
- 2 x HDMI tengi

**Jólatilboð 149.995 kr.**
**Verð áður 179.995 kr.**




### Hitachi 42" P42H01 plasma

- Upplausn: 1024 x 1080 punktar
- Skerpa: 10.000 : 1
- Birta: 1500 cd/m2
- 2 x HDMI tengi

**Verð 199.995 kr.**




### Hitachi 37" Full HD L37V01 LCD

- Upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 800 : 1
- Birta: 500 cd/m2
- 2 x HDMI tengi

**Verð 199.995 kr.**




### Hitachi 42" P42TP01 Plasma

- Upplausn: 1024x 1080 punktar
- Skerpa: 10.000 : 1
- Birta: 1500 cd/m2
- Rafdrifinn snúningsfótur
- 2 x HDMI / USB / SD minniskortarauf

**Verð 229.995kr.**




### Palladine Full HD EPT4250MD LCD

- Upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 1.600 : 1
- Birta: 500 cd/m2
- 2 x HDMI tengi

**Verð 189.995 kr.**




### Palladine EPT2650M LCD

- Upplausn: 1366 x 768 punktar
- Skerpa: 1.000 : 1
- Birta: 500 cd/m2
- HDMI tengi

**Verð 69.995 kr.**

## Ein fjarstýring fyrir heimilið!

**Náðu tökum á öllum tækjunum í einu.**



**Logitech Harmony fjarstýringar í miklu úrvali**

**Verð frá 24.995 kr.**

Hátækni

**Opnunartími:** virka daga 9-18 I laugardaga 12-17 I sunnudaga 12-17

**Fæst hjá söluaðilum um land allt.**

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 72426

GARMIN

jólagjöfin
2007



OPIÐ
Á LAUGARDÖGUM
FRÁ 10 - 16
Í DESEMBER



Rataðu í óbyggðum úthverfanna, styttu þér leið á ferðalögum erlendis, Garmin Nüvi línan vísar þér örugga leið á áfangastað. Vegleiðsögutæki í miklu úrvali frá kr. 16.900. *GPS Íslandskort 3.5 fáanlegt: kr. 16.900.*

R. SIGMUNDSSON EHF. | KLETTAGÖRÐUM 25
104 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | GARMIN.IS

R. SIGMUNDSSON

01 - 10391


## jólin koma

● **SILFURBORÐBÚNAÐUR** á sjaldan betur við en á jólum. Eini ókosturinn við hann er sá að erfitt er að halda honum hreinum, einkum ef hann kemst í tæri við hitaveituvatn eða gufu frá því. Ágætur lesandi Fréttablaðsins gaukaði að okkur því ágæta heilræði að þegar búið væri að fægja silfrið væri auðvelt að geyma það skínandi hreint ef það væri vafið inn í eldhúsfilmu. Þannig varðveittist hinn undurfagri gljái þess. Við látum það berast.




LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU - 26. STARFSÁR

Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju

1.– 9. DESEMBER 2007

**1. DESEMBER**
laugardagur
*12.00*
Orgelandakt við upphaf aðventu
Björn Steinar Sólbergsson leikur orgelverk tengd aðventu.
Sr. Birgir Ásgeirsson flytur bæn.
Ókeypis aðgangur.

*14.00*
Opnun aðventusýningar
...LAND ÉG SÁ...
Arngunnur Ýr Gylfadóttir sýnir ný olíumálverk í forkirkju Hallgrímskirkju. Við opnunina syngur Berglind Björgólfsdóttir forna aðventusöngva.

**2. DESEMBER**
sunnudagur
*17.00*
Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju
Frönsk jólatónlist og Betlehemssöngvar.
Miðaverð: kr. 3000.-
Flytjendur:
Mótettukór Hallgrímskirkju, Gissur Páll Gissurarson tenór, Strengjasveit - konsertmeistari Guðný Guðmundsdóttir, Björn Steinar Sólbergsson orgel.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson

**6. DESEMBER**
fimmtudagur
*20.00*
Jólatónleikar Drengjakórs Reykjavíkur í Hallgrímskirkju
Með kórnum syngja félagar úr Karlakór Reykjavíkur ásamt Gunnari Guðbjörnssyni óperusöngvara.
Orgelleikari: Lenka Máteova.
Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson.
Miðaverð: kr. 1500.-

**8. DESEMBER**
laugardagur
*12.00- 17.00*
Söngur og orgeltónlist á jólaföstu
Klaisorgelið 15 ára
Fjöldi kóra og orgelleikara koma fram með KLAIS orgelinu og viðstaddir syngja jólasöngva með!
AÐGANGUR ÓKEYPIS en tekið verður á móti framlögum til Hjálparstarfs kirkjunnar.

**9. DESEMBER**
sunnudagur
*17.00*
Bach og jólin
Björn Steinar Sólbergsson organisti og Schola cantorum undir stjórn Harðar Áskelssonar flytja jólatónlist eftir J. S. Bach.
Miðaverð: kr. 2000.-


GUÐMUNDUR FRÁ MIÐDAL

MIÐASALA Í HALLGRÍMSKIRKJU S. 510 1000
JÓLAÞRENNA: VERÐ KR. 4000 (FULLT VERÐ KR. 6500)

Styrkt af Reykjavíkurborg MENNINGAR- OG FERÐAMÁLARÁÐ | spron | GLITNIR | HALLGRÍMSKIRKJA | Sjá nánar: listvinafelag.is





Fallegar jólagjafir





Lene Bjerre

Feim-Lene Bjerre
Bæjarlind 6 • www.feim.is
opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16


● **HITI Í KROPPINN**
Það getur verið yndislegt að dekra við sig og fjölskylduna með heitu súkkulaði með rjóma og tilheyrandi. Ilmurinn er lokkandi og bragðið dásamlegt og þegar kalt er úti er afskaplega notalegt að ylja sér með súkkulaðibolla í hendi. hægt er að fá marga fallega hitabrúsa til að geyma herlegheitin í en athuga ber þó að þar sem mjólk er í heitu súkkulaði geymist það ekki lengi í hitabrúsa heldur þarf að setja það í kæli ef geyma á það lengur en nokkra klukkutíma. Einnig er huggulegt að fá sér heitan kaffibolla á ferðalögum og þá getur verið gott að eiga góðan hitabrúsa.



# RISA STÓR

tónlistar & DVD markaður

Opið alla daga 12-18

Fellsmúla 28

(Við hliðina á Góða hirðinum)

Jólin nálgast!

Bók – CD – DVD 1499 kr

Jólakort með CD 499 kr

3 DVD 1899 kr

3 DVD 1899 kr

3 DVD 1899 kr

3 DVD 1899 kr

1699 kr

1899 kr

1699 kr

1699 kr

1499 kr

2 CD 1999 kr

1699 kr

1499 kr

1699 kr

999 kr

1499 kr

999 kr

1499 kr

1499 kr

1499 kr

999 kr

1499 kr

1699 kr

999 kr

1499 kr

1499 kr

999 kr

MÚSIK & MYNDIR

...og fjöldi annarra titla

# Með endingu að markmiði

● Daníel Magnússon hefur hannað nýjan koll sem er afsprengi af fyrri verkum hans.



Daníel hefur nóg að gera í myndlist, húsgagnahönnun og smíðavinnu og hefur nýverið lokið við að smíða bekk sem glittir hér í. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á sýningunni BRUM sem haldin var í Laugardalshöll í haust sýndi myndlistarmaðurinn og trésmiðurinn Daníel Magnússon nýjan koll sem nefnist Hex og er eins konar afsprengi fyrri kolla og stóla Daníels.

„Þetta er tilbrigði við sama stef. Lítill kollur með uppskrúfaðri setu sem hægt er að hækka og lækka og hugsaður sem mubla inni á heimili, jafnvel við síma. Hann er handhægur þar sem er mikið af unglingum vegna þess hve lítil setan er. Þess vegna nennir maður ekki að sitja lengi á kollinum og símtölin verða styttri. Þetta er ekki hægindastóll heldur rétt til að reima skóna í. Ég er með einn inni í gangi hjá mér,“ útskýrir Daníel.

Hex er eikarstóll með renndri setu en formið á stólfótunum er að sögn Daníels hugsað út frá parabóluburði. „Það er fullkominn burður í parabólu og öll þyngdin miðjusett. Gaman væri að þyngdarprófa stólana þar sem burðargrindin hefur mikið þyngdarþol en það er meginhugsunin á bak við hönnunina.“

Stólfóturinn minnir jafnframt á aðra stóla eftir Daníel. „Ég hannaði þennan kjarna og græjur til þess að smíða hann svo ég get raðsmíðað í þetta en sumir hlutir duga á milli stóla. Stólarnir eru með góða burðargrind og það er sterkur viður í þeim. Þetta eru ekki tískuhúsgögn eða merkjavara heldur gert til að endast,“ segir Daníel.

„Ég fæ mjög lítið til viðgerðar. Hafi ég látið einhvern annan vinna hlutina fyrir mig lendi ég yfirleitt í veseni. Í dag er ég þó kominn með góða aðila til að aðstoða mig,“ segir Daníel og nefnir Járnsmiðju Óðins og Ásgrím bólstrara. „Ég er með bestu gæjana í vinnu og því eru húsgögnin dýr. Ég kaupi dýra og góða fagvinnu og vinn tréverkið sjálfur enda vil ég ekki fá þetta í hausinn bilað. En þá geri ég líka við hlutinn,“ segir hann ákafur.

Húsgögn Daníels eru ekki í umboðssölu heldur er einungis hægt að kaupa þau beint frá honum. „Þannig er ég nánast með enga álagningu og tek enga söluþóknun fyrir,“ segir Daníel. Þótt ekki sé hægt að kaupa húsgögnin í verslunum má víða berja þau augum. Í 39 þrepum á Laugavegi eru húsgögn og innréttingar sem Daníel smíðaði með Gulleik Lövskar, kennara við Listaháskóla Íslands, og á Hótel 101 eru barstólar eftir hann svo dæmi séu tekin. Nánar á heimasíðu Daníels www.bhs.is/Hedoplast. *- hs*



Nú geta allir átt

# háskerpujól




HD DVD

**Að eiga háskerpusjónvarp er ekki nóg. Loks eru háskerpuspilarar fáanlegir á sérstöku jólaverði. Hámarks mynd-og hljóðgæði. Spilar einnig hefðbundna DVD diska í háskerpuupplausn.**

EP30
1080P upplausn
Spilar HD DVD og DVD
Dolby True HD
DTS-HD
Netuppfærslur
Nánar á www.ef.is

Toshiba EP-30 HD DVD spilari á jólatilboðsverði aðeins kr.

The **Bourne Supremacy** og **300** háskerpu DVD diskar fylgja með

# 41.900.-

TOSHIBA
Leading Innovation >>>

Við setjum gæði og persónulega þjónustu í fyrsta sæti...

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 - Sími 520 7900 - ef@ef.is - www.ef.is
Opið virka daga 9-18 og laugard. 10-14

KORTER.IS




## í eldhúsið

**● JÓLASVEINASVUNTA**
Góð svunta er gulli betri á bökunardögum. Annars má gera ráð fyrir hvítum og hveitistráðum maga. Jólasvunta með myndum eftir Brian Pilkington er í senn ágæt hlíf og þjóðleg flík þar sem hún er alsett andlitum okkar íslensku og grallaralegu jólasveina.



**● PIPARKÖKUSÖNGUR**
Þegar piparkökur bakast verða plöturnar svo heitar að puttarnir sviðna við að losa úr ofninum. Til að fyrirbyggja brunann þá þarf bara að setja upp hanska. ✶Við það er baksturinn leikur einn og lífið ævintýr.



**● SILÍKONMÓT**
koma sér einstaklega vel í bakstrinum. Ekki þarf að smyrja mótin því það festist ekkert við hið sveigjanlega efni.

Þetta er mikill munur enda fátt leiðinlegra en fitugir puttar.

Þá verður leikur einn að ná kökunum úr mótinu og þar með er sá höfuðverkur úr sögunni.







## HANDGERT GÓÐGÆTI

*Konfekt og súkkulaðijólatré hússins er handgert og ferskt góðgæti frá Sandholt. Bjóðum upp á margar ólíkar bragðtegundir af konfektmolum.*

*Njóttu bragðsins af einu skemmtilegasta náttúru-góðgæti sem fyrir finnst.*

*Ásgeir Sandholt*
*Bragðarefur*



SANDHOLT
REYKJAVÍK

www.sandholt.is

Laugavegi 36 ✢ Hverafold 1-3 ✢ Sími: 551-3524 ✢ Opið virka daga 7:30-18:15. Laugardaga 7:30-17:30. Sunnudaga 8:30-17.00

# MAX




# „Leikirnir eru dýrastir í BT"

GameOver*




MAX verð **3.989 kr.**

BT verð ~~4.999~~




MAX verð **4.989 kr.**

BT verð ~~6.799~~




MAX verð **5.489 kr.**

BT verð ~~6.999~~




MAX verð **3.989 kr.**

BT verð ~~5.490~~

* Samkvæmt frétt í **24 stundir** 30. nóv.

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

**Beint á móti IKEA**
**Við hliðina á BÓNUS**

MAX RAFTÆKI

## Húsaviðhald













**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Flísalagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í múrverki og flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

**Faglærður múrari**
getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 862 5477.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

D&D Málari EHF sérhæfir sig í öllu sem við kemur málningarvinnu, skreytingum og þrifum. Uppl. í s. 691 7016.

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl.í s. 894 0031.

## Stífluþjónusta




## Nudd

Massage, whole body massage. Maria, tel. 862 0283.

## Spádómar




**Stína Lóa Spámiðill**
**Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál. Sími 908 2008 & 462 2811 - Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.**

**Englaljós S. 908 5050 & 863 1987**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11-01. Lára spámiðill. Visa/Euro.**

**Alspá 445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

## Iðnaður

Til sölu Iðnaðarsaumavélar og höggpressur. Einnig Tauskurðarvél. Uppl. í s. 893 5325 & 899 5325.

## Önnur þjónusta

www.floridahus.is. Hús til leigu í Orlando Florida. Umsjón eigna ofl. s. 499 0380

AMERÍKA INNKAUP HJÁLP Viltu versla í usa uppl. email: solvadottir@earthlink.net

Verciu is Lietuviu i islandu kalba, tvarkav visa popierizma placios pazintys visose stytise. Ignas 897 4673.

**Vantar þig Pípara?**
Uppl. í s. 846 1290.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.

**ICEBIKE auglýsir**
**Opið á laugardögum í desember. Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur. Mikið úrval : Mótorhjól - Fjórhjól - Hlífðarfatnaður - Skór - Hjálmar - Hanskar Aukahlutir frá Kuryakyn. Gjafakort Icebike.is Iðavöllum 10 , sími 421 5452 230. Keflavík**



EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.

**Ameríska Sendiráðið - Sala**
**Sendiráð Bandaríkjanna verður með sölu á notuðum húsgögnum, heimilistækjum, skrifstofubúnaði ljósritunarvélar,og rafmagnsverkfæri ásamt öðrum notuðum munum í eigu sendiráðsins. Hlutirnir verða til sýnis að Smiðshöfða 1 (inni í portinu), laugardaginn 1. desember milli 11:00 - 13:00. Uppboð byrjar sama dag og sama stað kl. 13:00**



Nuddbaðkar og gufusturta! Nýtt í umbúðum. Baðkar kr. 150.000 Sturta kr. 130.000 uppl. 8935574

**Heildsalar - smásalar ! Takið eftir, nú er tækifærið.**
**Opnum fallegan jólamarkað á besta stað í Reykjavík 1. des. Opið verður alla daga til jóla. Þú getur selt rest lager hjá okkur gegn sanngjarnri leigu, eða falið okkur að sjá um söluna. Nánari upplýsingar veittar í 899 2784.**

ICEBIKE auglýsir opið á laugardögum í desember Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur. Mikið úrval af Mótorhjól - Fjórhjól Hlífðarfatnaður Skór Hjálmar Hanskar Aukahlutir frá Kuryakyn Gjafakort Icebike.is Iðavöllum 10 230 Keflavík sími 421 5452

Ódýri jólamarkaðurinn Ánanaustum 1, gegnt gamla Ellingsen húsinu. Opið alla daga fram að jólum. 20% afsláttur til öryrkja og lífeyrisþega.

Verslanir ATH! Er með 30 prinsessukjóla, 10 skírnarkjóla, 10 smókingföt, skyrtur, linda, skó o.fl. á börn til sölu. Gott verð. Tek öll kort. Uppl. í s. 866 9747 e. kl. 18.

**Þvottavélar og þurrkarar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. Opið um helgina.

Er að hætta starfsemi og er með rope yoga bekki til sölu á 50 þús. Uppl. í s 895 7275.

Nýr Ítalskur mosagrænn mokkaskinnsjakki, flísfóðraður. á hávaxinn, þrekinn mann. V. 17 þ. S. 552 6768.

## Gefins

**GEFINS!**
3ja mánaða gamall hamstur fæst gefins gegn því að vera sóttur. Einnig á sama stað búr með öllu tilheyrandi, fóður og fleira sem var í, kostar 8000 kr út úr búð en fæst á aðeins 3000 kr. Áhugasamir hafið samband í síma 661 6090, Ingibjörg.

## Óskast keypt

Ég er 40 ára öryrki bráðvantar frímerki, helst gefins. Allt kemur til greina. S. 864 5290.

## Hljómtæki

Boss audio system, bassakeila og þéttir 35 þ. dvd ferða, græjur í bíl, leikjatölva m. 10 leikjum, ratarvari straumbr. í bíl, fiskabúr, rúm o.fl. Sími 698 6966 & 564 2554.

**Stúdío monitorar/hátalarar til sölu!**
Event ASP 8 stúdío monitorar/hátalarar með innbyggðum mögnurum, keyptir í Tónastöðinni á 140 þús. Tilboð óskast: gbjarnason@gmail.com

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Mac Pro Intel turn til sölu!**
Mac Pro 2,0 GHz Xeon, 2 gig í minni, Airport og Bluetooth, 250 GB harður diskur, Nvidia Gforce 7300 GT skjákort. Er í ábyrgð til 15.sep. '08, keypt 15.sep. '06 á 275 þús. MacFróðir menn segja mér að ég geti selt tölvuna á 220- 230 þús. Tilboð óskast: gbjarnason@gmail.com

Ný Dell Latitude D630, kostar hjá EJS 205 þús, fæst á góðu verði gegn staðgreiðslu. Uppl. í s. 893 4595

## Til bygginga

Hunnebeck veggjamót, 140 flekar (alls 433 m2) ásamt fylgihlutum, verð: 3.000.000 kr.m/vsk. Uppl. í síma 866 4643, Bjarni.

850 lm af nýju girðingarefni með steyptum undirstöðum, kjörið í kringum byggingasvæði, verð 5.500 kr. stk. m/vsk (girðing og steypt undirstaða). Uppl. í síma 866 4643, Bjarni.

Til sölu tveir WC skúrar, sitthvor eining ca. 1m x 1m, verð 150.000 m/vsk. stk. Uppl. í síma 866 4643, Bjarni.

**Iðnaðarhurðir**
Hef til sölu 5 stk. Flekahurðir, verð 250.000 kr. stk m/vsk. Um er að ræða 4,7m háar og 3,4m breiðar hurðar með brautum og mótor, innfluttar frá Danmörku. Uppl. í síma 866 4643, Bjarni.

Óska eftir notuðum dokaplötum, einnig vantar eitthvað af 2x4 og 1x6". Upplýsingar í síma 896 0700.

## Verslun



**Tilboð!**
Dömuskór úr leðri. Stærðir: 36-42. Verð aðeins kr. 1.500.- Misty skór, Laugavegi 178, sími 551 2070

## Ýmislegt



**JÓLAMARKAÐUR**
**Vandaðir handgerðir munir til sölu. Heitt súkkulaði og piparkökur. sunnudag 2.des. kl. 14-18. HEIMILISIÐNAÐARFÉLAG ISLANDS Nethyl 2E - 110 Reykjavík**

## HEILSA

## Heilsuvörur




**Lifðu vel um jólin - Aloe vera drykkurinn**
Var með ristil- og magavandamál í 22 ár. Aloe Vera næringardrykkurinn hjálpaði mér. Sjálfstæður dreifingaraðili FLP, Guðmundur A. Jóhannsson, s. 662 2445 eða á www.4ever.is

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

**Viltu léttast hratt og örugglega?**
www.diet.is — www.diet.is Margrét s. 699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Engihjalli 8**
Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Blóm, styttur o.fl. Útsala, gömul húsgögn. Uppl. í s. 893 8886

**SVART OG HEFÐBUNDIÐ** Bindin sem eru í uppáhaldi hjá Skildi Sigurjónssyni kaupmanni eru svört og klassísk. Hann notar jafnan tvöfaldan Windsor-hnút til að binda þau. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Konurnar kenna mér og leiðbeina

Snorri Helgason, söngvari Sprengjuhallarinnar, segir að það hafi verið konur sem kenndu honum að hnýta bindishnúta. „Það var annaðhvort systir mín Heiða eða Silla, sem var kærastan mín þegar ég var 15 ára. Þetta var að minnsta kosti ekkert „Hallmark-dæmi“, þar sem pabbi tók mig afsíðis og sagði við mig að nú væri ég orðinn maður. Ég nota þennan hnút enn þá, sem er hefðbundinn einfaldur. Ég hef nokkrum sinnum reynt að læra þennan tvöfalda en aldrei náð því.“ Snorri segist eiga um tíu bindi en hann hrífst einkum af skáröndóttum bindum og á eitt grænt uppáhalds. „Ég vil alls ekki hafa þau glansandi heldur mött og þau mega vera í frekar hefðbundnum litum, rauð eða græn. Ég kaupi bindin yfirleitt í „second-hand“ búðum og reyni að gera góð kaup.“



**YNGSTA KYNSLÓÐIN Á ÁTTA BINDI** Snorri Helgason, söngvari Sprengjuhallarinnar, vill engin „bankastrákabindi“ og hefur reynt að læra tvöfaldan Windsor-hnút í lengri tíma með litlum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### FJÓRIR GRUNNHNÚTAR



Fjórir algengustu bindishnútarnir kallast Windsor-hnútur, tvöfaldur Windsor-hnútur, „four in hand“-hnúturinn og svo er það slaufuhnútur. Four in hand-hnúturinn er fremur mjór og látlaus og er gott að nota þegar bindin eru efnismikil og breið en sértu með efnislítið bindi getur hnúturinn líka gert þau bindi breiðari.

Windsor-hnúturinn er þríhyrndur og veglegur og hafirðu hann tvöfaldan ertu enn meiri á velli. Góður bankastjórahnútur.

Slaufuhnútur er fyrir þá sem kjósa gömlu góðu slaufuna og kunna að bregða á leik með bindið.

Fyrir þá sem vilja ná valdi á þessum bindishnútum og fleiri fyrir hátíðina má benda á nokkrar handhægar vefsíður með nákvæmum leiðbeiningum og skýringarmyndum:

**http://www.tie-a-tie.net/**
**http://www.totieatie.com/**
**http://www.scoutdb.org/h2tat/**


Italsofa
The Italian touch
nýjar sendingar af sófasettum og hornsófum
Verð kr. 332.000.-
Leðurhornsófi
Verð kr. 310.000.-
Leðurhornsófi 2+H+2
Verð kr. 250.000.-
Leðurhornsófi
Verð kr. 329.000.-
Leðursófasett 3+1+1
Verð kr. 219.000.-
Hornsófi með áklæði tungu og 2 skemmlum
Verð kr. 228.000.-
Hornsófi sem hægt er að breyta í rúm
Verð kr. 290.000.-
Leðursófasett 3+1+1.
Verð kr. 330.000.-
Leðursófasett 3+1+1.
Opið sunnudaga 13-16
Veldu draumahúsgögnin hjá okkur eða settu saman sérpöntun að þínum óskum
Italsofa Frábært verð og gæði
The Italian touch
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl. 10-18 / Laugardaga kl. 11-16
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

# Það er ekkert jólafrí í rokkinu

**Ragnar Sólberg og Egill Rafnssynir** skipa hljómsveitina Sign ásamt Arnari Grétarssyni og Heimi Hjartarsyni. Hljómsveitin er meðal þeirra duglegustu í bransanum, er nýbúin að gefa út fjórðu plötuna sína, The Hope, er nýkomin úr tveggja vikna túr og heldur í kvöld tónleika á Nasa með vinum sínum í Skid Row sem hún var að flækjast með um Bretland.



**GÓÐAN DAGINN**

**Dr. Gunni tekur viðtal**

*Síðast þegar ég hitti Ragnar Sólberg var hann ellefu ára og nýbúinn að gefa út fyrstu sólóplötuna sína, Upplifun! Nú verður hann tuttugu og eins árs á morgun og er orðinn ansi rokkaðri í útliti en þegar ég talaði síðast við hann. Hvað er hann búinn að læra á þessum tíu árum?*

„Ég er búinn að læra rosalega mikið,“ segir Ragnar. „Það er til dæmis miklu verri lykt í þessu en ég hélt. Hrein og klár skítafýla stundum. Ég hugsaði ekkert út í það hvað maður þyrfti að gera til að meika það, enda ekkert skrýtið verandi bara ellefu ára. Ég var bara að semja músík og það var bara nóg. Mér fannst rokkheimurinn mjög fjarlægur þá. Þegar ég horfði á Skid Row-plaköt uppi á vegg í herberginu mínu þá var það bara allt önnur veröld. Mig hefði aldrei grunað að ég ætti eftir að stíga inn í plakatið, eins og gerðist eiginlega núna á síðasta túr.“

*Á fyrstu sólóplötunni þinni varstu að fást við eins konar nýbylgjurokk en svo hefurðu meira og minna verið í glysrokkinu síðan – hvað kom til?*

„Kiss og Skid Row höfðu verið uppáhaldshljómsveitirnar mínar síðan ég var fjögurra ára, en á þessu tímabili þegar ég gerði sólóplötuna hafði ég kúplað mig aðeins út úr því. Var að hlusta á það sem var í gangi í kringum mig þá. Svo á unglingsárum datt ég bara aftur í þessa músík sem hafði átt hug minn sem barn.“

**Taka ekki AC/DC pakkann**

Sign-bræður eru þó ekkert alltof hrifnir af því að þeim sé endalaust líkt við glysrokk og amerísk hármetalbönd frá 1988. Finnst stimpillinn óverðskuldaður og grunnhygginn.

„Ég get svo alveg viðurkennt að plötur númer tvö og þrjú voru svolítið glysrokk, en ekki þessi nýja,“ segir Ragnar.

„Mér finnst nýja platan ekki klisjuleg sem glys eða glamrokkplata og hún hefði aldrei gengið upp ef hún hefði komið út 1988,“ segir Egill. „Þá hefði fólki ekki fundist neitt glysrokklegt við hana.“

*Eruð þið þá kannski búnir að finna ykkar eigin hljóm núna?*

„Við erum allavega búnir að finna farveg sem okkur líður mjög vel í,“ segir Egill.

„Ég held við höfum farið mjög skrítnar og óhefðbundnar leiðir í mörgum laganna á þessari plötu,“ segir Ragnar. „Í útsetningum, kaflaskiptingum og slíku. Það var mikil ævintýramennska í gangi hjá okkur við gerð þessarar plötu.“

„Við erum líka búnir að liggja yfir þessu í rúmt ár og löngu búnir að missa okkur,“ segir Egill.

„Ég er samt ekkert viss um að þessi plata sé lýsandi fyrir það sem kemur frá okkur síðar,“ segir Ragnar. „Það er aldrei að vita nema við gerum eitthvað allt annað næst, enda finnst okkur mikilvægt að þetta sé síbreytilegt. Við ætlum ekki að taka AC/DC pakkann.“

*Hvernig er platan uppbyggð? Er hægt að fara með hana í ræktina?*

„Fyrstu þrjú lögin eru hröð og ganga í ræktinni en svo er restin til að hvíla sig við, þú ferð bara í jóga á meðan þau eru,“ segir Ragnar og hlær. „Þau eru of epísk og dramatísk fyrir hlaupabrettið. Það er ekkert á þessari plötu sem hefði getað verið lag með Mötley Crue, það er alveg á hreinu.“

**Stritið skilar árangri**

Tilraunir til útflutnings á Sign byrjuðu fyrir tveimur árum í kjölfar útkomu plötu númer þrjú, Thank God for Silence. Síðan hefur sveitin farið í ófáar ferðir um Bretland og Evrópu og spilað með böndum eins og Wednesday 13, The Answer og Wildhearts. Síðasti túr var tveggja vikna, 12 borga túr með æskugoðunum í Skid Row.

„Við höfum verið heppnir og erum með gott teymi í kringum okkur,“ segir Ragnar. „Þetta gengur vel og ég held að stritið sé farið að skila árangri. Við sjáum helling af fólki í Sign-bolum, fólk eltir okkur og er kannski að mæta á 3-5 tónleika í hverjum túr.“

*Á Skid Row einhverja aðdáendur lengur?*

„Já, alveg fullt,“ fullyrða strákarnir.

*En er þetta ekki svindl fyrst söngvarinn Sebastian Bach er ekki með?*

„Það finnst mér ekki,“ segir Ragnar. „Ég er búinn að vera aðdáandi síðan ég var fjögurra ára og ég varð ekki fyrir vonbrigðum.“

„Nýi söngvarinn, Johnny Solinger, er búinn að vera með í níu ár og bandið hefur gert tvær plötur með honum svo hann ætti að vera kominn ágætlega inn í þetta,“ segir Egill.

*Eru menn eitthvað fúlir út í Sebastian – eitthvað að dissa hann fyrir að leika í Mæðgunum (Gilmore Girls í Sjónvarpinu)?*

„Nei, þeir töluðu lítið um hann, nema þeir sögðu okkur að þeir hefðu rekið hann á Þorláksmessu 1997 til að það yrði sem þungbærast fyrir hann,“ segir Ragnar.



**SIGN-BRÆÐURNIR RAGNAR OG EGILL RAFNSSYNIR** „Það er bara keyrt áfram, engin sætisbelti og bundið fyrir augun.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er ekki gott á milli þeirra,“ segir Egill. „Sebastian var víst að segja í einhverju viðtali að honum fyndist asnalegt að Skid Row væri enn þá að spila. Að þeir fari illa með nafnið. Miðað við Gilmore Girls ætti hann þó ekki að segja mikið.“

„Skid Row er frábær á tónleikum enn þá, ég skil ekki hvernig það á að vera slæmt fyrir nafnið,“ segir Ragnar.

**Örugglega enn í rútu eftir tuttugu ár**

*Hvernig komu svo Skid Row fram við litlu strákana frá Íslandi?*

„Þeir voru rosa almennilegir og komu fram við okkur eins og bestu vini,“ segir Egill.

*Voruð þið saman í rútu?*

„Nei, þetta var nú ekki alveg svo náið,“ segir Ragnar. „Þeir eru náttúrulega búnir að vera í rútu í 20 ár og nenna ekkert að fara í rútu með hverjum sem er. Eru komnir yfir fertugt og vilja bara slappa af í rútunni, held ég.“

*Voru þeir með börnin sín með á túrnum?*

„Nei, enda held ég að þeir eigi engin börn nema söngvarinn. Hann er giftur, held ég. Hinir eru enn þá bara í ruglinu, enn þá bara „youth gone wild“. Þeir hegðuðu sér ekki deginum eldri en tvítugir.“

*Er þetta eftirsóknarverð framtíðarsýn fyrir Sign? Þið fertugir í góðu stuði í rútu í Bretlandi?*

„Neeeei,“ segir Ragnar og dregur seiminn hugsi. „Við verðum örugglega í rútu einhvers staðar enn þá, því það er alveg best sko að vera on ðe ród og hitta nýtt fólk og upplifa þennan klukkutíma á hverjum degi þegar allt snýst um músíkina. En eftir tuttugu ár verðum við eflaust búnir að breyta um lífsstíl og áherslupunkta. Kannski bara orðnir rólegir og farnir að spila á píanó.“

**Engin öryggisbelti**

*Er það fúl tæm djobb að vera í Sign?*

„Já, þetta er 100 prósent vinna,“ segir Egill, „og svo verður maður bara að vinna aukavinnu til að eiga í sig og á.“

„Við værum ekki búnir að ná þessum árangri ef við værum í einhverri annarri vinnu sem við þyrftum að hugsa um,“ segir Ragnar.

*Er eitthvert nám í bakhöndinni, eitthvert plan B?*

„Nei, ekkert. Það er bara keyrt áfram og engin sætisbelti,“ segir Ragnar.

„Með bundið fyrir augun,“ bætir Egill við.

*Hvað segja kærusturnar?*

„Þær eru skilningsríkar og sýna okkur fullan stuðning, sem betur fer,“ segir Ragnar. „Ég dauðvorkenni þeim að þurfa að halda okkur uppi. Ef við værum ekki svona góðir strákar myndi þetta aldrei ganga.“

*Hvað er svo næsta skref hjá Sign?*

„Það er að kynna nýju plötuna hérna á Íslandi. Hún fer ágætlega af stað. Svo kemur platan út í Bretlandi stuttu eftir áramót og þá þarf að spila, plögga og láta sjá sig.“

*Sem sé, bara áfram og meira rokk?*

„Já, það er engin pása. Það er ekkert jólafrí í rokkinu. Við værum ekkert að þessu nema við ætluðum að gera það almennilega,“ segir Ragnar og bróðir hans bætir við: „Við erum búnir að leggja svo mikinn tíma, hugsun og vinnu í þetta að það væri út í hött að fara að slappa eitthvað af núna.“

*Tónleikar Sign og Skid Row eru eins og áður segir á Nasa í kvöld. Sign stígur á svið klukkan hálfníu en Skid Row um klukkan tíu. Góða skemmtun.*

**➜ RAGNAR OG EGILL … fylla í eyðurnar**

**Eftirminnilegasta fermingargjöfin mín var …** átta rása upptökutæki (Ragnar). / Peninguriinn (Egill).

**Mesti lúxus sem ég hef veitt mér var …** að vera í Sign (báðir).

**Ef ég ætti tímavél myndi ég stilla hana á …** 1. desember 2007 (Ragnar). / Ég myndi fara með nýju plötuna og leyfa pabba að heyra hana (Egill).

**Á náttborðinu liggur …** útprentað hjartalínurit frá því að það leið yfir mig á alþjóðlega flugvellinum í Toronto. Já, það var soldið rokk (Ragnar). / Hvaða náttborði? (Egill).

**Ef ég væri rekinn á eyðieyju með plötuspilara og þrjár plötur tæki ég …** Slipknot – Slitknot, The Used – In love and death, Crosby, Stills, Nash & Young – Déjà vu (Ragnar). / Sign – The Hope, Nine inch nails – Fragile, Filter – Title of record (Egill).

**Ef ég hitti George W. Bush myndi ég …** hunsa hann (Ragnar). / Taka mynd af mér með honum (Egill).

**Ef ég væri síamstvíburi vildi ég vera fastur við …** sjálfan mig (Ragnar). / Hann Ragnar bara. Við rífumst aldrei (Egill).

Eldvarnaátakið 2007

# Engin hátíð án eldvarna



GARÐAR GUÐJÓNSSON / FORSTOFAN 11/07

**Á aðventunni og um hátíðirnar er mikil hætta á eldsvoðum á heimilum. Þá ríður á að fara að öllu með gát og hafa eldvarnir í lagi.**

**Reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnateppi eiga að vera á hverju heimili.**

**Góður jólaundirbúningur hefst á því að tryggja að eldvarnirnar séu viðunandi. Það er svo mikið í húfi!**

LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA

www.lsos.is

TM

Við þökkum grunnskólum og heimilum fyrir góðar viðtökur í **Eldvarnaátakinu 2007** og óskum landsmönnum alls hins besta um hátíðirnar!

# iPod er kominn

## í allar verslanir Skífunnar.

Mesta úrvalið af iPod fylgihlutum
og yfir 30.000 titlar af tónlist.




## Skífan og iPod

### Við elskum tónlist

# Wii er komin

## í allar verslanir

# Skífunnar




# Á heima í Skífunni

á betra verði

S·K·Í·F·A·N

# Segir hæ! hátt og snjallt

**Hrefna Rósa Sætran** hefur verið áberandi í matarmenningu okkar Íslendinga upp á síðkastið en auk þess að vera meðlimur í landsliði íslenskra kokka opnaði hún nýlega Fiskimarkaðinn þar sem hún er yfirkokkur. Hrefna Rósa var tekin í yfirheyrslu helgarinnar.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran

**FÆÐINGARÁR:** 1980, sama ár og Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands.

**Á HUNDAVAÐI:** Vann á Landspítalanum frá 1995-2000. Fór þá að læra kokkinn á Apótekinu og kláraði það árið 2004. Færði sig yfir í Sjávarkjallarann og vann þar sem yfirkokkur þar til hún opnaði Fiskimarkaðinn í september 2007.

**Í hvernig fötum líður þér best?** „Þæjó"-buxur (annað orð yfir náttbuxur á mínu heimili) og hlýrabolur verða oft fyrir valinu en annars er ég gjarnan í kokkagalla sem er líka þægilegur.

**Ef ég fengi að velja mínu hinstu máltíð, yrði hún ...** ... heima í kósíheitunum með Óla kærastanum mínum og hann myndi elda. Alveg sama hvað það væri. Það eru bestu stundirnar og ég fæ alltof fáar þannig stundir.

**Hvaða kæki ertu með?** Ég er ekki með neina líkamlega kæki sem ég veit um en ég segi „vá!" örugglega í öðru hverju orði.

**Því eldri sem ég verð því ...** ... vitrari verð ég.

**Hvaða frasa ofnotar þú?** „Þú uppskerð eins og þú sáir" og „illu er best af lokið" er mjög vinsælt hjá mér þessa dagana í eldhúsinu.

**Eftirlætisbragð?** Þetta er erfið spurning fyrir kokk. Það breytist örugglega á hverjum degi. En ætli ég verði ekki að segja að ananas sé í miklu uppáhaldi hjá mér, bæði í fljótandi og föstu formi.

**Hvaða hlutir á heimili þínu eru í rauðum lit?** Haha, en fyndið! Rauður er nefnilega aðalliturinn í eldhúsinu á mínu heimili. Á rauðan ísskáp, rauða cappuchino-vél og svo eru rauðir speglar hangandi á veggnum.

**Ef þú ættir að velja þér haus einhverrar frægrar manneskju til að setja á búkinn þinn – hvaða haus yrði fyrir valinu?** Án efa Chuck Norris. Það væri ógeðslega fyndið að sjá alskeggjaðan karlmannshaus á 158 sentímetra kvenmannslíkama.

**Hvernig heilsarðu?** Ég segi „hæ!" hátt og snjallt og læt stórt bros fylgja.

**Hvaða sjö hluti legggurðu til í góða sumarbústaðarferð?** Trédrumb í arininn, bjarnarfeld til að liggja á, i-pod með góðri tónlist, kaffi, mjólk, bikiní fyrir heita pottinn og bakkelsi til að borða í morgunmat.

**Hverju tekurðu fyrst eftir í fari fólks?** Ég spái ekki mikið í ytra útlit fólks þannig að ég verð að segja að það sé útgeislun manneskjunnar sem ég tek fyrst eftir. Hvort hún sé ánægð, hress og í góðu skapi. Leitast frekar eftir þannig félagsskap.

**Ef þú yrðir að eyða 20.000 krónum næsta hálftímann – hvernig myndirðu eyða peningnum?** Ég myndi kaupa mér geggjaða skó. Er eins og flestar konur – með skófíkn – og það eru alveg tveir mánuðir síðan ég keypti síðast skó. Komin með fráhvarfseinkenni.

**Nýr strumpur bætist við í strumpafjölskylduna – hvað kallarðu hann?** Strympi.

**Hvað ætti Grýla grænmetisæta að gera við óþekku börnin?** Er Grýla orðin grænmetisæta?

**Hvaða lag geturðu hlustað á aftur og aftur?** Þessa stundina get ég hlustað endalaust á Streemline með Pendulum. Annars er það minn stíll að hlusta endalaust á eitt lag í viku þar til allir eru komnir með ógeð í kringum mig.

**Ef þú uppgötvaðir nýja plánetu í sólkerfi okkar – hvað myndirðu nefna hana?** Hrefnu Rósu án efa. Það væri geggjað ef heil pláneta héti eftir mér.

**Hver er frægasti ættinginn þinn?** Við erum öll svo ótrúlega fræg í minni fjölskyldu en fyrst ég þarf að velja bara einn þá dettur mér svona fyrst í hug Jón Sætran heitinn sem var afabróðir minn og skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík í eldgamladaga.

**Þú færð þér karakter úr kvikmynd til að búa með – hvaða persóna verður fyrir valinu?** Það yrði Brodie (Jason Lee) úr Mallrats. Hann er svo mega fyndinn og nær að búa til skemmtilega umræðu úr ómerkilegustu hlutum. Yrði örugglega aldrei vandræðaleg þögn.

**Hvað þarf gott veitingahús að hafa?** Mikilvægast er að hafa gott og ánægt starfsfólk. Það skilar sér í matnum og þjónustunni.

**Og að lokum – eftirlætisfiskréttur og af hverju?** Það eru fiskibollur í öllu sínu veldi. Hefur alltaf verið uppáhalds maturinn minn alveg frá því ég man eftir mér. Ég er auðvitað innan um mjög flottan mat alla daga og þess vegna finnst mér örugglega enn þá gaman að fá hversdagslegu fiskibollurnar.



**RAUTT LANDSLIÐSELDHÚS** Í eldhúsi Hrefnu Bjarkar Sætran, landsliðskokks og eiganda Fiskimarkaðarins, er varla þverfótað fyrir rauðum hlutum, svo sem ísskáp, kaffivél og speglum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR









## MÆLISTIKAN

### ■ Á uppleið

**Þykkir sokkar og hælaskór.** Hver sagði að það væri ekki hægt að vera glæsilegur á veturna?

**Dimmar stjörnubjartar nætur.** Rómantík og heitar stundir í skammdeginu.



**Eggjapúns.** Frábært að bjóða vinum upp á þetta eftir langa útiveru. Egg, mjólk, rjómi, sykur, múskat og viskí hressir alla við!



**Hattar.** Karlmenn eru svo virðulegir með höfuðföt og svo auðvitað mjög nytsamlegir í kuldanum.



**Fallega hönnuð svefnherbergisleikföng.** Nú þurfa konur ekki að fá hrylling yfir neonlituðu plastdóti heldur heimsækja Systur á Laugavegi í staðinn.



### ■ Á niðurleið

**Hollur matur og salöt.** Sorrí, nú viljum við bara flatkökur með hangikjöti, síld og laufabrauð.

**Undarlegir slúðurdálkar.** Við bara skiljum þig alls ekki, Ellý, því miður.



**Skærir litir.** Við vitum að þeir verða í tísku næsta vor en í desember eigum við að vera dökk og dramatísk.

**Uppajólahald.** Eini tími ársins sem fólk þarf ekki að sýnast. Burt með þemalituð jólatré og kristalshurðarkransa.

**Jólaskrautið í miðbænum.** Kominn tími til að fríska upp á eitthvað af því. Burt með glannalegar halastjörnur og diskóljós og inn með klassískar perur.






Vorum að opna glæsilega **DAY** verslun
á móti Karen Millen

DAY BIRGER et MIKKELSEN | Kringlunni | www.day.dk



# HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Kærleikur**

Á degi íslenskrar tungu spurði blað eitt fólk um uppáhaldsorð, og einir þrír svöruðu **kærleikur**. Ég held að átt hafi verið við merkingu orðsins, fremur en hve orðið sjálft væri skemmtilegt. Í ritmálssafni Orðabókar háskólans kemur það fyrst fram í þýðingu Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu 1540. Ekki er ólíklegt að hann hafi smíðað þetta orð. En það er reyndar til í nágrannamálum: **kärlek** í sænsku og **kærlighed** í dönsku. Lýsingarorðið kær er hins vegar miklu eldra, er m.a. í Íslenskri hómilíubók, elstu bók okkar. Þar er hins vegar alltaf skrifað **ást** um það sem síðar verður kærleikur. Lo. kær er svokölluð tökuþýðing, upphaflega komið úr latínu **carus** en er smogin til okkar um frönsku **cher** sem að frummerkingu er dýrmætur. Því er einhver okkur **kær** af því að okkur finnst hann/hún dýrmæti.

**Herra**

Steinunn Valdís Óskarsdóttir vill breyta titlinum **ráðherra** og hefur nokkuð til síns máls. Mörg starfsheiti eru karlkyns, en það er málfræðilegt kyn eingöngu. Svo er hins vegar ekki um orðið **herra**, sem aðeins er notað um karlmenn. Ógerlegt er að nefna konu herra. Því er ráðherra óheppilegt embættisheiti. Herra (einnig herri) merkir húsbóndi, yfirmaður. Orðið er skylt **harri**: konungur, höfðingi. Einnig er til **so. herra**: slá til riddara, aðla. Athyglisvert er að í öðrum málum er haft orðið **minister**, sem merkir þjónn, dregið af lat. **minus**: minni. Hér er hins vegar **vald** ráðherra mikið og meira en í nágrannalöndum okkar. Því hefur mér dottið í hug að e.t.v. mætti mynda nýtt orð af vald með u-hljóðvarpi: **völdur**. Iðnaðarvöldur, félagsmálavöldur – hvernig lýst mönnum á það? Nema náttúrlega við köllum forsætisráðherra **alvald**!!

**Fleirtölusýki?**

Ýmsir hafa bent mér á að æ oftar sjáist orð í fleirtölu sem annars eru eintöluorð.

Dæmi um það er „verðin á söfnunum hafa hækkað“, „komur flugvéla“, „margar snyrtingar á sama gangi“, „gerðar voru húsleitir í tveimur húsum“ o.s.frv. Meira að segja auglýsti einn bankinn: „Ertu á milli húsnæða?“ Þetta er heldur hvimleitt, og raunar óþarft. En íslenskudeild lögreglunnar hefur ekki þær gúmmíkylfur sem maður sem kallar sig dr. Gunna lýsir eftir hér í blaðinu 22. nóv. sl. Einungis heimild til áminninga.

**Sonur afa síns?**

Hér í Fbl. 23. nóv. er sagt í flennifyrirsögn: „Forsetinn eignast fyrsta afasoninn“ og hljómar ærið kynlega. Að vísu getur sami maður verið bæði faðir og afi, og það hefur því miður gerst. En sá maður hefur níðst herfilega á dóttur sinni. Forsetinn okkar eignaðist aftur á móti fyrsta dótturson sinn, og hann verður vonandi mikill **afastrákur**, eins og síðar var sagt hér í blaðinu – sem betur fer.

**Braghenda**

*Hestar slengja höfadyn um*
*hálfan dalinn.*
*Hann liggur þar í lofti falinn*
*og lætur hljóma fjallasalinn.*

**Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is**

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir ...

**... besta land í heimi**



Íslendingar skutu Noregi ref fyrir rass og hirtu efsta sætið á lista þeirra þjóða sem bestra lífskjara njóta í Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna. Á eftir Noregi koma Kanada, Ástralía og Írland.



**... Jón Ólafsson**

Jóni Ólafssyni virðist ætla að takast það sem margir hafa reynt en án árangurs: að gera íslenskt vatn að verðmætri útflutningsvöru. Hann hyggst reisa verksmiðju í Ölfusi og hefur gert samning við stærsta dreifingarfyrirtæki í Bandaríkjunum. Dagblaðið Financial Times ræddi við Jón í vikunni og þar lýsir hann háleitri sýn sinni.

**... miðborg Reykjavíkur**

Borgin fær í sínar hendur eignir við Lindargötureit. Listaháskólinn er kominn skrefi nær varanlegri lausn á húsnæðismálum sínum því hann fær úthlutað lóð við Laugaveg. Samson fær eignir á Barónsstígsreit og ætlar að reisa þar verslunarkjarna. Sýnir svo ekki verður um villst að miðbærinn er í uppsveiflu og þykir eftirsóknarverður staður.



## Vond vika fyrir ...

**... bílaeigendur**



Eldsneytisverð er komið í enn eitt sögulega hámarkið. Margir íhuga alvarlega að leggja skrjóðnum og fjárfesta í þykkri úlpu og mannbroddum, sem hefur sjálfsagt aldrei verið jafnfljótt að borga sig upp og nú.



**... rjúpnaskyttur**

Fáir fá rjúpu í matinn á aðfangadagskvöld í ár. Rjúpnaveiðitímabilinu lauk í gær og var eitt það lélegasta í manna minnum. Tímabilið var styttra en venjulega í ár og ólíklegt að það verði lengra að ári. Þrátt fyrir sölubann heyrast sögur af óprúttnum skotveiðimönnum sem veiða mikið og selja og er hermt að sumir borgi allt að því sjö þúsund krónur fyrir stykkið til að fá rjúpu í jólamat.

**... forseta borgarstjórnar**



Margrét Sverrisdóttir hefur verið forseti borgarstjórnar í aðeins nokkrar vikur þegar þau tíðindi berast að Ólafur F. Magnússon ætli að setjast aftur í borgarstjórn eftir fjarveru vegna veikinda. Þótt það sé auðvitað gleðiefni í sjálfu sér missir Margrét klárlega spón úr aski sínum.

# HELGARKROSSGÁTAN





**Leystu krossgátuna**
**Í vinning eru tveir miðar í bíó í Regnbogann, Borgarbíó eða Smárabíó?**

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900! Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12. - 99 kr. sms-ið








93 MP & BH

Krossgátuorð: LÚTUR, KLAUFSKA, ÁVÖXTUR, TVÖFALT, REIKA, MJÖG, BOR, FYRIRDRAG, SAMTÍÐIS, GRIPUR, BÓKSTAFUR, SKIPULAG, FLINK, MORGUNMESSA, GANGÞÓFI, FJÖLDI, PERSÓNUFORNAFN, HLÍÐ, SJÚGA, ÞYNNU, NEYTA, Í VAFA, FJALL, ÍLÁT, SPÍRA, NEITUN, NAFNORÐ, HITI, FRÁRENNSLI, ÁTT, GLUFA, AFGANGUR, VÖKVA, ÁTT, LEYFI, ATAÐUR, MÆLIEINING, TRÖLL, ÞAKBRÚN, HNAPPUR, VITLAUST, VERNDARI, SÆTI, GABBA, BROTTFARARHUGUR, SAMÞYKKI, HOLA, EKKI, TVÍHLJÓÐI, VÖRUMERKI, VILJUGUR, SKÓLI, STANDAST, SKEMMTUN, SVALL, MEGIN, FÍFLAST, FUNDA, TRYGGING, SKYNFÆRI, STRUNS, BAÐA, FÆR UM, UTAN, HREYFING, GRÍSKUR BÓKSTAFUR, RÆNA, NÝLEGA, FISKUR

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS
GJAFAKORT
Rafræna Bónus gjafakortið er góð jólagjöf.
Þú kaupir inneign á kortið að eigin vali !
Fæst aðeins á skrifstofu Bónus að Skútuvogi 13
40% AFSLÁTTUR
Holta KJÚKL. HVERSDAGSSTEIK m/sólþurrkuðum tómötum
455 kr/kg. 40% afsláttur. Merkt verð 759 kr/kg.
Jóla-ljósapíramídi 40 sm 998 kr.
Jóla-ljósapíramídi 60 sm 1898 kr.
Jóla-ljósapíramídi 90 sm 2998 kr.
BEINT Í OFNINN
30% AFSLÁTTUR
Bónus kryddaðir KJÚKLINGABITAR 349 kr/kg.
30% afsláttur. Merkt verð 499 kr/kg.
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKUR KJÚKLINGUR
KJÚKLINGAVÆNGIR 239 kr/kg. Merkt verð 399 kr
KJÚLINGALEGGIR 395 kr/kg. Merkt verð 659 kr/kg.
KJÚKLINGALÆRI 395 kr/kg. Merkt verð 659 kr/kg.
79
79
Fanta 2 ltr.
Pepsi MAX 2 ltr.
BIRKIREYKT HANGIKJÖT
30% AFSLÁTTUR
SS Birkireyktur úrb. hangiframpartur 1399 kr/kg
30% afsláttur. Merkt verð 1999 kr/kg.
SS Birkireykt úrb. hangilæri 1889 kr/kg.
30% afsláttur. Merkt verð 2698 kr/kg.
BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.00

# AÐVENTU

egg afsláttur 30% egg afsláttur



**Vasi**
50 sm / 61sm 2920117/118
verð frá **3.283**

egg afsláttur 30% egg afsláttur



**Glös**
Rauð 2901508
**349**

egg afsláttur 50% egg afsláttur



**Kertaglös**
Rauð/hvít - 3 stk í pakka 2900294
**199**

egg afsláttur 50% egg afsláttur



**Glerdiskur**
Silfur/gyllt - 26 sm 13412701/02
**599**



**Gisela Graham**
Jólasveinastytta
**30% afsláttur**




**Stjörnur**
6 stk í pakka 2903041
**359**



**Jólaskraut**
Gler 2903042
**185**



**Gisela Graham**
Jólastré - silfur/gyllt
**30% afsláttur**




**Snjókorn**
Gler - 6 stk í pakka 2903003
**419**



**Stjörnur**
3 stk 2901524
**149**

EGO BÚSÁHÖLD
**20%**
afsláttur
EGO BÚSÁHÖLD



Eldhúsinnréttingar | Baðinnréttingar | Skápar | Húsgögn | Hreinlætistæki | Parket | Flísar

## EGG ER STÓRVERSLUN

- með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

VIÐ BENDUM Á NÆG BÍLASTÆÐI Í BÍLAKJALLARA







**Glerkrans** 419
Snjókorn 2903003




**Bakki** 979
Rauður 2915099

# 30% til 50%

afsláttur af glæsilegu jólaskrauti og gjafavöru

## GERÐU FRÁBÆR KAUP FYRIR JÓLIN!



**Gisela Graham**
Jólafígúrur

**30% afsláttur**



Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir | Veggfóður | Hönnunarsetur

EGG
SMÁRATORGI




# STUÐ MILLI STRÍÐA Jesús, Múhameð, Búdda og börnin í landinu

**ROALD VIÐARI EYVINDSSYNI** FINNST TRÚBOÐ OG SKÓLASTARF EKKI EIGA SAMLEIÐ



Skömmu eftir að ég hóf skólagöngu gerðust foreldrar mínir búddistar, þegar fjölmenningarsamfélag var enn framandi hugtak í íslensku samfélagi og landsmenn höfðu fremur óljósar hugmyndir um önnur trúarbrögð en kristni.

Þrátt fyrir trúskiptin reyndu foreldrar mínir aldrei að þvinga sinni trú upp á mig og til marks um það voru jólin og páskarnir haldnir hátíðlegir á heimilinu enda fyrir því sterk hefð. Svo var þetta líka gert til að ég yrði ekki hornreka í vinahópnum og hefði svigrúm til að mynda mér eigin trúarskoðanir.

Í skólanum fór hins vegar ekki jafn mikið fyrir þessu frjálslynda viðhorfi. Fyrstu árin hófst þar hver dagur með faðirvori og gilti einu hvaða trú börnin aðhylltust. Síðan tók við kristinfræði og svo fermingarfræðsla í gagnfræðaskóla. En þá varð fjandinn laus þar sem ég neitaði að fermast.

Efasemdir um að kennisetningar kirkjunnar væru eitthvað réttari en aðrar höfðu of sterk ítök í mér til að ég gæti játast trúnni með góðri samvisku. Mér fannst sú ákvörðun rétt en hún reyndist dýrkeypt.

Þannig varð ég af fermingarfræðslu, skólaferð verðandi fermingarbarna og pökkunum. Verst þótti mér þó að finnast ég vera verulega útundan í skólanum. Þar fór ekki mikið fyrir kristilegum kærleika bekkjarsystkinanna, sem voru mörg hver alltof áfjáð í að komast yfir tölvur, græjur og annan bónus sem fylgdi sakramentinu til að botna nokkuð í þessari ákvörðun.

Sú reynsla varð til að sannfæra mig um að hvorki kristinfræði né fermingarfræðsla eigi heima í skólastarfi. Við höfum KFUK, KFUM, sunnudagaskóla og kirkjur landsins til að sinna því starfi. Rétt eins og til eru samkomustaðir búddista og múslima á Íslandi þar sem trúariðkun og fræðslustarf fer fram.

Í skólum á ekki að boða trú, frekar en kenna á vísindi í kirkjum. Annað elur á fordómum, mismunun og jafnvel ofbeldi í garð annarra trúarhópa.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Flottasta verðið

GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ



TILBOÐ 5.999kr
Verð áður 7.495,-

LEGO duplo kastali prinsessunar



TILBOÐ 3.199kr
Verð áður 3.985,-

LEGO duplo Bóndabær



TILBOÐ 2.799kr
Verð áður 3.899,-

LEGO leikfangakassi

TILBOÐ 1.399kr
Verð áður 1.949,-

LEGO leikfangakassi



TILBOÐ 1.699kr
Verð áður 2.349,-

LEGO duplo leikfangakassi





TILBOÐ 799kr
Verð áður 1.049,-

LEGO Racers upptrekktir bílar

Gildir til 2. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**! Kl. 15.30**

*Rithöfundurinn Þórdís Björnsdóttir les upp úr nýútkominni skáldsögu sinni Saga af bláu sumri á opnun listsýningarinnar Meter á Korpúlfsstöðum í dag kl. 15.30.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Lessing fer ekki til Svíþjóðar

Rithöfundurinn Doris Lessing, sem hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels í ár, getur ekki ferðast til Stokkhólms til að taka við verðlaununum vegna eymsla í baki.

Læknar hafa ráðið Lessing að hafa hægt um sig og forðast ferðalög. Af þeirri ástæðu verða henni afhent verðlaunin við litla athöfn í heimaborg hennar, London.

Nóbelsverðlaun fyrir greinarnar bókmenntir, efnafræði, eðlisfræði, læknisfræði og hagfræði eru afhent við hátíðlega athöfn í Stokkhólmi hinn 10. desember ár hvert. Sama dag eru friðarverðlaun Nóbels afhent í Ósló. Dagurinn markar dánarafmæli Alfreds Nobel, upphafsmanns verðlaunanna, en hann lést 10. desember árið 1896.

Hefð er fyrir því að vinningshafar haldi erindi í Stokkhólmi áður en þeir fá verðlaunin afhent.



**DORIS LESSING** Doris er of bakveik til að ferðast.

Stefnt er að því að taka erindi Lessing upp á myndband og sýna við athöfn í Stokkhólmi áður en sjálf verðlaunahátíðin fer fram.

Lessing er þriðji handhafi bókmenntaverðlaunanna á aðeins fjórum árum sem ekki getur verið viðstaddur verðlaunaafhendinguna. Árið 2005 þurfti Harold Pinter að taka við verðlaununum í Bretlandi þar sem hann gat ekki ferðast af heilsufarsástæðum. Árið 2004 afþakkaði Austurríkismaðurinn Elfriede Jelinek boðið á hátíðina þar sem hún sagðist ekki vera í nægilega góðu andlegu jafnvægi til að þola svo mikla viðhöfn.

Aðeins einn handhafi verðlaunanna hefur afþakkað þau með öllu, en það var franski heimspekingurinn og rithöfundurinn Jean-Paul Sartre sem var útnefndur vinningshafi árið 1964. - vþ

### > Ekki missa af …

Myndlistarsýningunni „Maðurinn er alltaf egg“ sem stendur nú yfir í Galleríi Dvergi, Grundarstíg 21. Á sýningunni er blandað saman hljóð- og myndbandsverkum listamannanna Frímanns Kjerúlf, Gunnars Theodórs Eggertssonar, Helgu Bjargar Gylfadóttur og Rakelar Jónsdóttur. Sýningunni lýkur á morgun og því fer hver að verða síðastur að berja hana augum. Gallerí Dvergur er opið frá 17-20 í dag og á morgun.

## Falinn fjársjóður afhjúpaður

Sýningin Falinn fjársjóður verður opnuð á Kjarvalsstöðum á sunnudag kl. 14. Á sýningunni má sjá verk sem Landsbankinn festi kaup á í tilefni af 120 ára afmæli sínu í fyrra. Sýningin býður upp á mörg merkileg verk úr íslenskri listasögu, en fárra er væntanlega beðið með jafn mikilli eftirvæntingu og verksins Hvítasunnudagur eftir Jóhannes S. Kjarval sem hann málaði á árunum 1917-1919.

Verkið Hvítasunnudagur kom í leitirnar í febrúar á þessu ári og fékk fundurinn gríðarlega umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum enda um að ræða einstakt verk eftir Kjarval sem hafði verið leitað lengi. Kjarval málaði Hvítasunnudag þegar hann hafði nýlokið listnámi við Konunglegu dönsku listakademíuna árið 1917, en verkið er í kúbískum stíl og skipar mikilvægan sess í sögu listar Kjarvals. Verkið var selt á uppboði síðar á árinu en þar sem leynd hvíldi yfir kaupanda þess gat



**HVÍTASUNNUDAGUR** Verkið kemur loks fyrir sjónir almennings á sunnudag.

þjóðin ekki annað en vonað að verkið hefði ratað til Íslands.

Landsbankinn reyndist vera kaupandinn og hefur þar með lagt sitt af mörkum til þess að varðveita þennan mikilvæga hluta menningararfs þjóðarinnar. Bankinn bauð Listasafni Reykjavíkur að taka verkið til sýningar almenningi í húsakynnum sínum og þótti að sjálfsögðu við hæfi að verkið yrði sýnt á Kjarvalsstöðum þar sem byggingin er tileinkuð sjálfum listamanninum.

Á sýningunni má jafnframt sjá kolateikningar eftir Kjarval sem fundust á háalofti gamla Stýrimannaskólans í Reykjavík árið 1994 og verk eftir listamenn á borð við Finn Jónsson, Ásgrím Jónsson, Gunnlaug Scheving, Þorvald Skúlason og Nínu Tryggvadóttur.

Sýningarstjórinn Aðalsteinn Ingólfsson verður með leiðsögn um sýninguna kl. 16 á opnunardaginn. - vþ

## Bessastaðaskóla minnst í dag

Efnt verður til hátíðarsamkomu undir yfirskriftinni „Bessastaðaskóli – vagga íslenskrar menningar“ í Íþróttahúsi Álftaness í dag og stendur hún frá kl. 14-16. Skipuleggjendur samkomunnar eru SÁUM, Samtök áhugafólks um menningarhús á Álftanesi, sem vilja með þessum hætti minna á Bessastaðaskóla og vekja athygli á því hve stóran þátt skólinn átti í þróun og eflingu íslenskrar menningar.



**FRÆGASTI NEMANDI BESSASTAÐASKÓLA**

Á samkomunni verður blandað saman fræðum og listflutningi sem tengist umfjöllunarefninu. Meðal þeirra sem koma fram verða Anna Ólafsdóttir Björnsson sem fjallar um áhrif skólans á mannlíf á Álftanesi, Hjalti Hugason sem fjallar um prestsmenntunina sem þar fór fram og Sveinn Yngvi Egilsson sem fjallar um skólaár Jónasar Hallgrímssonar og Fjölnismanna. Enn fremur flytja þau Bára Grímsdóttir og Chris Forster tvísöngsstemmu og kynna leik skólapilta.

Boðið verður upp á kaffiveitingar og safnað skráningum í áhugahóp um Bessastaðaskóla, en í framtíðinni er ætlunin að minnast skólahaldsins ár hvert á hefðbundnum skólasetningardegi hans, 1. október, og safna saman til útgáfu efni sem tengist honum. - pbb




GARÐAR THOR
CORTES
ÁRITAR
Í DAG
CORTES
SKÍFUNNI KRINGLUNNI
KL: 14:00
Garðar Thor áritar diska sína í
þetta eina skipti fyrir Jól
S·K·Í·F·A·N

# Foreldrar með samviskubit

**Jólafastan er um flest undarlegur tími. Í senn færist spenna og slaki í samfélagið. Félagslífið breytist, skólahald raskast. Og þá fara á kreik vættir sem láta okkur annars í friði. Leikhúsfólk virðist þessi jólin ætla að láta til sín taka. Margar jólasýningar verða á boðstólum um landið næstu vikur.**

Sú fyrsta er reyndar komin á fjalirnar og er að því leyti sérstök að þar fara börn með hlutverkin: María - asninn og gjaldkerarnir eftir Erlu Ruth Harðardóttur var frumsýnd í Borgarleikhúsinu fyrir skömmu og heldur sýningum áfram inn í jólaföstuna: þar er fjallað um krakka í unglingadeild sem fengið er það verkefni að setja upp sjálfan helgileikinn.

Í Þjóðleikhúsinu er líka á boðstólum jólasýning, Leitin að jólunum eftir Þorvald Þorsteinsson er þar sýnd þriðja árið í röð. Tveir skrýtnir og skemmtilegir náungar taka á móti litlum leikhúsgestum og fylgdarliði í anddyri Þjóðleikhússins og eru tveir hljóðfæraleikarar með í för.

Dag hvern kl. 12.34 verður opnaður einn gluggi í jóladagatali Norræna hússins. Hver gluggi hefur einhverja óvænta lifandi uppákomu að geyma. Það má þó ljóstra því upp að uppákomurnar eru ekki af verri endanum, margir af okkar vinsælustu listamönnum. Að auki eru sérstakar uppákomur um helgar fyrir börn þar sem lesnar verða jólasögur og sungin jólalög.

Skemmtihúsið við Laufásveg hefur ekki verið nýtt til sýningarhalds um nokkra hríð en hinn 1. desember verður þar frumsýnt glænýtt, íslenskt jólaleikrit með söngvum: „Lápur, Skrápur og jólaskapið“. Verkið fjallar um tvo Grýlusyni, þá Láp og Skráp, en þeir eru einu tröllabörnin í Grýluhelli sem hafa ekki enn komist í jólaskap. Grýla mamma þeirra rekur þá því af stað úr hellinum og bannar þeim að koma þangað aftur fyrr en þeir eru búnir að finna jólaskapið.



**LEIKLIST** Margt er í boði fyrir börn á aðventunni í leikhúsum landsins. Augasteinn kemur aftur til sögunnar og er nú í Hafnarfirðinum.



**LEIKLIST** Lápur og Skrápur eru sestir að í Skemmtihúsinu á móti ameríska sendiráðinu. Nú er bara að sjá hvað hinum bandaríska Kláusi þykir um samkeppnina.

Jólasýning leikhópsins Á senunni, Ævintýrið um Augastein, verður sýnd í Hafnarfjarðarleikhúsinu í desember. Það byggist á hinni sígildu sögu um Grýlu og jólasveinana en sagan um litla drenginn, sem nefndur er Augasteinn, verður miðpunktur leikritsins. Augasteinn lendir fyrir tilviljun í höndum hinna hrekkjóttu jólasveina.

Fjölskyldusýningin Þú ert nú meiri jólasveinninn verður frumsýnd hjá LA á morgun. Hér birtist leikarinn, tenórinn, heimsmaðurinn og eineltisbarnið Stúfur eins og við höfum aldrei séð hann áður; geislandi af hæfileikum og sprellfjörugur. Hann segir áhorfendum sannar sögur af sjálfum sér í bland við frumsamin krassandi ævintýri sem ættu að gleðja alla, jafnvel hina geðvondu og sípirruðu móður listamannsins, sjálfa Grýlu.

pbb@frettabladid.is.


„Stílsnilld sem á sér vart hliðstæðu hjá öðrum samtímahöfundum.“

Irving Howe

BRANDARINN, sem er fyrsta skáldsaga Milan Kundera, kom út í Prag á sjöunda áratugnum og náði strax gríðarlegum vinsældum. Sagan hefur verið þýdd á fjölmörg tungumál og er nú talin meðal merkustu skáldsagna sem út komu í Evrópu á síðari hluta tuttugustu aldar.

Friðrik Rafnsson þýddi.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is






## Aðventan í Norræna húsinu

Norræna húsið býður gestum sínum upp á notalega aðventu. Norræn jólastemning mun ríkja í húsinu og boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá:

**Lifandi jóladagatal í desember kl. 12:34**
Daglega frá og með 1. desember kl. 12:34 verður opnaður einn gluggi í jóladagatali Norræna hússins. Hver gluggi hefur að geyma einhverja óvænta og lifandi uppákomu.

**Bókasafnið.**
Dagskrá verður fyrir börn þrjár fyrstu helgarnar í desember kl. 13.00. María Pálsdóttir leikkona og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur og tónlistarmaður - Norskur og íslenskur barnakór - Strengjaleikhúsið undir stjórn Messíönu Tómasdóttur

**Jólahlaðborð í Alvar A – matur og drykkur.**
Allar helgar í desember verður boðið upp á norrænt jólahlaðborð í hádeginu. Danski matreiðslumaðurinn Mads Holm galdrar fram girnilegar norrænar jólakræsingar.

**Jólamarkaður.**
Hönnunar- og handverksmarkaður verður í sýningarsal í kjallara hússins þrjár fyrstu helgarnar í desember kl. 12:00-17:00. Fjölmargir íslenskir hönnuðir og handverksmenn.
Jólaglögg og léttar veitingar verða seldar á staðnum.

Sjá nánari dagskrá á www.nordice.is

Enginn aðgangseyrir er að aðventudagskránni.

Norræna húsið Sturlugötu 5 sími 551 7030 www.nordice.is



KRINGLU KRÁIN

Hljómsveitin
Signia í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum



GERÐUBERG
www.gerduberg.is



**Allt í plati!**
Sýning úr söguheimi Sigrúnar Eldjárn
Frábær upplifun fyrir alla fjölskylduna!
Kíkið í heimsókn til Málfríðar, Mömmu hennar, Kuggs og Mosa litla



**Þetta vilja börnin sjá**
Myndskreytingar úr íslenskum barnabókum 2007
Hver hlýtur Dimmalimm-verðlaunin í ár?
Verið velkomin á verðlaunaafhendinguna 6. des kl. 20



**Einn og átta**
**Handgerðir jólasveinar, Grýla og Leppalúði**
Verið velkomin á opnun sýningar
Sunnu Emanúelsdóttur í Kaffi Bergi fimmtudaginn 6. des kl. 21 Hljómsveitin Tepokinn spilar fyrir gesti!



**Málverkasýning Togga**
Alþýðulistamaðurinn Þorgrímur Kristmundsson sýnir landslagsmálverk unnin í olíu og vatnslit í Boganum
Listamaðurinn tekur á móti gestum um helgina!

Sýningarnar standa til 13. janúar og eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. Sími 575 7700.




**699** kr/kg.

Hornafjarðarhumar 1 kg.

H:N markaðssamskipti / SÍA
Umbrot: Víkurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

KVENNAKÓR REYKJAVÍKUR
AÐVENTUTÓNLEIKAR
Í KVÖLD
KL. 20 Í GRENSÁSKIRKJU
SEINNI TÓNLEIKAR Á LAUGARDAGINN KL. 17 Í GRENSÁSKIRKJU
MIÐASALA Í SÍMA 896 6468 / MIÐAVERÐ Í FORSÖLU 2.000 KR.
VIÐ INNGANGINN 2.300 KR.

Hedda Gabler
eftir Henrik Ibsen
SÝNT Í TJARNARBÍÓI
Ath. Aðeins tvær sýningar eftir!
Laugard. 1.des kl. 20:00
Laugard. 8.des kl. 20:00
Miðasalan er opin alla daga frá klukkan 17:00-20:00
Sími miðasölu er 551 2477.
Einnig eru miðar seldir á www.midi.is





REVÍUSÖNGVAR
Í tilefni af 110 ára afmæli Iðnó ætla þau
SOFFÍA KARLSDÓTTIR og ÖRN ÁRNASON
að rifja upp nokkur revíulög, bæði þekkt og óþekkt.
Föstudag 30. nóvember kl.20.00
Laugardag 1. desember kl.20.00
Sunnudag 2. desember kl.20.00
Föstudag 7. desember kl.20.00
Laugardag 8. desember kl.20.00
IÐNÓ
Miðapantanir í síma 5629700 og á midi.is

Green Diamond Icelander
BYLTING í dekkjum
Kynningarverð!
Heilsársdekk frá USA með kvartskornum.
Gefa mun betra grip en hefðbundin dekk.
Umhverfisvæn og hljóðlát.
Aukið öryggi í hálku og bleytu, styttri hemlunarvegalengd og meira öryggi í beygjum.
Amerísk gæðadekk
Allt að 65.000 km ending!
Green Diamond USA
www.greendiamondtire.com
Heildsala: Efnir ehf. - S. 555 1122 - Söluaðili: Nýbarði Lyngási 8, Garðabæ - S. 565 8600

# Minning snillings heiðruð

**Átjándu tónleikarnir í árlegri tónleikaröð Tríós Reykjavíkur, Klassík við kertaljós, fara fram annað kvöld kl. 20 í listasafninu Hafnarborg í Hafnarfirði.**



**PETER MÁTÉ OG GUNNAR KVARAN** Tveir þriðju hlutar Tríós Reykjavíkur halda tónleika annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sérstök stemning skapast iðulega á þessum tónleikum tríósins þar sem boðið er upp á fagra tónlist við kertaljós í svartasta skammdeginu. Með efnisskránni reynir tríóið að veita birtu og yl til áhorfenda og verður engin breyting á því þetta árið. Tónleikarnir annað kvöld eru helgaðir minningu rússneska sellósnillingsins og hljómsveitarstjórans Mstislav Rostropovits sem lést í apríl síðastliðnum áttræður að aldri. Rostropovits var óumdeilanlega einn allra merkilegasti tónlistarflytjandi sögunnar og áhrifa hans gætti langt út fyrir svið tónlistar.

„Hann var sannarlega stórkostlegur tónlistarmaður og var jafnvígur á sellóleik og hljómsveitarstjórnun, sem ekki er öllum fært. Hann hafði einstaka lífsorku og það er hreinlega með ólíkindum hvað hann komst yfir að afreka á ævinni. Þegar horft er yfir lífshlaup hans er líklegt að afköst hans á tónlistarsviðinu séu á við þrjá meðalmenn og því er ekki síður merkilegt að hugsa til þess að hann lét ekki einungis til sín taka á tónlistarsviðinu. Hann lét þjóðfélagsmál sig varða og lenti upp á kant við sovésk stjórnvöld á áttunda áratugnum fyrir að halda verndarhendi yfir rithöfundinum Alexander Solzhenitsyn. Fór svo að lokum að hann þurfti að hverfa frá heimalandi sínu og sneri ekki þangað aftur fyrr en áratugum seinna," segir Gunnar Kvaran, sellóleikari og meðlimur í Tríói Reykjavíkur.

Rostropovits kom tvisvar til Íslands; í fyrra skiptið á sjötta áratugnum og í seinna skiptið á áttunda áratugnum. Í fyrra skiptið lék hann meðal annars á tónleikum með Páli Ísólfssyni. Gunnar sá Rostropovits leika á tónleikum í London á sjöunda áratugnum og víkur sú reynsla honum aldrei úr minni. „Ég sá hann koma fram á tónleikum í Royal Festival Hall árið 1965. Tónleikarnir voru algerlega magnaðir og höfðu mikil áhrif á mig. Þegar Rostropovits lést í apríl síðastliðnum þótti mér það sjálfsagt að heiðra minningu hans á einhvern hátt. Við tríóið settum því saman efnisskrána sem við flytjum annað kvöld honum til heiðurs."

Ásamt Gunnari kemur fram píanóleikarinn Peter Maté. Athygli vekur að aðeins tveir þriðju hlutar tríósins koma fram á tónleikunum, en þriðjungurinn sem enn er ótalinn, fiðluleikarinn Guðný Guðmundsdóttir, er vant við látinn annað kvöld. Efnisskráin miðast því við verk fyrir selló og píanó, en flutt verða sónata op. 38 eftir Brahms, Vocalise eftir Rachmaninoff og sónata op. 40 eftir Sjostakovits. Það svífur því viðeigandi rússnesk stemning yfir vötnum á þessum átjándu kertaljósatónleikum Tríós Reykjavíkur.

vigdis@frettabladid.is



**MSTISLAV ROSTROPOVITS** Hann var einn mesti flytjandi allra tíma.

Sniglaball - styrkjum langveik börn!
Okkar árlega styrktarball verður haldið í kvöld
1. des í Skipholti 70 - húsið opnar kl. 20:00.
Happdrætti, pakkuppboð og hljómsveit spilar fyrir dansi.
mætum öll og stykjum gott málefni.
Allir velkomnir!
Bifhjólasamtök lýðveldisins Sniglar

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hugljúft ævintýri um samskipti manna og dýra
Fallegi flughvalurinn og Leifur óheppni segir frá ævintýrum Flughvalsins sem er íslenskum börnum að góðu kunnur. Í þessari sögu hittir hann Leif óheppna, agnarlítinn fugl sem hefur villst frá Flórída til Íslands, og flýgur með hann heim á bakinu. Þar býr líka Linda vinkona hans í húsi við ströndina. Þegar krókódíllinn Rauðugli fer á stjá passar Leifur óheppni upp á vinkonu sína.
Þetta er hugljúft ævintýri um samskipti manna og dýra fyrir 3–7 ára börn.




Anna Cynthia Leplar myndskreytir þessa fallegu sögu Ólafs Gunnarssonar.
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI TILBOÐUM • EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FARTÖLVUM

**500GB HARÐDISKUR**
Frá Western Digital, SATA2 með 16MB buffer
**8.990**

**25DVD DISKAR**
25 STK Verbatim gæða 16x DVD+R diskar í spindil
**1.890**

CREATIVE®
**30GB CREATIVE**
30GB spilari sem spilar bæði tónlist og kvikmyndir
**16.900**

ACER FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ 46.900 KR

**16BLS**
Nýr glæsilegur 16bls bæklingur stútfullur af frábærum desember tilboðum



**OPNUNARTÍMAR**
OPIÐ Í DAG 10:00 - 17:00
SUNNUDAG 13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur

**> VIKTOR & ROLF**
hafa hannað einar flottustu ferðatöskur sem um getur í samstarfi við Samsonite Black Label. Línan inniheldur „beauty“ box og veski fyrir brottfararspjald.

NÆRFATARISINN
Agent Provocateur ætla að færa út kvíarnar og fjölga búðum úr 36 í 100. „ Það er svo mikill fjöldi nýrra markaða sem við ætlum að herja á,“ segir Gary Hogarth, nýr markaðsstjóri. Kannski Ísland sé næst á kortinu?

# stíll
utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í …


...Rokkaralega ökklaskó með semelíusteinum frá SAND í Kringlunni.


...Dásamlegan kjól í 30's stíl frá SAND, Kringlunni.


...Fagran og fornlegan rebbakraga frá SPÚÚTNIK í Kringlunni.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Verðum peysustelpur í vetur*

Mikið er ég fegin að maður sér loks rigninguna kveðja og frost festast á jörðu. Mér finnst svo skemmtilegt að finna fyrir smá kulda og stillu, þegar andardrátturinn frýs, stjörnurnar skína rétt fyrir hádegi og það glitrar á göturnar. Að dúða sig upp í fallegar peysur og kápur og húfur, þykka ullarsokka og trefla og hanska. Allt með þeim tilgangi að vera rækilega hlýtt, enda er fátt minna töff en að ganga um á bol eða berleggjaður skjálfandi úr kulda. Hlýjar peysur ásamt fallegum þykkum ullarsokkabuxum eru svo án efa einn þægilegasti klæðnaður sem um getur, sérstaklega fyrir kuldaskræfur eins og mig. En ó, hvað ég vildi stundum að það væri til eitt stykki Marks og Spencers búð í Reykjavík þar sem hægt væri að kaupa fimm peysur úr dúnmjúkri kasmírull án þess að fara á hausinn. Ég er með algjört æði fyrir þessu unaðslega efni. Kasmírull er nefnilega eina prjónaefnið sem maður getur verið í án þess að vera í neinu undir. Hún stingur ekki, mann klæjar ekki undan henni og hún fær mann ekki til að hnerra. Fyrir þá sem halda ef til vill að kasmírull sé unnin úr einhverri nýrri tegund sílikonþráða þá get ég upplýst ykkur um að þessi lúxusvara kemur undan maganum á kasmírgeitinni sem á heima á Indlandi, í Tíbet og í Mongólíu. Hún var auðvitað mjög vandfundin fyrr á öldum og öðlaðist frægð þegar Napóleon Frakklandskeisari gaf síðari konu sinni, Evgeníu prinsessu, heil sautján sjöl úr ullinni. Kasmírpeysum skaut svo aftur upp á hátind vinsældanna þegar leikkonan heimsfræga Lana Turner skartaði níðþröngri kasmírpeysu í kvikmynd frá 1937 sem hét „They won't forget“. Úr varð tíska sem kallaðist „ Sweater-girl“ tískan sem snerist einfaldlega um brjóstgóðar kynbombur í þröngum peysum og myndir af þeim yljuðu mörgum hermanninum á köldum stríðsvetrum. (Oftast gengu þær þó í oddhvössum og fráhrindandi brjóstahöldurum undir). En hvar er best að finna kasmírull á klakanum? Eflaust fæst hún í ýmsum útgáfum í dýrustu tískuverslunum Reykjavíkur. En það er reyndar eitt snilldartrix: að skreppa í eina af „vintage“ búðum Reykjavíkur og sjá hvaða kasmírgersemar gætu leynst þar. Peysur sérstaklega frá sjötta áratugnum voru til dæmis ægilega fagrar í sniðinu og oft bróderaðar með alls kyns skrauti og perlum. Sem sagt stúlkur, peysur eru sexí og hlýjar, alveg eins og við í vetur.


**PLÓMULITAÐ** Æðisleg hneppt, þröng peysa við húfu, belti og hanska frá Burberry Prorsum.


**FRAMÚRSTEFNULEGT** Þessi prjónakjóll frá Gareth Pugh er nýstárleg útfærsla á peysunni.


**APRÉS-SKI FÍLING-UR** Risastór grá „lopapeysa“ með skemmtilegu mynstri frá Stellu McCartney


**VÍÐ OG SEXÝ** Falleg vetrarhvít prjónapeysa yfir fínan kvöldkjól frá bandaríska hönnuðinum Richard Chai

# Hlýtt, notalegt og sexý

Nú þegar veturinn er skollinn á er vert að skoða hvað tískuhönnuðir gerðu við prjónafötin í vetur. Stórar, síðar peysur eru áfram í tísku eins og undanfarinn vetur og Stella McCartney sló í gegn með ísbjarnarpeysunni sinni sem minnir dálítið á hina íslensku lopapeysu. Prjónaföt voru þægileg og sportleg hjá McCartney, eitursvöl og þröng hjá Burberry Prorsum og Richard Chai blandaði saman grófum peysum og fínlegum kjólum. Það er því af nógum innblæstri að taka í desemberfrostinu þar sem peysur eru greinilega málið, í litum eins og svörtu, hvítu, gráu og fjólubláu.


**ÞÆGILEGT OG SVALT** Flott grátt prjónadress frá Stellu McCartney.


**DÖMULEGT** Fölblár prjónakjóll frá hátískusýningu Chanel hannaður af Karl Lagerfeld.


**ÚTIVISTARLEGT** Smart grátt prjónavesti með belti setur punktinn yfir i-ið. Frá Richard Chai.


**KYNÞOKKAFULLT** Ofurfyrirsætan Daria Werbowy í fallegri næfurþunnri prjónapeysu frá Stellu McCartney

„...dauðinn situr á atómbombu“

**Opin söngprufa**

fyrir nýjan söngleik, **Ástin er diskó, lífið er pönk**, fer fram í húsakynnum Reykjavík Studios að Nýbýlavegi 8 (Dalbrekku megin) fimmtudaginn 6. desember nk. kl. 19. Leitað er að ungum karlmönnum (18-30 ára) sem geta leikið og sungið.

Söngleikurinn er eftir Hallgrím Helgason og verður sýndur á Stóra sviði Þjóðleikhússins á komandi vori í leikstjórn Gunnars Helgasonar. Tónlistarstjóri er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson.

Lögin sem flytja á í prufunni eru **Hiroshima** (Bubbi og Utangarðsmenn), **Vetrarsól** (Bó Hall) og **Diskó Friskó** (e. St. S. Stefánsson). Ekki er verra ef viðkomandi geta leikið á hljóðfæri en það er ekki skilyrði. Hljóðfæri verða á staðnum ef menn vilja leika undir eigin söng. Sviðsreynsla er æskileg en alls ekki skilyrði.

Áhugasamir skrái sig hjá Dóru Hafsteinsdóttur, kynningarfulltrúa Þjóðleikhússins (dora@leikhusid.is) í síðasta lagi 4.desember.

www.leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Jólagjafir fyrir handlagna
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
1290
BORVÉL 500W
3990
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI
1295
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
2995
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
4995
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
5890
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W
4995
BELTASLÍPIVÉL 900W
2290
HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM
2990
RAFMAGNSHEFILL
TILBOÐ!
995
HLEÐSLUBORVÉL 12V
1390
STINGSÖG 350W
1590
SLÍPIROKKUR 600W
9990
BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W
5850
FLÍSASÖG
12.900
KEÐJUSÖG RAFM.
2950
HJÓLSÖG 1400W
14.990
BÚTSÖG 2100W
RAFSTÖÐVAR
800W 19900
2200W 34900
5500W 59500
1995
SLÍPIMÚS
1290
JUÐARI
4995
BÚTSÖG 1300W
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

> BERAR BUMBUNA

Christina Aguilera fetar í fótspor Demi Moore og Britney Spears og fækkar fötum fyrir forsíðu tímaritsins Marie Claire, en hún er nú komin langt á leið með fyrsta barn sitt. Demi reið á vaðið 1991 þegar hún sat fyrir hjá Vanity Fair, en Britney Spears fylgdi á eftir árið 2006, fyrir tímaritið Harper's Bazaar.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Plöturnar komnar til landsins

Plötur Páls Óskars, Siggu Beinteins, Ragga Bjarna og Einars Ágústs eru allar komnar til landsins eftir að hafa tafist í framleiðslu í Danmörku og Austurríki eins og kom fram í Fréttablaðinu á dögunum.

„Það var mjög huggulegt að fá þau í hús þannig að það er ekkert meira föndur neitt," segir Páll Óskar sem þurfti að framleiða fyrstu 1700 eintökin af Allt fyrir ástina í höndunum. „Eftir sitja um tvö þúsund eintök sem eru á svamli sem eru handgerð persónulega af mér," segir hann og hlær.

Platan hefur þegar selst í hátt í þrjú þúsund eintökum. „Fróðir menn segja að ef lætin verða svona fram á Þorláksmessu stefnir platan í tólf til fjórtán þúsund eintök. Ég átti ekki von á þessu í vor þegar við vorum að vinna plötuna en þegar lögin Allt fyrir ástina og International gerðu allt „tjúllað" þá fór mig að gruna að eintakafjöldinn yrði mikill."



**PÁLL ÓSKAR** Nýjasta plata Páls Óskars hefur selst mjög vel.



**SIGGA BEINTEINS** Sigga Beinteins er mjög ánægð með viðtökurnar.

Sigga Beinteins fékk sín eintök af Til eru fræ fyrir tæpum tveimur vikum og er hæstánægð með viðtökur almennings. „Ég er alveg í skýjunum með viðtökurnar sem ég er að fá, ég á ekki orð," segir Sigga sem fór með plötuna á toppinn í Hagkaupsbúðunum.

Síðustu eintökin af plötu Einars Ágústs, Það er ekkert víst að það klikki, komu út í byrjun síðustu viku. „Ég er virkilega ánægður. Þetta er allt að gerast," segir Einar Ágúst og Raggi Bjarna er einnig sáttur: „Platan er komin í búðir. Ég er mjög ánægður með það," segir hann um plötu sína Gleðileg jól með Ragga Bjarna. - fb



**BJÖRK** Árituð mynd frá Björk var til sölu á uppboði.

# Árituð mynd á uppboði

Árituð ljósmynd frá Björk Guðmundsdóttur var á meðal þess sem hægt var að kaupa á uppboði á vegum góðgerðasamtakanna Rock for Kids sem hófst í gær. Samtökin, sem starfa í Chicago, veita fátækum börnum í borginni ókeypis tónlistarkennslu.

Á meðal fleiri muna á uppboðinu var áritaður gítar frá Ryan Adams og árituð plata frá hljómsveitinni Arcade Fire. Einnig voru boðnir upp munir frá stjörnum á borð við Paul McCartney, Bruce Springsteen, Lou Reed, Jack Nicholson, Scarlett Johansson og Beck.

# Ekkert prinsessulíf í Miss World

**Jóhanna Vala Jónsdóttir verður fulltrúi Íslands þegar fögur fljóð frá öllum heimshornum keppa um titilinn Ungfrú heimur í dag. Jóhanna Vala setur sér ekki nein markmið um árangur og ætlar fyrst og fremst að njóta augnabliksins.**

„Ég er ekki að gera mér neinar væntingar um ákveðinn árangur í keppninni eða neitt svoleiðis. Ég er hérna fyrst og fremst til að njóta þess að taka þátt í svona stórum viðburði, kynnast nýju fólki og hafa gaman af," segir Ungfrú Ísland, Jóhanna Vala Jónsdóttir, en hún tekur í dag þátt í stærstu fegurðarsamkeppni ársins, Ungfrú heimi. Keppnin í ár fer fram í hinu stórglæsilega Beauty Crown-leikhúsi í Sanya í Kína, en það var einmitt þar sem Unnur Birna Vilhjálmsdóttir hreppti titilinn fyrir tveimur árum.

Jóhanna Vala hefur dvalið í Kína í tæpar fjórar vikur við undirbúning og segir hún langar og strangar æfingar hafa tekið sinn toll. „Fyrstu tvær vikurnar voru frekar þægilegar en síðustu tíu dagar hafa verið mjög strembnir. Stundum höfum við verið að vakna klukkan fimm á morgnana og ekki komið heim fyrr en undir miðnætti. Þetta er alls ekkert prinsessulíf, í raun inni bara hörkupúl en um leið ofsalega gaman. Það hefur verið frábært að kynnast kínverskri menningu og svo skemmir náttúrulega ekki fyrir að hér er 25-30 stiga hiti og sól," segir hún og hlær við.

Jóhanna Vala er búin að kynnast fullt af skemmtilegum stelpum við undirbúninginn. Hún er í herbergi með Ungfrú Finnlandi en segist hafa kynnst stúlkunum frá Suður-Afríku, Bandaríkjunum og Svíþjóð einna best. „Við höfum náð ofsalega vel saman og það er oft mikið stuð á okkur."

Jóhanna Vala segir keppendur fegurðarsamkeppninnar fá mikla athygli á götum úti og að ágengni almennings geti á köflum orðið allt að því óþægileg. „Við höldum okkur að mestu leyti á hótelinu og það er ekki æskilegt að við séum mikið á flakki í bænum. En þegar við förum eitthvert út er passað mjög vel upp á okkur. Þá fylgja öryggisverðir okkur hvert fótmál."

Keppnin í dag hefst klukkan 20 að staðartíma, eða um hádegið á íslenskum tíma.

vignir@frettabladid.is



**GÓÐ REYNSLA** Jóhanna Vala kveðst hafa lært mikið á þeim tæpu fjórum vikum sem hún hefur dvalið í Kína við undirbúning Ungfrú heims. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR






# Ekkert djöflarokk

„Fólk á ekkert von á þessari tónlist þegar það sér okkur í þessum múnderingum. Það er einmitt það skemmtilega við þetta því fólk á það til að dæma eftir útliti," segir Þorsteinn Einarsson, forsprakki hljómsveitarinnar Steini, sem hefur gefið út EP-plötuna Behold. „Fólk býst við djöflarokki þegar það sér okkur en ég kalla þetta „fiftís"-popp eða „shakespearean" popp sem við spilum."

Að sögn Þorsteins, eða Steina, er platan byggð á bókinni Dante´s Inferno. „Hún fjallar um hreinsunareldinn sem tekur við eftir sambandsslit. Lögin eru sjö eins og hjá Dante þegar hann fer í gegnum sjö helvíti." Hann bætir því við að hljómsveitin sé undir sterkum áhrifum frá bókmenntastefnunni Sturm und Drang auk hljómsveitanna Alice Cooper og Kiss.



**STEINI** Þorsteinn Einarsson er forsprakki hljómsveitarinnar Steini. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með Steina spila á plötunni Kristján Árnason og Eric Qvick. Ætlar Eric að spila með Steina og bróður hans sem kallar sig Golden Boy á komandi misserum. Nokkur lög með sveitinni hafa þegar verið spiluð í útvarpi, þar á meðal Always Something sem hljómar í kvikmyndinni Astrópía. - fb






# PISTASÍULAMB
## Í HUNANGSSINNEPSHJÚPI

**FYRIR 6 MANNS**

- 1 STK LAMBALÆRI
- 6 BÖKUNARKARTÖFLUR
- 3 STK STEINSELJURÆTUR
- 6 GULRÆTUR
- 100 G PISTASÍUHNETUR
- 100 G HUNANG
- 100 G GRÓFKORNA SINNEP
- 2,5 DL RJÓMI
- 30 G PURRKAÐIR VILLISVEPPIR
- 8 FLÚÐASVEPPIR
- 1 SKARLOTTLAUKUR
- 2 HVÍTLAUKSGEIRAR
- ½ BÚNT STEINSELJA
- 1 FLASKA RAUÐBEÐUSAFI
- 2 GLÖS RAUÐVÍN
- 1 STK KANILSTÖNG
- LAMBAKRAFTUR
- FERSKT ÍSLENSKT TÍMÍAN OG RÓSMARÍN

Gulrætur og steinseljurætur skrældar og skornar gróft niður. Því næst eru þær forsoðnar í u.þ.b. 4-5 mín. Setjið þær síðan í eldfast mót og leggið til hliðar. Skerið lykilbeinið í lærinu frá við hækilinn. Hrærið saman gróft sinnep og hunang, smyrjið yfir lambalærið ásamt salti og pipar. Gætið þess að nota bara helminginn af hunangsblöndunni í fyrsta skiptið. Leggið lambalærið ofan á grænmetið í eldfasta mótinu og steikið í ofni við 160° (miðað við 45 mín. á kíló). Hafið lok á mótinu síðasta korterið. Takið lokið af og smyrjið afganginum af hunangsblöndunni yfir lambið og stráið síðan söxuðum pistasíunum yfir. Hækkið þá ofninn í 175°. Skrælið kartöflurnar, brytjið þær niður og sjóðið í 3-5 mín. Leggið villisveppina í bleyti í vatn. Skrælið laukinn og hvítlaukinn og látið krauma á pönnu. Skerið flúðasveppina og bætið á pönnuna, því næst kartöflunum og villisveppunum. Hellið svo rjómanum út á og setjið allt í eldfast mót. Bakið þetta í ofni í 30 - 45 mín. um leið og lambið.

### Sósa

Sjóðið rauðbeðusafann og rauðvínið niður um 2/3. Bætið vatni og lambakrafti út í. Þegar lambið er fulleldað er öllum safanum úr steikarmótinu, hellt saman við sósuna og beðið eftir suðu.

*Lambakjöt*

# FRIÐGEIR INGI
YFIRKOKKUR Á HÓTEL HOLTI

## AFHJÚPAR HEIMATROMPIÐ

LAMBAKJÖT.IS

# Þarfaþing í dagsins önn




*Einfaldir, fljótlegir og ódýrir réttir settir saman samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar.*
*Við alla réttina eru upplýsingar um næringarinnihald.*
***Bókin hentar jafnt fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í eldhúsinu og hagvana.***

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is


# Twiggy úr ANTM

Fyrirsætuhæfileikar stúlknanna í næstu seríu raunveruleikaþáttarins America´s Next Top Model verða ekki metnir af ofurfyrirsætunni fyrrverandi, Twiggy, sem mun yfirgefa þáttinn sökum anna. Skjár einn sýnir um þessar mundir níundu þáttaröð þessarar vinsælu módelkeppni Bandaríkjanna.

Twiggy, sem var brautryðjandi í tískuheiminum á sjöunda áratugnum, hefur setið í dómnefnd þáttarins frá fimmtu þáttaröð og tók þá við af kjaftforu fyrirsætunni Janice Dickinson. Tékkneska fyrirsætan Paulina Porizkova tekur við af Twiggy, en hún prýddi forsíður flestra tískublaða á níunda og tíunda áratugnum. Paulina hefur einnig leikið í nokkrum lítt þekktum kvikmyndum en hafnaði hlutverki Bond-stúlku í kvikmyndinni Goldeneye.

Ofurfyrirsætan Tyra Banks framleiðir þættina og mun áfram sitja í dómnefnd ásamt fylgisveinum sínum, Nigel Barker og Jay Alexander.


**TWIGGY** Var brautryðjandi í tískuheiminum á sjöunda áratugnum.


**FÉLAGAR** Félagarnir Sigurður Örn og lagahöfundurinn Örlygur Smári létu sig ekki vanta á útgáfutónleikana.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Þrefaldri útgáfu fagnað á Nasa

**Guðmundur Jónsson, Hara-systur og Einar Ágúst héldu sameiginlega útgáfutónleika á Nasa á dögunum til að fagna nýjustu plötum sínum.**

Guðmundur er að gefa út sína þriðju sólóplötu, Fuður, en bæði Hara-systur og Einar Ágúst eru að gefa út sínar fyrstu plötur. Aðdáendur þríeykisins létu sig ekki vanta á tónleikana og fengu þeir vitaskuld mikið fyrir sinn snúð.


**PÉTUR OG HELGA** Pétur og Helga Eir kíktu á útgáfutónleikana.


**HELGA OG HANNA** Þær Helga og Hanna sátu brosmildar við borðið sitt.


**SAMAN Á NASA** Ægir, Óli, Auður og Tóta hlýddu á þríeykið flytja sín nýjustu lög.

# Pamela að hætta

Hin fjölhæfa Pamela Anderson hefur látið hafa það eftir sér að hún hyggist setjast í helgan stein eftir fimm ár, segja skilið við skemmtanaiðnaðinn og flytja aftur heim til Kanada ásamt sonum sínum tveimur og eiginmanni, Rick Salomon, en Pamela giftist honum í október. „Ég á land í Kanada og það fer að verða kominn tími á þetta. Ég er alltaf að fá tilboð um að leika í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum en hafna þeim öllum. Það gerir umboðsmanninn minn alveg geðveikan," segir Pamela. „Ég er löt og hef engan áhuga á því að vinna. Ég vil frekar eyða tíma með strákunum mínum. Í augnablikinu starfa ég sem aðstoðarkona töframanns í Las Vegas. Þangað flýg ég reglulega frá Los Angeles, tek þátt í nokkrum sýningum og fer svo heim aftur." Umrædd sýning ber yfirskriftina „The Beauty of Magic" eða Fegurð töfranna og töframaðurinn er hinn hollenski Hans Klok. Sýningum lýkur í byrjun desember en eftir það hyggst Pamela verja öllum tíma sínum í móðurhlutverkið auk stærðfræðikennslu. „Ég er aðstoðarkennari í stærðfræði í skólanum hjá strákunum," segir Pamela en drengirnir eru 9 og 11 ára gamlir.


**LANGAR AÐ FLYTJA TIL KANADA** Pamela Anderson hyggst segja skilið við skemmtanaiðnaðinn í Hollywood eftir fimm ár og flytja til Kanada.

# Vinsæl tónlist

## Opnunartilboð – **20%** afsláttur af allri íslenskri tónlist í Hagkaupum Holtagörðum




**Luxor**
**Árita og syngja** í Smáralind kl. 15:00 á laugardaginn og kl. 17:00 á sunnudaginn. Í Kringlunni kl. 15:00 á sunnudaginn.




**Björg Þórhalls**
**Áritar** í Smáralind kl. 16:00 og í Kringlunni kl. 14:00 á sunnudaginn




**Guðrún og Friðrik**
– Ég skemmti mér um jólin
**Árita og syngja** í Smáralind kl. 17:00 á laugardaginn og árita á Akureyri kl. 16:00 sunnudaginn




**Páll Óskar**
– Allt fyrir ástina
**Áritar og syngur** í Smáralind kl. 13:30 á laugardaginn og kl. 14:00 á sunnudaginn. Í Kringlunni kl. 16:30 á laugardaginn og kl. 16:00 á sunnudaginn




**Sprengjuhöllin**
– Tímarnir okkar




**Regína Ósk** – Ef væri ég
**Áritar og syngur** í Kringlunni kl. 13:00 á laugardaginn og í Smáralind kl. 15:00 á sunnudaginn




**Magni**
**Áritar og syngur** í Kringlunni kl. 15:00 og í Smáralind kl. 16:00 á laugardaginn




**Söngvaborg**
**Sigga Beinteins og félagar** úr Söngvaborg skemmta í Holtagörðum kl 16:00 á sunnudaginn

## Úrval af nýrri íslenskri tónlist




**Birgitta**
– Ein




**Björgvin Halldórsson**
– Jólagestir 4




**Hjálmar**
– Ferðasót




**Raggi Bjarna**
– Gleðileg jól




**Laddi**
– Jóla hvað?




**Einar Ágúst**
– Það er ekkert víst að það klikki




**Ellen Kristjáns**
– Einhversstaðar einhverntímann aftur




**Sigga Beinteins**
– Til eru fræ

Gildir til 2. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla


BT
Kleinuhringa kappát!
Hæ Karamba! Á ekki að vera J í kleinuhringjakappát?
The Simpsons MOVIE
í BT Smáralind kl. 15 í dag
Í tilefni þess að vinsælasta mynd ársins, The Simpsons Movie, er komin út á DVD með íslensku og ensku tali ætlum við að bjóða til kleinuhringjakappáts í BT Smáralind kl. 15 í dag laugardag 1. desember.
Myndin tók yfir 57.000 manns í bíó og er þar af leiðandi aðsóknarmesta teiknimynd frá upphafi á Íslandi!
Samkvæmt íslenskum orðabókum og sérfræðingum í íslensku má nota hvort tveggja!
Ekki missa af Simpsonsdeginum í BT Smáralind laugardaginn 1. desember
Glæsileg verðlaun í boði. Allar 10 Simpsons seríurnar á DVD, bíómyndin á DVD, árskort í Smárabíó, Regnbogann og Háskólabíó, Simpsons bolir, Simpsons tölvuleikurinn á Playstation og margt fleira.
Doh! Skiptir ekki máli, ég borða þá alla!
PlayStation 2
The Simpsons
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • BT Akranesi • BT Reykjanesbæ
www.bt.is • Sími 550 4444

## > Fleiri útlendingar á leiðinni

Liðin í Iceland Express deildinni í körfubolta hafa verið dugleg að fá til sín og senda heima erlenda leikmenn í vetur og það virðist ekki ætla að verða lát á því. Hamarsmenn voru að styrkja sig í gær, Stjarnan og ÍR eru nýbúin að skipta um Kana í annað skiptið í vetur og ÍR-ingar eru auk þess að leita sér að stórum bosman-manni alveg eins og Tindastólsmenn. Nýjasta fréttin kemur síðan úr Borgarnesi en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þá eru Skallagrímsmenn að leita að fjórða erlenda leikmanninum til að bregðast við þeim meiðslum sem liðið glímir við. Einn þeirra sem er meiddur hjá liðinu er Axel Kárason.



**sport**

sport@frettabladid.is

**SIGURBERGUR SVEINSSON, HAUKUM:** ÁKVAÐ Á SÍNUM TÍMA AÐ VELJA HANDBOLTANN FRAM YFIR GOLFIÐ

# *Skotfastur í handbolta og högglangur í golfinu*

Hinn tvítugi Sigurbergur Sveinsson hefur leikið vel í vetur með toppliði Hauka í N1 deild karla í handbolta. Sigurbergur var fyrir vikið valinn í landsliðshóp Alfreðs Gíslasonar sem lék nýverið tvo æfingaleiki gegn Ungverjalandi.

„Það var frábært að fá tækifæri til þess að spila með landsliðinu og finna svona smjörþefinn af þessu öllu. Þessi reynsla var klárlega eitthvað sem eflir mann til þess að leggja enn harðar að sér við æfingar," sagði Sigurbergur og kvaðst ánægður með sína eigin spilamennsku og Haukaliðsins í heild í N1 deildinni.

„Á persónulegum nótum er ég ágætlega sáttur með spilamennsku mína á tímabilinu en lykillinn að fínni byrjun bæði hjá mér og Haukaliðinu er sterk liðsheild. Leikmennirnir eru að vinna vel saman og það auðveldar hlutina til muna," sagði Sigurbergur og hrósaði Aroni Kristjánssyni þjálfara liðsins.

„Aron kom strax með nýjar áherslur inn í liðið þegar hann tók við því síðasta vor og hefur náð að skapa góða stemningu og liðsheild. Þrátt fyrir að tímabilið í fyrra hafi verið mikil vonbrigði þá voru markmiðin skýr með þetta tímabil og við stefndum á að berjast við toppinn."

Haukar eru stórlið í handboltanum og það er alltaf stefnt hátt á þeim bænum og tímabilið í ár er þar engin undantekning. Sigurbergur þykir einnig liðtækur kylfingur og keppti ekki alls fyrir löngu í keppni um högglengsta kylfing landsins.



„Ásamt því að vera í handboltanum þá var ég mikið í golfinu á mínum yngri árum og var kominn í unglingalandsliðið, en svo kom að því að velja á milli og þá tók ég handboltann fram yfir. Ég keppi samt annað slagið í golfi og um daginn tók ég þátt í keppni í högglengd á móti sem kallast kylfingur landsins. Ég náði að bomba kúlunni ágætlega og lenti í þriðja sæti, en þar sem pabbi minn týndi skorkortinu þá fékk ég víst ekki verðlaunapening í þetta skiptið," sagði Sigurbergur á léttum nótum.



**ROY HODGSON** Hvað gerir hann næst?
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Breytingar hjá Finnum:

## Hodgson hættur með Finna

**FÓTBOLTI Roy Hodgson hefur sagt starfi sínu sem landsliðsþjálfari Finna lausu í kjölfar þess að Finnum mistókst að vinna sér sæti í lokakeppni EM.**

**Undir stjórn Hodgson komu Finnar geysilega á óvart og voru hársbreidd frá því að komast inn á EM. Þegar er byrjað að orða Hodgson við landsliðsþjálfarastöðurnar hjá Englandi, Skotlandi og Írlandi.**

**Hodgson á glæstan feril að baki en hann kom Sviss á HM 1994 og hefur þess utan þjálfað Inter, Udinese og Blackburn. Hann hefur verið óhræddur við að prófa eitthvað framandi á sínum ferli.** - hbg

# Frábær frammistaða í gær

**Íslenska kvennalandsliðið hefur unnið tvo síðustu leiki með 30 marka mun en stelpurnar spila úrslitaleik um sæti í næstu umferð við Bosníu í dag.**

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vann annan risasigur í röð í undankeppni EM en undanriðill Íslands fer fram í Litháen. Stelpurnar fylgdu eftir 17 marka sigri á Ísrael með því að vinna þrettán marka sigur á Grikklandi, 40-27. Framundan er því úrslitaleikur um þriðja sætið og sæti í næstu umferð gegn Bosníu í dag. Berglind Íris Hansdóttir átti frábæran leik í íslenska markinu í leiknum á móti Grikkjum en hún varði 24 skot á 42 mínútum og skoraði að auki eitt mark.

Íslenska liðið lenti undir í byrjun en tók síðan öll völd á vellinum. Íslensku stelpurnar voru 18-9 yfir í hálfleik og náðu mest fimmtán marka forystu í seinni hálfleik.

„Þetta er með betri leikjum sem stelpurnar hafa spilað í vetur," sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari sem var mjög ánægður með sínar stelpur eftir leikinn. „Liðið spilaði vörnina mjög vel en við spiluðum 5 + 1 vörn á einn leikmanninn hjá Grikkjum og við fengum mikið af hraðaupphlaupum," sagði Júlíus.

„Þetta gekk eiginlega eftir eins og við lögðum þetta upp. Ég náði að rúlla á öllu liðinu í seinni hálfleik sem ætti að reynast gott veganesti fyrir næstu leiki," sagði Júlíus en Ísland mætir Bosníu í dag og Hvíta-Rússlandi á sunnudaginn.



**MÖGNUÐ Í MARKINU** Berglind Íris Hansdóttir varði frábærlega gegn Grikkjum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Júlíus var sérstaklega ánægður með vörnina og markvörsluna en markverðirnir vörðu samtals 32 bolta. Berglind tók 24 og Íris Björk Símonardóttir varði 8 á þeim 18 mínútum sem hún spilaði.

Leikurinn í gær mátti alls ekki tapast. „Við hefðum spilað okkur út úr þessu móti ef við hefðum ekki unnið þennan leik á móti Grikkjum. Litháen og Hvíta-Rússland eru með sterkustu liðin en við erum að berjast um þriðja sætið við Bosníu og því verður þetta bara hreinn úrslitaleikur við Bosníu á morgun [í dag]. Þetta er bara úrslitaleikur um hvort við náum að tryggja okkur áfram," segir Júlíus en leikurinn við Bosníu hefst klukkan 13.00 að íslenskum tíma. - óój



**GÓÐUR Í SUMAR** Paul McShane lék vel með Grindavík í 1. deildinni í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Skotinn Paul McShane:

## Frá Grindavík til Fram

**FÓTBOLTI** Framarar skrifuðu í gær undir tveggja ára samning við skoska miðjumanninn Paul McShane sem hefur leikið með Grindvíkingum undanfarin ár við góðan orðstír.

McShane var samningslaus og kostar Fram því ekki krónu. Grindvíkingar vildu ólmir halda Skotanum en hann ákvað að söðla um og semja við Fram.

Brotthvarf hans er mikið áfall fyrir Grindavík enda McShane verið einn af burðarásum liðsins. Grindavík er þar með búið að missa tvo lykilleikmenn á skömmum tíma en Óli Stefán Flóventsson samdi við Fjölni á dögunum.

Það er ljóst að Grindvíkingar munu leita út fyrir landsteinana að arftaka þessara manna en eins og fram kom hér á dögunum stefna Grindvíkingar á að bæta við sig fjórum til fimm mönnum fyrir næsta sumar. - hbg






Botnlið Iceland Express-deildarinnar hefur fengið mikinn liðstyrk frá Finnlandi:

# Roni vildi spila fyrir Ágúst

**KÖRFUBOLTI** Finnski bakvörðurinn Roni Leimu er kominn aftur til landsins og hefur gert samning við Hamar í Iceland Express deild karla.

Þetta er mikill liðsstyrkur fyrir Hamarsliðið sem er sem stendur í neðsta sæti deildarinnar með aðeins einn sigur í átta leikjum. Leimu mun spila sinn fyrsta leik á sunnudagskvöldið þegar Hamar tekur á móti Íslandsmeisturum KR í Hveragerði. Leimu er búinn að fá sig lausan frá Finnlandi og er kominn með leikheimild.

Ágúst Björgvinsson er nýtekinn við Hamarsliðinu og hann fagnar því að fá Finnann til Hveragerðis.

„Ég er mjög ánægður með að fá Roni í Hamar. Hann er leikmaður sem ég þekki mjög vel og fylgdist vel með honum þegar hann spilaði með Haukum í fyrra. Ég þekki hann bæði vel sem leikmann og sem persónu," segir Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars sem fær Roni til þess að fylla skarðið sem Raed Mostafa skildi eftir sig. Mostafa var með 12 stig og 4 fráköst að meðaltali í leik en þegar Leimu lék með Haukum í fyrra þá skoraði hann 19,6 stig og gaf 3,7 stoðsendingar að meðaltali í leik.

„Roni er leikmaður sem getur skorað mikið og getur búið til hluti fyrir sjálfan sig og aðra. Hann gerir sitt lítið af öllu og er búinn að sýna það á æfingum að hann er mjög góður skotmaður. Hann sýndi það líka með Haukum að hann getur farið mjög sterkt á körfuna, segir Ágúst um nýja leikmanninn sem tók 129 víti með Haukum í fyrra en aðeins tveir leikmenn í deildinni tóku fleiri víti.



**STERKUR LEIKMAÐUR** Roni Leimu lék vel með Haukum síðasta vetur. Hér er hann í leik gegn ÍR-ingum í Seljaskóla.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hann þrífst líka vel í hröðum leik og ég er er hægt og bítandi að reyna að auka hraðann á okkur og Roni getur hjálpað okkur í því," segir Ágúst.

Ágúst segir samband sitt við Roni hafa mikið að segja um að hann komi í Hamar.

„Ég er búinn að vera lengi í sambandi við Roni. Hann var látinn fara frá liðinu sínu í Finnlandi eftir deilur við þjálfarann. Samingurinn sem hann var með þar var óuppsegjanlegur og því gátum við fengið hann á góðu verði þar sem að hann fær enn borguð laun frá liðinu úti í Finnlandi," segir Ágúst og peningamál Finnans skiptu Hvergerðinga miklu máli.

„Það hentaði okkur mjög vel því þetta er ekki ódýr leikmaður sem við erum að fá á mjög góðum kjörum," segir Ágúst en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þá voru fleiri íslensk lið á eftir þessum snjalla Finna en hann valdi það frekar að spila fyrir Ágúst en að stökkva á betri samning hjá öðrum félagi.

Hamarsliðið hefur tapað síðustu fimm deildarleikjum sínum og er sem stendur í neðsta sæti Iceland Express-deildarinnar. - óój

# ÍSLENSKT Á DVD






KÖLD SLÓÐ




FÓSTBRÆÐUR 1-5




VENNI PÁER 1 OG 2




MÝRIN




SKOPPA OG SKRÍTLA Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU




SIGTIÐ




TEKINN




BÚBBARNIR




GALDRABÓKIN




NÆTURVAKTIN




SYNDIR FEÐRANNA

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is



**PHIL JACKSON** Er ekki á förum frá Lakers. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Phil Jackson:

## Framlengir við LA Lakers

**NBA** Phil Jackson er búinn að skrifa undir nýjan samning við Los Angeles Lakers sem gildir út leiktíðina 2010. Talið er að Jackson fái 24 milljónir dollara á samningstímanum.

Hinn 62 ára gamli Jackson skrifaði undir fimm ára samning við Lakers árið 1999 sem færði honum 30 milljónir dollara og félaginu þrjá meistaratitla.

Hann fór svo frá félaginu 2004, tók sér frí í eitt ár en kom aftur og skrifaði aftur undir 30 milljón dollara samning en þá aðeins til þriggja ára. Það var þá stærsti samningur sem þjálfari hafði gert í NBA-deildinni. - hbg



**MICHAEL VICK** Mætir örlögum sínum 10. desember. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Dæmt í hundamálinu fræga:

## Félagar Vicks fá þunga dóma

**NFL** Hin fallna stjarna Michael Vick mætir fyrir dómara 10. desember næstkomandi en þá verður kveðinn upp dómur yfir honum í hundamálinu svokallaða, en Vick og fleiri voru kærðir fyrir grimmilega meðferð á hundum sem og ólögleg veðmál.

Tveir af félögum Vicks fengu í gær 18 og 21 mánaðar fangelsisdóm fyrir sinn þátt í málinu en þeir samþykktu að vitna gegn Vick og í ljósi þess var gert ráð fyrir styttri dómum en þeir fengu að lokum.

Hægt var að dæma þá mest í fimm ára fangelsi, eins og Vick, og ljóst að þessir dómar verða ekki til þess að auka trú Vicks á því að hann fái stuttan dóm en hann er þegar byrjaður að afplána sinn tíma í von um vægari dóm. - hbg

# Wenger er hvergi banginn

**Sjö leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag og þar verða meðal annarra hin sjóðandi heitu lið Arsenal og Chelsea í eldlínunni. Arsenal heimsækir Aston Villa á Villa Park en Chelsea fær West Ham í heimsókn á Brúna.**

**FÓTBOLTI** Sjö leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag en þar ber helst að nefna að topplið Arsenal heimsækir spútniklið Aston Villa og Chelsea mætir West Ham í Lundúnarslag.

Arsenal er enn ósigrað í ensku úrvalsdeildinni þegar liðið mætir Aston Villa á Villa Park í dag og ennfremur hefur Arsenal ekki tapað gegn Aston Villa í sautján síðustu viðurreignum liðanna. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, er því hvergi banginn fyrir leikinn, þrátt fyrir að Villa-liðið sé á flugi.

„Ég sá Villa-liðið spila mjög vel gegn Blackburn á miðvikudag og Villa er búið að leika vel upp á síðkastið, en ég er samt sannfærður um að við munum vinna. Villa er með líkamlega sterkt lið, skemmtilega unga miðjumenn í þeim Gareth Barry, Nigel Reo-Coker og Stiliyan Petrov og framherjarnir John Carew og Gabriel Abgonlahor eru hættulegir," sagði Wenger á blaðamannafundi í gær.

Arsenal verður enn án Cesc Fabregas sem er meiddur, en Mathieu Flamini verður líklega með, en óvíst er með þá Gael Clichy og Alexander Hleb sem eru tæpir vegna meiðsla. William Gallas og Emmanuel Adebayor koma á ný inn í liðið eftir að hafa verið hvíldir í miðri viku. Aston Villa verður án Reo-Coker sem tekur út leikbann, en Agbonlahor og Petrov ættu að vera leikfærir að nýju eftir að hafa náð sér af smávægilegum meiðslum.

Chelsea tekur á móti West Ham á Brúnni í hádegisleik dagsins, en Avram Grant, stjóri Chelsea, er búinn að vera á mikilli siglingu með Chelsea undanfarið og liðið taplaust í síðustu þrettán leikjum sínum í öllum keppnum. Chelsea er heldur ekki mjög ákjósanlegt heim að sækja því liðið hefur ekki tapað á heimavelli í síðustu 69 leikjum sínum. Alan Curbishley, stjóri West Ham, sá því ástæðu til þess að hæla Grant fyrir vel unnin störf.

„Þetta verður erfiður leikur fyrir okkur og ég get ekki annað en tekið hatt minn ofan fyrir Grant og hans árangri með Chelsea. Hann hefur náð að fylla skarð Mourinhos og það án þess að vera að láta bera mikið á sér," sagði Curbishley.

Chelsea verður án Michael Essien sem tekur út leikbann, þá eru Petr Cech, Michael Ballack, Florent Malouda, Ricardo Carvalho og Paulo Ferreira allir frá vegna meiðsla. Meiðslalisti West Ham er enn lengri en nokkrir leikmenn eru þó að skila sér aftur og Dean Ashton og Scott Parker verða líklega í byrjunarliði West Ham í leiknum. omar@frettabladid.is



**EITRAÐUR** Emmanuel Adebayor kemur aftur inn í byrjunarlið Arsenal eftir að hafa verið hvíldur í leik liðsins í Meistaradeildinni í miðri viku. Adebayor er markhæsti leikmaður Arsenal á leiktíðinni með sjö mörk í deildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

**LEIKIR DAGSINS:**

| | |
|---|---|
| Chelsea-West Ham Sýn 2 | kl. 12:45 |
| Portsmouth-Everton Sýn 2 | kl. 15 |
| Blackburn-Newcastle Sýn Extra | kl. 15 |
| Reading-M'brough Sýn Extra 2 | kl. 15 |
| Wigan Man. City Sýn Extra 3 | kl. 15 |
| Sunderland-Derby | kl. 15 |
| Aston Villa-Arsenal Sýn 2 | kl. 17:15 |



**BRETT FAVRE** Byrjað 249 leiki í röð fyrir Packers. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Meiðsli hjá Packers:

## Missir Favre loksins af leik?

**NFL** Stórleikur NFL-deildarinnar í þessari viku fór fram aðfaranótt föstudags þegar tvö bestu lið Þjóðardeildarinnar - Dallas Cowboys og Green Bay Packers - mættust á Texas Stadium.

Dallas vann, 34-27, í stórskemmtilegum leik þar sem helst bar til tíðinda að hinn 38 ára gamli leikstjórnandi Packers, Brett Favre, meiddist á olnboga og fór úr axlarlið.

Það er því ekki víst að hann byrji næsta leik hjá Packers sem yrði mjög söguleg stund enda hefur hann byrjað 249 leiki í röð hjá Packers en þess má geta að aðeins 16 leikir eru í deildarkeppninni á ári.

Þetta er einstakt met enda um 100 leikir í næsta mann. Favre er sjálfur bjartsýnn á að spila en rúm vika er í næsta leik Packers. - hbg

Þrír karlar og þrjár konur eiga möguleika á að verða FIFA-leikmenn ársins en helmingurinn er frá Brasilíu:

# Kaka, Messi og Ronaldo eru tilnefndir

**FÓTBOLTI** Brasilíumaðurinn Kaká, Argentínumaðurinn Lionel Messi og Portúgalinn Cristiano Ronaldo urðu þrír efstir í kosningu landsliðs-þjálfara og fyrirliða á besta knattspyrnumanni ársins en verðlaunin verða afhent 17. desember næstkomandi.

Kaká fær um helgina afhentan gullboltann sem besti knattspyrnumaður Evrópu og getur fylgt í fótspor landa sinna Ronaldo, Ronaldinho og Rivaldo sem allir fengu bæði stóru verðlaunin á sama árinu. Kaká skoraði 10 mörk fyrir AC Milan þegar liðið vann Meistaradeildina, Messi spilaði stórt hlutverk hjá Bracelona og hjálpaði Argentínu til þess að komast í úrslitaleik Suður-Ameríkubikarsins og Cristiano Ronaldo var markahæsti leikmaður Manchester United sem vann enska titilinn í fyrsta sinn í fjögur ár. Ronaldo gæti orðið sá fyrsti til að vinna þessi verðlaun af leikmönnum sem spila í ensku úrvalsdeildinni.

Landar Kaká, Cristiane og Marta, sem voru í aðalhlutverki þegar brasilíska kvennalandsliðið fór alla leið í úrlitaleikinn á HM í ár eru tilnefndar í kvennaflokki ásamt Birgit Prinz sem hefur unnið þessi verðlaun þrisvar sinnum. - óój





**HVER VERÐUR VALINN BESTUR?** Kaká hjá AC Milan og Ronaldo hjá Man. Utd eru taldir bera af en flestir telja að Kaká hreppi hnossið. NORDICPHOTOS/GETTY

Fíton/SÍA

Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.




...alla daga

# POTTÞÉTT 45

## ER KOMIN Í SKÍFUNA






1.999kr.

PLATA 1

1. **Timbaland feat. OneRepublic**
   Apologize 3:04
2. **Justin Timberlake**
   Lovestoned 5:32
3. **Bon Jovi**
   (You Want To) Make A Memory 4:36
4. **Sprengjuhöllin**
   Glúmur 4:09
5. **Kanye West**
   Stronger 4:09
6. **P!nk feat. Indigo Girls**
   Dear Mr. President 4:34
7. **Fergie**
   Big Girls Don't Cry 4:28
8. **Maroon 5**
   Wake Up Call 3:21
9. **Nýdönsk**
   Verðbólgin augu 3:37
10. **MIKA**
    Happy Ending 4:30
11. **KT Tunstall**
    Hold On 2:58
12. **Avril Lavigne**
    When You're Gone 5:00
13. **Dalton**
    Halló heimur 3:39
14. **Róisín Murphy**
    Let Me Know 3:40
15. **Amy Winehouse**
    Tears Dry On Their Own 3:06
16. **Kate Nash**
    Foundations 4:05
17. **Daughtry**
    Over You 3:27
18. **Rooney**
    Why Did Your Heart Go Missing 3:31
19. **Lifehouse**
    First Time 3:24
20. **Klaxons**
    It's Not Over Yet 3:35




PLATA 2

1. **Páll Óskar**
   International 3:20
2. **James Blunt**
   1973 3:59
3. **Enrique Iglesias**
   Do You Know? (The Ping Pong Song) 3:40
4. **Katie Melua**
   If You Were A Sailboat 3:39
5. **Colbie Caillat**
   Bubbly 3:17
6. **Timbaland feat. Keri Hilson & Doe**
   The Way I Are 2:59
7. **Sniglabandið & Nylon**
   Britney 2:53
8. **Sugababes**
   About You Now 3:13
9. **Quietdrive**
   Time After Time 3:08
10. **Boys Like Girls**
    The Great Escape 3:29
11. **will.i.am**
    I Got It From My Mama 3:57
12. **BMV**
    Forget About Me 3:30
13. **Sean Kingston**
    Beautiful Girls 4:03
14. **Hjálmar**
    Leiðin okkar allra 5:02
15. **Natasha Bedingfield**
    Soulmate 3:32
16. **Alex Gaudino feat. Crystal Waters**
    Destination Calabria 3:43
17. **Robyn With Kleerup**
    With Every Heartbeat 3:15
18. **Cascada**
    A Neverending Dream 3:22
19. **Nicole Scherzinger feat. will.i.am**
    Baby Love
20. **Nylon**
    Shut Up 2:49

**TVÖFÖLD PLATA TROÐFULL AF TOPPTÓNLIST !**

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

**EFSTIR Í TÖLFRÆÐINNI Í UMFERÐUM 1 TIL 8**

| | |
|---|---|
| **Flest stig í leik** | |
| 1. Cedric Isom, Þór Ak. | 27,6 |
| 2. Bobby Walker, Keflavík | 22,6 |
| 3. Darrell Flake, Skallagrími | 22,5 |
| 4. Donald Brown, Tindastól | 21,6 |
| 5. Jonathan Griffin, Grindavík | 21,5 |
| 6 Justin Shouse, Snæfelli | 21,1 |
| 7. Drago Pavlovic, Fjölni | 21,0 |
| 8. Milojica Zekovic, Skallagrími | 20,4 |
| 9 Dimitar Karadzovski, Stjörnunni | 20,1 |
| 10. Hreggviður Magnússon, ÍR | 19,8 |
| 10. Tommy Johnson, Keflavík | 19,8 |
| **Flest fráköst í leik** | |
| 1. Darrell Flake, Skallagrími | 12,8 |
| 2. George Byrd, Hamri | 12,1 |
| 3. Hlynur Bæringsson, Snæfelli | 11,4 |
| 4. Joshua Helm, KR | 9,9 |
| 5. Friðrik Stefánsson, Njarðvík | 9,0 |
| 6. Ómar Sævarsson, ÍR | 8,8 |
| 7. Marcin Konarzewski, Tindastól | 8,1 |
| 7. Donald Brown, Tindastól | 8,1 |
| 7. Óðinn Ásgeirsson, Þór Ak. | 8,1 |
| 10. Milojica Zekovic, Skallagrími | 7,4 |
| **Flestar stoðsendingar í leik** | |
| 1. Justin Shouse, Snæfelli | 6,5 |
| 2. Allan Fall, Skallagrími | 6,1 |
| 3. Samir Shaptahovic, Tindastóll | 6,1 |
| 4. Cedric Isom, Þór Ak. | 6,0 |
| 5. Magnús Þór Gunnarss., Keflavík | 5,4 |
| **Flestir stolnir boltar í leik** | |
| 1. Sonny Troutman, ÍR | 6,67 |
| 2. Jonathan Griffin, Grindavík | 4,38 |
| 3. Karlton Mims, Fjölni | 3,50 |
| 4. Justin Shouse, Snæfell | 2,63 |
| 5. Tommy Johnson, Keflavík | 2,50 |
| 5. Donald Brown, Tindastól | 2,50 |
| 5. Bobby Walker, Keflavík | 2,50 |
| **Flest varin skot í leik** | |
| 1. Egill Jónasson, Njarðvík | 2,88 |
| 2. George Byrd, Hamri | 2,00 |
| 2. Nemanja Sovic, Fjölnir | 2,00 |
| 4. Friðrik Stefánsson, Njarðvík | 1,88 |
| 5. Steven Thomas, Stjarnan | 1,80 |
| **Besta 3ja stiga skotnýting** | |
| 1. Hjörtur H. Einarss., Njarðvík | 53,3% |
| 2. Axel Kárason. Skallagrími | 48,0% |
| 3. Adam Darboe, Grindavík | 47,8% |
| 4. Muhamed Taci, Stjörnunni | 47,4% |
| 5. Samir Shaptahovic, Tindast. | 46,0% |
| **Besta vítanýting** | |
| 1. Lárus Jónsson, Hamri | 96,2% |
| 2. Allan Fall, Skallagrími | 90,5% |
| 3. Adam Darboe, Grindavík | 90,0% |
| 4. Darri Hilmarsson, KR | 88,2% |
| 5. Páll Axel Vilbergss., Grindav. | 86,2% |



**BESTI DÓMARINN** Sigmundur Már Herbertsson hefur dæmt vel í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Keflavík tók bæði stóru verðlaunin

**Körfuknattleikssambandið veitti í gær verðlaun til þeirra sem hafa skarað fram úr í umferðum 1-8 í Iceland Express-deild karla. Bobby Walker var valinn besti leikmaðurinn, Sigurður Ingimundarson besti þjálfarinn og Sigmundur Már Herbertsson stóð sig best af dómurunum í deildinni.**



**ÞRÍR GÓÐIR** Keflvíkingarnir Bobby Walker, Jón Norðdal Hafsteinsson og Sigurður Ingimundarson.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingurinn Bobby Walker er besti leikmaður fyrstu átta umferða Iceland Express-deildar karla en KKÍ verðlaunaði í gær þá leikmenn, þjálfara og dómara sem sköruðu fram úr í þessum fyrsta hluta tímabilsins.

KKÍ setti saman sérstaka nefnd og er hún skipuð einstaklingum sem koma hver úr sinni áttinni en eiga það sameiginlegt að sjá meira og minna alla leiki. Nefndin ákvað síðan að velja 3 íslenska leikmenn og 2 erlenda leikmenn hverju sinni í úrvalsliðið en þessi verðlaun verða alls afhent þrisvar í vetur.

„Það er alltaf gaman að fá svona verðlaun og ég er mjög ánægður með þetta. Við höfum byrjað frábærlega og höfum verið heppnir að enginn okkar leikmanna hefur meiðst. Við höfum bara einbeitt okkur að því að njóta þessa og hafa gaman af því að spila körfubolta saman,“ segir Bobby Walker, besti leikmaður 1. til 8. umferðar Iceland Express-deildar karla.

Walker hefur skorað 22,6 stig og gefið 4,8 stoðsendingar að meðaltali í leik og nýtur sín vel í Keflavíkurliðinu. „Ég er mjög sáttur við leikstílinn og ég er vanur hröðum leik og að keyra á andstæðingana. Við leggjum áherslu á að spila hratt en af skynsemi. Ég er með frábærum strákum í liði, þeir leggja allir mikið á sig og vilja vinna og ástríða þeirra fyrir körfuboltanum fer ekki fram hjá neinum,“ segir Walker.

Það hefur vakið sérstaka eftirtekt hversu vel Walker hefur spilað gegn bestu liðum deildarinnar en í leikjunum á móti liðum í efri hluta deildarinnar hefur hann skorað 28,0 stig að meðaltali í fjórum leikjum og hitt úr 58,9 prósentum skota sinna.

„Ég tel mig hafa haft heppnina í liði með mér. Ég undirbjó mig vel en bjóst aldrei við að það ætti eftir að ganga svona vel. Ég er búinn að spila vel og félagar mínir í liðinu eiga mikið í því vegna þess að þeir treysta mér til að spila minn leik. Við erum ekkert að reyna að gera hluti sem við erum ekki vanir. Við spilum okkar leik og reynum að nýta okkur styrkleika liðsins,“ segir Walker sem segir að það muni reyna á Keflavíkurliðið í næstu leikjum. „Ég held að hin liðin í deildinni séu enn spenntari að mæta okkur en áður. Þau hafa allt að vinna þegar þau mæta okkur því við erum taplausir á toppnum og allir vilja verða fyrstir til þess að vinna okkur. Þetta er sterk deild og ég bjóst við því þegar ég kom þar sem að ég þekkti leikmenn sem höfðu spilað hér áður,“ sagði Walker sem er ánægður með þjálfara sinn Sigurð Ingimundarson sem var valinn besti þjálfari fyrstu átta umferðanna.

„Siggi er góður þjálfari og segir okkur hlutina eins og þeir eru. Hann lætur okkur vita af því, hvort sem við erum að gera hlutina rétt eða rangt. Við verðum bara að gera meira rétt en rangt,“ sagði Walker að lokum.

Aðrir leikmenn í fimm manna úrvalsliðinu eru Dimitar Karadzovski úr Stjörnunni, Páll Axel Vilbergsson úr Grindavík, Jón Norðdal Hafsteinsson úr Keflavík og Óðinn Ásgeirsson úr Þór Akureyri.

Dimitar Karadzovski hefur skorað 20,1 stig og gefið 4,8 stoðsendingar og hjálpað nýliðum Stjörnunnar að fóta sig í deildinni. Enginn leikmaður í deildinni hefur skorað fleiri þriggja stiga körfur, en Dimitar hefur skorað 34 slíkar í leikjunum átta eða 4,3 í leik.

Páll Axel Vilbergsson hefur spilað vel fyrir Grindavík sem hefur unnið sjö síðustu leiki sína eftir að hafa steinlegið í fyrsta leik. Páll Axel er með 18,8 stig og 6,5 fráköst í leik.

Keflvíkingurinn Jón Norðdal Hafsteinsson er dýrmætur fyrir Keflavíkurliðið og gerir alla þessa litlu hluti sem skipta miklu máli en sjást ekki í tölfræðinni. Jón var með 8,9 stig og 6,4 fráköst á þeim 21,9 mínútum sem hann spilaði í leik.

Þórsarinn Óðinn Ásgeirsson er búinn að ná sér af meiðslunum og hefur leikið mjög vel með nýliðunum. Óðinn hefur skorað 17,6 stig og tekið 8,1 fráköst að meðaltali en í sigurleikjum liðsins hefur hann skorað 25,3 stig í leik og hitt úr 57,4 prósentum skota sinna.

Besti dómarinn kemur úr Reykjanesbæ eins og besti leikmaðurinn og besti þjálfarinn. Njarðvíkingurinn Sigmundur Már Herbertsson stóð sig best að mati nefndarinnar sem leitaði þar til þjálfara deildarinnar.

ooj@frettabladid.is






Sigurður Ingimundarson fékk sín fyrstu verðlaun sem karlaþjálfari:

# Miklir liðsmenn í mínu liði



**FYRSTU VERÐLAUNIN** Sigurður Ingimundarson tekur við verðlaunum úr hendi Hannesar Jónssonar formanns KKÍ:
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**KÖRFUBOLTI** Sigurður Ingimundarson fékk sín fyrstu verðlaun sem þjálfari í úrvalsdeild karla í gær þegar hann var valinn besti leikmaður 1. til 8. umferðar Iceland Express-deildar karla.

„Það er gaman að fá þessi verðlaun en ég er samt ekki mikið að pæla í svona hlutum. Það er liðið sem er í rauninni að fá viðurkenningu þegar leikmenn eða þjálfarar þess fá verðlaun,“ segir Sigurður Ingimundarson sem hefur leitt Keflavíkurliðið til sigurs í fyrstu átta leikjum tímabilsins.

„Það er einkenni okkar liðs að í því eru miklir liðsmenn og þeir spila allir ofsalega vel saman. Menn eru til skiptis að eiga frábæra leiki og geta síðan jafnframt bakkað frá þegar aðrir í liðinu eiga frábæra leiki. Menn leyfa öðrum líka að njóta sín og það er bara uppskrift að velgengni. Það eru því fullt af öðrum leikmönnum í mínu liði sem mér finnst hafa staðið sig mjög vel,“ segir Sigurður en er samt sammála því að nefndin hafi tekið réttu mennina út. „Ég held að það sé alveg sanngjarnt að Jonni og Bobby fái verðlaun því þeir báðir hafa spilað mjög vel. Það að Jonni hafi fengið verðlaun sýnir það að þeir sem eru að velja þetta hafa vit á því sem þeir eru að gera en velja ekki bara út frá því hverjir eru stigahæstir eða öflugir í annarri tölfræði. Hann á fyllilega heima þarna,“ sagði Sigurður.

Sigurður er mjög ánægður með þann eiginleika Bobby Walker að spila best í stærstu leikjunum. „Bobby hefur dregið sig til hlés í leikjum sem eru fljótlega orðnir tryggir fyrir okkur og hann er heldur ekki mikið að trana sér fram á móti minni liðunum. Það finnst mér vera þvílíkt flott karaktereinkenni,“ segir Sigurður sem er ánægður með þróun mála í vetur.

„Við höfum spilað mjög vel og allir leikirnir hafa unnist sæmilega sannfærandi hjá okkur fyrir utan leikinn í Hólminum sem vannst þó. Við höfum lítið verið að spila alvöruleiki að undanförnu og ég hef áhyggjur af því. Þetta er eiginlega búið að vera of létt undanfarið,“ segir Sigurður og hann veit að það er enn mikið eftir af tímabilinu.

„Það kom mér á óvart hvað hin liðin bjuggust við litlu af okkur. Ég hef svolítið gaman af því en við verðum ekki í neinum sérflokki þegar kemur í úrslitakeppnina því hin liðin eru það góð,“ segir Sigurður. - óój



Bílabúð Benna
TÖKUM NOTAÐA UPP Í NOTAÐA
TILBOÐSVERÐ Á FJÖLDA BIFREIÐA
4X4 BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI
allt að 100% LÁN Á NOTUÐUM
HÁÐ SKILMÁLUM LÁNVEITANDA
NOTAÐIR BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI
23.194.- meðalgreiðsla á mánuði...
1.250 þús. ▶Tilboð: 990 þús.
MUSSO E-320 33”
Skráður: 06/2000 Ekinn: 92 þús Gírar: Ssk
TILBOÐ 1.050 ÞÚS
1.300 þús. ▶Tilboð: 1.050 þús.
FORD FOCUS 1,6 WAGON
Skráður: 07/2004 Ekinn: 67 þús Gírar: 5 gíra
600 þús. ▶Tilboð: 390 þús.
DAEWOO MATIZ S
Skráður: 02/2005 Ekinn: 82 þús Gírar: 5 gíra
21.277.- meðalgreiðsla á mánuði...
1.450 þús. ▶Tilboð: 1.290 þús.
CHEVROLET LACETTI 1,8 CDX WAGON
Skráður: 07/2005 Ekinn: 24 þús Gírar: Bsk 5g
19.805.- meðalgreiðsla á mánuði...
780 þús. ▶Tilboð: 650 þús.
TOYOTA RAV-4 2,0
Skráður: 03/1999 Ekinn: 122 þús Gírar: Ssk
1.450 þús. ▶Tilboð: 1.290 þús.
FORD FUSION 1,6 WAGON
Skráður: 01/2006 Ekinn: 33 þús Gírar: Ssk
1.850 þús. ▶Tilboð: 1.650 þús.
SSANGYONG REXTON RX-320 - 7 manna
Skráður: 09/2005 Ekinn: 86 þús Gírar: Ssk
37.370.- meðalgreiðsla á mánuði...
2.250 þús. ▶Tilboð: 1.950 þús.
JEEP GRAND CHEROKEE 4,0 LAREDO
Skráður: 11/2003 Ekinn: 72 þús Gírar: Ssk
27.789.- meðalgreiðsla á mánuði...
2.000 þús. ▶Tilboð: 1.690 þús.
RENAULT MEGANE II SÉNIC 7 MANNA
Skráður: 03/2005 Ekinn: 41 þús Gírar: Bsk 6g
TILBOÐ 1.090 ÞÚS
1.500 þús. ▶Tilboð: 1.090 þús.
FORD MONDEO GHIA 2,0 WAGON
Skráður: 09/2003 Ekinn: 110 þús Gírar: Ssk
2.000 þús. ▶Tilboð: 1.760 þús.
SUZUKI GRAND VITARA 2,0 LTD
Skráður: 09/2004 Ekinn: 50 þús Gírar: Ssk
23.798.- meðalgreiðsla á mánuði...
1.800 þús. ▶Tilboð: 1.650 þús.
CHEVROLET LACETTI 1,8 WAGON
Skráður: 03/2007 Ekinn: 10 þús Gírar: Ssk
15.322.- meðalgreiðsla á mánuði...
800 þús. ▶Tilboð: 650 þús.
HYUNDAI GETZ 1,3 GL
Skráður: 06/2003 Ekinn: 77 þús Gírar: Bsk 5g
1.300 þús. ▶Tilboð: 990 þús.
SATURN VUE 2200
Skráður: 2003 Ekinn: 97 þús Gírar: Bsk 5g
23.183.- meðalgreiðsla á mánuði...
1.400 þús. ▶Tilboð: 1.190 þús.
SUZUKI JIMNY 1,3
Skráður: 06/2006 Ekinn: 48 þús Gírar: Bsk 5g
27.288.- meðalgreiðsla á mánuði...
1.600 þús. ▶Tilboð: 1.420 þús.
MUSSO GRAND LUX E-32 / 33”
Skráður: 01/2002 Ekinn: 92 þús Gírar: Ssk
meðalgreiðsla á mánuði...
1.200 þús. ▶Tilboð: 850 þús.
MUSSO E-320 GRAND LUX
Skráður: 03/2006 Ekinn: 124 þús Gírar: Ssk
20.249.- meðalgreiðsla á mánuði...
1.300 þús. ▶Tilboð: 1.050 þús.
SUZUKI LIANA 1600 2WD
Skráður: 11/2005 Ekinn: 35 þús Gírar: Bsk 5g
9.980.- meðalgreiðsla á mánuði...
700 þús. ▶Tilboð: 590 þús.
CHEVROLET MATIZ S
Skráður: 03/2006 Ekinn: 71 þús Gírar: Bsk 5g
13.739.- meðalgreiðsla á mánuði...
960 þús. ▶Tilboð: 690 þús.
DAEWOO TACUMA 2,0 CDX
Skráður: 06/2004 Ekinn: 53 þús Gírar: Bsk 5g
Jólahlaðborð 2007
ALLIR FÁ AÐ SMAKKA Í DAG...
Við erum í jólaskapi í dag, og viljum bjóða þér að smakka á gómsætu jólahlaðborði sem Restaurant Reykjavík býður uppá, en með hverjum seldum bíl bjóðum við þér út að borða...
Kokkarnir verða hjá okkur í dag á milli kl. 14-16
Við bjóðum þér á Restaurant Reykjavík, Vesturgötu 2. Með hverjum seldum bíl fylgir jólahlaðborð fyrir fjóra og kanna af jólaöli...
RESTAURANT REYKJAVÍK
TILBOÐ 150 ÞÚS
350 þús. ▶Tilboð: 150 þús.
RENAULT MEGANE CLASSIC
Skráður: 06/1997 Ekinn: 140 þús Gírar: Ssk
TILBOÐ 99 ÞÚS
230 þús. ▶Tilboð: 99 þús.
HYUNDAI ELANTRA 1,6
Skráður: 11/1997 Ekinn: 153 þús Gírar: Bsk 5g
Bílabúð Benna / Notaðir Bílar - Bíldshöfða 10 - 110 Reykjavík - Sími 587 100 - www.benni.is - 590 2000

## > MILLA JOVOVICH

Milla var uppgötvuð aðeins ellefu ára gömul og fljótlega var hún farin að sitja fyrir í auglýsingum fyrir Revlon. Hún gerði fyrsta fyrirsætusamninginn sinn tólf ára gömul og birtist á forsíðum The Face, Vogue og Cosmopolitan sama ár. Árið 2004 voru forsíðumyndir af Millu yfir hundrað talsins og enn bætist á listann. Sama ár þénaði hún 10,4 milljónir dollara og varð þar með hæst launaða fyrirsæta heims.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR VILL ÞEMAKVÖLD Á STÖÐ 2 BÍÓ

# *Úr ofvirkni í ofurgóðan skógarbúa*

Ég fór öfganna á milli síðastliðið miðvikudagskvöld. Eftir veikindi og almennan ömurleika yfir daginn hafði ég náð nægilegri meðvitund til að horfa á það sem hendi var næst þegar kvölda tók. Ég datt ofan í miðjan þátt af Módelskrifstofu Janice Dickinson á Sirkus. Svo mikið er víst að Janice vinkona mín er ekki meiri mannvitsbrekka nú en þegar hún var og hét í America's Next Top Model.



Ég hef aldrei verið hrifin af athyglisbrestinum, ef svo mætti kalla, sem virðist hrjá stóran hluta þeirra sem koma að sjónvarpsframleiðslu vestanhafs. Hvort endalausum auglýsingahléum er um að kenna, eða bara athyglisskorti áhorfenda, er alltaf verið að tönnlast á sömu hlutunum og innihaldið fyrir vikið heldur rýrt. Sá athyglisbrestur er helst sýnilegur í fari Janice sjálfrar í þessum þáttum. Hún veður úr því að vera yfir sig hamingjusöm með blessaðar fyrirsæturnar yfir í að úthúða þeim, biðst svo fyrirgefningar og tjáir þeim ást sína.

Ég er orðin þreytt á þess konar sjónvarpsefni og skipti því stuttu síðar um stöð.

Ég staldra yfirleitt ekki lengi við á Stöð 2 Bíó, enda finnst mér ég alltaf detta niður á myndir eins og American Pie XXVI eða álíka óhroða. Heppnin var hins vegar með mér í vikunni, og heilinn fékk hvíld frá offorsinu í Janice í hinni stórgóðu kvikmynd The Woodsman. Kevin Bacon fer þar á kostum í afar óhugnanlegri mynd um raunir barnaníðinga. Þetta er mynd af því tagi sem sleppir ekki tökunum á mér næstu daga. Dásamleg tilbreyting frá ofvirkni og endalausu endurteknu efni.

Væri ekki ráð að fá fleiri svona kvikmyndir inn í dagskrána? Hafa einn þemadag í viku, eða eina vandaða mynd kl. 20 alla daga vikunnar? Sýna eitthvað af myndunum sem ekki næstum því allir fóru að sjá á kvikmyndahátíðum ársins? Ég efast ekki um að það yrðu fleiri en ég þakklátir fyrir það framtak.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.40 Big Fish** SJÓNVARPIÐ



▶ **00.20 The Hitchhiker's Guide to the Galaxy** STÖÐ 2



▶ **18.00 Monster In Law** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30 E-Ring** SIRKUS



▶ **19.15 How to Look Good Naked** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.05 Fæturnir á Fanney 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.28 Snillingarnir 08.53 Bitte nú! 09.15 Krakkamál 09.25 Skúli skelfir 09.37 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar 10.00 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 Kiljan**

**11.45 07/08 bíó leikhús**

**12.15 Aldamótabörn** (1:3)

**13.15 Fagra Beirút**

**14.15 Lífið í lággróðrinum** (1:5)

**15.10 Rokkmamman**

**16.45 Bronx brennur** (5:8)

**17.30 Táknmálsfréttir**

**17.40 Útsvar**

**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

**20.15 Laugardagslögin** Höfundar laganna í kvöld eru Dr. Gunni, Hafdís Huld Þrastardóttir og Magnús Þór Sigmundsson.

**21.15 Hrúturinn Hreinn** (8:40)

**21.25 Laugardagslögin - úrslit**

▶**21.40 Sá stóri** (Big Fish) Bandarísk ævintýramynd frá 2003. Meðal leikenda eru Ewan McGregor, Billy Crudup, Jessica Lange.

**23.45 Vinir og grannar** (Your Friends and Neighbours) Bannað börnum.

**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Shattered Glass**

**08:00 Meet the Fockers**

**10:00 Monster In Law**

**12:00 Son of the Mask**

**14:00 Shattered Glass**

**16:00 Meet the Fockers**

**18:00 Monster In Law**

**20:00 Son of the Mask** Sprenghlægileg gamanmynd. Teiknimyndahöfundur eignast grímuna frægu úr myndinni Mask. Aðalhlutverk: Alan Cumming, Jamie Kennedy.

**22:00 The Cooler**

**00:00 The Girl Next Door**

**02:00 I Know What You Did Last Sum**

**04:00 The Cooler**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Hlaupin, Barney, Magic Schoolbus Leyfð öllum aldurshópum.

**08.00 Algjör Sveppi**

**08.55 Dora the Explorer** (68:96)

**09.45 Kalli kanína og félagar**

**09.50 Barnatími Stöðvar 2** (1:24) (e)

**10.20 Agent Cody Banks**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**14.10 Örlagadagurinn** (26:31)

**14.55 Side Order of Life** (7:13)

**15.45 Two and a Half Men** (15:24)

**16.10 Grey´s Anatomy** (5:22)

**16.55 Tekinn 2** (12:14)

**17.25 Sjáðu**

**17:55 Næturvaktin** (11:13) Ný, íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. Þættirnir gerast á næturvaktinni á ónefndri bensínstöð í borginni þar sem standa vaktina þrír gerólíkir náungar sem seint munu eiga skap saman. (11:13) Það er 1. maí og Georg er víðsfjarri að sinna verkalýðsmálum. Á meðan fær Ólafur Ragnar að vera vaktstjóri, sem endar illa þegar hann fær heimsókn frá Afríku. Að auki kemur pabbi Daníels í heimsókn og uppgjör er í vændum. 2007.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.05 Fjölskyldubíó-Ævintýraferðin** Leyfð öllum aldurshópum.

**20.35 Bobby Jones: Stroke of Genius** Ævisaga golfhetjunnar Bobby Jones sem sigraði hvert stórmótið á fætur öðru áður en hann ákvað að hætta keppni aðeins 28 ára að aldri. Aðalhlutverk: Jeremy Northam, Claire Forlani, James Caviezel. Leikstjóri: Rowdy Herrington. 2004.

**22.40 Laurel Canyon** Stjörnum prýdd verðlaunamynd með þeim Frances McDormand, Christian Bale og Kate Beckinsale í aðalhlutverkum. Hér segir frá ungu pari sem ákveður að flytja inn til mömmu hans en sú er ekki eins og fólk er flest. Aðalhlutverk: Christian Bale, Frances McDormand, Kate Beckinsale. Leikstjóri: Lisa Cholodenko. 2002. Bönnuð börnum.

▶**00.20 The Hitchhiker´s Guide To the**

**02.10 Lord of the Rings: The Two Towers**

**05.05 Grey´s Anatomy** (5:22)

**05.50 Fréttir**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**09.00 Meistaradeild Evrópu - endursýning**

**10.40 Meistaradeildin**

**11.20 NBA-körfuboltinn** (Golden State - Houston)

**13.20 NFL-Upphitun**

**13.50 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**14.20 Omega Mission Hills World Cup** Útsending frá Heimsmótaröðinni í golfi en nokkrir þekktir kylfingar eru meðal keppanda að þessu sinni.

**18.20 Spænski boltinn-Upphitun**

**18.50 Real Madrid - Racing Spænski boltinn bein útsending**

**20.50 Espanyol - Barcilona Spænski boltinn bein útsending**

**22.50 Mayweather vs. Hatton 24/7** Hitað upp fyrir stærsta bardaga ársins þar sem mætast Floyd Mayweather og Rick Hatton.

**23.20 Box - Oscar De La Hoya vs. Floyd Mayweather** Útsending frá boxbardaga. Þar sme Oscar De La Hoya og Floyd Mayweather börðust.

## SÝN2

**09.25 Premier League World**

**09.55 PL Classic Matches** Leikur Chelsea og Arsenal á Stamford Bridge var taumlaus skemmtun.

**10:25 PL Classic Matches** Frábær leikur á White Hart Lane í desember 1997.

**10.55 1001 Goals** (1001 Goals)

**11.55 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**

**12.25 Chelsea - West Ham** Bein útsending frá leik Chelsea og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

**14.45 Blackburn - Newcastle** Bein útsending frá leik Blackburn og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

**17.00 Aston Villa - Arsenal** Bein útsending frá leik Aston Villa og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 4 4 2**

**20.30 4 4 2**

**21.50 Chelsea - West Ham** Útsending frá leik Chelsea og West Ham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram fyrr í dag.

**23.30 4 4 2**

**00.50 4 4 2**

## SKJÁREINN

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Dr. Phil** (e)

**12.00 Ungfrú Heimur** Bein útsending frá Sanya í Kína þar sem Ungfrú heimur 2007 verður krýnd. Fulltrúi Íslands í keppninni er Jóhanna Vala Jónsdóttir. Alls verða stúlkur frá meira en 100 löndum sem mæta til leiks. 2005.

**14.00 Dr. Phil** (e)

**15.00 According to Jim** (e)

**15.30 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**16.30 Survivor** (e)

**17.30 Giada´s Everyday Italian** (e)

**18.00 Game tíví** (e)

**18:30 7th Heaven**

**19.15 How to Look Good Naked** (e)

▶Leanne er 27 ára og þarf nauðsynlega á hjálp að halda. Hún hefur ekkert sjálfsálit og finnst fótleggirnir það ljótasta við líkama sinn. Hún er alltaf í þykkum sokkabuxum, jafnvel í steikjandi sumarhita.

**20.00 Ungfrú Heimur** Endursýnd keppnin Ungfrú heimur 2007 sem sýnd var í beinni útsendingu á Skjá einum fyrr í dag. Fulltrúi Íslands í keppninni er Jóhanna Vala Jónsdóttir. Alls mæta stúlkur frá meira en 100 löndum til leiks. 2005.

**22.05 Heroes** (e)

**23.00 House** (e)

**00.00 Tangled**

**01.40 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**02.30 Californication** (e)

**03.00 State of Mind** (e)

**03.50 C.S.I.** (e)

**04.35 C.S.I.** (e)

**05.20 Vörutorg**

**06.20 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.35

**Bobby Jones: Stroke of Genius**

Sönn saga um einn allra besta kylfing fyrr og síðar. Einstök mynd um Bobby Jones sem sigraði hvert stórmótið á fætur öðru í golfi. Hann sigraði m.a. fjórum sinnum risamótið US Open og þrisvar The Open Championship. Þrátt fyrir mikla hæfileika þá sýndi Bobby aldrei áhuga á atvinnumennsku og hætti svo keppni aðeins 28 ára gamall á hátindi ferilsins. Hugljúf og skemmtileg mynd sem enginn golfáhugamaður ætti að láta fram hjá sér fara.



## UNGFRÚ HEIMUR

### Skjár einn kl. 12.00

Bein útsending frá Sanya í Kína þar sem Ungfrú Heimur 2007 verður krýnd. Fulltrúi Íslands í keppninni er Jóhanna Vala Jónsdóttir. Alls munu stúlkur frá meira en 100 löndum mæta til leiks. Íslendingar eiga góðar minningar frá Sanya í Kína en þar var keppnin einmitt haldin fyrir tveimur árum þegar Unnur Birna Vilhjálmsdóttir bar sigur úr býtum og var krýnd Ungfrú heimur 2005.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Þorgerður og Hamrahlíðarkórinn
**10.15** Kvika
**11.00** Stúdentamessa í kapellu Háskóla Íslands
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Hátíðarsamkoma stúdenta á fullveldisdegi
**14.00** Til allra átta
**14.40** Tímakornið
**15.20** Bókaþing
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Úr gullkistunni
**22.15** Á hljóðbergi: Anna Borg og Poul Reumert
**23.15** Villtir strengir og vangadans
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**14.30 Hollyoaks** (66:260)
**16.35 Skífulistinn**
**17.35 Smallville** (20:22) (e)
**18.20 Talk Show With Spike Feresten** (13:22) (e)
**18.45 The George Lopez Show** (18:22) (e)
**19.10 The Starlet** (5:6) Skemmtilegur og spennandi raunveruleikaþáttur þar sem stórstjörnur á borð við Vivicu A. Fox og Faye Dunaway leita að næstu stórstjörnu í Hollywood. 2005.
**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Þátturinn verður laufléttur, með frjálsu sniði og það eina sem lagt er upp með er að hann verði skemmtilegur; bjóði upp á skemmtilega viðmælendur, skemmtilega tónlist og skemmtilegar uppákomur. Þátturinn verður sendur út beint, með áhorfendum í sal. 2007.
▶ **20.30 E-Ring** (18:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T. Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrverandi CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
**21.15 Tru Calling** (4:6) Dularfullir og spennandi þættir um unga konu sem hefur einstaka hæfileika. Hún getur átt samskipti við fórnarlömb morða og slysa og komið í veg fyrir að örlög þeirra nái fram að ganga. 2005.
**22.00 Master and Commander: The Far Side of the World** Ævintýraleg stórmynd sem sópaði til sín verðlaunum, m.a. tvennum Óskarsverðlaunum. Enginn er snjallari en Jack Aubrey þegar sjóorrustur eru annars vegar. Þessi virti skipstjóri í breska flotanum þarf nú á allri sinni kunnáttu að halda. Aðalhlutverk: Russell Crowe, Paul Bettany, James D'Arcy. Bönnuð börnum.
**00.40 Most Shocking**
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**11.30** The Weakest Link **12.15** The Weakest Link **13.00** What not to Wear **13.30** What not to Wear **14.00** Hell To Hotel **15.00** Life in the Undergrowth **16.00** The Life of Mammals **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** What not to Wear **19.00** What not to Wear **20.00** Perfect Day: The Funeral **22.00** Grumpy Old Men **22.30** The Mighty Boosh **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders

## DR 1

**11.10** Kaptajn og besætning byder velkommen **11.45** Boogie Listen **12.45** Antiglobetrotter **13.15** Tvunget af tanker **13.45** Hun så et mord: Sammensværgelsen **15.10** Niels Hausgaard - Os der glor **16.10** Før Søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Jul i Svinget **17.00** DM i Børnerap 2007 **17.30** TV Avisen med Vejret **17.55** SportNyt med Tourskole-finale i golf **18.30** Gepetto News **19.00** Frøken Nitouche **20.40** Inspector Morse: Skråsikre domme **22.25** Manden, de kaldte hest **6.00** Jul i Svinget

## NRK 1

**10.10** V-cup alpint: H¢ydepunkter utfor, menn **11.50** V-cup kombinert: 7,5 km langrenn **12.25** V-cup skøyter: 1500 m menn **12.55** V-cup skiskyting: 10 km sprint, menn **14.00** V-cup skøyter: 5000 m kvinner og høydepunkter fra 1500 m menn **14.30** EM curling 2007: Sammendrag Sverige-Norge, menn **15.15** V-cup hopp **16.05** Sport i dag **16.20** V-cup hopp **17.00** Barnas superjul **17.30** Gaven **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Superkåringen **19.25** Lyden av lørdag **20.20** Med hjartet på rette staden **21.05** Lyden av lørdag **21.45** Du skal høre mye **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Nattkino: Shakespeare in Love **0.20** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**11.30** Mitt i naturen **12.00** Ståupp **12.25** Centralskolan **12.30** Kobra **13.00** Solens mat **13.30** Andra Avenyn **14.00** Andra Avenyn **14.30** Andra Avenyn **15.00** Uppdrag granskning **16.00** På spåret **17.00** Bolibompahelg **17.05** Timon och Pumbaa **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Seriestart: Evas superkoll **17.55** Bernard **18.00** Hej rymden! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Svensson, Svensson **19.30** Babben & co **20.30** Alpint: Världscupen **21.30** Brottskod: Försvunnen **22.10** Out of Practice **22.35** Rapport **22.40** Scarecrow **0.30** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN



*Sigurður Ingimundarson*

**Aldur:** 41 árs
**Fjölskylda:** Giftur Halldísi Jónsdóttur. Á þrjú börn, tvo stráka og eina stúlku.
**Foreldrar:** Steinunn Snjólfsdóttir, húsmóðir, og Ingimundur Jónsson.
**Búseta:** Í Reykjanesbæ.
**Stjörnumerki:** Tvíburi.

**Sigurður** er þjálfari Keflavíkur og íslenska landsliðsins. Hann var í gær valinn besti þjálfari umferða 1-8 í Iceland Express-deild karla í körfubolta.

# Reiði guðanna með pólskum texta

„Pólverjar eru stærsti hópur innflytjenda á Íslandi. Mér fannst bara sjálfsagt að leggja mitt af mörkum til að bjóða þá velkomna og leyfa þeim að vera með," segir Jón Gústafsson kvikmyndagerðarmaður en hin margverðlaunaða heimildarmynd hans Reiði guðanna kom út á DVD á fimmtudag.

Hægt er að velja um enskan, íslenskan eða pólskan texta. „Myndin sýnir ekki þessa venjulegu póstkortaímynd af Íslandi heldur sýnir hún landið í verstu stormunum sem hér verða. Þeir geta þá farið með myndina til Póllands um jólin eða gefið ættingjum sínum til þess að gera þeim grein fyrir því í hvers konar vindrassgati þeir búa," segir Jón og hlær en eins og margir vita fjallar myndin um þær raunir sem kvikmyndalið Bjólfskviðu rataði í þegar tökur á myndinni fóru fram hér á landi – ekki síst baráttu þeirra við veðurguðina.



**STURLA GUNNARSSON** Leikstjóri Bjólfskviðu rataði í ýmsar ógöngur við gerð myndarinnar og um það fjallar Reiði guðanna.

Jón segist ekki vita til þess að íslenskar myndir hafi áður komið út með pólskum texta. „Meðframleiðandi myndarinnar, Karolina Lewicka, er hálfpólsk og það var því hægur leikur að fá hana til að snara textanum yfir á pólsku." Myndin var sýnd í Sjónvarpinu fyrir skemmstu en Jón telur það ekki koma að sök við sölu myndarinnar. „Hér er stöðugur straumur ferðamanna í gegn. Þeir sem eru þegar búnir að kaupa „bjútímyndböndin" af Íslandi gætu vel haft áhuga á því að kaupa svona mynd. Svo er þetta tilvalin jólagjöf handa erlendum vinum og Íslendingum í útlöndum. Auk þess verður myndin auglýst sem jólagjöf drukkna hestamannsins," segir Jón og hlær. **- sók**



**REIÐI GUÐANNA Á DVD** Jón Gústafsson býður innflytjendur velkomna og setti pólskan texta á Reiði guðanna.



**LÁRÉTT**
**2.** rúma **6.** hljóm **8.** röð **9.** draup **11.** tveir eins **12.** mont **14.** kenna **16.** átt **17.** landspilda **18.** tæfa **20.** skóli **21.** truflun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fita **3.** bogi **4.** blóm **5.** kraftur **7.** naggrís **10.** í hálsi **13.** bæli **15.** megin **16.** arinn **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** hýsa, **6.** óm, **8.** röf, **9.** lak, **11.** ll, **12.** grobb, **14.** skóla, **16.** sv, **17.** lóð, **18.** tík, **20.** ma, **21.** ónáð.
**LÓÐRÉTT: 1.** tólg, **3.** ýr, **4.** sólblóm, **5.** afl, **7.** marsvín, **10.** kok, **13.** ból, **15.** aðal, **16.** stó, **19.** ká.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið




KRISTJÁN JÓHANNSSON: KENNIR ÓPERUSÖNG Í BÚSTAÐAKIRKJU

# Kristján langar að eyða jólunum heima

„Ég er bara kominn aftur á klakann," segir Kristján Jóhannsson, óperusöngvari með meiru, en hann hefur verið meira eða minna á Ítalíu undanfarin ár þar sem hann hefur verið að kenna og syngja. Tenórinn skildi hins vegar kennaraprikið ekki eftir heima heldur ætlar að kenna gömlum og nýjum nemendum öll trixin í bókinni í Bústaðakirkju næstu daga. „Frændi minn, séra Pálmi Matthíasson, var svo góður að láta okkur í té afdrep í safnaðarheimili Bústaðakirkju og þar verð ég næstu daga," segir Kristján en nokkrir nemendur hans frá Ítalíu eru fluttir heim og eru þegar farnir að láta mikið að sér kveða í óperuheiminum. Þeir eru meðal annars áberandi í uppfærslum Íslensku óperunnar.

Kristján hyggst vera með kennslu fram til 16. desember en síðan tekur við smá óvissa. Hann er nefnilega ekki búinn að gera það upp við sig hvort hann haldi til Ítalíu og haldi jólin hátíðlega þar eða fái fjölskylduna alla heim til Íslands. „Ég held nú að síðari kosturinn verði ofan á og að við höldum jólin hérna. Verðum þá í Reykjavík yfir jólin en förum norður yfir áramótin," segir Kristján en þetta yrði þá í fyrsta skipti í fjögur eða fimm ár sem Kristján og fjölskyldan yrðu hér yfir hátíðirnar.



**Í GÓÐUM HÓPI** Kristján ásamt nemendum sínum, þeim Valdimar Hilmarssyni (t.h), Erlendi Elvarssyni og Jónu Fanneyju Svavarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristján fylgist vel með nemendum sínum og fór á tónleika í Langholtskirkju þar sem Beethoven-messan í C-dúr var flutt og þar sýndu nokkrir lærlingar hans listir sínar. „Ég verð að viðurkenna að það féllu nokkur tár þegar ég heyrði þau syngja og mér leið bara eins og pabba þeirra," segir Kristján sem útilokar ekki að hann muni sjálfur þenja raddböndin þótt ekkert slíkt hafi verið skipulagt. Aðspurður hvort hann yrði ekki bara leynigestur hjá annaðhvort Bubba eða Bó sagði Kristján að maður ætti aldrei að útiloka neitt. „Við skulum bara sjá hvursu vænt þeim þykir um mig," sagði Kristján af sinni alkunnu stríðni.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og kemur fram hér framar í blaðinu er Jóhanna Vala Jónsdóttir, fegurðardrottning Íslands, nú í Kína þar sem hún reynir að koma með kórónuna aftur heim eftir tveggja ára fjarveru. Heimasíða keppninnar, missworld.com, er nokkuð fróðleg en þar má nálgast upplýsingar um hvað hinar og þessar fegurðardrottningar aðhafast núna. Merkilegt nokk ratast vefnum nokkuð satt á munn hvað íslensku stúlkurnar varðar en þannig er **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** sögð vera stjarna á Íslandi og að hún hljóti svipaða athygli og rokk- og íþróttastjörnur.



Og aðeins meira af fegurðardrottningum og íþróttastjörnum því eins og komið hefur fram í fjölmiðlum gekk landsliðsmaðurinn **Grétar Rafn Steinsson** á dögunum að eiga unnustu sína, Manúelu Ósk Harðardóttur, eftir þriggja mánaða samband. Brúðkaupið hefur fengið mikla athygli í Hollandi þar sem Grétar leikur með AZ Alkmar og hefur einn gesturinn meðal annars sett inn hugljúfa og hjartnæma myndasyrpu úr brúðkaupinu. Ef marka má myndirnar verður ekki annað séð en að ástin blómstri milli hinna nýgiftu.



Og strákasveitin Luxor virðist eiga sér dyggan aðdáendahóp sem lætur sér fátt um finnast þótt fyrsta platan hafi fengið fremur slæma dóma. Því nú er nefnilega komið í ljós að fyrsta upplagið af plötunni er uppselt hjá útgefanda. **Einar Bárðarson** hefur verið ansi brattur með kynningarherferð sína á strákunum og virðist enn og aftur hafa gert sér grein fyrir því hvað þjóðina vantaði í geislaspilarann sinn. **- fgg**



# Sextíu ár milli Ragga Bjarna og Árna

Sextíu ára aldursmunur er á söngvaranum Ragga Bjarna og Árna Þór Lárussyni sem syngja dúett á plötunni Gleðileg jól með Ragga Bjarna. „Okkur langaði til að hafa strák sem væri á þessum aldri til að sýna að það væri ekkert kynslóðarbil á plötunni," segir Raggi, sem segist ekkert hafa skipt sér af honum við upptökurnar. „Aðalfídusinn var að vera ekkert að skipta sér af. Það þurfti líka ekkert því það kom í ljós að hann er alveg frábær og syngur eins og engill."

Raggi og Árni Þór árituðu plötuna í síðustu viku og tóku lagið fyrir gesti og gangandi við góðar undirtektir. Á plötunni syngur Raggi einnig dúett með Diddú, Huldu Björk Garðarsdóttur og dúettnum Þú og ég sem er sem fyrr skipaður Helgu Möller og Jóhanni Helgasyni. Gleðileg jól með Ragga Bjarna er fyrsta jólaplata hans síðan platan Þegar líða fer að jólum kom út árið 1981. Þar söng Helga einmitt með honum titillagið sem hefur allar götur síðan yljað fólki um hjartarætur í jólaösinni.

Á nýju plötunni, sem er sú fjórða frá Ragga á þremur árum, eru þrettán glæný jólalög, ellefu eftir Gunnar Þórðarson og tvö eftir Ragga sjálfan. Textarnir eru eftir kunna kappa á borð við Kristján Hreinsson, Hjálmar Jónsson, Ómar Ragnarsson og Þorstein Eggertsson. „Við ákváðum að taka sénsinn og gera plötu með alveg nýrri íslenskri músík," segir Raggi, alveg í skýjunum yfir árangrinum. **- fb**



**ÓVENJULEGUR DÚETT** Sextíu ára aldursmunur er á Ragga Bjarna og Árna Þór Lárussyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

OPNUNARTILBOÐ
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

# OPNUM í DAG GLÆSILEGA VERSLUN Í ÖGURHVARFI 2

Frábært úrval af skrifstofuhúsgögnum, skrifstofuvörum, föndurvörum og gjafavörum




Dýrin í Hálsaskógi koma í heimsókn kl. 13.30. Hérastubbur ætlar að kenna Bakaradrengnum að baka piparkökur og Mikki refur fylgist með.






20%
AFSLÁTTUR

Frábært úrval af skemmtilegum spilum fyrir alla fjölskylduna

## Vönduð þroskaleikföng

LEARNING RESOURCES



15%
AFSLÁTTUR




25%
AFSLÁTTUR

## Persónuleg jólakort

Hannaðu þín eigin jólakort og prentaðu út á hágæða ljósmyndapappír frá HP.
Fæst í öllum stærðum og gerðum

Samsonite



20%
AFSLÁTTUR

Stækkanlegar töskur á tveimur hjólum.

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 35 x 45 x 25 sm | 13.999 kr. | 11.199 kr. |
| 38 x 50 x 25 sm | 15.299 kr. | 12.239 kr. |




20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
BLEK- OG
DUFTHYLKJUM

Panduro HOBBY



60%
AFSLÁTTUR

## Jólaenglastimplar

Föndraðu falleg jólakort og merkimiða með englastimplum.
Þrír stimplar í pakka.

Verð áður 960 kr. **379 kr.**



50%
AFSLÁTTUR

Af öllum skartgripasettum frá Panduro Hobby

## Skrifstofustóll

Vandaður stóll með stillanlegri hæð og veltanlegu baki. Frábær jólagjöf fyrir framtíðarnámsmanninn.



33%
AFSLÁTTUR

Verð áður 29.990 kr. **19.900 kr.**

Borgartúni 29 + Höfðabakka 3
Smiðjuvegi 5 + Dalvegi 18
Glerárgötu 34 Akureyri
Aðalstræti 27 Ísafirði + www.a4.is

Ögurhvarfi 2 Kópavogi
Sími 515 5185
Opið virka daga kl. 8-18
og laugardaga kl. 10-16

Fjöldi annarra frábærra opnunartilboða.
Tilboðin gilda til 15. desember 2007.

A4

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000









BAKÞANKAR
Guðmundar Steingrímssonar

## Af dauða bókar

Á sjálfan fullveldisdaginn finnst mér vel viðeigandi að leggjast í dálitla naflaskoðun og greina stöðu og ásigkomulag þjóðarlíkamans, þó ekki væri nema að hluta, nú við upphaf 21. aldarinnar. Í skugga helstu bölbæna og svartagallsrauss um endalok alls milli himins og jarðar, allt frá spádómum um dauða ljóðsins til innblásinna viðvörunarorða um tortímingu mannkyns alls – og heyri ég reyndar á sumum að þeir séu opnir fyrir umræðu um það hvort yrði verra, dauði ljóðs eða manns – þá er auðvitað langmest viðeigandi í upphafi svona naflaskoðunar, ellegar stöðumælingar, að segja bara: Hjúkk. Gott að við erum þó allavega nokkuð hress og ennþá sprelllifandi, Íslendingar, sem slíkir.

**EITT** af því sem ítrekað hefur verið sagt í andarslitrunum á undanförnum árum er bókin. Mig minnir að fyrir áratug hafi það almennt verið talið í geiranum að margmiðlunardiskar myndu taka við af bókinni eða jafnvel tölvuleikir gengju af henni dauðri. Tímaskortur í upplýsingaþjóðfélaginu almennt þótti líka fela í sér feigð hins skrifaða máls, hvað þá upploginna skrifa, eins og skáldsögur eru jú í eðli sínu. Hver myndi hafa tíma fyrir svoleiðis endaleysu?

**EN** nú bregður svo við – og þetta tel ég veigamikinn hluta af stöðumatinu í tilefni fullveldisdags, því bókin hafði jú náð þeim sessi í samfélaginu að þjóðin öll var jafnan kölluð bókaþjóð – að mér sýnist á öllu að spádómar um dauða bókarinnar hafi blessunarlega verið úr lausu lofti gripnir eins og svo margt annað, og að þjóðin geti enn um sinn – a.m.k. af þykkt Bókatíðinda að dæma þetta árið – kennt sig við skriftir.

**MÉR** finnst það ánægjulegt. En af þessu háðulega tapi bölsýnismanna gagnvart bókinni má draga nokkurn lærdóm. Íslendingar hafa jú skrifað allt frá því þeir komu hingað og urðu Íslendingar. Margmiðlunardiskar hafa auðvitað engu breytt hvað það varðar, né heldur ýmsar skammstafaðar tækninýjunar eins og GSM, ADSL, USB, DRASL og RUSL eða hvað það nú allt saman heitir. En þykkt Bókatíðinda leiðir líka hugann að annarri staðreynd: Það er mun ríkari þáttur í þjóðarvitundinni heldur en kannski margur hefur áttað sig á, að Íslendingar vilja beinlínis skrifa. Sem einangruðum eyjarskeggjum, og þar með egóistum, finnst okkur jafnvel mikilvægara að skrifa sjálf en að lesa eftir aðra. Af þeim sökum deyr ekki bókin á Íslandi, né heldur ljóðið. Og þá kannski ekki heldur mannkyn. Lýkur þá stöðumati.

**GÓÐAN DAG!**

Í dag er laugardagurinn 1. desember, 335. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.44 | 13.17 | 15.49 |
| Akureyri | 10.52 | 13.01 | 15.10 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


